Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

# Ársskýrsla

# 2023 til 2024

tekin saman af sviðsstjórum

Guðfinna Gunnarsdóttir
Pelle Damby Carøe

# Efnisyfirlit


Starfið veturinn 2023-2024 .......... 5

Inngangur .......... 5

Tölulegar upplýsingar .......... 8

Fréttir af margbrotnu starfi .......... 12

Haust 2023 .......... 12

Vor 2024 .......... 18

Skýrslur fagstjóra .......... 23

Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó .......... 23

Enska .......... 23

Ergó .......... 25

Íslenska .......... 27

Samfélagsgreinar .......... 32

Skapandi greinar .......... 34

Danska og þriðja mál .......... 39

Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir .......... 43

Hestamennska .......... 44

Húsasmíði .......... 46

Íþróttir .......... 50

Matvæla- og ferðagreinar .......... 54

Rafvirkjun .......... 55

Raungreinar .......... 57

Stærðfræði .......... 62

Vélvirkjun .......... 66

Bókasafn .......... 67

Bragi .......... 75

Félagsráðgjöf .......... 77

Fjarnám grunnskólanemenda .......... 82

Flóafár 2024 .......... 83

Garðyrkjuskólinn að Reykjum .......... 87

Grunnmenntabrú .......... 88

ÍSAN og umsjón með nemendum af erlendum uppruna .......... 92

Kátir Dagar .......... 95

Náms- og starfsráðgjöf....101
Prófstjórn....108
Sérnámsbraut....110
Sjálfsmat....116
Sjúkraliðabraut....124
Skólastarf í fangelsum....125
Skýrsla alþjóðafulltrúa....136
Skýrsla jafnréttisfulltrúa....137
Skýrsla félagslífs- og forvarnarfulltrúa....140
Tölvuþjónusta....143

**Skólameistari**
Olga Lísa Garðarsdóttir

**Aðstoðarskólameistari**
Sigursveinn Már Sigurðsson

**Áfangastjóri**
Björgvin E. Björgvinsson

**Sviðsstjórar**

| | |
|---|---|
| Jónína Ósk Ingólfsdóttir | Sérnámsbraut |
| Guðfinna Gunnarsdóttir | Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó |
| Guðríður Helgadóttir | Garðyrkjunám, Reykjum |
| Pelle Damby Carøe | Stærðfræði, raungreinar, verknám, hestamennska og íþróttir |

**Deildarfulltrúi Reykjum**
Svala Sigurgeirsdóttir

**Brautarstjórar:**

| | |
|---|---|
| Ágústa Erlingsdóttir | Skrúðgarðyrkjubraut |
| Björgvin Örn Eggertsson | Skógur og náttúra |
| Bryndís Eir Þorsteinsdóttir | Blómaskreytingabraut |
| Ingólfur Guðnason | Garðyrkjuframleiðsla |

**Fagstjórar**

| | |
|---|---|
| Ágústa Ragnarsdóttir | Skapandi greinar / Bragi |
| Ásdís Björg Ingvarsdóttir | Íþróttir |
| Bertha Ingibjörg Johansen | Íslenska |
| Borgþór Helgason | Málmiðngreinar |
| Elínborg Arna Arnadóttir | Hársnyrtiiðngreinar |
| Ester Ýr Jónsdóttir | Raungreinar |
| Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir | Stærðfræði |
| Guðríður Egilsdóttir | Matvælagreinar |
| Jóhann Snorri Bjarnason | Rafiðngreinar |
| Lárus Gestsson | Húsasmíðagreinar |
| Luis Felipe Torres Meza | Enska |
| Ragnheiður Eiríksdóttir | Samfélags- og viðskiptaigreinar / Ergó |
| Sigríður Guðmundsdóttir | Þriðja mál |
| Sigþrúður Harðardóttir | ÍSAN |
| Sissel Tveten | Hestamennska |
| Svanur Ingvarsson | Hamar |

**Náms- og starfsráðgjafar**
Agnes Ósk Snorradóttir
Anna Fríða Bjarnadóttir

**Sjálfsmatshópur**
Guðfinna Gunnarsdóttir
Pelle Damby Carøe

Bjarney Sif Ægisdóttir
Klara Guðbrandsdóttir (fangelsi)

**Félagslífsfulltrúar**
Ingunn Helgadóttir
Tómas Davíð Ibsen Tómasson

**Jafnréttisfulltrúi**
Eyrún Björg Magnúsdóttir

**Fréttastjóri heimasíðu**
Jón Özur Snorrason

**Alþjóðafulltrúi**
Eyrún Björg Magnúsdóttir

Sigursveinn Sigurðsson (formaður)

**Kennslustjóri á Litla-Hrauni og Sogni**
Gylfi Þorkelsson

**Umsjón með Gettu betur**
Stefán Hannesson

**Umsjón með Grunnmenntabrú**
Anna Fríða Bjarnadóttir
Bjarney Sif Ægisdóttir
Tómas Davíð Ibsen Tómasson

# Starfið veturinn 2023-2024

## Inngangur

Skólaárið 2023 til 2024 var fertugasta og þriðja starfsár skólans. Ársskýrsla þessi er gefin út til að varpa ljósi á skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og uppákomur á skólaárinu. Hér má finna upplýsingar um hverjir gegndu hvaða hlutverkum og hvernig gekk. Sjá má skýrslur frá hverri deild fyrir sig þar sem fag- og kennslustjórar fjalla um nýjungar, hvað tókst vel og hvað má betur fara. Tölulegar upplýsingar um skólaárið eru reifaðar, s.s. hvernig nemendur skiptast á brautir, hvaðan þeir koma og hvernig þeir standast námskröfur.

Skýrslur fagstjóra deilda, bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, skólahalds fangelsa á Íslandi, sjálfsmats, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema, tölvuþjónustunnar og garðyrkjubrauta á Reykjum eru birtar hér.

Skólaárið hófst með fundi starfsmanna miðvikudaginn 16. ágúst 2023 og starfsdögum kennara miðvikudaginn 16. og fimmtudaginn 17. ágúst, kennsla hófst samkvæmt stundaskrá kl. 8:15 föstudaginn 18. ágúst. Skrifstofan opnaði miðvikudaginn 9. ágúst. Töflubreytingar voru rafrænar og fóru fram fimmtudaginn 17. ágúst en þá mættu einnig nýnemar í skólann og fengu kynningu á skólanum, aðstöðunni, tölvukerfunum, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem tengist því að byrja í framhaldsskóla.

Nemendur voru 953 í dagsskóla, 14 nemendur voru í kvöldskóla, 33 í fjarnámi og staðnámi úr 10. bekkjum grunnskóla.

163 nemendur voru skráðir á sex námsbrautir í garðyrkju og tengdum greinum að Reykjum og í fangelsunum voru skráðir nemendur 61. Alls voru skráðir nemendur við skólann því 1.131 við upphaf haustannar.

Síðasti kennsludagur haustannar var miðvikudaginn 6. desember. Námsmatsvika hófst fimmtudaginn 7. desember og lauk með sjúkraprófum miðvikudaginn 13. desember.

Síðasti starfsmannafundur annarinnar var fimmtudaginn 14. desember en þá var námsmat einnig birt nemendum í Innu og prófsýning fór fram.

Brautskráning á haustönn fór fram miðvikudaginn 20. desember. Dúx skólans á haustönn 2023 var Álfrún Diljá Kristínardóttir og hlaut hún jafnframt viðurkenningar fyrir góðan árangur í þýsku, íþróttum og íþróttafræðum. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig verðlaun.

**Viðurkenningar á brautskráningu, haustönn 2023:**

| | |
|---|---|
| **Anna Aðalheiður Arnardóttir** | Viðurkenning fyrir frábæran árangur í **verklegri og bóklegri** hjúkrun á sjúkraliðabraut. |
| **Ernir Vignisson** | Viðurkenning fyrir frábæran árangur í **rafvirkjagreinum** á rafvirkjabraut. |
| **Hallgerður Höskuldsdóttir** | Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í **stærðfræði** við nám á sjúkraliðabraut. |
| **Heiðar Snær Bjarnason** | Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í **ensku**. |
| **Íris Birgisdóttir** | Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í **félagsgreinum**. |
| **Magnus Már Magnússon** | Viðurkenning fyrir frábæran árangur í **rafvirkjagreinum** á rafvirkjabraut. |
| **Þórdís Bjarklind Gunnarsdóttir** | Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í **spænsku**. |

**Vorönn 2024**

Fyrsti kennsludagur vorannar var föstudaginn 5. janúar. Nemendur fyrsta skóladags voru 879 í dagsskóla, 35 nemendur voru í kvöldskóla og í fjarnámi og staðnámi úr 10. bekkjum grunnskóla voru skráðir nemendur 52.

118 nemendur voru skráðir í nám að Reykjum og í fangelsunum voru skráðir nemendur 50. Alls voru skráðir nemendur við skólann því 1.084 í upphafi vorannar.

Í janúar hófu tveir hópar nám í pípulögnum í kvöldskóla og er það í fyrsta sinn sem þetta nám er kennt við skólann. Þá lauk hópur nemenda námi í húsasmíði í kvöldskóla.

Nemendafélagið hélt sína árlegu árshátíð í febrúar og Kátir dagar voru miðvikudaginn 28. febrúar og fimmtudaginn 29. febrúar. Flóafár fylgdi svo í kjölfarið föstudaginn 1. mars. Áfangamessa var þriðjudaginn 5. mars og valdagur nemenda miðvikudaginn 13. mars.

Lið skólans í Gettu betur komst í aðra umferð og Gísli Freyr Sigurðsson tók þátt í söngkeppni framhaldsskóla fyrir  hönd skólans í byrjun apríl. Þá náði rafíþróttalið skólans þeim glæsilega árangri að sigra FRÍS, framhaldsskólaleika Rafíþróttasamtaka Íslands.

Starfsfólk sem hætti þegar skólastarfi lauk vorið 2024 voru eftirfarandi:
- Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir – íslenskukennari
- Helgi Hermannsson – félagsfræðikennari og umsjónarmaður tækni- og netbúnaðar
- Jóhanna Guðjónsdóttir – sérkennari
- Katrín Tryggvadóttir – íslenskukennari
- Þórey Hilmarsdóttir – viðskiptagreinakennari

Síðasti kennsludagur vorannar var miðvikudaginn 8. maí, námsmatsdagar hófust föstudaginn 10. maí og lauk með sjúkraprófum fimmtudaginn 16. maí. Síðasti starfsmannafundur vorannar fór fram föstudaginn 17. maí, en þá var námsmat birt nemendum í Innu auk þess sem prófsýningar fóru fram. Brautskráning vorannar var föstudaginn 24. maí.

**Dúx skólans** á vorönn 2024 var Ólafía Guðrún Friðriksdóttir og hlaut hún einnig viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði, eðlis- og efnafræði, íslensku, þýsku og ensku.

Hildur Björk Gunnsteinsdóttir hlaut Menntaverðlaun Háskóla Íslands sem er viðurkenning fyrir frábæra frammistöðu á stúdentsprófi þar sem fjölbreyttir hæfileikar hafa fengið notið sín. Nemendur hér fyrir neðan hlutu einnig viðurkenningar.

**Viðurkenningar á brautskráningu, vorönn 2024:**

| | |
|---|---|
| **Auður Helga Halldórsdóttir** | Viðurkenning fyrir frábæran námsárangur í **spænsku.** |
| **Einar Skeggjason** | Viðurkenning fyrir dugnað og elju í námi á **sérnámsbraut**. |
| **Elin Þórdís Pálsdóttir** | Viðurkenning fyrir **frábær störf í þágu félagslífs nemenda í.** |
| **Ernest Brulinski** | Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í **ensku.**<br><br>Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur og einstaka natni í **skapandi greinum**. |
| **Ester Eva Víðisdóttir** | Viðurkenning fyrir mjög góðan árangur í **félagsgreinum**. |
| **Filip Markowski** | Viðurkenning fyrir frábæran árangur í **viðskiptagreinum**. |
| **Guðrún Ásta Ægisdóttir** | Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í **stærðfræði**. |
| **Lisa Karen Vokes** | Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í **dönsku**. |
| **Óskar Helgi Guðnason** | Viðurkenning fyrir frábæran árangur í **húsasmíði**. |
| **Rúnar Freyr Gunnarsson** | Viðurkenning fyrir **frábær störf í þágu félagslífs nemenda í**. |
| **Sölvi Sigurgeirsson** | Viðurkenning fyrir **framlag til félagsstarfs á sérnámsbraut.** |

| | |
|---|---|
| **Vigdís Jóna Árnadóttir** | Viðurkenning fyrir einstaka vandvirkni og metnað í **vélvirkjanámi.** |
| **Þórdís Páley Guðnadóttr** | Viðurkenning fyrir dugnað, samviskusemi og frábæran árangur í **sögu**. |
| **Þórmundur Smári Hilmarsson** | Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í **rafvirkjagreinum.** |

## Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2023 voru nemendur í dagskóla 953 talsins þann 8. september sem notaður er til viðmiðunar fyrir fjölda nemenda sem hóf nám þennan vetur. Þar af voru nýnemar 244 talsins. Þá voru nemendur 14 í kvöldskóla. Í fjarnám úr 10. bekkjum grunnskóla var 33 nemandi skráður og í fangelsunum voru skráðir nemendur 61 talsins. Nemendur á Reykjum voru 131. Alls voru því 1131 nemendur skráðir í nám við skólann í upphafi haustannar. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 29.048 einingar en stóðust við lok hennar 23.478 einingar. Þetta táknar að 19,2% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar töpuðust tæplega 18% eininga haustið 2022. Námsárangur í dagskóla, samkvæmt þessum tölum, er því aðeins lakari en sl. haust. Einingatap tengist því til dæmis að nemendur standast ekki námsmat eða að þeir hverfa frá námi af ýmsum ástæðum fyrir lok annar.

Í upphafi vorannar 2024 voru, viðmiðunardaginn 26. janúar, 879 skráðir nemendur í dagskóla. Þá voru nemendur 35 í kvöldskóla. Í fjarnám og staðnám úr 10. bekkjum grunnskóla voru skráðir nemendur 52. Í fangelsunum voru skráðir nemendur 50 talsins. 118 nemendur voru skráðir í nám að Reykjum. Alls voru það því 1184 nemendur sem voru skráðir í nám við skólann í upphafi vorannar. Nemendur í dagskóla lögðu undir 27.412 einingar við upphaf annar og við lok hennar höfðu nemendur staðist 21.844 einingar. Þetta táknar að 20,3% eininga höfðu tapast á önninni. Til samanburðar má geta þess að vorið 2023 töpuðust 19,4% eininga. Námsárangur í dagskóla, samkvæmt þessum tölum, er því nokkuð lakari en sl. vorönn.

Í eftirfarandi töflu má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir skólaárið 2023-2024 m.v. viðmiðunardagana 9. september og 26. janúar.

| Nemendafjöldi á brautum | | Haustönn 2023 | Hlutfall | Vorönn 2024 | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| GHÁ | Grunnnám háriðna | 12 | 1,26% | 11 | 1,25% |
| GMF | Grunnnám matvæla- og ferðagreina | 7 | 0,73% | 13 | 1,48% |
| GRB | Grunnmenntabrú | 42 | 4,41% | 37 | 4,21% |
| HES | Hestaliðabraut | 19 | 1,99% | 15 | 1,71% |
| HÚS | Húsasmíðabraut | 79 | 8,29% | 79 | 8,99% |
| ÍÞB | Íþróttabraut | 9 | 0,94% | 4 | 0,46% |
| LNB | Listnámsbraut | 12 | 1,26% | 12 | 1,37% |
| RA | Rafvirkjabraut | 57 | 5,98% | 57 | 6,48% |
| SB | Sérnámsbraut | 65 | 6,82% | 60 | 6,83% |
| SJ | Sjúkraliðabraut | 24 | 2,52% | 16 | 1,82% |
| ST-1 | Stúdentsbraut-Opin lína | 275 | 28,86% | 258 | 29,35% |
| ST1-A | Stúdentsbraut-Alþjóðalína | 7 | 0,73% | 4 | 0,46% |
| ST1-F | Stúdentsbraut-Félagsgreinalína | 61 | 6,40% | 56 | 6,37% |
| ST1-Í | Stúdentsbraut-Íþrótttalína | 58 | 6,09% | 56 | 6,37% |
| ST1-N | Stúdentsbraut Náttúrufræðilína | 77 | 8,08% | 75 | 8,53% |
| ST1-VH | Stúdentsbraut Viðskipta- og hagfræðilína | 32 | 3,36% | 29 | 3,30% |
| ST-2 | Viðbótarnám til stúdentsprófs | 14 | 1,47% | 3 | 0,34% |
| ST2-B | Stúdentsbraut Búfræðilína | 1 | 0,10% | 1 | 0,11% |
| ST2-H | Stúdentsbraut Hestalína | 4 | 0,42% | 4 | 0,46% |
| ST2-L | Stúdentsbraut Listalína | 36 | 3,78% | 34 | 3,87% |
| VV | Vélvirkjabraut | 62 | 6,51% | 55 | 6,26% |
| | **Samtals:** | **953** | **100%** | **879** | **100%** |

Við Fjölbrautaskóla Suðurlands leggja nemendur stund á fjölbreytt nám og í eftirfarandi töflu má sjá hversu margir stunduðu nám í iðnnámi, starfsnámi, bóknámi og á sérnámsbraut síðastliðinn vetur.

Nemendur á brautum

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 | |
|---|---|---|---|
| Nemendur á iðnbrautum | 217 | 25 | GHÁ, GMF, HÚS, RA og VV |
| Nemendur á starfsnámsbrautum | 84 | 70 | HES, SJ, ST2-B, ST2-H og ST2-L |
| Nemendur á bóknámsbrautum | 587 | 534 | GRB, ÍÞB, LNB, ST-1, ST1-A, ST1-F, ST1-Í, ST1-N, ST1-VH og ST-2 |
| Nemendur á sérnámsbraut | 65 | 60 | SB |
| **Samtals:** | **953** | **879** | |

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig aldursskipting nemenda var þetta skólaárið:

| Nemendur undir 18 ára | Haustönn 2023 | Hlutfall | Vorönn 2024 | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Samtals: | 593 | 62,22% | 484 | 55,06% |
| **Nemendur eldri en 18 ára** | **Haustönn 2023** | **Hlutfall** | **Vorönn 2024** | **Hlutfall** |
| Samtals: | 360 | 37,78% | 395 | 44,94% |
| **Heildarfjöldi nemenda** | **953** | **100%** | **879** | **100%** |

Nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurlands koma víða að. Stærstur hluti er þó úr nærumhverfi Selfoss. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig búseta nemenda sl. vetur skiptist eftir póstnúmerum:

| **Haustönn 2023** | |
|---|---|
| **Nemendur eftir póstnúmerum** | **Fjöldi** |
| Reykjavík | **9** |
| Kópavogur | **7** |
| Garðabær | **3** |
| Hafnarfjörður | **2** |
| Reykjanes/Suðurnes | **2** |
| Mosfellsbær | **1** |
| Akranes | **1** |
| Borgarnes | **1** |
| Stykkishólmur | **1** |
| Ólafsvík | **1** |
| Ísafjörður | **2** |
| Bolungarvík | **1** |
| Hvammstgangi | **1** |
| Sauðárkrókur | **1** |
| Siglufjörður | **1** |
| Ólafsfjörður | **1** |
| Egilsstaðir | **2** |
| Eskifjörður | **1** |
| Breiðdalsvík | **1** |
| Höfn í Hornafirði | **3** |
| Selfoss | **445** |
| Selfoss – dreifbýli | **97** |
| Hveragerði | **84** |
| Þorlákshöfn | **73** |
| Ölfus | **9** |
| Eyrarbakki | **24** |
| Stokkseyri | **12** |
| Laugarvatn | **1** |
| Flúðir | **24** |
| Hella | **30** |
| Hella-dreifbýli | **34** |
| Hvolsvöllur | **35** |
| Hvolsvöllur-dreifbýli | **24** |
| Vík | **2** |
| Kirkjubæjarklaustur | **8** |
| Vestmannaeyjar | **7** |
| Annað - erlent lögheimili | **2** |
| **Samtals:** | **953** |

| **Vorönn 2024** | |
|---|---|
| **Nemendur eftir póstnúmerum** | **Fjöldi** |
| Reykjavík | **6** |
| Kópavogur | **6** |
| Garðabær | **3** |
| Hafnarfjörður | **1** |
| Reykjanes/Suðurnes | **4** |
| Akranes | **1** |
| Borgarnes | **1** |
| Ólafsvík | **1** |
| Ísafjörður | **1** |
| Bolungarvík | **1** |
| Hvammstangi | **1** |
| Siglufjörður | **1** |
| Ólafsfjörður | **1** |
| Akureyri | **1** |
| Egilsstaðir | **2** |
| Eskifjörður | **1** |
| Neskaupstaður | **1** |
| Höfn í Hornafirði | **3** |
| Selfoss | **405** |
| Selfoss – dreifbýli | **96** |
| Hveragerði | **79** |
| Þorlákshöfn | **67** |
| Ölfus | **7** |
| Eyrarbakki | **19** |
| Stokkseyri | **10** |
| Flúðir | **24** |
| Hella | **31** |
| Hella-dreifbýli | **27** |
| Hvolsvöllur | **33** |
| Hvolsvöllur-dreifbýli | **24** |
| Vík | **4** |
| Kirkjubæjarklaustur | **8** |
| Vestmannaeyjar | **7** |
| Annað - erlent lögheimili | **2** |
| **Samtals:** | **879** |

Eftirfarandi mynd sýnir hversu margar einingar nemendur höfðu í stundartöflu á viðmiðunardögum haustannar 2023 og vorannar 2024. Inni í þessum nemendafjölda eru allir nemendur skólans, þ.m.t. grunnskólanemendur sem stunda fjarnám í stökum áföngum.




Einkunnadreifingu fyrir skólaárið 2023-2024 má sjá á eftirfarandi mynd. F stendur fyrir fall án tölulegrar einkunnar, t.d. ef nemandi fellur á mætingu og er sjálfkrafa skráður úr áfanga eða hann skilar sér ekki til lokaprófs. H táknar að nemandi hætti sjálfur í áfanganum og S stendur fyrir staðinn áfanga án tölulegrar einkunnar.



Fréttir af margbrotnu starfi
Haust 2023

**Tuttugu og sex sveinar í húsasmíði**



Helgina 2. júní til 4. júní síðastliðinn var haldið sveinspróf í húsasmíði við FSu en sveinspróf iðngreina krefst mikils undirbúnings bæði af kennurum og nemendum. Prófið hófst stundvíslega klukkan 8.30 en prófað er bæði í bóklegum efnum og verklegum. Að sögn Lárusar Gestssonar fagstjóra tréiðna er sveinspróf „hvort tveggja í senn afar skemmtilegur en krefjandi tími fyrir nemendur. Mikil vinna á krefjandi lokaönn í skóla og svo þriggja daga lokapróf. ”Einkunnir voru síðan afhentar fimmtudaginn 8. júní og luku allir nemendur prófi með fullnægjandi einkunn og var sú hæsta 9,3 sem telst mjög góður árangur í sveinsprófi.

**Fimmvörðuháls er mögnuð kennslustofa**

Þriðjudaginn 5. september lagði vaskur 24 manna nemendahópur ásamt þremur kennurum af stað með rútu að Skógum undir Eyjafjöllum með það markmið í farteskinu að ganga yfir Fimmvörðuháls. Gangan er verkefni áfangans ÍÞRÓ2JF02 sem kenndur er á hverri önn við FSu. Lagt var af stað frá Skógum, gengið meðfram Skógá og öllum þeim fjölmörgu fossum sem leynast í ánni. Frá brúnni yfir Skógá var komið í Baldvinsskála. Þaðan farið milli jökla yfir hinn eiginlega Fimmvörðuháls sem er í rúmlega 1000 metra hæð. Á þessum kafla sést vel hve jöklarnir hafa hopað og þar sem áður voru snjófannir eru nú komnir djúpir dalir og íshröngl. Áfram var haldið upp á gíginn Magna sem einnig er í rúmlega 1000m hæð og þaðan fengum við góða sýn yfir hraunbreiðuna og fjöllin í kring. Frá Magna lá leiðin í Bása, niður Bröttufönn, Heljarkamb, Morinsheiði, Kattahryggi og skógivaxna stíga. Það er skemmst frá því að segja að ferðin gekk eins og í sögu, veðrið lék við okkur allan tímann, þrátt fyrir að veðurspáin hefði ekki verið spennandi dagana áður. Hópurinn var einstaklega samstilltur og jákvæður sem breyttist ekkert þó svo að þau væru orðin ansi lúin þegar komið var niður í Bása, enda búin að ganga 25 km. Í Básum kom einn göngufélaginn okkur skemmtilega á óvart og bauð upp á pylsuveislu, áður en haldið var heim. Þessi



ganga heppnaðist einstaklega vel í góðum hópi nemenda og kennara. Að ganga yfir Fimmvörðuháls er mögnuð kennslustofa þar sem mjög fjölbreytt nám fer fram. Þar er náttúran skoðuð og kryfjuð, hvernig skal bera sig að á fjöllum, reynt er á líkamlegt og andlegt þol og svo eflum við okkur saman í hóp. Sá lærdómur sem kannski er þó þýðingarmestur í svona kennslustofu er lærdómurinn um sjálfan sig og að leysa úr aðstæðum sem oft geta verið erfiðar og krefjandi. Myndirnar sýna hópinn í byrjun ferðar við Skógá og síðan á toppi gígsins Magna sem dregur nafn sitt af syni Þórs þrumuguðs sem hann eignaðist með jötunmeynni Járnsöxu.

**Sjálfbært samfélag fyrir sjálfbæra skóla**

Átta kennarar frá tveimur erlendum skólum heimsóttu FSu í byrjun skólaársins og dvöldu hér í umsjá kennara FSu frá 24. til 28. ágúst. Annar skólinn er Lasnamae Gymnasium í Tallinn á Eistlandi og hinn er President Adamkaus Gymnasium í Kaunas í Litháen. Sameiginlegt verkefni þessarar heimsóknar nefnist á ensku Sustainable Community for Sustainable Schools eða sjálfbært samfélag fyrir sjálfbæra skóla og er á vegum Nordplus. Þetta er svokallað jobshadowing verkefni eða nokkurskonar skuggsjá þar sem skólabragur og allar aðstæður og aðbúnaður til kennslu er kannaður og borin saman. Tæplega ári áður eða frá 10. til 15 október 2022 var verkefnið haldið í Tallinn á Eistlandi þar sem fjórir kennarar frá FSu tóku þátt og síðan að nýju þann frá 24. til 28 apríl 2023 í Litháen. Fulltrúar FSu í þessu spennandi verkefni hafa verið Kristjana Hrund Bárðardóttir enskukennari, Ester Ýr Jónsdóttir raungreinakennari og Anna Kristín Valdimarsdóttir myndlistarkennari auk Ragnheiðar Eiríksdóttur heimspekikennara og Guðbjargar Helgu Guðmundsdóttur stærðfræðikennara. Erlendu gestirnir voru hæstánægðir með heimsóknina. Þeim fannst FSu að utan sem innan alveg frábær. Kennarar og nemendur svo glaðir alla daga miðað við hvað búsetan er norðarlega á hnettinum. Fyrir utan að skoða skólahúsnæðið með gestsaugum fylgdust þau með kennslustundum og fóru í heimsókn í Stekkjaskóla sem þeim fannst alveg meiriháttar. Litháarnir voru duglegir að skoða landið og skoðuðu Reynisfjöru og Landmannalaugar. Öll óku þau Gullna hringinn og Kristjana Hrund fór með Eistana í bíltúr um hinn fagra Flóa: Urriðafoss, Knarrarósvita, Þuríðarbúð, fjöruna á Eyrarbakka. Allir skrifuðu nöfn og kveðjur í gestbókina í Hallskoti og enduðu á að klappa hestunum á Stekkum hjá Önnu Kristínu Valdimarsdóttur. Niðurstaðan var sú að þeim fannst þessi ferðamennska svo miklu meira virði og fróðlegri en að skoða hefðbundna ferðamannastaði.

**Námsferð til Joniskis í Litháen**

Um miðjan októbermánuð fóru 6 garðyrkjunemar ásamt kennara í námsferð til Litháen á vegum Nordplus verkefnisins Nordic horticulture. Verkefnið er samstarf 5 garðyrkjuskóla í Skandinavíu og Eistrasaltslöndunum sem hefur það markmið að auka þekkingu og færni þátttakenda ásamt því að efla samstarf kennara þessara skóla. Verkefni námsferðarinnar til Joniskis í Litháen var að fræðast um staðargróður, samplantanir, sameldi, ræktun vínberja og mótun runna og trjáa í uppeldi. Einnig er mikilvægur hluti verkefna af þessu tagi að kynnast menningu þess lands sem er sótt heim og styrkja félagsleg bönd nemenda frá öllum þátttökulöndum.

Fyrsta daginn var byrjað á að kynnast mótttökuskólanum og fékk hópurinn að skoða alla króka og kima skólans og kynnast því sem þar er kennt. Seinnipart dags var haldið í rútuferð að skoða Krossahæð (Hill of crosses) sem er í nágrenni bæjarins. Það er staður sem stendur mörgum Liháum nærri af trúarlegum ástæðum. Þar getur fólk minnst ættingja og vina og komið fyrir krossi á hæðinni. Annar og



þriðji dagur fóru í skoðunarferðir ýmiskonar. Fyrst var farið í skoðunarferð til þriðju stærstu borgar Litháen, Klaipeda og nánasta nágrennis. Tilgangur ferðarinn var aðallega að skoða grasagarðinn í borginni sem er rekinn af háskólanum í Klaipeda en einnig var skoðað fiskeldi og heimsótt býli þar sem ábúendur eru að gera tilraunir með sameldi. Seinni daginn fræddist hópurinn um kornrækt í héraðinu og kornsamlag bænda og helstu tækifæri og áskoranir í þeim geira. Loks var haldið í heimsókn á litla garðyrkjustöð sem framleiðir ýmiskonar grænmeti og ávexti og vegur þar mest ræktun á vínberjum. Það var áhugavert að sjá hversu mikið er hægt að gera í takmarkaðri aðstöðu og geta þátttakendur vitnað um að vínberin brögðuðust mjög vel. Síðustu tveir dagar námsferðarinnar fóru í verklegar æfingar. Fyrri daginn var útbúið svokallað blómateppi og slegið upp í keppni á milli skóla. Hvert land átti að vinna með haustliti og útbúa blómateppi sem tengdist landi sínu og þjóð. Íslenski hópurinn tengdi verkefnið sitt íslensku lopapeysunni og skreytti með táknum fyrir snjó, mosa, hraun, og fleira sem finna má í íslenskri náttúru. Keppnin var jöfn og en íslenski hópurinn fór heim með viðurkenningarskjal fyrir fyrsta sæti.
Seinni daginn var unnið í tveggja til þriggja manna hópum í því að útbúa samplantanir úr þykkböðungum og kaktusum auk þess sem notaðir voru steinar og ýmiskonar skraut með. Seinna verkefni dagsins var mótun og formklipping á sígrænum runnum fyrir sölu. Í Litháen og víðar í Evrópu tíðkast að móta runna í allskyns form og getur mótun af þessu tagi í uppeldi sígrænna runna aukið mjög verðmæti þeirra í sölu. Á föstudagskvöldið var svo komið að kveðjustund og héldu hóparnir hver í sína áttina heim á laugardag. Ferðin var lærdómsrík og skemmtileg enda margt áhugavert á sjá í Litháen. Hópurinn kemur tilbaka fróðari um land og þjóð og með nýja þekkingu í farteskinu.

**Öflugt matvælanám í FSu**

Vakin er athygli á nýju og kraftmiklu námi í matvæla- og ferðagreinum í FSu. Um er að ræða heildstætt brautarnám með nýrri og öflugri aðstöðu í kennslueldhúsi skólans. Námið er 70 einingar og námstími tvær til þrjár annir. Það er ætlað þeim sem stefna að vinnu við ferðaþjónustu eða frekara námi í matvælagreinum eins og matreiðslu, matartækni, bakstri, framreiðslu og kjötiðn. Nemendur fá starfskynningu í ferða- og matvælagreinum á vinnustöðum og fara í vinnustaðanám 18 - 24 klst. á önn.
Að sögn Guðríðar Egilsdóttur sem stýrir náminu ríkir þar fjölbreytni og lifandi sköpun. Lögð er áhersla á að tvinna saman matreiðslu og matvinnslu við ferðaiðnað og frumframleiðslu á sunnlensku gæðahráefni. „Við búum í héraði þar sem fjölbreytni ríkir og þróun í framleiðslu kjöts, fisks, grænmetis og ávaxta og ekki síst kryddjurta“ segir Gurrý kampakát. „Undirstöðuatriði matvinnslu eins og flökun fisks, úrbeinun kjöts og ræktun matjurta, meðferð þeirra og geymsla er kennd af fagfólki, brauðbakstur og kökugerð. Farið er til berja og sultur gerðar og uppsetningar á matardiskum til hversdags og hátíðarbrigða æfðar.“

Vettvangsferðir hafa verið ótaldar á þessari haustönn um sveitir og þéttbýli Suðurlands. Frumframleiðendur eru þá sóttir heim, iðnaðareldhús og ylrækt skoðuð, veitingastaðir og hótel. Gunnbjarnarholt í Hreppum þar sem eitt stærsta róbótafjós landsins er rekið og framleidd Hreppamjólk auk Flúðasveppa sem reka sveppa veitingahús og búa yfir mestri reynslu í innlendri sveppaframleiðslu. Friðheimar í Biskupstungum þar sem nýsköpun gerði afgangstómata að einum vinsælasta veitingastað landsins. Efsti-Dalur þar sem fjós, hlaða og veitingastaður mynda þríeyki. Hótel Geysir sem státar af einu fullkomnasta veitingaeldhúsi landsins, fulltrúar ferða- og byggðamála voru sóttir heim auk kjötvinnslu Krónunnar á Selfossi og nýja Kjötbúrsins sem Fannar Ólafsson rekur við miklar vinsældir á Selfossi.

„Mikilvægi þess að hafa fagmennsku og skapandi hugsun í fyrirrúmi þegar kemur að rekstri matvælafyrirtækja á Suðurlandi verður aldrei ofmetið" segir Gurrý og bætir við að það sé algjört leiðarstef á matvælabraut í FSu.

**Listmálarinn Ásgrímur í FSu**

Síðastliðið vor setti Byggðasafn Árnesinga upp sýningu í Húsinu á Eyrarbakka sem nefnd var *Drengurinn, fjöllin og Húsið* þar sem fjallað er um æsku og unglingsár hins merka myndlistarmanns Ásgríms Jónssonar (1876 – 1958). Nú hefur þessi sama sýning verið sett upp í björtu og fallegu rými fyrir framan myndlistarstofu FSu á þriðju hæð skólans. Fullyrða má að um einstakt framtak og samvinnuverkefni sé að ræða á milli safns og skóla.



Ásgrímur Jónsson var fæddur og uppalinn í Suðurkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa og höfðu æskustöðvarnar djúp áhrif á listsköpun hans. Hinn víðfeðmi fjallahringur, ljós og skuggar árstíðanna, útilegumannasögur á vökunni og hljóðið í briminu eru aðeins örfá atriði sem fylgdu honum ævina á enda og voru brunnur endurminninga sem hann gat sífellt ausið úr. Upp úr fermingu var Ásgrímur vikapiltur á þriðja ár í Húsinu á Eyrarbakka sem nú hýsir Byggðasafn Árnesinga. Fólkið í Húsinu sá þann efnivið sem í piltinum var og þar eignaðist hann sína fyrstu vatnsliti. Vegna veru sinnar í Húsinu eru líka til örfáar ljósmyndir af honum frá þessum tíma. Þegar Ásgrímur yfirgaf Húsið fór hann þaðan fullviss um köllun sína í lífinu.

Sýningin er sett upp þannig að skoðandi fái á tilfinninguna að hann sé staddur á vinnustofu listamanns. Hún byggir á endurminningum Ásgríms *Myndir og minningar* sem Tómas Guðmundsson skráði og er tilvalin fyrir kennara allra námsgreina en ekki síst í listum og menningu, sögu og íslensku. Áhugasamir geta nálgast hugmyndir og hugleiðingar um nálgun sýningarinnar í kennslu hjá Ágústu Ragnarsdóttur fagstjóra í skapandi greinum í FSu.

**Loksins alíslenskt súkkulaði**

Við Garðyrkjuskóla FSU hefur lengi verið draumur að rækta okkar eigið kakó til að geta gætt okkur á alíslensku súkkulaði. Upphafið að því að sá draumur rættist var þegar sáð var fyrir kakói 2013. Sú sáning bar þann árangur að eitt tré hefur vaxið og dafnað í Bananahúsinu síðastliðin 10 ár. En nú í sumar bar tréð loksins ávöxt og eitt aldin náði að þroskast. Það var síðan uppskorið með viðhöfn nú á haustdögum. Aldininu var vafið í bananalauf og látið gerjast um tíma en síðan voru tekin úr þeim fræin. Sumum fræunum var sáð en afgangurinn var falinn í hendur súkkulaðisérfræðingi Omnom, fyrirtækis sem framleiðir íslenskt súkkulaði. Þegar hann hafði farið höndum um kakóbaunirnar urðu til fáeinir bitar af dökku súkkulaði sem smakkað var með viðhöfn á kaffistofu starfsmanna.

**Þar sem jörðin skelfur og eldarnir kvikna**

Þriðjudaginn 17. október síðastliðinn hélt hugrakkur hópur jarðfræðinema í FSu í námsferð á Reykjanesskaga þar sem jörð skelfur þessa dagana og eldar geta gosið. Ferðin var að frumkvæði og í umsjón Heklu Þallar Stefánsdóttur kennara og tilgangur hennar að fræðast um hin ýmsu jarðfræðilegu fyrirbæri Reykjanesskaga.
Byrjað var á að ganga inn í Nátthaga til að skoða hraunið sem þar hefur runnið úr eldgosum síðustu missera. Veðrið var ansi lifandi og skemmtilegt, hífandi rok og úrhellis demba. Það stoppaði þó ekki nemendur sem skokkuðu að hrauninu þessa tæpu tvo kílómetra frá bílastæðinu inn í Nátthaga. Við blasti ægifögur sjón - en þar sem það rigndi mikið þá rauk svo vel úr hrauninu sem bjó til kröftugt sjónarspil.
Næst var förinni heitið að Seltúni, háhitasvæði nálægt Krýsuvík. Þar voru nemendur með skemmtilega leiðsögn um svæðið sem þeir höfðu sjálfir undirbúið fyrir ferðina. Að lokum var keyrt fram hjá Grænavatni eða Gígvatnsvatni sem er stærsti sprengigýgur á svæði Krýsuvíkur og hefur einstaklega fallegan grænan blæ vegna samblöndu brennisteinstegunda. Að lokum var haldið heim á leið þar sem ekki fannst þurr þráður á nemendum eftir fræðandi og fjöruga útivist.

**Öflug mannflóra í FSu**

Í byrjun nóvember kom Chanel Björk Sturludóttir í heimsókn í FSu en hún hefur getið sér gott orð fyrir umfjöllun sína í útvarpi og sjónvarpi um fjölmenningu og fordóma í íslensku samfélagi. Þáttagerð hennar bar nafnið MANNFLÓRAN og jafnhliða því heldur hún úti heimasíðu með sama heiti. Chanel býður upp á fræðsluerindi og ráðgjöf fyrir skóla og stofnanir sem vilja kynna sér birtingarmyndir fordóma og rasisma í þeim tilgangi að skapa jafnara og betra samfélagi.
Í FSu hitti hún og vann með fyrsta árs nemendum fimm námshópa í áfanganum ERGÓ sem er lífsleikniáfangi skólans. Hún hélt í byrjun hverrar kennslustundar erindi með myndum og texta þar sem meðal annars var bent á niðurstöður rannsókna sem sýna að fólk af erlendum uppruna stendur höllum fæti í íslensku samfélagi. Ísland er í grunninn einsleitt samfélag sem á síðustu áratugum hefur breyst töluvert með auknum fólksflutningi til landsins og auknu flæði Íslendinga um heiminn.
Að loknu erindi Chanelar var farið í gagnkvæmar umræður um þessar miklu samfélagsbreytingar og hvernig þær birtast og leitað leiða til að upplýsa fólk og draga úr fordómum. Nemendur deildu skoðunum sínum og rökræddu og komust að niðurstöðu eins og gerist og gengur í upplýstri og fordómalausri umræðu. Slík umræða leiðir til jafnaðar og betra samfélags þar sem fólk vinnur saman

frekar en að deila. Vitnisburður nemenda fyrir þessu verkefni var afar jákvæður og stóðu þau sig sérlega vel í því að bæta mannflóruna. Skólinn þakkar Chanel Björk kærlega fyrir hennar framlag.

**Samvinna námsgreina í einstökum viðburði**

„Það er mjög mikilvægt að vera meðvitaður um umhverfisvernd, endurnýtingu og sjálfbærni. Gull getur til dæmis leynst í gamalli verðlausri flík eða í gleymdum efnisbút" segir Agnes Ósk Snorradóttir námsráðgjafi við FSu og hugmyndasmiður. Tilefni ummælanna var tískusýning sem nemendur í hársnyrtiiðn og áfanganum *Hönnun & endurvinnsla* héldu í Bragganum á Eyrarbakka fimmtudaginn 27. nóvember síðastliðinn. Hér var því um þverfaglega samvinnu að ræða milli kennslugreina þar sem þeir uppskáru afrakstur námsvinnu annarinnar.



Nemendur undir stjórn Guðbjargar Bergsveinsdóttur fengu það verkefni að endurhanna flík eða búa til nýja flík úr gamalli eða afgangs efnisbútum. Farið var í Nytjamarkaðinn og leitað að efnivið. Flíkur og efni skoðuð í þeim tilgangi að gefa þeim nýtt líf. Nemendur í hársnyrtiiðn undir stjórn Örnu Árnadóttur skoðuðu myndir af flíkunum og ígrunduðu hvaða hárgreiðsla myndi henta þeirri flík sem módelið sýnir og heildarhugmyndinni á bak við sýninguna.

Á önninni fengu nemendur í endurvinnslu & hönnunar áfanganum heimsóknir frá Ástu Guðmundsdóttur fatahönnuði og heimsóttu hana á vinnustofu hennar á Eyrarbakka. Með því fengu þeir skapandi innsýn í störf fatahönnuðar sem hefur mikið unnið með endurvinnslu á textíl. Snemma á önninni heimsótti nemendahópurinn ásamt kennurum, Agnesi námsráðgjafa í Gömlu kartöflugeymsluna á Eyrarbakka. Sú heimsókn var hluti af heildarferlinu, til að skoða aðstæðurnar þar sem sýningin færi fram, fá hugmyndir og sjá fyrir sér hvernig flíkurnar myndu koma út í óvenjulegu umhverfi.

„Spennustigið var hátt þegar stóri dagurinn rann upp" segir Agnes Ósk. „Módel mættu í hárgreiðslu kl. 11 um morguninn. Spennan jókst og allur nemendahópurinn mætti eftir hádegi í Gömlu kartöflugeymsluna. Æfð voru þrjú rennsli undir styrkri stjórn kennara og Ástu. Nokkrir nemendur skólans mættu á svæðið og stilltu upp græjum til þess að taka upp sýninguna."

Svo þegar klukkan sló 6 að kvöldi var hátíð í bæ. Prúðbúnir ættingjar, vinir þátttakenda ásamt starfsfólki skólans voru mætt á svæðið og óhætt að segja að tískusýninginn FLÍKUR FÁ FRAMTÍÐ hafi slegið í gegn. Andrúmsloftið var hlaðið spennu, áskorun, gleði og eftirvæntingu og í lokin, sigrum.

„Það að halda tískusýningu er ekki eitthvað sem nemendur gera á hverjum degi" segir Agnes Ósk að lokum. „Allt ferlið og samvinna milli námsgreina gerir þennan viðburð einstakan og verður örugglega gott veganesti fyrir nemendur og skólastarf í FSu."

## Vor 2024

### Myndlistarsýningin Maður og efni

Myndlistarnemar FSu halda áfram uppteknum hætti að setja upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans. Það eru nemendur í framhaldsáföngum sem fá þjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum. Að þessu sinni eru það nemendur í áfanganum *Maður og efni* sem sýna í Listagjánni á Bókasafni Árborgar 23. feb. – 15. mars. Verkin eru unnin á haustönn 2023.



Í áfanganum *Maður og efni* er fengist við módelteikningu. Mannslíkaminn er teiknaður frá öllum hliðum í ýmsum stellingum, ýmist líkamspartar eða öll manneskjan. Fyrirmyndirnar eru mest megnis lifandi módel en einnig ljósmyndir og teikningar. Verkin sýna manninn umhverfi og er unnin með ýmis konar aðferðum þar sem mismunandi stílbrigði frá mismunandi tímabilum og heimshlutum eru áhrifavaldar.

### Heiðursmaður í heimsókn

Einhvern tímann sagði einhver að óvæntar heimsóknir væru skemmtilegastar. Það sannaðist mánudaginn 12. febrúar síðastliðinn þegar Heimir Pálsson fyrsti skólameistari FSu kom í stutta heimsókn í skólann ásamt Örlygi Karlssyni sem sjálfur gegndi stöðu skólameistara og aðstoðarskólameistara um langan tíma. Heimir hafði þá fyrr um daginn haldið erindi í lestrarfélagi eldri borgara á Selfossi þar sem fjallað er um Íslendingasögur. Sjálfur er Heimir norrænu- og íslenskufræðingur og hefur meðal annars samið kennslubækur um íslenska bókmenntasögu sem kenndar hafa verið við FSu. Hann gegndi síðast lektorsstöðu í norrænum fræðum við hinn aldna og rómaða Uppsalaháskóla í Svíþjóð.

Heimir stýrði skólanum á upphafsárunum frá 1981 til 1983 þegar svokölluð Hlaupabraut var hið eiginlega kennslurými eða andrúm og ekkert eiginlegt skólahúsnæði risið. Um þennan tíma segir á vefsíðu FSu: „Bæjarstjórn Selfoss tók forystu að stofnun FSu og rak hann í tvö ár. [. . .] Kennsluhúsnæði var á mörgum stöðum og hlupu nemendur á milli skólastofa. Þar kom upp nafnið Hlaupabrautin.” Í riti sínu *Fjölbrautaskóli Suðurlands - Hornsteinn í héraði* 1981 – 2011 segir Gylfi Þorkelsson meðal annars um þennan tíma: „Það var landnemabragur á hlaupabrautinni og mikil samstaða manna á meðal. Samþykkt teikning að glæsilegu skólahúsi lá fyrir og engan óraði fyrir öðru en nýja húsið væri handan við hornið. Skólameistarinn [Heimir] var ákafamaður, afdráttarlaus foringi sem vildi keyra hlutina áfram, hvatti sitt lið til dáða og blés því í brjóst á hlaupunum, svo engum datt í hug að draga af sér til að hlutirnir gengju sem best.” Ummælin um Heimi eru höfð eftir Ásmundi Sverri Pálssyni sem um langt árabil starfaði við FSu.




Eldri og yngri stjórnendur FSu við skólameistaravegginn. Þórarinn Ingólfsson, Heimir Pálsson, Sigurður Sigursveinsson, Örlygur Karlsson, Sigursveinn Sigurðsson og Olga Lísa Garðarsdóttir.

**Hár upplyfting í skammdeginu**

Nemendur í HÁRSNYRTIIÐN í FSu undir stjórn mentorsins Elínbjargar Örnu Árnadóttur bjóða með reglubundnum hætti starfsfólki og nemendum skólans í hársnyrtingu, hárþvott og höfuðnudd. Óhætt er að segja að þetta lífgi upp á daglegt starf margra og auki fegurð þeirra. Nú var boðið upp á þessa þjónustu – sem jafnframt er kennsla – föstudaginn 9. febrúar.



Nám í hársnyrtiiðn hófst við skólann fyrir nokkrum árum og er aðsókn mikil. Nemendur geta lokið fyrstu tveimur námsárunum í FSu sem kallast grunnnám eða eins og segir á heimasíðu skólans „fyrstu fjórum önnum heildarnáms til hársnyrtis eða 90 einingum.” Heildarnámið er hins vegar 220 einingar og lýkur á 3. hæfnisþrepi sem hægt er að ljúka í Tækniskólanum eða VMA. Að lokinni starfsþjálfun þreyta nemendur sveinspróf sem veitir réttindi til að starfa í iðngreininni og síðar inngöngu í nám til iðnmeistara í hársnyrtiiðn.

**Kórferð til Kaupmannahafnar**

Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands gerði sér ferð til Kaupmannahafnar í vetrarfríinu eftir miðjan febrúar síðastliðinn. Hátt í 30 meðlimir kórsins komu með og þess má geta að þetta er fyrsta ferð kórsins út fyrir landsteinana eftir endurvakningu hans. Fínasta veður tók á móti okkur í Danmörku. Aðeins var um rigningu en þá voru bara leigðar regnhlífar á hostelinu. Rölt var um Strikið, farið á Bláu plánetuna, næturlífið skoðað og Burger King heimsóttur þó nokkrum sinnum. Þá gerðum við okkur ferð á generalprufu fyrir Melodí Grand Prix þar sem Saba bar sigur úr bítum. Við íslensku kórfélagarnir stóðum fremst við sviðið og urðum ágætis vinir sviðstjórans. Hann endaði á því að hrósa okkur í hljóðnemann fyrir að hafa hlustað á eintómt bull í nokkra klukkutíma. Salurinn hló.

En ferðin var nú fyrst og fremst kórferð og í þeim erindagjörðum heimsóttum við kór Frederiksberg Gymnasium. Þar sungum við nokkur lög fyrir allan skólann og síðan tók við æfing með kórnum þeirra.



Við vorum alveg hlessa á því hversu líkir Stefán kórstjórinn okkar og Sören kórstjórinn þeirra voru. Danirnir voru feyki ánægðir með okkur og hrósuðu kórnum þvílíkt. Eftir æfinguna var meðlimum beggja kóra skipt í litla hópa og sýndu Danirnir okkur skólann og síðan var haldið í bæinn þar sem ýmist var var borðað eða umhverfið skoðað. Kórinn kom svo tímanlega heim með stórt bros á vör. Frábær mórall og mörg vinasambönd urðu til.

**Kátir Dagar og Flóafár**




KÁTIR DAGAR og FLÓAFÁR voru haldnir í síðustu viku febrúar í FSu og fyrstu viku marsmánaðar og tókust sérlega vel að þessu sinni. Skipulag var gott og sköpun enn betri enda mikið lagt í það af starfsfólki skólans og nemendum. Þátttaka var til sóma og mikið líf í gula húsinu við Tryggvagötu frá miðvikudegi til föstudags í síðustu viku.

Á Kátum dögum eru haldin fjölbreytt námskeið, kynningar og uppákomur um allan skólann en í Flóafári hópast nemendur saman í lið og keppa innbyrðis í alls konar námsgreinum – sem ekkert endilega eru kenndar við skólann. Þar ræður hugmyndaflug kennara mestu. Hvert lið fær sérstakt heimasvæði til að skreyta sem þau gerðu að þessu sinni af ótrúlegri hugmyndaauðgi. Í því sambandi var hnefaleikahringur búinn til í mötuneytinu úr fiskikörum og gryfjan í skólanum breyttist í neðanjarðarbyrgi glæpasamtaka. Síðan er keppt í þrautunum út um allt rými skólans í Odda og Hamri. Hugmyndaauðgi liðanna í útliti og skipulagningu heimasvæða var mikil að venju og fór keppnin vel fram. Fimm lið voru skráð til leiks að þessu sinni og fá þau nokkrar vikur til að undirbúa þema og skipuleggja sig. Að þessu sinni nefndust þau Hawai, Fight Club, íslenski herinn, Diskó, og Skúrkarnir. Mikil fjölbreytni og virkilega hörð keppni um sigurinn þar sem munaði minnsta mun.

En það sem upp úr stendur er breytingin eða umbyltingin sem verður á hefðbundnu skólastarfi. Og sú nauðsyn sem fylgir henni. Eins og um karníval sé að ræða þar sem öllu er snúið á haus og nemendur hlaupa um með fána og dansa í miðrýminu og hefðbundnir kennarar mæta klæddir eins og AC/DC, Ripp, Rapp og Rupp eða geimfarar NASA, gamlir bókverðir, persónur FROSEN, breskir hefðarmenn eða dönsku konungshjónin.

**Nemendur vinna afrek í rafíþróttum**




RAFÍÞRÓTTIR (e. esports) eru tiltölulega nýjar af nálinni en í þeim er keppt í tölvuleikjum. Oftast er um að ræða skipulagðar keppnir í fjölspilunarleikjum milli þátttakenda sem keppa ýmist sem einstaklingar eða lið. Að keppa í tölvuleikjum hefur lengi verið partur af tölvuleikjamenningunni og frá síðustu aldamótum hefur áhorf aukist mjög mikið í gegnum vaxandi og bætt netstreymi. Nú eru rafíþróttir orðnar stór þáttur í þróun og markaðssetningu tölvuleikja og taka margir leikjaframleiðendur beinan þátt í að setja upp og styrkja rafíþróttamót.

**Samvinna milli skólastiga í raungreinum**

Nemendur við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Sunnulækjarskóla hafa í vetur unnið samstarfsverkefni sem kallast FSunnó. Verkefnið miðar að því að efla faglegt samstarf milli skólanna og kynna fyrir grunnskólanemendum þær raungreinar sem kenndar eru við FSu. Nemendur í jarðfræði við FSu undirbjuggu skemmtilegar innlagnir og verkefni fyrir nemendur 10. bekkjar Sunnulækjarskóla. Þá fóru þeir í heimsókn í Sunnulækjarskóla þann 21. febrúar síðastliðinn og lögðu fyrir nemendur verkefni um þróun mannsins. Miðvikudaginn13. mars komu svo nemendur Sunnulækjarskóla í heimsókn í FSu og fóru í skemmtilegan ratleik víðsvegar um skólahúsnæðið. Á hverri stöð var raungreinatengd þraut sem nemendur þurftu að leysa og safna stigum. Að lokum fóru nemendur síðan á sal skólans þar sem úrslit ratleiksins voru tilkynnt og þakkað fyrir skemmtilegt samstarf milli skólanna. Verkefnið gekk afar vel og var gaman og fróðlegt fyrir 10. bekkinga að fá að kynnast námsumhverfi framhaldsskólanemenda sem og fyrir framhaldsskólanemendur að upplifa námsumhverfi grunnskólanemenda og rifja um leið upp gamla tíma.

**Í minningu Árna Erlingssonar**

Það er hefð á Byggðasafni Árnesinga fyrir heimsóknum trésmíðanema frá Fjölbrautaskóla Suðurlands. En það var í tíð Árna Erlingssonar (1935 – 2019) kennara við skólann sem bjó bæði yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og áhuga á byggingarsögu og varðveislu gamallla húsa, að nemendur hófu að koma reglulega á Eyrarbakka í sögugöngu og til skoða HÚSIÐ. Eftir hans dag urðu þessar heimsóknir óreglulegri og um tíma duttu þær alveg út. Fyrir nokkru voru þessar heimsóknir endurvaktar og má segja að þær hafi borið nokkuð skemmtilegan og gagnlegan ávöxt.

Vorið 2021 var lagður grunnur að fræðsluverkefni sem kennarar og fagstjóri trédeildar FSu þróuðu í samvinnu við safnkennara á Byggðasafni Árnesinga. Kennslubók hefur litið dagsins ljós á rafrænu formi þar sem meðal annars er fjallað um lög og reglugerðir um húsafriðun og breytingar á húsum, byggingarsögu tré- og steinhúsa á Íslandi og byggingarsögulegt gildi húsa og mannvirkja. Eldra kennsluhefti eftir Árna Erlingssonar trésmíðakennara rennur inn í námsefnið og er stórmerkileg heimild samin sérstaklega fyrir trésmíðanemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands. Árni Erlingsson kenndi við Fjölbrautaskóla Suðurlands um áratuga skeið og lagði traustan grunn ásamt öðrum að því glæsilega verknámi sem nú er í boði við skólann. Má segja að kennslukver Árna hafi verið kveikjan og grunnurinn að því sem nú er orðið að kennslubók fyrir trésmíðanemana. Byggðasafn Árnesinga er staðsett á Eyrarbakka þar sem má finna vel varðveittan húsakjarna eða þorpsmynd frá aldamótunum 1900. Sýningaraðstaða safnsins er sömuleiðis í einu elsta húsi landsins eða HÚSINU sem var reist á landi Skúmsstaða árið 1765. Sjálft húsið er byggingarsöguleg perla sem og elsti hluti þorpsins sem upplagt er að nemendur í áfanganum Húsaviðgerðir og breytingar kynnist og fái aðgang í gegnum námsefni og heimsóknir á safnið. Í Fjölbrautaskóla Suðurlands er öflug húsasmíðabraut sem á rætur að rekja til miðrar 20. aldar og þaðan hafa fjölmargir smiðir útskrifast. Námsefnið er samið með þennan nemendahóp í huga og hluti af nálguninni er heimsókn nemendahópsins á safnið, bæði við upphaf annar og nálægt annarlokum. Í seinni heimsókninni fara nemendur í göngu um þorpið og kynnast af eigin raun þeim byggingararfi sem finna má á Eyrarbakka. Bygginga- og mannvirkjagreinar eiga rætur

sínar í fornum handverkshefðum en miklar og örar breytingar hafa orðið á störfum smiða samhliða breyttum lifnaðarháttum. Samstarf kennara í FSu og á safninu er öflug leið til að dýpka og útvíkka umfjöllunarefni áfangans og samhljómur er á milli námsefnis smíðanemanna og þess sem finna má í fortíðinni á Eyrarbakka.

# Skýrslur fagstjóra
## Svið: Tungumál, skapandi greinar, samfélagsgreinar og Ergó

### Enska
Fagstjóri: Luis Felipe Torres Meza

**Kennarar og áfangar**

| | **Haustönn 2023** | **Vorönn 2024** |
|---|---|---|
| **Nafn kennara** | **Áfangaheiti** | **Áfangaheiti** |
| Guðfinna Gunnarsdóttir | ENSK1RX05<br>ENSK3FO05 | ENSK3VE05<br>ENSK2YL05 |
| Thelma María Marinósdóttir | ENSK2OR05 | ENSK2OR05<br>ENSK3YL05 |
| Luis Felipe Torres Meza | ENSK2HB05<br>ENSK2OL05<br>ENSK3FO05 | ENSK2HB05<br>ENSK2OR05<br>ENSK3AE05 |
| Paola Ýr Daziani | ENSK2OR05<br>Kennsla í fangelsum | Kennsla í fangelsum |
| Ægir Pétur Ellertsson | ENSK2HC05 | ENSK2HC05<br>ENSK3AE05 |
| Kristjana Hrund Bárðardóttir | ENSK1HF05<br>ENSK3FO05 | ENSK1HF05<br>ENSK3YL05 |
| Halldóra Björk Guðmundsdóttir | ENSK1RX05 | ENSK1RX05 |
| Karl Sigtryggsson | ENSK1HA05<br>ENSK2HB05 | ENSK1HA05<br>ENSK2HB05<br>ENSKRX05 |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Á skólaárinu 2023-2024 innleiddu kennarar á enskudeildinni nokkrar nýjungar í kennsluaðferðum. Um 57% kennara sögðu frá hvernig þeir prófuðu ný tól og aðferðir. Til dæmis voru flóttaherbergi

notuð til að auka áhuga nemenda á lesefni. Auk þess notuðu 29% kennarar notuðu verkefnamiðað nám, sem endurspeglar stefnu í átt að virkari námsaðferðum. Tæknitól, sérstaklega gervigreind var notuð af hluta kennara til að aðstoða nemendur með námsörðugleika með góðum árangri í leiðréttingu texta og skýringu hugtaka. Einnig var lögð áhersla á aukna notkun nýrra rafrænna tóla til heimildaskráningar og upplýsingaöflunar í samræmi við nýjar tækninýjungar í námsumhverfi.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**
Notkun símats er orðin umfangsmikil og kann að valda rofi milli námskeiða vegna skorts á samræmdri nálgun og eftirliti. Tæplega 86% kennara (6 af 7) beita símati sem helstu matstæki í námskeiðum sínum. Þetta sýnir að kennarar hafa mikið sjálfstæði í mati á nemendum, sem getur leitt til ósamræmis í námsmati milli áfanga og þrepa. Einn kennari hefur áhyggjur af því að notkun gervigreindar, sérstaklega ChatGPT, geti skekkt niðurstöður námsmats verulega. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að deildin setji skýrar reglur um notkun slíkra tækja til að tryggja samræmi og réttmæti í námsmati. Annar kennari lýsir áhyggjum af sveigjanleika í skilafrestum, sem hann telur geta dregið úr tækifærum nemenda til umræðna og samvinnu, sem er nauðsynlegt fyrir samhangandi námsupplifun. Þessi atriði benda til þess að nauðsynlegt sé að innleiða samræmdar og skýrar leiðbeiningar um notkun símats innan deildarinnar. Með slíkum leiðbeiningum mætti tryggja betra samræmi og auka gæði námsmats.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**
Á skólaárinu 2023-2024 hafa 28.6% kennara á enskudeildinni sótti hluti kennara námskeið eða frekari menntun sem tengist beint enskukennslu. Dæmi um efni sem kennarar hafa formlega verið að læra eru doktorsnámskeið sem snúa að notkun Large Language Models (t.d. Chat GPT) í enskukennslu á framhaldsskólastigi og Menntafléttan. Einnig hafa kennarar sótt námskeið um framtíð tungumála, sem gefur þeim nýja sýn á tungumálakennslu. Auk þessa hafa kennarar tekið þátt í fjölbreyttum námskeiðum sem stuðla að persónulegri þróun og vellíðan. Dæmi um þetta eru jóganámskeið, námskeið í öndunartækni og hugleiðslu, og nám í sérkennslu. Þessar athafnir hafa ekki beint með enskukennslu að gera, en stuðla að persónulegum vexti og betri líðan kennara, sem hefur jákvæð áhrif á þeirra kennslu og daglegt starf. Sumir hafa sýnt áhuga á að fá hugmyndir um enskunámskeið frá öðrum enskukennurum til þess að bæta eigin þekkingu.

Mikilvægt er að auka fjölda kennara með formlega menntun í enskukennslu til að styrkja faglegan grunn deildarinnar og auka gæði kennslunnar enn frekar. Á sama tíma tel ég mikilvægt að þó kennarar leiti sér menntunar sem stuðlar að faglegum vexti í öðrum áttum, og æskilegt væri að auka þátttöku á námskeiðum sem tengjast enskukennslu.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Á skólaárinu 2023-2024 sögðu 57% kennarar frá nýjungum í kennsluefni og kennslugögnum. Nokkrir kennarar tóku í notkun nýtt efni til að auka námsárangur og áhuga nemenda. Einn kennari byrjaði að nota flóttaherbergi (Escape room) til að aðstoða nemendur með skáldsögur, sem þeim þótti skemmtilegt og örvaði hugmyndaflug þeirra. Annar kennari kynnti grafísku skáldsöguna "Sapiens: A graphic history of Humankind" í kennslu og mældi með ChatGPT sem hjálpartæki fyrir dyslexíunemendur, sem gaf góða raun. Einnig var bókin "Long Way Down" notuð með góðum

árangri. Einn kennari kynnti fleiri öpp og vefsíður sem nemendur notuðu til heimildaskráningar og verkefnaútfærslu. Annar kennari notaði ChatGPT til að búa til verkefni fyrir bíómynd og stutta sögu og lagði áherslu á samnýtingu kennslugagna. Áfangi ENSK1HA05 hefur verið tekinn í gegn, áhersla var lögð á orðaforða og grunnmálfræðihugtök.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Á skólaárinu 2023-2024 lögðu kennarar á enskudeildinni fram ýmsar tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár. Um 71% kennara höfðu tillögur eða áætlanir fyrir komandi skólaár, en 29% höfðu engar tillögur. Nokkrir kennarar lögðu áherslu á þörfina á aukinni umræðu um notkun gervigreindaröpp eins og ChatGPT, Quillbot og Google Bard í kennslu. Einnig voru tillögur um meiri umræðu um námsmatsaðferðir innan deildarinnar, sérstaklega í ljósi fyrirhugaðrar einföldunar á ensku í námsskrá skólans. Einn kennari lagði til að taka viðtöl við nemendur í upphafi skólaárs til að nýta styrkleika þeirra í verkefnum og auka sjálfstraust þeirra í enskunámi. Annar kennari vill þróa valnámskeið á 3. þrepi sem fjallar um vísindaskáldskap og fantasíur til að kynna nemendum þessa tegund bókmennta.

Sumir kennarar lögðu áherslu á breytingar á námsskrá, þar á meðal að sækja um styrk í fageflingarsjóð til að útfæra breytingar. Einnig voru hugmyndir um að búa til nýjan námslykil fyrir gagnvirk verkefni í RX áfanganum og sameiningu áfanga á 1. og 3. þrepi, sem þykir góð hugmynd. Einn kennari lagði til að búa til reiknireglu fyrir RX áfangann. Einnig var kallað eftir skilvirkari deilingu á kennsluefni, þar með talið svörum við verkefnum. Verið er að skoða umbætur á Teams svæði deildinnar.

Deildin mun þurfa að fara í mikla ígrundun og hugmyndavinnu í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á námsskrá í ensku við skólann.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Á skólaárinu 2023-2024 lögðu kennarar á enskudeildinni fram ýmsar tillögur um úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Nokkrir kennarar bentu á að bæta mætti vinnuaðstöðu kennara, bæði hvað varðar loftgæði, húsgögn og tækni. Annar kennari benti á mikilvægi þess að bæta húsgögn í skólastofum fyrir bæði kennara og nemendur, þar á meðal ergónómísk húsgögn.

## Ergó

Fagstjóri: Ragnheiður Eiríksdóttir

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Nafn kennara | Áfangaheiti | Áfangaheiti |
| Anna Kristín Valdimarsdóttir | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |
| Brynja Valgeirsdóttir | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |
| Elvar Ingimundarson | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |

| | | |
|---|---|---|
| Ester Ýr Jónsdóttir | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |
| Guðmundur Björgvin Gylfason | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |
| Ingunn Helgadóttir | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |
| Halldóra Björk Guðmundsdóttir | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |
| Ragnheiður Eiríksdóttir | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |
| Sabína Steinunn Halldórsdóttir | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |
| Sölvi Snær Jökulsson | FÉLA1SA05 | UMHV1SU05 |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Á haustönninni í Ergó A voru kennsluhættir voru með svipuðu sniði og sl. vetur þó svo áherslum einstakra námsþátta hafi verið breytt. Um er að ræða sex námsþætti sem skipt er á milli kennarapara sem bera ábyrgð á skipulagi þeirra og framsetningu. Áfangarnir eru verkefnamiðaðir og áhersla lögð á samvinnu nemenda og leiðsagnarnám. Við fengum heimsóknir frá hinum ýmsu sérfræðingum sem dreifðust yfir önnina, m.a. kynfræðslu á vegum Ástráðs, félags læknanema, jákvæð uppbygging frá Kristjáni Hafþórssyni sem heldur úti Podcastinu Já kastið, fjármálafræðslu á vegum Arion banka, Mannréttindafræðslu á vegum lögfræðinema, samtök evrópskra laganema (ELSA), kynningu frá Bárunni þar sem sagt var frá starfi stéttarfélaga ásamt réttindum og skyldum félagsmanna og Chanel Björk Sturludóttur var með erindi og verkefni um fordóma, mannréttindi og fjölmenningu á Íslandi.

Á vorönninni urðu breytingar á Ergó B.

Áfanginn var uppfærður af nokkrum ergókennurum, kenndur á meðan uppfærslan stóð yfir. Ný verkefni voru útbúin af þeim kennurum sem tóku að sér loturnar í samstarfi við þá kennara sem fengu styrk úr fageflingarsjóði.

- Glærur og innlagnir skýrari t.d. varðandi ákveðin hugtök sem unnið er út frá.
- Uppsetning verkefnalýsinga var góð en þó er þörf á áframhaldandi þróun, t.d. þarf að einfalda fyrirmæli og skilgreina einkunnaþætti og vægi hvers námsþáttar til að skapa samræmi í öllum Ergó hópum og auka gagnsæi í námsmati. Einnig er gagnlegt að færa námsmarkmiðin neðst í lýsinguna.
- Lögð var meiri áhersla á skapandi verkefni en gert hefur verið síðastliðin ár.
- Mikilvægt að skilgreina meginmarkmið áfangans og missa ekki sjónar af þeim. Ergó B eða umhverfisfræði (UMHV1SU05) er ekki umhverfisfræði áfangi þó nafnið gefi það til kynna.
- Hvorki vettvangsferð né heimsóknir sérfræðinga á önninni.
- Nemendur tíndu rusl í nærumhverfi skólans í síðustu kennsluvikunni.
- Nýtt - keppni meðal allra hópa og verðlaun .

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Námsmatið er í sífelldri þróun í átt að leiðsagnarmati og mikilvægt að samræmi sé á milli hópa. Sú vinna heldur áfram á næsta skólaári. Námsmat og einkunnaþættir verða þróaðir áfram og mikilvægt að þeir séu aðlagaðir að breiðum nemendahópi.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**
RE: Sótti tvær ráðstefnur um mannkostamenntun og eitt vefnámskeið um farsældarmenntun.

HBG: sótti ráðstefnu BUGL *Hvað er barni fyrir bestu:* Þjónusta fyrir transbörn og ungmenni

AKV: Vefnámskeið um Kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglinga.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Áfanginn uppfærður.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**
Að skoða þau eldri verkefni eins og við á, til að samþætta inn í núverandi áfanga, skoða aðeins verkefni lotanna í samræmi við niðurstöður könnunarinnar sem lögð var fyrir ergókennara á Forms og sjá hvort einhverju hafi verið ofaukið eða sé ábótavant.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Á lokafundi ergókennara vorum við öll sammála um það að það sé óheppilegt og ruglandi að áfangarnir heitir félagsfræði og umhverfisfræði því það gefur nemendum ranga hugmynd um innihald áfanganna. Við óskum því eftir því að þeir fái að heita ERGÓ1AF05 og ERGÓ1BU05. (F stendur þá fyrir félagsfræði og U fyrir umhverfisfræði sem væri vissulega næst og því sem aðrir skólar gætu metið).

OLG var búin að samþykkja að keypt yrðu aðföng fyrir skapandi vinnu sem RE og AKV ætla að sjá um að panta. Það er mikilvægt til að hægt sé að leyfa sköpunarkrafti nýnema njóta sín án þess að þau þurfi að sækja sér fjölmargt upp í listastofu sem getur skapað árekstra.

Við biðjum því um að við það verði staðið þó enn sé ekki búið að ganga í málið. Varðandi vettvangsferð þá væri gott ef skólayfirvöld myndu samþykkja að fjármagna rútukostnað með alla nemendur í lok vorannar til einhvers tíma þannig að ekki þurfi að biðja um það á hverri vorönn. Það passar mjög vel við innihald Ergó B að fara með nemendur t.d. í einhverskonar náttúruvernd eins og skógrækt eða að skoða t.d. virkjanir.

## Íslenska
Fagstjóri: Bertha Ingibjörg Johansen

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Nafn kennara | Áfangaheiti | Áfangaheiti |
| Bertha I. Johansen | ÍSLE2OS05*2<br>ÍSLE2BV05<br>ÍSLE3MV05 | ÍSLE1GA05<br>ÍSLE2OS05<br>ÍSLE2BV05*2 |
| Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir | ÍSLE2OS05<br>ÍSLE2BV05<br>ÍSLE3MV05 | ÍSLE2OS05 |

| | | |
|---|---|---|
| Guðbjörg Grímsdóttir | GOÐI1SX02 (1)<br>ÍSLE2OS05 (4)<br>ÍSLE3NB05 (1)<br>ÍSLE3NB05 (2)<br>ÍSLE3HE05 (1) | ÍSLE3NB05<br>ÍSLE3RT05<br>ÍSLE1GB05 (1)<br>ÍSLE1GB05 (2) |
| Jón Özur Snorrason | ÍSLE1GB05<br>ÍSLE3ME05<br>ÍSLE3NB05<br>ÍSLE1RX05 | ÍSLE2BV05<br>ÍSLE3RT05*2<br>ÍSLE3NB05 |
| Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir | | ÍSLE3ÞJ05 |
| Þuríður M. Björnsdóttir | ÍSLE1GA05*2<br>ÍSLE2OS05<br>ÍSLE3HE05 | ÍSLE2OS05<br>ÍSLE2BV05*2<br>ÍSLE3HE05 |
| Sverrir Árnason | ÍSLE1GBO5<br>ÍSLE2BV05<br>ÍSLE3HE05 | ÍSLE2BVO5<br>ÍSLE3HE05 (2) |
| Stefán Hannesson | ÍSLE1GB05*2<br>ÍSLE3NB05<br>ÍSLE1RX05 | ÍSLE1GB05<br>ÍSLE3HE05<br>ÍSLE2OS05<br>ÍSLE1RX05*2 |
| Sigþrúður Harðardóttir | ÍSLE1GA05 | ÍSLE1GA05 |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**
**ÍSLE2BV05**: Bætt var inn ritunarverkefni upp á 10% þar sem nemendur fengu endurgjöf sem þeir gátu nýtt sér við endurskil og þar með hækkað einkunn sína fyrir verkefnið. Í fyrsta skipti var lokaverkefnið í formi hlaðvarpsþáttar þar sem nemendur þurftu að a. skila inn samþykktu handriti (5%) og svo b. að fjalla um fyrirfram ákveðið efni í hlaðvarpsþætti (10%). Nemendur gátu valið um að vinna þetta tvö og tvö saman eða einir. Þetta er námsmatsþáttur sem klárlega verður nýttur áfram. Ákjósanlegt að fá framsagnarþáttinn inn í þennan áfanga.

**ÍSLE3RT05**: Nokkur ný verkefni litu dagsins ljós og meðal annars dagbókarverkefni sem var yfir alla önnina og síðan nýtt í lokaverkefni. Þetta verkefni kom vel út og verður útskýrt betur á deildarfundi. Verkefni sem komið er til að vera.

**ÍSLE3ME05:** Breytingar gerðar á efnisvali og áherslum. Njáls saga var lögð til hliðar sem samkvæmt fyrri kennsluáætlunum yfirgnæfði aðrar leiðir og annað efni í kennslu miðaldabókmennta. Leiðarhnoðað var bókmenntasagan með hliðsjón af kennslubók Ármanns Jakobssonar Bókmenntir í nýju landi. Þar var lögð áhersla á lestur nemenda og einstaklingsbundna verkefnavinnu. Efninu skipt í sex hluta með sex hefðbundnum verkefnum. 20% rafrænt próf í lok annar. Óformlegar innlagnir

kennara og umræður. Auk þessa var Völuspá lesin og greind – skipt í þrjá hluta til útskýringar og síðan í 14 efnislega þætti eða sekvensa þar sem kvæðið (lýrík) var fært yfir á form leikrits (dramatík). Snerting við skapandi skrif. Aðrir textar sem unnið var með voru úr Landnámu, Ynglinga sögu, fjórir Íslendingaþættir, Króka-Refs saga og upphafshluti Njáls sögu auk Gunnarshólma og valinna texta samtímahöfunda sem vísa til miðaldabókmennta.

**ÍSLE3ÞJ05**: Í áfanganum var farið í tvær vettvangsferðir sem síðan urðu þráður inn í ritunarverkefni þar sem annað námsefni var einnig undir. Farið var í Íslenska bæinn í AusturMeðalholtum þar sem arfleifð torfbæjarins var viðfangsefnið og var baðstofan það sem hópurinn vildi kynna sér fyrst og fremst. Bókmenntir baðstofunnar voru ígrundaðar og spurningin hvort rýmið sjálft gæti verið skáld var rannsóknarspurning ferðarinnar. Nemendur unnu í kjölfarið ritunarverkefni. Listasafn Árnesinga var heimsótt seinna á önninni, þá höfðu nemendur fengið kynningu á Ásgrími Jónssyni listmálara og skoðað nokkurs konar „ör"sýningu (pop-up) í kennslustofunni. Ásgrímur var fæddur í Flóanum, í raun ekki langt frá Bónus á Selfossi. Verk hans og ferill ríma vel við rómantísku stefnuna og birtingarmynd hennar á Íslandi. Verk hans og efnistök passa vel inn í efni áfangans og voru náttúrulýsingar í kastljósinu, sem og álfar, huldufólk og þjóðsögur. Einu sinni á önninni fóru nemendur og kennari í gönguferð. Þá var gengið upp á Stóra-hól en þaðan sér yfir gervallt Suðurland (nánast) og var lýsing Ásgríms á fjallahringnum glæsilega sem við honum blasti þegar hann var barn, lesin upphátt og nemendur nutu orða og útsýnis. Markmiðið með þessum vettvangsferðum og gönguferð var að nemendur hefðu úr eigin upplifun að vinna í verkefnavinnu, upplifun sem þau gátu tengt við námsefnið og það sem verið var að fjalla um hverju sinni. Loturnar kölluðust annars vegar „baðstofan" og hins vegar „íslenska vorið". Til stóð að fara í þriðju ferðina á Eyrarbakka og skoða byggðasafnið þar með áherslu á vesturfarana en ekki gafst tími til þess. Sú lota kallaðist „gömul saga og ný" og var tengd raunsæinu í íslenskum bókmenntum. Undirtónn þar var Íslendingar sem innflytjendur og hefði án efa orðið spennandi viðfangsefni.

**ÍSLE3NB05**: Bjuggum til nýtt lotuskipulag sem virkaði vel en þarf frekari útfærslu. Hentum út bókmenntsögukennslubókinni og nýttum fjóra glærupakka sem JÖZ bjó til.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

**ÍSLE2OS05**: Á vorönn voru settar vörður í áfanganum sem leiddi til þess að eðlilegri kröfur voru settar á nemendur og komið í veg fyrir að nemendur gætu skautað yfir heilu námsþættina. Slíkt er til góðs. Þannig er líklegra að nemandi fari með þekkingu, leikni og hæfni sem til þarf yfir í næsta áfanga.

**ÍSLE3RT05:** Í lok áfanga var munnlegt próf sem voru kynningar á lokaverkefni. Lokaverkefnið var kynnt fyrir kennara og átti það að endurspegla þekkingu á innihaldi áfanga. Munnleg skil jukust í áfanganum.

**ÍSLE3HE05**: Nemendur urðu að fá lágmarkseinkunn upp á 5,0 fyrir lokaskil á ritgerðinni til þess að ná áfanganum. Lokaskilin giltu 50% af námsmati áfangans.

**ÍSLE3ÞJ05**: Símat var í áfanganum. Nokkur próf, krossapróf, skrifleg og stærra próf úr bragfræði. Ýmis smærri verkefni og stærri. Stærri verkefnin tengdust ferðunum og höfðu þó nokkuð vægi inn í lokaeinkunn. Lokaverkefni var 20% af heildareinkunn – lokaafurð var hlaðvarp og handrit að þættinum, kom skemmtilega út og hefur ýmsa góða kosti.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**
Bertha I. Johansen:
Ritlistarnámskeið með Sunnu Dís Másdóttur, sumarið 2023

Barre kennaranámskeið september 2023.

Guðbjörg Grímsdóttir:

Yin Yoga í nóvember 2023.

Yoga Nidra Advanced með Kamini Desai í nóvember 2023.

Smásögunámskeið með Sunnu Dís Másdóttur, nóvember 2023.

Janúarkveikjur með Sunnu Dís Másdóttur, janúar og febrúar 2024.

Blómstraðu á breytingarskeiðinu, apríl 2024.

Líkamsvitund (Ayurveda og jóga), maí og júní 2024.

Jón Özur Snorrason:

Þverfagleg kennsla í sögulegu og menningarlegu ljósi hjá Íslenska bænum að AusturMeðalholtum í Flóahreppi.

Sverrir Árnason:

Gervigreind og hlaðvarpsgerð í íslenskukennslu, ágúst 2023.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir:

Hagnýtar gervigreindarlausnir hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Sigþrúður Harðardóttir:

*Við vinnum með íslensku.* Ráðstefna/námskeið á vegum Mímis símenntunar, febrúar 2024.

*Teaching language, culture or both?* Vikunámskeið á vegum Europass Teacher Academy í Dublin í mars 2024 (Erasmus+ verkefni).

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
**ÍSLE3NB05**- *Öldin öfgafulla* var notuð í bókmenntasögu. Mat kennara var að hún hentaði ekki vel og önnur leið yrði farin næst. Skáldsagan Snerting eftir Ólaf Jóhann Ólafsson var notuð á vorönninni og hentaði vel.

**Grunnur A**: Þýdda skáldsagan Sonur minn eftir Alejandro Palomas.

**Grunnur B**: Skiptum Fjallaverksmiðju Íslands út fyrir Vetrarfrí á vorönn. Það kom vel út.

**ÍSLE2BV05**: Skipt var út bókinni Undir Yggdrasil eftir Vilborgu Davíðsdóttur sem við vorum með í BV á haustönn fyrir bókina Blóðberg eftir Þóru Karitas Árnadóttur.

**ÍSLE3RT05:** Valdar voru í fyrsta sinn vandaðar kjörbækur (skáldsögur) og kom það vel út með munnlegu prófi.

**ÍSLE3ÞJ05**: Aðventa og Tilhugalíf voru til umfjöllunar en betra hefði verið að hafa að auki eina góða skáldsögu sem nemendur hefðu lesið heima og unnið með í tímum. Ýmsar eru í boði sem henta áfangnum vel, eldri eða nýrri.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

1. Halda áfram að miða við að vera með 3-5 námsmatsþætti í hverjum íslenskuáfanga sem er lagt til grundvallar námsmati nemenda.
2. Rætt var um á síðasta deildarfundi að setja lágmarkseinkunnina 5 í einhverjum af þessum námsþáttum.
3. Bæta þarf inn í leiðbeiningar við ritgerðarskrif að virði nemandi ekki orðafjölda þá dragast 0,5 niður fyrir hver 100 orð sem vantar upp á í ritgerðinni. Spurning að setja einnig ákvæði fyrir efri mörk.
4. Framsagnarþáttur verði (áfram) metinn í hverjum áfanga en hafa lágmarkseinkunn 5 í þeim þætti. Þannig komi t.d. fram í áætlun að nemendur í heimildaritun verði að ná einkunninni 5 fyrir kynningu á ritgerð/vörn.
5. Fleiri vettvangsferðir.
6. Í grunni A og B þarf að halda áfram á svipaðri braut og verið hefur en leggja enn meiri áherslu á að grunnatriði málfræði og málnotkunar séu á hreinu áður en haldið er upp í eiginlegt stúdentsnám eða iðnnám á 2. þrepi. Lestur er sjálfsagður en bókmenntakennsla ætti ekki að taka of mikið pláss. Nemendur sem ekki geta beitt málinu rétt og eru vart skrifandi gengur almennt illa á 2. þrepi og upp allt skólastigið.
   Því ætti að efla bæði málfræði og ritun á þessu þrepi. Sjálfsagt er þó að láta nemendur lesa styttri bækur eða smásögur heima sem eru við þeirra hæfi en leggja áherslu á málfar, málfræði og ritun þeim tengdum frekar en efnisspurningar sem taka mikinn tíma.
7. Í OS þarf að breyta áherslum og hætta að elta kennslu í atriðum sem hver grunnskólanemandi ætti að hafa gott vald á. Strax í fyrsta hluta námsins í OS er farið í málfræði og málfar og þá kemst kennari að því hvað nemendur kunna. Nemendur sem ekki eru öruggir á fallbeygingu, í því að þekkja einföldustu orðflokka og slík grunnatriði ættu einfaldlega að fá í hendurnar lista yfir það sem ætlast er til að þau hafi vald á, benda þeim á bækur sem þeir þurfi að nema atriðin í, lausnarhefti til að fara yfir og gefa þeim svo takmarkaðan tíma (fram að prófi) til að ná tökum á þeim. Ekki ætti að verja kennslustundum og tíma þeirra sem þetta kunna í kennslu í slíkum grunni. Auk þess þarf að bæta setningafræði við þar sem nemendum hefur farið mjög aftur í að beita henni rétt í skrifum. Einnig þarf að efla ritun í áfanganum og passa að kröfurnar séu ekki allt of litlar. Hætta ætti að taka við verkefnum sem auðsjáanlega er kastað til höndunum og þau ekki unnin á þann hátt að þau nái lágmarkseinkunn enda reynir yfirferð slíkra verkefna um of á kennara. Það ætti að senda verkefnin til baka með þeim tilmælum að þau séu löguð og frestur til þess sé 1-2 dagar. Einnig væri vit að þetta sé ekki leyft nema einu sinni og eftir það fái nemandi 0 fyrir slíkt verkefni.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Vinna þarf með kennurum að skilgreina betur notkun dreifnáms í tímum þar sem notkunin er mjög ólík eftir kennurum. Almennt þarf að ræða mætingarreglur og skilgreina þær betur. Mikill tími kennara fer í að svara nemendum sem óska eftir dreifnámi í tilvikum sem ætti að skrá sem fjarvist.

Alltaf má bæta og glæða umhverfi skólastofunnar. Það mætti setja upp lærdómskort af ýmsum toga í hverri íslensku stofu.

Vettfangsferðir eiga að vera tíðar og sjálfsagðar. Skólayfirvöld eiga að hvetja kennara til að fara með nemendur sína í ferðir, stuttar og langar og auðvelda útfærslu og framkvæmd eins og kostur er.

Huga þarf að því að finna úrræði fyrir nemendur sem falla í áföngum tvisvar sinnum í röð og jafnvel fyrr ef um mjög slaka námsmenn er að ræða.
Kennarar sem kenna sama áfanga ættu að fara í sameiningu yfir próf og stærri verkefni til að gæta samræmis í einkunnagjöf og kröfum.

Sumum fannst að íslenskukennarar ættu að hafa sameiginlega vinnuaðstöðu, vissulega hefur það sína kosti og galla. Kostirnir séu fleiri, sérstaklega út frá faglegu sjónarmiði. Vinnurými þar sem boðleiðir eru stuttar og hægt er að ráðfæra sig og leysa úr ýmsum málum sem virðast í fyrstu léttvæg en geta hæglega orðið að erfiðum málum þar sem kalla þarf ýmsa að borðinu til að leysa úr þeim.

Skólayfirvöld þurfa að taka fastar á bómullarvæðingunni sem er í skólanum. Mikil breyting varð eftir covid á hegðun nemenda og þeir ganga hiklaust út úr kennslustofum þótt tími sé ekki búinn og finnst það ábyrgð kennarans að þeir standi sig og snúa þannig dæminu við. Það þarf að gera eitthvað til að efla ábyrgð nemenda og koma í veg fyrir að umsnúningur verði á stjórnun inni í kennslustund.
Einnig þarf að taka á hvernig kennarar breyta sífellt kennsluháttum til að koma til móts við nemendur sem ekki læra heima. Margir nemendur sem læra heima hafa haft á orði að heimanám þeirra sé tilgangslaust því allt of oft sé verið að eltast við þá sem ekki standa sig á kostnað samviskusamari nemenda. Slíkt leiðir til tilslökunar og er ekkert annað en bómullarvæðing.

**Annað**
GGR: Langar að ræða um bókmenntasögukennslu á deildarfundi. Finnst gott að hópurinn ræði saman um kennsluaðferðir, bækur og annað efni sem gott er að nýta í kennslunni. Bókmenntasaga er skemmtileg og mikilvægt að ná að kveikja áhuga nemenda á henni. Gott að fara yfir hvað eigi að vera í hverjum áfanga þannig að við forðumst endurtekningar.

## Samfélagsgreinar
Fagstjóri: Ragnheiður Eiríksdóttir

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Nafn kennara | Áfangaheiti | Áfangaheiti |
| Eyrún B. Magnúsdóttir | FÉLA2AF05<br>FÉLA3ST05<br>KYNJ2GR04 | FÉLA2AF05 (LH)<br>UPPE2UM05<br>KYNJ2GR04 |

| | | |
|---|---|---|
| Ingunn Helgadóttir | VIÐS2LÖ05 | VIÐS2LÖ05 |
| Lárus Ágúst Bragasson | SAGA2SI | SAGA3SS<br>SAGA2YA |
| Ragnheiður Eiríksdóttir | HEIM2BY05 | HEIM2BY05 |
| Erla Brimdís Birgisdóttir | SÁLF2IN05<br>SÁLF3ÞS05,<br>SÁLF3RS05 | SÁLF2IN05<br>SÁLF3ÞS05<br>SÁLF3RS05 |
| Elvar Ingimundarson | SAGA2YA05 | SAGA2YA05 |
| Tómas Davíð Ibsen Tómasson | SAGA2YA05 | SAGA2YA05<br>SAGA3FM05 |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

RE: Kennsluhættir eru í stöðugri þróun en engar meiriháttar breytingar voru gerðar þetta skólaár.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

RE: Námsmat með hefðbundnum hætti, símat með fjölbreyttum verkefnum, það gekk vel.
Í KYNJA2GR04 og UPPE2UM05 eins og í FÉLA2AF05 er símat. Verið er að vinna að samræmi í matskvarða í verkefnum.
Í SÁLF2IN05, SÁLF3ÞS05, SÁLF3RS05 er símat, er að vinna í uppfærslu á námsmati í SÁLF2IN05 (inngangur að sálfræði).
EI: Í öllum söguáföngum er símat. Kennarar hafa unnið að samræmingu og uppfærslu matskvarða í verkefnum. Einnig hefur verið unnið að þróun nýrra verkefna og kennsluaðferða í sögu.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**

RE: Sótti tvær ráðstefnur um mannkostamenntun og eitt vefnámskeið um farsældarmenntun.
EBM hefur setið 2 vefnámskeið um kynjafræði og kynheilbrigði og 1 ráðstefnu. Einnig námskeið um sjálfbærni og kennsluhætti tengda heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna.
EBB sat vefnámskeið um kynferðislega hegðun barna og unglinga.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

RE: Sama kennslubók en er fann nýtt ítarefni af netinu sem deilt var með nemendum.
Uppfærð rafræn kennslubók í Uppeldisfræði.
Ný kennslubók var notuð í lögfræði. Lögfræði fyrir viðskiptalífið eftir Björn Jón Bragason ásamt hlaðvörpum sem tengjast efni bókarinnar.
Í sálfræði voru sömu námsbækur notaðar en mikið um nýtt ítarefni af netinu ásamt nýjum myndböndum og hlaðvörpum sem deilt var með nemendum.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Þar sem verður prófað að hafa námsmatsdaga á miðri önn væri sniðugt að hafa þá daga líka til að opna fyrir verkefnaskil og nemendur geta unnið upp.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Betri stóla inn í skólastofunum. Sálfræðing í hús.

## Skapandi greinar

Fagstjóri: Ágústa Ragnarsdóttir

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| **Nafn kennara** | **Áfangaheiti** | **Áfangaheiti** |
| Anna Kristín Valdimarsd. | MYNL1SX05 | MYNL1SX05 (x2) |
| | MYNL1SX02 | MYNL1SX02 |
| | MYNL1LM05 | MYNL1LM05 |
| | LIME1IN05 | LIME2MM05 |
| Ágústa Ragnarsdóttir | MYNL2TK05 | MYNL2TK05 |
| | MYNL3MA05 | MYNL3TK03 |
| | MYNL1SX05 | MYNL2VL05 |
| | | MYNL3VL05 |
| | NÝMI2FL05 | NÝMI2FL05 |
| Guðbjörg Bergsveinsdóttir | HÖTE2HU05 | HÖTE2HU05 |
| | HÖTE3HE05 | HÖTE3FH05 |
| | FATN1SX05 | |
| | LIME1IN05 | LIME2MM05 |
| Guðfinna Gunnarsdóttir | LEIK1AA05 | LEIK1AA05 |
| | | LEIK2BB05 |
| Magnús St. Magnússon | NÝMI3HF05 | |
| Þuríður Ingvarsdóttir | NÝMI2FL05 | FATN1SX05 |

**Nýjungar og þróun í kennsluháttum á skólaárinu**

Leiklist:

- Leiklist gekk vel bæði á haust- og vorönn.
- Á haustönn fóru nemendur í leikhús hvar Leikfélag Hveragerðis var heimsótt og sáu þar Litlu Hryllingsbúðina. Gaman er að segja frá því að þar voru 4 fyrrum leiklistarnemendur úr FSu á sviði.
- Á vorönn var venjufremur samstarf milli leiklistar og íslenskuáfangans ÍSLE3RT05, þar sem nemendur í leiklist settu upp stuttverk eftir íslenskunemendur. Leiklistaráfangar á 2. og 3. þrepi samkenndir.

Listi rog menning:

- Á haustönn 2023 var ákveðið að tveir kennarar myndu samkenna haustannaráfangann LIME1IN05 sem er nýjung og gaf góða raun og því var einnig samkennsla í áfanganum LIME2MM05 sem kenndur var á vorönn og vilji til að halda þeim kennsluháttum áfram. Nýtt námsefni hafði verið þróað fyrir báða áfanga fagsins. Kennsluhættir einkennast af

sjálfstæðu leitarnámi nemenda, þátttöku í menningarlífi nærsamfélags og skapandi verkefnum. Lögð var áhersla á tímabil, bæði í lista- og menningarlegu samhengi. Má þar nefna skapandi túlkun á samfélagi og menningu út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, stuttmyndir, hópurinn fór í heimsókn á Listasafn Árnesinga og fékk þar leiðsögn frá verkefnastjóra fræðslu, einnig sóttu nemendur viðburði í *Menningaroktóber.*

- LIME2MM05 var kenndur á vorönn 2024. Áherslur áfangans eru keimlíkar LIME1IN05 þ.e.a.s. hann byggir á sköpun, þátttöku og sjálfstæðu leitarnámi en farið er dýpra í ákveðna þætti. Nemendur fengu innsýn í hugmyndafræði listrannsókna, unnu krefjandi hönnunarverkefni sem endaði með nemendakynningu og sýningu í aðalrými skólans. Nemendur skipulögðu og báru ábyrgð á uppsetningu sýningarinnar. Lögð var áhersla á nýtingu endurvinnanlegs efniviðar. Einnig var farið í heimsókn á Listasafn Árnesinga og fékk hópurinn leiðsögn frá verkefnastjóra fræðslu.

Myndlist almennir áfangar:

- Allir áfangar myndlistar eru í sífelldri þróun, bæði hvað varðar ákveðna verkþætti og verkefni innan áfanga sem og nálganir og aðferðir í kennslu.
- Þeir áfangar sem fengu sérstaka aukayfirhalningu voru MYNL1LM05, MYNL3MA05 OG MYNL3TK05 þar sem verkefnalýsingar, glærur og annað kennsluefni var alfarið uppfært.
- Samræmdara námsmat leit dagsins ljós auk nýrra reglna um verkefnaskil.

Myndlist sérnámsbraut:

- Nám og kennsla í áföngunum MYNL1SX05 og MYNL1SX02 var með sama sniði og verið hefur síðastliðin ár. Góð aðsókn var í áfangana og alls voru sex hópar í myndlist á skólaárinu, þrír hópar á hvorri önn.
- Námið er einstaklingsmiðað og aðlagað að áhugasviði og getu nemenda, því er enginn hópur eins. Lögð er áhersla á að nemendur virki hugmyndaflug sitt og sköpunargáfu. Verkefni annarinnar voru af ýmsum toga, allt frá einföldum blýantsteikningum yfir í flóknari verkefni. Má þar nefna málverk á striga, skartgripagerð, dúkristu, einþrykk, þrívíða skúlptúra eins og skriðdreka kastala, sólarströnd sem flestir eru sögusvið spila á borð við Dungeons & dragons, Magic the gathering o.fl. Lögð er áhersla á að nemendur sjái möguleikana sem endurvinnanlegur efniviður hefur í skapandi verkefnum.
- Einn nemandi á sérnámsbraut er að vinna verkefni í almenna áfanganum MYNL1LM05.

Nýsköpun og miðlun:

- Nýtt heildar kennsluefni fyrir NÝMI2FL05 eftir ÁR innleitt.
- Tæknin aldrei í stað, nýjar uppfærslur hugbúnaðar og ný tæki sem koma í smiðjuna sem breyta alltaf áherslum og aðferðum hverju sinni.

Hönnun og textíll:

- Á haustönn fóru nemendur HÖTE2HU í vettvangsferð í Freistingasjoppuna

- Nemendur í HÖTE3HE héldu tískusýningu ásamt nemendum í háriðn. Skoðuð var vinnustofa hjá Ástu Guðmundsdóttur fatahönnuði og Ástu kom til okkar með fyrirlestur. Ásta aðstoðaði nemendur með tískusýninguna.
- Á vorönn fóru nemendur HÖTE2HU og HÖTE3FH í vettvangsferð í Hannyrðabúðina

**Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Listi rog menning:

- Lögð var áhersla á gagnsæi í öllu námsmati, nemendur fá í upphafi annar lista yfir verkefni annarinnar og vægi hvers og eins, ásamt einkunnareglu á Innu, með fyrirvara um breytingar.
- Hvert verkefni hefur skilgreinda einkunnaþætti á Innu, sem sýnir vægi allra liða verkefnis og hvers er ætlast til af nemendum og þeir fá skýra endurgjöf sem nýtist í næstu verkefnum.

Myndlist:

- Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Kennarar gefa endurgjöf, bæði einkun og umsögn, að verkefnum loknum inn í INNU þar sem nemendur geta ef þeir vilja og þurfa, betrum bætt sitt verkefni og skilað aftur.
- Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Á bak við hvert verkefni liggur ákveðinn fjöldi skilgreindra verkþátta sem hver hefur sitt vægi og nemendur geta séð strax frá upphafi verkefnis.
- Engin hefðbundin próf, en lokaverkefni áfanganna MYNL1LM05, MYNL2TK05, MYNL3MA05 og MYNL3TK05 eru ígildi lokaprófs og til að standast áfangana þurfa nemendur að skila fullgerðu lokaverkefni sem stenst lágmarkskröfur.
- Hefð hefur verið fyrir því að nemendur fá aðgang að myndlistarstofunni í tvo daga eftir að kennslu lýkur ,,á prófatíma'' sem er mikilvægt.

Nýsköpun og miðlun:

- Í áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Kennarar gefa endurgjöf, bæði einkunn og umsögn, að verkefnum loknum inn í INNU. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna.
- Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Engin hefðbundin próf.
- Á bak við hvert verkefni liggur ákveðinn fjöldi skilgreindra verkþátta sem hver hefur sitt vægi og nemendur geta séð strax frá upphafi verkefnis.

Hönnun og textíll:

- Símat með verkefnaskilum í öllum áföngunum.
- Leiðsagnarmat þar sem nemendur fá endurgjöf jafnóðum og þeir vinna verkefni sín.

- Á sérnámsbraut fá nemendur eina lokaeinkunn sem tekur mest mið af ástundun, mætingu og vinnu í tímum. Nemendur þar vinna mjög ólík verkefni enda forsendur til náms ólíkar.

**Námskeið/endurmenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið**

AKV:

- Sjálfstæð endurmenntun t.d. grafík, litafræði og myndbyggingu.
- Erasmusverkefni í Póllandi með áherslu á listir og menningu.
- Styttri kynningar á vegum skólans; Fræðsla um hinseginleikann, kynningarfund um Menntamaskínu (MEMA), fyrirlestur um gagnleg verkfæri í kennsluumhverfi FSu fyrir nemendur með lestrar, - náms,- og tungumálavanda, fyrirlestur um lesblindu, vinnustofa um gervigreind í skólastarfi og vinnufundur um notkun Teams.
- Sótti myndlistarsýningar á eigin vegum.

ÁR:

- Hélt einkasýningu í Galleríinu undir stiganum í des. 2023.
- Sjálfstæð og sífelld endurmenntun og æfing við teikningu, vatnslitun, akrýlmálningu og fleira er lýtur að myndlist.
- Styttri kynningar á vegum skólans: Kynningarfundur um Menntamaskínu (MEMA), fyrirlestur um gagnleg verkfæri í kennsluumhverfi FSu fyrir nemendur með lestrar, - náms,- og tungumálavanda.
- Óformlegt nám hjá Magnúsi St. Magnússyni smiðjustjóra Fab Lab Selfoss
- Óformlegt nám hjá Þuríði Ingvarsdóttur hvað varðar ákveðin verkefni sem hún hefur kynnt sér og unnið í Fablab.
- Hluti af Bootcamp námskeiði í Fablab á Selfossi þar sem fulltrúar Fablabsmiðja á Íslandi komu saman til að miðla þekkingu sín á milli.
- Hélt kynningarfyrirlestur á nýjum kennslupakka sínum á Fablab Bootcamp.
- Netnámskeið á vegum barna- og fjölskyldustofu.

GB:

- Kvöldnámskeið í Útsaumi.
- Fablabnámskeið í FSu.
- Netnámskeið á vegum barna- og fjölskyldustofu.
- Fjögra daga námskeið á vegum Fatex sumarið 2023.
- Ýmsir netfyrirlestrar og önnur netfræðsla teng kennslu.
- Noztra, skapandi smiðjur.
- Útsaumsnámskeið hjá Storkinum.
- Sótti myndlistarsýningar á eigin vegum.
- Sýningin Shoplifter.
- Noztra, skapandi smiðja.

GG:

- Leikstjórn 3, kennt í Bandalagsskólanum í júní. Kennari Jenný Lára Arnórsdóttir.

- Dramaturgy of physical action, kennt í Berlín í ágúst. Kennari Sergei Ostrenko.

MSM:

- Bootcamp námsferð til Neskaupstaðar þar sem fulltrúar Fablabsmiðja á Íslandi komu saman til að miðla þekkingu sín á milli.
- Sjálfsnám í gegnum netið, fylgist náið með öllum nýjungum í stafrænni framleiðslutækni til að þróa og bæta kennslu.

ÞI:

- Bootcamp námskeið á Selfossi þar sem fulltrúar Fablabsmiðja á Íslandi komu saman til að miðla þekkingu sín á milli.
- Sjálfsnám í gegnum net hvað varðar stafræna framleiðslutækni.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Listir og menning:

- Engar kennslubækur í áfanganum og kennslugöng eru breytileg milli ára.

Myndlist:

- Nýjar og/eða bættar glærur og kennsluefni í öllum áföngum.
- Viðbót í kennslumyndbönd þar sem handbragð og nálgun á ákveðin verkefni er sýnt.
- FSu myndlist á Facebook: mikilvægt lifandi kennslugagn þar sem ný gögn hlaðast inn frá önn til annar. Sameiginleg gögn á drive: kennslugögn, myndasöfn og fl. sem hægt er að sækja í. Sífellt er bætt þar við efni.
- Allt ofan talið fer á Innu jafnóðum og endurnýjun á sér stað og er aðgengilegt nemendum.

Nýsköpun og miðlun:

- Nýtt námsefni búið til af ÁR fyrir NÝMI2FL05.
- FSu myndlist, nýsköpun og miðlun á Facebook: gott kennslugagn eftir því sem fleiri gögn hlaðast þar inn frá önn til annar.

Hönnun og textíll:

- Keyptar voru ein heklubók og ein prjónabók.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Vinna enn frekar að bættum námsmatskvarða. Og eins og alltaf: Þróa enn frekar verklega hæfni og fagþekkingu.

Myndlist: Breyta nálgun á fjarvíddarkennslu í MYNL2TK05.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Listir og menning:

Auka samvinnu í skapandi greinum. Á skólaárinu sköpuðust tækifæri til að vinna með GG leiklistakennara sem ekki var hægt að nýta. Það er mikilvægt að hafa samráð í skapandi greinum í

upphafi skólaárs, eða hverrar annar til að rýna í möguleika á samvinnu eða samþættingu. Einnig eru áform um að stofna til samvinnu við TDIT sem kennir áfangann SAGA3MS05, t.d. kanna möguleika á menningarferð til Reykjavíkur o.fl. Það er mikilvægt að nám og kennsla í áföngunum LIME1IN05 og LIME2MM05 sé sveigjanleg og í sífelldri þróun svo hægt sé að grípa tækifæri líðandi stundar, t.d. varðandi viðburði eða þátttöku í nærsamfélaginu. Áfangarnir bjóða upp á ýmis möguleika sem er erfitt að grípa í formfastari áföngum skapandi greina og því mikilvægt að horfa út fyrir kassann og greina áhugaverð tækifæri þvert á skapandi greinar.

## Danska og þriðja mál

Fagstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Ida Lön | DANS2FJ05<br>DANS2ME05 | DANS2ME05<br>DANS3BF05 |
| Pelle Damby Carøe | DANS2FJ05<br>DANS2FJ05 Fjarnám<br>RAFÍ2SH05 | DANS2ME05<br>DANS2ME05 Fjarnám |
| Sigríður Sigurðardóttir | DANSDL05<br>DANSFJ05 | DANSDL05<br>DANSFJ05 |
| Sólveig Sigmarsdóttir | DANS1DLO5<br>DANS2FJ05 | DANS2FJ05<br>DANS3ME05 |
| Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir | SPÆN1BB05<br>SPÆN1CC05 | SPÆN1BB05<br>SPÆN1CC05 |
| Sigríður Guðmundsdóttir | SPÆN1AA05 | SPÆN1AA05<br>SPÆN1BB05<br>SPÆN1BB05(9)LH |
| Brynja Ingadóttir | ÞÝSK1AA05<br>ÞÝSK1BB05<br>ÞÝSK1CC05 | ÞÝSK1AA05<br>ÞÝSK1BB05<br>ÞÝSK1CC05<br>ÞÝSK1XA04 |

Ákveðið var að sameina deild dönsku og þriðju mála frá haustönn 2024. Ida Lön var fagstjóri haustannar 2023, en Sigríður Guðmundsdóttir tók við keflinu á vorönn 2024.

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Almennt leituðust kennarar við að notfæra sér tæknina þar sem hægt var, s.s. með notkun ýmissa forrita til að æfa orðaforða og málfræði, t.d. Quizlet, Quizizz, Quizalize, Kahoot, Blooket, Bamboozle og conjuguemos.com. Í dönsku og spænsku var boðið upp á skapandi verkefnaskil í námsmati (myndasögur, myndir, leikþættir og myndbönd). Í dönskunni, lagði PC meiri áherslu á framburð í munnlegum prófum. Hann prófaði einnig að láta nemendur þreyta munnlegt próf á íslensku úr smásögu sem þeir lásu á dönsku. Var árangur af því góður. Allir kennarar deildarinnar eiga það sameiginlegt að reyna að nota kennslumálið sem mest við kennslu til að örva og efla skilning nemenda á tungumálinu. SGS nefnir t.d. samvinnu, lærdóm í gegnum leik og áherslu á talað mál. Í spænskunni voru ýmis málfræðiatriði gerð sýnilegri í kennslustofunni, veggspjöld sett upp, sem að

sjálfsögðu nýttust í kennslunni. Markmiðið er að gera stofuna faglegri og hafa sýnilegt stoðefni sem örvar og hvetur nemendur í náminu.

Dönskudeildin hefur boðið upp á áfanga, DANS3BF05, undir stjórn Idu, sem er skipulagður í kringum námsferð nemenda til Danmerkur. Nemendur sjá um allt skipulag ferðarinnar og mikill lærdómur í því fólginn. Alþjóðafulltrúi skólans heldur utan um Erasmus styrki, sem kennurum bjóðast þess vegna með stuttum fyrirvara, þegar ljóst er hversu margir nemendur eru í áfanga og tilbúnir að vinna að ferðinni. Styrkurinn sem sótt var um á vorönn náði yfir allan kostnað nemenda og kennara vegna ferðarinnar, en þar er mikið jafnréttismál á ferð sem stuðlar að auknu jafnræði nemenda og kennara, óháð efnahag og félagsstöðu.

Nýtt kennsluefni í þýsku gefur góða raun. Það hefur að geyma mun fleiri texta og meiri orðaforða en eldra námsefni. Þær þrjár annir sem nýja námsefnið hefur verið í notkun hefur mikil vinna verið lögð í gerð hvers kyns viðbótarverkefna til hjálpar nemendum að læra málnotkun og orðaforða og skilja texta námsefnisins. Einnig var mikil vinna að semja ný próf í hverjum kafla, en þau gilda 50% af heildareinkunn í fyrstu tveimur áföngunum og 30% í þeim síðasta. Á næstu önn verður áframhaldandi aukin áhersla lögð á bæði skriflega og munnlega færni nemenda í þýsku.

Í þýsku eru ekki lengur kenndar léttlestrarbækur, en ekki er útilokað að slíkar bækur verði teknar aftur í notkun síðar.

Á vorönn sóttu 9 nemendur af sérnámsbraut áfangann ÞÝSK1XA04. Mikil breidd var í hópnum, hvað varðar mætingu, námsgetu, áhuga og vinnusemi. Erfitt reyndist að virkja þessa nemendur til vinnu fyrstu tvo tíma mánudags þar sem svefnvenjur virðast vera í talsverðum ólestri. Hluti hópsins náði þó all góðum árangri í þýsku á önninni og nemendur spurðu í lok annar hvers vegna aðeins væri boðið upp á einn áfanga í þýsku á sérnámsbraut.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**
Allir áfangar deildarinnar eru símatsáfangar. Kennarar leitast við að vinna markvisst með færniþættina fjóra (lestur, ritun, hlustun og tal) og miðast námsmat og próf við það. Eru kennarar almennt sammála um að símatið virki vel og gefi okkur sem kennurum skýrari mynd á hæfni, leikni og þekkingu nemenda á tungumálinu.

Sigríður Sigurðar tekur fram að í DANSDL05 áfanganum hafi hún lagt aðeins meiri áherslu á skapandi skil og fundist það koma vel út.

Í DANS2FJ05 áfanganum, sem SOS og SGS kenndu saman, voru þær með þrjú munnleg próf. Eitt þar sem mátti velja efni til að tala um, eina kynningu sem var um ferðalag til Danmerkur og í síðasta prófinu máttu nemendur velja milli þriggja þátta til að segja frá. Einnig var leitast við að tengja ritanir á önninni við munnlegu prófin.

Í spænsku leitast kennarar við að halda samfellu á milli áfanga og vinnulag svipað í þeim öllum. 40-50% kaflapróf í annað hvort 2 eða 3 prófum sem þarf að standast til að ná áfanganum. Leitast er við að þjálfa og prófa nemendur í færniþáttunum fjórum og vinna fjölbreytt verkefni þeim tengdum. Eru

það hlustunar og framburðarverkefni í tíma og í heimavinnu, ritanir, kvikmyndaverkefni, í efri áföngunum kynningar nemenda, sem gefa meiri kost á skapandi skilum og mikil verkefnavinna í tíma. Nemendur vinna töluvert á pappír og læra að nota sér námsbækur, orðabækur, beygingaramma í málfræði, talgervla og ýmis þau gögn og tól sem vefsíður bjóða upp á til náms. 80% skilaskylda verkefna er í áföngunum en ætlunin er að endurskoða það fyrir næstu önn.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**
Danska:
SGS fór á ráðstefnu Félags dönskukennara þar sem voru margir spennandi fyrirlestrar. Fór einnig á tveggja daga dönskukennara námskeið sem var haldið á Hótel Örk á vegum dönskudeildar HÍ. Ferðin til Kaupmannahafnar með IL og nemendum FSu var líka góð og má teljast sem ákveðin endurmenntun að heimsækja landið.
SOS sótti tvö námskeið, bæði tengd manneskjunni. Það fyrri var Yoga Nitra námskeið (3 af þremur) og öndunar námskeið. Bæði námskeiðin nýtast í samskiptum við fólk og þannig einnig í kennslu.

Þýska:
BI hefur ekki sótt formleg námskeið á þessu skólaári, en að prufukeyra nýjar námsbækur er á við gott námskeið. Í febrúar fylgdist BI með í kennslu í annarri námsgrein og fékk í heimsókn til sín kennara þeirrar greinar í kennslustund í þýsku.

Spænska:
5. og 6. júní 2023: SGU tók þátt í 16 klst. námskeiði fyrir framhaldsskólakennara um *Kærleik og kynfræðslu – mótþróa og meðvirkni* hjá Endurmenntun HÍ í samstarfi við Félag starfsbrautakennara.
25. maí 2023: SGU tók þátt í 7 klst. námskeiði um *Jákvæða sálfræði og vellíðan – vinnustofu*, Fyrir framhaldsskólakennara á vegum Endurmenntunar HÍ í samstarfi við Samtök sálfræði- og uppeldisfræðikennara.
8–9. júní 2023: SGU sótti ráðstefnuna *The Future of Languages* á vegum STÍL – samtökum íslenskra tungumálakennara í Veröld – Húsi Vigdísar. Samtals 16 klst.
10. júní 2023: GKS og SGU tóku þátt í 1,5 klst. námskeiði/fyrirlestrum á netinu: *Jornadas didácticas para profesores de español.*
9. og 10. ágúst 2023: SGU tók þátt í 10 klst. námskeiði fyrir framhaldsskólakennara um *Munnlega færni í kennslu spænsku* hjá Endurmenntun HÍ í samstarfi við Félag spænskukennara á Íslandi
Haust 2023 – vor 2024: SGU lauk 18 klst. fjarnámskeiði á vegum Menntafléttunnar: *Fjölbreytileiki, fjölmenning og fjöltyngi*.
Feb./mars 2024: GKS og SGU fóru saman á 5 daga upplýsingatækninámskeið Erasmus/Idevelop: *ICT: Learning by Doing* í Setúbal í Portúgal.
Vor 2024: GKS og SGU luku báðar námskeiði á netinu: *Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga.*

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Í dönsku var tekin sameiginleg ákvörðun um að leggja af skáldsögulestur og taka frekar smásögur. Að mörgu leyti ágætt, en að vissu minni áskorun fyrir nemendur, sem sumir hverjir hafa aldrei lesið heila bók á nokkru tungumáli. Hér er alltaf spurning um hvar setja eigi mörkin og hvernig skuli stilla kröfur af. Nemendur lesa enn skáldverk á þriðja þrepi auk þess að skipuleggja Danmerkurferð og

semja og myndskreyta eigin barnabók. Þar er mjög ánægjulegt að sjá hversu skapandi og frumlegir nemendur eru.

PC og SGS nefna bæði að þau hafi notað Pip i Papkassen í DANS2ME05 áfanganum í dönsku. PC leggur til að taka hana af bókalistanum, og vinna frekar með smásögur úr Glimt og einnig smásögur sem finna má á netinu. Hann telur ástæðulaust að vera með bæði Glimt og Pip i Papkassen, þegar finna má efni á netinu, nemendum að kostnaðarlausu.

Nokkrir nemendur tóku stöðupróf í dönsku hjá IL á skólaárinu og fengu skylduáfangana DANS2FJ05 og DANS2ME05 metna.
SOS segir engar nýjar kennslubækur hafa verið teknar upp í þeim áföngum sem hún kennir, en hins vegar nýjar smásögur sem fengnar voru frá vef sem heitir Fyldepennen og hefur að geyma allskyns bókmenntaverk frá fólki sem hefur áhuga og hæfileika til að skrifa.

Á vorönn 2023 var byrjað með nýtt námsefni í þýsku, Netzwerk neu A1, lesbók og vinnubók. Þessar bækur hafa að geyma meira en nóg efni fyrir alla þrjá áfangana. Nú hefur þetta efni verið notað í þrjár annir og prufukeyrt í öllum þremur áföngum þýskunnar. Efnið hefur reynst vel og láta nemendur sem og kennari vel af því. Bókunum fylgir app með öllum hlustunaræfingum og gerir það nemendum kleift að hlusta að vild. Svör við verkefnabókinni eru aðgengileg nemendum í Innu og sjá þeir því alfarið um að yfirfara verkefnin sjálfir. Þetta tvennt gerir nemendur sjálfstæðari og ábyrgari fyrir námi sínu.

Nokkrir nemendur tóku stöðupróf í þýsku hjá BI á skólaárinu og fengu alla þrjá áfangana metna.

Í spænsku hefur verið unnið með sömu námsbækur í allnokkur ár og er ætlunin taka upp nýjar kennslubækur á n.k. önnum. Kennarar útbúar verkefnahefti sem stoðefni fyrir nemendur og þar eru alltaf einhverjar breytingar og viðbætur á hverri önn.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**
SGS nefnir að hana langi að sjá breytingar á DANSDL05 og hefur ákveðnar hugmyndir, sem þó eru ekki útfærðar að fullu. Hún er ánægð að kenna DANSDL05 og DANS2FJ05og vill gjarnan kenna þá áfram. Hún hefur einnig velt upp þeim möguleika ásamt HD, sem kennir heimilisfræði, að búa til valáfanga sem gæti heitið „Dönsk menning og matur“. Þar yrði fjallað um ýmislegt sem er gott að vita um Danmörku, t.d. ef maður flytur út annaðhvort í skóla eða til að vinna. Í heimilisfræðinni yrði eldað og bakað dæmigert danskt góðgæti.

GKS og SGU hyggjast sækja um styrk í Fageflingarsjóð skólans og búa til námsefni á myndbandsformi sem myndi skerpa á ýmsum málfræðiatriðum og orðaforða nemenda. Til stendur að nýta þekkinguna af upplýsingatækninámskeiðinu í Portúgal. Þetta efni gæti einnig gagnast við fjarkennslu nemenda á Litla Hrauni og Sogni.

Einnig er hugur í spænskudeildinni að mynda tengsl við skóla á Spáni og fara með hóp þangað, sérstaklega ef styrkur fengist úr Erasmus-sjóð skólans sem myndi gera öllum nemendum, óháð fjárhag forráðamanna, kleift að koma með.

Boðið var upp á spænsku fyrir sérdeild á haustönn 2024 og vonandi verður næg þátttaka í þann áfanga. Mikilvægt er að nemendur á sérnámsbraut eigi kost á því að læra fleiri tungumál en eru í kjarna og tilvalið að bjóða upp á þýsku og spænsku á víxl.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Um leið og við í deild dönsku og þriðju mála fögnum aukinni áherslu á iðn-, verk- og íþróttanám ýmiskonar við skólann vildum við gjarnan sjá aukinn kraft í bóknámi og eflingu þess. Hafa verður hugfast að FSu er stærsta menntastofnun Suðurlands og gríðarlega mikilvægt að nemendur á svæðinu geti sótt hágæðamenntun í héraði og fengið þar öflugan undirbúning undir frekara krefjandi akademískt nám.

Það vantar sárlega minni námsver, eða námsaðstöðu fyrir nemendur í bóknámi. Það mætti stúka niður, bæta við borðum, stólum og útbúa vinnuaðstöðu á svölum annarrar hæðar, svo dæmi séu tekin. Það mætti einnig hafa fleiri og minni borð fyrir framan salinn. Fyrir okkur sem kennum tungumál vantar líka aðstöðu fyrir nemendur til að taka upp framburðaræfingar, lestur og samtöl. Það mætti einnig tæknivæða stofur betur og væri æskilegt að hafa aðgang að snjallskjám og nútímalegri tækjum til miðlunar myndefnis og hljóðefnis, hvorutveggja nemenda og kennara.

Af hagnýtum atriðum nefnum við tvennt, sem er að merkja stofu 202 sem spænskustofu og leggjum til að breyta tímasetningu á kennara/-starfsmannafundum.

Við sem tungumáladeild viljum að sjálfsögðu halda vörð um tungumálakennslu í skólanum og að hún geti verið fjölbreytt. Kennsla þriðja tungumáls er okkur hugleikin og þar má ekki skera niður, en auk þess er mikilvægt er gæta þess að danska haldi sínum sessi, verði kennd áfram og að nemendur geti áfram fengið þær 15 einingar hér sem þeir þurfa til að skrá sig í háskólanám í Danmörku. Ekki má gleyma að Danmörk er það land sem flestir íslenski námsmenn sækja til og hafa möguleika á að ganga þar inn í nám á sömu kjörum og heimamenn og hefur því áhrif á möguleika ungmenna til náms og jafnræði þar á.

# Svið: Verknám, stærðfræði, raungreinar, hestamennska og íþróttir

## Hárdeild
Fagstjóri: Elínborg Arna Árnadóttir

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Nafn kennara | Áfangaheiti | Áfangaheiti |
| Elínborg Arna Árnadóttir | HÁRG2GB03C | HÁRG2FB03D |
| | HLIT2GB01C | HLIT2FB03D |
| | HKLI2GB03C | HBLÁ2FB01A |
| | IÐNF2GB04C | HDAM2FB03A |
| | HPEM2GB02C | HHER2FB03A |

| | | |
|---|---|---|
| | VINS2GB03A | HPEM2FB02D |
| | HÁRG1VA03 (VAL) (1) | VINS2FB06B |
| | | HÁRG1VA03 (VAL) (1) |

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**
Símat er í öllum áföngum. Í valáföngum ræðst einkunn af mætingu og virkni.
**Námskeið sem kennarar hafa sótt.**
Árlegt fagkennar-námskeið: Stafræn framsetning á verklegri kennslu, 9., 10. og 11. ágúst. Ison Kópavogi.
Endurmenntun Háskóla Íslands.
Nokkur lita og klippinámskeið sem haldin voru í Reykjavík.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Nýlegt Pivot point kennslukerfi sem ber heitið LAB sem ég er enn að læra á. Kennslubækur eru þær sömu og hafa verið, Hársnyrting undirstöðuatriði, lesbók og vinnubók. Íslensk þýðing á Pivot point kennslubókum. Þessar bækur eru notaðar allar fjórar annirnar, þó fáum við viðbætur árlega með því nýjasta í hártísku og tækni.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**
Fagið er þess eðlis að kennarar þurfa að vera mjög virkir í að tileinka sér nýjustu strauma og tækni. Starfsáætlun gengur út á að vera með á nótunum.

## Hestamennska
Fagstjóri: Sissel Tveten

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Nafn kennara | Áfangaheiti | Áfangaheiti |
| Sissel Tveten | HEST1GR05<br>REIM1GR05<br>VINU2FH02<br>VINU3SH02 | HEST2KF04<br>REIM2KF05 |
| Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir | VINU2FH02 HEST2GÞ05<br>REIM2GÞ05<br>VINU3SH02<br>LEIH2HE04 | HEST1GF05<br>REIM1GF05<br>VINH2FH10<br>VINH3SH10 |
| Johannes Amplatz | FÓHE2HU03 | FÓHE1GR03 |
| Freyja Hilmarsdóttir | VINU3SH02<br>VINU2FH02 | REIM1GF05 |
| Gestakennarar á árinu | | Caroline Aldén, járningamaður.<br><br>Sveinn Ólason, dýralæknir. |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**
Allir áfangar eru í sífelldri þróun, verkefni og vettvangsferðir eru fjölbreytt og breytileg á milli anna.
Sem dæmi voru nemendur með fjáröflun til að fjármagna námsferð að Hólum í Hjaltadal núna í vor.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Við vorum með símat í öllum áföngum. I áfanganum HEST2KF04 var upprifjunarpróf sem haldið var í prófaviku fyrir nemendur sem voru með undir 7,5 í vetrareinkunn. Í FÓHE1GR03 var upprifjunar próf í prófavíku, kennari í þeim áfanga notar þetta til þess að hvetja til upprifjun á námsefni. Allir kennarar eru sammála um að símat sé besta leiðin fyrir sanngjarnt námsmat, sérstaklega í verklegum áföngum, en einnig í þeim bóklegu. Við fórum yfir reglur um skil á verkefnum og erum búin að koma okkur saman um að hafa sömu verkreglur í öllum hestatengdum áföngum.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Dómararéttindi í gæðingalist,
Allir kennarar hafa sótt reiðkennslu reglulega,
Einn kennari stundar mastersnám í hestafræðum,
Ýmisleg endurmenntun á vegum félags tamningamanna, landssambands hestamannafélaga LH og alþjóðasamtök íslenska hestsins FEIF.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Nýjar bækur á bókasafni sem við nýtum sem kennslugögn eru:
The mind of a horse.
Buisness managment for the equine industry.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Við stefnum á að halda okkar góða starfi áfram í svipaðri mynd og á síðasta skólaári.

Við höfum verið að gera tilraun með LOK áfangan og ætlum að fá þessar breytingar samþykktar.

Við ætlum að sækja um í starfsþróunarsjóð fyrir nokkur verkefni sem við höfum áður verið að vinna frítt í aukavinnu. Það er verkefni sem tengist LEI áfanganum þar sem við höfum nú þegar góða reynslu í að nýta okkur samstarf við hestamannafélagið Sleipni og grunnskólana í leiðbeinanda áfanganum okkar. Hitt eru reiðhalla sýningarnar sem við höfum mætt á með nemendur, sem krefjast mikill undirbúningur og vinnuframlags frá bæði nemendum og kennurum.

Við stefnum á að heimsækja Wången í Svíþjóð í „job shadowing“ í haust, og að skoða möguleika á að nemendur á 6. önn geti farið þangað næsta vor.

Nemendur eiga eitthvað eftir af fjáröfluninni og heyrist okkur helst á þeim að þau vilji nota það í að gera eitthvað skemmtilegt saman sem tengist náminu.
Við höfum rætt þá hugmynd um að nemendur taki að sér þrif í Sleipnis höllinni í vetur sem fjáröflun fyrir komandi námsferðir.

Það er komið tími á að endurnýja reiðtygi í Votmúla þá helst hnakka og undirdýnur.
Okkur vantar einnig hljóð búnaður fyrir hópakennslu í Votmúla og í Sleipnirs höllinni og munum við ræða möguleika á að leysa þetta við skólastjórnendur.

Við erum búin að missa tvo bestu skólahestana okkar síðastliðið sumar og haust. Við þurfum að fara að huga að endurnýjun. Okkur standa til boða lánshestar sem við kennararnir munu skoða og prufa í sumar og haust hvort þeir geti nýst okkur í kennslu.

Í sumar verður reynt að láta skólahestana fara í rekstra/hestaferðir til þess að þeir verða ekki of feitir.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Skólinn mætti styðja betur við bakið á okkur við kynningar á hestabraut. Hestabraut er nýleg braut í skólakerfinu og krefst eðlilega meiri kynningar. Við erum að vinna kynningarnar mest í sjálfboðastarfi eins og staðan er í dag.
Það er mikil sjálfboðavinna, kostnaður í olíu og notkun á eigin bíl og hestakerru sem fer í að æfa og keyra nemendur og hesta á reiðhallasýningarnar sem við höfum tekið þátt í. Þáttaka á þessum sýningum er besta leiðin til þess að auglýsa okkar frábæru braut og verðmæt reynsla fyrir nemendur að þurfa að takast á við þetta fjölbreytta verkefni. Það er nauðsynlegt fyrir okkur kennarar að geta fengið þetta greitt svo við getum haldið þessu mikilvæga kynningarstarfi áfram.

## Húsasmíði

Fagstjóri: Lárus Gestsson

| Kennari | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Lárus Gestsson | TRÉS1HV08<br>HÚSA3HU09<br>GLUH2GH08 | INRE2HH08<br>TRST3HH05<br>LOKA3HU08-K |
| Svanur Ingvarsson | GRTE1FA05<br>GRTE1FB05<br>LEÐUR | GRTE1FA05<br>GRTE1FB05 |
| Óskar Guðbjörn Jónsson | FRVV1FB05<br>TRÉS1VÁ05 | INNK2HH05<br>LOKA3HU08 50%<br>TRÉS1VT08 |
| Jón Sigursteinn Gunnarsson | EFRÆ1EF05<br>TRÉS1SX02<br>LHRTRÉ | TRÉS1VT08<br>TRÉS1SX02<br>BYGG2ST05 |
| Hjalti Guðmundsson | GLUH2GH08<br>TRÉS1HV08<br>TRÉS1VA05<br>HÚSA3HU09 | HÚSA3ÞÚ09<br>HÚSAV3HU05<br>LOKA3HU08-50% |
| Ingvar Bjarnason | TEIK3HU05<br>TEIK2HS05<br>TEIK2HH05 | TEIK3HU05<br>TEIK2HS05<br>TEIK2HH05<br>ÁÆST3SA05<br>BYGG2ST05 |
| Þuríður Ingvarsdóttir | TRÉS1SX02 | |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**
Sem nýjungar má nefna aðstöðu sem nemendur smíðuðu sjálfir og notuð er til að kenna nemendum verklega að setja í innihurðir. Okkur hefur fundist vanta aðstöðu í þennan hluta námsins og kom þetta upp á fundi í haust, það var svo drifið í að koma þessu í kring og Byko styrkti okkur með því að gefa okkur innihurð, þvingur, timbur, plötur og fleira sem þurfti til í verkefnið.

Í húsaáföngunum er helst hægt að nefna sem nýjungar kerfisvinnupalla sem við fáum lánaða frá Byko leigunni á hverri önn eins lengi og við þurfum, góð og fagleg breyting sem losaði okkur við allt timbrið sem áður þurfti í pallana og vinnuna við að halda utan um það. Í dag er undantekning ef verktakar eða einyrkjar nota timburpalla þannig að það nýtist nemendum okkar vel að kynnast kerfispöllum.

Gerð var tilraun með að breyta bóklegum verkefnum í rafræn próf/verkefni sem tekin eru á INNU.

Allir nemendur hafa unnið prófin á sama tíma á staðnum. Þeir nemendur sem ekki komast þá fá að taka það næst þegar tími er.

Kosturinn við að nota prófamöguleikann í INNU er að nemendur eiga auðveldara með að vinna verkefnið og mun auðveldara fyrir kennara að fara yfir og síðast en ekki síst þá þarf ekki að færa til skjöl í tölvu heldur er prófið og allt í kringum það hluti af INNU kerfinu. Þessi aðferð gerir nemendum líka mjög einfalt að nota símana sína til að leysa prófið/verkefnin og bætir þeim möguleika við að þau geta teiknað eða skrifað á blað, tekið mynd og sett sem svar í viðkomandi spurningu í rauntíma.

Þetta fyrirkomulag var tilraun hjá mér eftir áramót sem hefur heppnast mjög vel og skilað 100% skilum verkefna hjá þeim hópi sem prófaður var. Niðurstaðan verður mun nákvæmari einkunn um stöðu nemenda vegna þess að svindl og samráð er ekki auðvelt.
Það er ekki gott þegar nemendur komast upp á lagið með að skilja lítið, fylgjast illa með og gera svo verkefnin eftir næsta aðila. Við þurfum að gera meiri kröfur um ábyrgð nemenda á eigin námi.

Það má svo nefna að við reynum að vera með opin huga fyrir breytingum sem geta gert okkar umhverfi betra. Stundum verðum við að sætta okkur við að það getur tekið lengri tíma en okkur finnst æskilegt að koma hlutum í kring, það er mikilvægt að halda hugmyndum lifandi og gefast ekki upp. Fyrir rest koma oft lausnir sem við sættum okkur við.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**
Símat og leiðsagnarmat eru eingöngu notuð í trédeild. Við reynum eins og hægt er að hafa námsmat eins hlutlægt og hægt er en verðum stundum að beita huglægu mati og þá gjarnan með samtali við nemendur. Þessar námsmatsleiðir teljum við að henti okkar kennslu vel og skili góðri niðurstöðu.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**

**LG:**

Verklegt og bóklegt námskeið um helstu gerðir loftunardúka, límbanda og frágangs á hvoru tveggja. Námskeiðið var haldið í Fsu í samstarfi við Iðuna fræðslusetur.
Þjálfun vegna raunfærnimats til styttingar á námi.

Námskeið um ferli og framkvæmd raunfærnimats. Haldið á vegum

Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins í þeirra húsakynnum. Námskeiðið veitir rétt til að framkvæma raunfærnimat eftir ákveðnu skipulagi og reglum.

Námskeið á vegum HMS. varðandi áfangaúttektir og skoðunarskýrslum í gegnum byggingagátt HMS.

**OGJ:**

Námskeið á vegum HMS. varðandi áfangaúttektir og skoðunarskýrslur í gegnum byggingagátt HMS.

**JSG:**

Námskeið á vegum HMS. varðandi áfangaúttektir og skoðunarskýrslur í gegnum byggingagátt HMS.

**HJG:**

Námskeið á vegum HMS. varðandi áfangaúttektir og skoðunarskýrslur í gegnum byggingagátt HMS. Verklegt og bóklegt námskeið um helstu gerðir loftunardúka, límbanda og frágangs á hvoru tveggja. Námskeiðið var haldið í FSu í samstarfi við Iðuna fræðslusetur.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Við í trédeild státum af glænýju námsefni sem Byggðasafn Árnesinga hefur unnið í samvinnu við okkur. Námsefnið er er í sjálfum sér ekki nýtt, en búið að setja í nýjan búning. Þessi samantekt hefur fengið nafnið „Byggingararfurinn“ sem á vel við því þar er fjallað á faglegan hátt með miklu myndaívafi um sögu bygginga á Íslandi, sérstaklega þó frá Eyrarbakka og Suðurlandi. Þessi yfirferð er allt frá þeim tíma þegar við bjuggum í torfhúsum (megum aldrei segja torfkofum).

Efnið er sérstakleg ætlað áfanganum HÚSAV3HU05 fagstjóri trédeildar vill að þetta efni verði skylduefni við kennslu í þessum áfanga. Þetta er frábært efni sem er samantekið og unnið af Magnúsi Karel, Ragnhildi Sigfúsdóttur og til aðstoðar Gísli Kristjánsson og fagstjóri.

Við áttum von á námsefni frá Húsnæðis og Mannvirkjastofnun um síðustu áramót en einhverra hluta vegna stóðst það ekki hjá þeim. Fagstjóri er hins vegar komin í sambandi við þau í HMS aftur um námsefni sem kemur vonandi í sumar og við fáum til afnota, skólanum og nemendum að kostnaðarlausu.

Við ákváðum að láta nemendur á fyrstu önn kaupa bók sem heitir Verkfæri Tréiðngreina og kemur hún vel út við kennslu.

**Undirbúningur fyrir næsta skólaár**

Markmið fagstjóra í maí 2023

- Legg til að kennarar nýti tímann núna í maí til að klára námsáætlanir fyrir næstu önn með tilbúnu námsmati.

Tíminn í haust er of stuttur fyrir námsáætlanir og að skipuleggja INNU fyrir fyrsta kennsludag.

- Legg til að við förum að beiðni sviðsstjóra og notum allir sama sniðmát fyrir námsáætlanir. Námsáætlanir eiga að innihalda vikuplan, þarf ekki í öllum tilfellum að vera mjög ítarlegt.

- Kennsluskipting er komin í loftið þannig að það er hægt að byrja á námsáætlunum hennar vegna núna.

- Legg til að við notum fyrsta starfsdag eða um leið og INNA opnar í ágúst til að búa til einkunnareglu í INNU eftir námsmati í námsáætlun allir saman. Fagstjóri verður leiðbeinandi og sér um að við gerum þetta rétt.
  Einkunnarregla eftir námsmati er það fyrsta sem við þurfum að búa til við undirbúning áfanga.

- Legg til að á þessum sama starfsdegi stofnum við í INNU verkefnin sem lögð verða fyrir í áföngum bæði bókleg og verkleg. Lítið mál ef námsáætlun er tilbúinn núna í maí.

- Legg til að allir standi saman um að taka ekki við verkefnum á næstu önn í tölvupósti, allir setji það inn í námsáætlun.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

1. Að loka ekki fyrir aðgang nemenda að einkunnum sínum heldur láta kennara sjálfa ráða hvaða einkunnum þeir vilja loka. Í símatsáföngum til dæmis eiga allir nemendur að vera meðvitaðir um sínar einkunnir í lok annar, erfitt er að rökstyðja lokun á allar einkunnir síðasta skóladag.
2. Að kennarar geti unnið í sýnum áföngum í INNU eftir að kennsluskipting er nokkurn vegin ljós í lok hverrar annar. Þessi möguleiki var prófaður í lok haustannar og var það frábær nýjung að geta stillt upp áföngum í INNU fyrir jólafrí.
   En gallinn var reyndar sá að þessi möguleiki var ekki opinn nógu lengi og nýttist ekki öllum sem kannski hefðu viljað uppfæra sig í notkun á INNU.

   Tíminn í lok hverrar annar er rétti tíminn til að endurskoða og uppfæra áfanga í INNU. Það er lítill tími í upphafi hverrar annar fyrir þessa vinnu.

   Kannski er þessi tímaskortur við vinnu í INNU ástæðan fyrir því að notkun á INNU er ekki lengra komin en raun ber vitni hjá mörgum.

3. Kvöldskóli fyrir eldri nemendur í húsasmíði hér í FSu á að vera í boði. Hvernig best er að útfæra hann er kannski ekki alveg mótað en það eru einhverjar leiðir til í því.
   Fagstjóri fór á námskeið í gerð raunfærnimats eftir áramótin og sá vel hvað skólar geta gert með því verkfæri.

Það er vilji fyrir því að koma raunfærnimati inn í skólana, og einhverjir skólar (allavega einn) nú þegar farnir að auglýsa það sem möguleika á upphafi náms fyrir eldri nemendur í kvöldskóla.

**IB:**

1. Það þarf að endurnýja stólana og helst borðin líka í stofu 306 (tölvustofunni) fyrir nemendur. Stólarnir eru flestir orðnir mjög lélegir og nemendur kvarta mikið undan þeim.

   Borðfletirnir á borðunum eru of litlir svo að plássið fyrir tölvuskjáina dugar tæplega.

   Einnig eru borðin lág og því líkamlega erfitt fyrir kennara að aðstoða nemendur. Frábært ef hægt væri að fá svipuð borð og stóla og eru í tölvustofunni (Ham 2) og grunnteiknistofunni (Ham 3) í Hamri, en þau eru bæði hærri og stærri. Stólarnir eru einnig hærri og þægilegri fyrir nemendur.

## Íþróttir

Fagstjórn: Ásdís Björg Ingvarsdóttir

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Ásdís Björg Ingvarsdóttir | ÍÞRÓ1ÞH03<br>ÍÞRÓ2BA02<br>ÍÞRÓ2JF02<br>ÍÞRÓ1ÞX02<br>HBFR1HH05 | ÍÞRÓ2ÞL03<br>ÍÞRÓ2BL02<br>ÍÞRÓ2ÞR02<br>ÍÞRÓ2JF02<br>ÍÞRÓ1ÞX02<br>NÆRI2ÍÞ05 |
| Guðmundur Garðar Sigfússon | ÍÞRÓ2ÞL03<br>BRAG1SA01<br>ÍÞRÓ1ÞH03 | ÍÞRÓ1ÞH03<br>BRAG1SB01<br>ÍÞRÓ1BX02<br>ÍÞRÓ1XE01<br>ÍÞRÓ2BL02<br>ÍÞRÓ2KK02 |
| Gunnar Rafn Borgþórsson | ÍÞRÓ1ÞL03<br>ÍÞRÓ2KN02<br>ÍÞRG3KN03 | ÍÞRÓ2ÞL03<br>ÍÞRÓ1GX02 |
| Magnús Tryggvason | ÍÞRÓ1GX02<br>ÍÞRÓ1ÞH03 | ÍÞRÓ1GX03<br>ÍÞRÓ2ÞL03 |
| Ragnheiður Eiríksdóttir | ÍÞRÓ2JÓ02 | ÍÞRÓ2JH02<br>ÍÞRÓ2JÓ02 |
| Sabína Steinunn Halldórsdóttir | FÉLA1SA05<br>ÍÞRÓ1BX02<br>ÍÞRÓ1GX02<br>ÍÞRÓ1ÞX02<br>ÍÞRÓ1ÞH03<br>ÍÞRÓ2BA02<br>KYNJ2GR04 | ÍÞRÓ2ÞL03<br>UMHV1SU05<br>UPPE2UM05 |
| Sverrir G Ingibjartsson | ÍÞJÁ3AÐ03<br>ÍÞRF2ÞJ05 | ÍÞJÁ3AÐ03<br>ÍÞRF2SS05 |

| | | |
|---|---|---|
| | ÍÞRÓ1ÞH03<br>ÍÞRÓ2BA02<br>ÍÞRÓ2ÚF02<br>LHr | ÍÞRF3LL05<br>ÍÞRÓ1ÞX02<br>ÍÞRÓ2BL02<br>ÍÞRÓ2KK02<br>LHr |
| Þuríður Ingvarsdóttir | | ÍÞRG3FR03 |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**
Í upphafi vorannar tókum við okkur tíma til að fara yfir námsmatið í íþróttaáföngum í kjarna. Tilgangurinn var að minnka líkur á ósamræmi á milli kennara þar sem þeim hefur fjölgað sem kenna íþróttir í FSu. Við fögnum því að kennarahópurinn hafi stækkað í Iðu. Fagstjóri setti upp fjórar tillögur að hugmyndum sem voru ræddar og metnar áður en ákveðið var hvaða leið skyldi vera farin. Niðurstaðan varð sú að bóklegi hlutinn yrði 50% af lokaeinkunn, þar undir væru 2 hlutapróf (20%) og verkefni (30%). Verklegi hlutinn yrði 30% þar sem metin væri virkni í verklegum tímum og horft á hvort nemendur mættu í íþróttafötum, væru með í verklegum hluta, sýndu jákvæðni, væru hvetjandi og góðar fyrirmyndir fyrir aðra nemendur og að mæta ekki með síma í tíma. Mæting í bóklega og verklega tíma yrði 20%. Þar settum við upp viðmiðunarreglur til að allir væru að meta mætingu á sama hátt. Þessi viðmið fólu í sér: F = 1 fjarvistarstig, Fv = 1 fjarvistarstig, Fl = 0 fjarvistarstig, Fw = 1 fjarvistarstig, S = 0,33 fjarvistarstig.

Þetta skólaár prófuðum við að ÍÞRÓ1ÞH03 og ÍÞRÓ2ÞL03 samnýttu íþróttasalinn. Þetta kom til þar sem hópar voru settir í sama stokk og gafst því gott tækifæri til að sjá hvernig þessi samnýting kæmi út. Við erum sammála um að þetta hafi aukið á getu okkar að bjóða upp á meiri fjölbreytileika. Það gátum við gert með því að hafa fleiri möguleika til hreyfingar í hverjum tíma. Það var auðveldara fyrir kennarana að hafa yfirsýn yfir nemendur sem voru þá að vinna á mismunandi stöðum. Í heildina náðu íþróttakennarar að vinna meira saman í verklega þættinum. Við höfum því séð að við getum alveg unnið með það að tveir hópar í samskonar íþróttaáfanga séu settir í sama stokk.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**
ÍÞRF2ÞJ05 er símatsáfangi þar sem verkefni og 4 hlutapróf eru stærstu þættir í námsmati.
Í ÍÞRF2SS05 var einnig notast við símat, sem samanstóð af 20 verkefnum og 8 hlutaprófum.
Í ÍÞRF3LL05 sem kenndur er á vorönn er þó lokapróf með sleppikerfi. Þar er hægt að sleppa við lokapróf með því að ná 6,5 í annareinkunn. Að mati kennara virkar það hvetjandi enda vilja flestir sleppa við lokapróf. Í þetta sinn þurfa þó um 80% (21 af 26) nemenda að fara í lokapróf enda námsefnið nokkuð krefjandi.
HBFR1HH05 er símatsáfangi þar sem tvö hópverkefni, ein ritun, 9 smærri verkefni, þrjú tímapróf, frumkvæði og virkni í tímum er metið til lokaeinkunnar.
NÆRI2ÍÞ05 er símatsáfangi þar sem tvö hópverkefni, þrjú tímapróf, stórt matardagbókar-verkefni, 8 smærri verkefni, frumkvæði og virkni í tímum er metið til lokaeinkunnar.
ÍÞRÓ1ÞH03 er símatsáfangi sem skiptist í 10 verkefni sem gilda 30%, tvö hlutapróf sem gilda 20%, mæting í tíma gildir 20% og virkni og þátttaka í verklegum tímum gildir 30%.
ÍÞRÓ2ÞL03 er einnig símatsáfangi áþekkur undanfaranum þar sem 30% einkunnar er metin út frá einu stóru verkefni og 6 smærri verkefnum. Tvö hlutapróf gilda 20%, mæting í tíma gildir 20% og virkni í verklegum tímum gildir 30%.

Valáfangarnir í íþróttum, blak, badminton, körfubolti, knattspyrna, þreksalur o.fl. eru nánast eingöngu verklegir og því metnir út frá mætingu og virkni í tímum, ásamt einu til tveimur smærri verkefnum.
Valáfangar sem ekki eru inni í töflu eins og gönguáfangarnir eru metnir út frá mætingu og frammistöðu í gönguferðum.
Sérnámsbrautaráfangar eru metnir út frá mætingu og virkni nemenda í tímum.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**
ÁBI – Sálgæsla og áfallahjálp (Endurmenntun HÍ)
ÁBI – Sálræn áföll – áfallamiðuð nálgun og þjónusta (Endurmenntun HÍ)
ÁBI – Áfall – hvað svo? (Endurmenntun HÍ)
ÁBI – Seigla og bjargráð unglinga og ungmenna (Endurmenntun HÍ)
ÁBI - Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga
SGI - Offita – er lausnin skurðaðgerð, lyfjameðferð eða...? (Fræðslunefnd NLFÍ)
SGI – Barnastjarna eða afreksmaður (fyrirlestur um samantekt á nýjustu rannsóknum á sérhæfingu barna og unglinga í íþróttum)
GGS - Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga
SSH - Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga
SSH - Sjálfsmynd barna (Árborg sveitarfélag)
SSH – Konur & íþróttir - forysta og framtíð (ÍSÍ og UMFÍ)
SSH – Heilsutengd markmiðasetning - vinnustofa (Sjúkraþjálfun Sporthúsinu)
SSH – Er pláss fyrir öll í íþróttum? (ÍBR - ÍSÍ og UMFÍ)
SSH - Sjálfsmynd barna - Soffía Elín Sigurðardóttir (Barnasálfræðingur)
SSH - Með lífið í lúkunum - Erla Guðmundsdóttir
SSH – Eldri börn og unglingar með málþroskaröskun DLD: Úrræði og hugmyndir fyrir aðstandendur (Málefli)
SSH - Öll erum við íþróttafólk - líkamlegt læsi yfir ævina (HR)
SSH - Vellíðan barna í rafrænum heimi - Málþing (HR)
SSH - Málþroskaraskanir - einkenni og afleiðingar (Málefli)
GRB- UEFA CMF. Stjórnun og rekstur ( knattspyrnusamband Evrópu og KSÍ )

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Heilbrigðisfræði - það er ekki til nein hæf kennslubók í þessu fagi þannig að kennari er ávallt að uppfæra og breyta kennslugögnum sínum. Þróunin hefur verið að reyna að láta nemendur leita sem mest að upplýsingum sjálfir í gegnum verkefni í staðinn fyrir að mata þau. Þannig reynt að ýta undir áhuga á þeim málefnum sem þau vilja vita meira um innan heilbrigðisfræðinnar.
Næring íþróttafólks - hér er einnig ekki nein kennslubók, heldur stuðst við bækur og greinar sem skrifaðar hafa verið um málefnið og því breytast námsgögnin milli anna og eru í sífelldri þróun.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**
Við erum alltaf að reyna að leita leiða til að virkja nemendur í verklegum hluta ÍÞRÓ1ÞH03 og ÍÞRÓ2ÞL03. Hugmyndir sem hafa komið upp er að skoða möguleika á því að nemendur sem eru með yfir 8 í verkefnum, mætingu og virkni gætu fengið að sleppa prófum og þannig búið til meiri hvata fyrir nemendur að mæta klædd til að taka þátt að fullu í verklegum tímum. Önnur hugmynd sem

kom upp væri að gefa nemendum meira val varðandi verklega hlutann. Framkvæmdin gæti verið sú að tveir kennarar væru að kenna verklega hlutann á sama tíma. Þá gæti einn kennari verið með kennslu inni í sal en hinn fylgt betur þeim eftir sem kjósa gönguferð og eða tækjasal. Nemendur yrðu þá að velja strax við upphaf annar hvað þeir kjósa að gera og standa við sitt val. Hvort við ráðumst í framkvæmd verður ekki ákveðið án betra samtals okkar á milli og samstarfs við áfangastjóra.

Það hefur komið til tals innan okkar hóps að tímabært væri að þeir kennarar hittist sem kenna heilbrigðisfræði, uppeldisfræði, sálfræði , kynjafræði og jafnvel fleiri greinum og færu yfir hvað verið er að kenna í hverjum áfanga fyrir sig. Tilgangurinn væri að sjá hvort mikil skörun væri innan áfanganna og á hinn bóginn að koma í veg fyrir að mikilvægt málefni fái ekki nóg pláss þar sem kennarar teldu að það væri tekið fyrir í öðrum áföngum.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Tryggja það að hver hópur sem telji yfir 20 nemendur fái aðgang að heilum stórum sal í Iðu. Ef það er árekstur láta þá hópa sem geta unnið saman vera í árekstri þannig að hægt sé að samnýta kennara og svæði.

Við í íþróttadeildinni upplifum mjög breytt landslag í samfélaginu er varðar að vera kennari í framhaldsskóla í dag eða fyrir 10 árum. Við erum flest sammála um að það sé kominn meiri slaki í kerfið.
Í íþróttum í kjarna þ.e. ÍÞRÓ1ÞH03 og ÍÞRÓ2ÞL03 hefur á þessum tíma verið dregið úr verkefna kröfum t.d. með fækkun á verkefnum í takt við stærð áfanga. Engu að síður þá leyfa nemendur sér meira nú en áður, eins og að skila ekki verkefnum á tilsettum tíma eða mæta ekki í próf án skýringar eða lélegrar skýringa eins og “það er búið að vera svo mikið að gera” eða “farið mitt var að fara”. Mörgum nemendum finnst sjálfsagt að geta skilað verkefnum eða tekið próf þegar þeim hentar. Virðingarleysi hefur einfaldlega aukist. Að okkar mati á þetta meira við almenna íþróttaáfanga eða áfanga, sem allir eða margir nemendur skólans þurfa að taka. Það hefur ekki verið dregið úr kröfum í áföngum sem eru t.d. á íþróttalínu. Það er einnig miður ef kennarar eru farnir að veigra sér við því að gefa nemendum falleinkunn af ótta við viðbrögð foreldra. Á tali við aðra í kennarahópnum innan skólans í heild þá erum við ekki ein um að upplifa þessar breytingar.
Að þessu sögðu finnst okkur orðið tímabært að kennarar taki samtalið hvert við annað, sem skóli. Hvert viljum við stefna í breyttu samfélagi sem mun halda áfram að breytast. Þurfum við ekki að samræma okkur betur, t.d. hversu langt eigum við að ganga í því að mæta nemendum, hvar liggja mörkin? Ef við höfum öll sömu stefnu er auðveldara að fylgja henni og nemendur fá ekki misvísandi skilaboð frá kennurum.

Að færa kennarafundi af lok skólavikunnar yfir á annan tíma, núverandi fundartími er ekki heppilegur fyrir frjóa hugsun. Hugmynd að funda eftir kennslu einhvern annan dag vikunnar. Eins kom sú umræða upp meðal okkar að föstudagsfundartíminn hentar kennurum illa sem eiga börn á leikskólaaldri. Einkum með tilliti til gjaldskrár breytinga hjá Árborg næsta skólaár.

Við erum virkilega ánægð með sætu litlu “Koníaksstofuna” okkar, sem sett var upp í byrjun haustannar. Við höfum notað stofuna til að funda, taka spjallið við nemendur og sem griðastað þegar á þarf að halda. Í framhaldi mælum við með að lagað verði til í rýminu þar sem Ragnar var, það

gert hlýlegra þannig að það nýtist sem t.d. vinnuherbergi fyrir kennara sem eru með tíma í Iðu. Þetta rými hefur lítið sem ekkert verið nýtt í vetur.

## Matvæla- og ferðagreinar

Fagstjóri: Guðríður Egilsdóttir

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Nafn kennara | Áfangaheiti | Áfangaheiti |
| Guðríður Egilsdóttir | VBFMVB12 | VBFM1VB12 |
| | ÖRVR1HR02 | IEMÖ1GÆ02 |
| | ÖROF1ÖR01 | VÞVM1VB01 |
| | VÞVM1VA01 | |
| Helga Sigurðardóttir | MATR1VA05 | MATR1VA05 |
| | BAKA1SK02 | BAKA1SK02 |
| | MATR1SX05 | MATR1SX05 |
| | MATR1SX02 | MATR!sk02 |
| Dagný Magnúsdóttir | | VBFMVB12 |
| Þórir Erlingson | | VBFMVB12 |
| | | IEMÖ1GÆ02 |
| | | VÞVM1VB01 |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Áfram höfum við lagt mikla áherslu á sjálfbærni og matarsóun. Kynnt var vel fyrir nemendum hvernig hægt er að nýta betur hráefni og afganga þegar verið er að matreiða. Nemendur á Matvælabraut GMF fengu það verkefni að búa til smáréttaveislu fyrir 100 mans og þau tóku á móti fagfélagi Klúbb Matreiðslumeistara, það var móttaka fyrir 30 manns með smáréttum að hætti nemenda.
Þessi raunverulegu verkefni voru mjög krefjandi fyrir nemendur en um leið mjög lærdómsríkt. Við höldum áfram á þessari braut því þannig kynnum við námið betur út í samfélagið, sem skilar sér í fleiri nemendum til okkar.

**Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Símat í öllum áföngum. Það eru verkleg verkefni ásamt stuttum bóklegum verkefnum. Þá er notast við jafningjamat í sumum áföngum.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**
GE sótti námskeið hjá Iðunni að brýna hnífa, auk þess að sækja nokkra fyrirlestra um streitufræðslu, góð næring á efri árum, markmiðsetningu, máttur matarins, kvíða, eðli svefns og svefnúrræði allt voru þetta gagnlegir fyrirlestrar.  GE Skipulagði og stóð fyrir ráðstefnu fyrir fólk í fræðslustörfum sem hét Lykill að Læsi.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**
Að bjóða upp á fjölbreytt val svo nemendur kynnist sem flestum námsgreinum. Nemendur af matvælabraut heimsóttu Garðyrkjuskólann þar sem þau kynntust öllum stigum ræktunnar. Þannig tengja nemendur hráefnið betur sem verið er að  vinna með og fá því meiri þekkingu  hvaðan afurðin kemur, matreitt hann á heilnæman hátt og þekkingu sem stuðlar að sjálfbærni og heilbrigðari lífsháttum í framtíðinni. Nemendur fá fræðslu í  umhverfisvernd eins og matarsóun og flokkun.  Áfanginn kemur að  góðum notum fyrir atvinnulífið hér á Suðurlandi, það sem nemendur eru margir hverjir að vinna í matvælageiranum.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Áfram þarf að passa upp á að verklegt nám í FSu sé fjölbreytt. Það þarf að efla matvælanám og í framtíðinni þegar nýtt verknámshús verður byggt þá verður að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir matvælagreinar við höfum allt sem þarf og meira til. Við á Suðurlandi þurfum á fjölbreyttu námsúrvali að halda fyrir unga fólkið okkar.

## Rafvirkjun
Fagstjóri: Jóhann Snorri Bjarnason

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Grímur Lúðvíksson | RAFM2GC05<br>RATM2GA05<br>VGRV2PR03<br>VGRV1ML05 | RAFM2GB05<br>VGRV1RS03<br>RATM2GB05<br>VGRV3TP03 |
| Jóhann Snorri Bjarnason | STÝR3GC05<br>RAFM1GA05<br>STÝR3RD05<br>STÝR3GC05<br>RAFM3RF05 (K)<br>STÝR3RD05 (K) | RAFL1GB03<br>RAFM3RF05<br>RRVVRS05<br>RAFL1VA05 |
| Sigurður Ágúst Pétursson | RAFL1GA03<br>RAFM3RE05<br>FRLARA05<br>LÝST3RB05<br>RAFL3RE04 (K)<br>RAST2RB05(K) | RAFM2GB05<br>RAFL3RE04<br>FRLA3RB05<br>RAST2RB05<br>RAFL1VA02 |

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Birnir Sverrisson | TNTÆ1GA03<br>TNTÆ3GC05<br>FRLARB05 (K)<br>RAFM1SX02 | TNTÆ2GB05<br>VSME2GR05<br>RAFMSX02<br>STÆR1AA05 |
| Þór Stefánsson | STÝR1GA05<br>RAFL2GC03<br>RLTK2RB05<br>RLTK2RB05 (K) | STÝR2GB05<br>RAFM3GD05<br>RLTK3RB05 |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu:**
Rafvirkjabrautin er í endurskoðun og þróun. Í vetur fór fram rýni á brautinni þar sem allir áfangar brautarinnar voru skoðaðir með tilliti til mikilvægi, kennslugagna, búnaðar og tengslum við atvinnulíf. Samantekt þeirrar vinnu liggur fyrir en hefur ekki verið sett saman í formlega skýrslu. Afurð þessarar vinnu er svo ný námsbrautarlýsing sem ætlunin er að kenna eftir frá og með næsta hausti. Henni er ætlað að mynda betra flæði fyrir nemendur. Framþróun í náminu verði stöðug þannig að þekkingin byggist upp í samfellu og standi á traustum grunni. Liður í því er að auka verklega kennslu. Í því skyni mun einingum í hreinum verklegum greinum fjölga nokkuð. Einnig er verið að skoða sérhæfðan kennslubúnað til að gera kennslu í bóklegum greinum eins og rafmagnsfræði, rafeindatækni og t-net áþreifanlegri með mælingum og tilraunum.
Gerð var breyting á uppröðun áfanga í stýringum og flæði námsin breytt. Þessi tilraun virðist gefa góða raun og sú breyting því komin til að vera.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**
Námsmat er að mestu í formi símats. Þó eru enn nokkur lokapróf, sérstaklega í fyrri áföngum rafmagnsfræðinnar. Próf eru góð aðferð við að kanna raunverulega kunnáttu. Alltaf ber eitthvað á því að nemendur fái verkefni lánuð og oft eru svör og lausnir keimlík hjá þeim. Unnið er jafnt og þétt í að koma öllu námsmati og öllum verkefnum í INNU. Notast er við einkunnareglur hópa og verkefnin sem tilheyra einkunnarreglunni síðan brotin niður í einkunnarþætti. Þannig geta nemendur fylgst vel með framvindu námsins og einnig séð hvernig námsmati hvers verkefnis er háttað.
Brottfall fyrsta árs nema var ekki mikið síðasta skólaár. Tveir fullir hópar hófu nám og verða tveir hópar áfram á þriðju önn. Reiknað er með að taka inn tvo fulla hópa í haust eða um 24 nemendur.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**
Flestir kennarar sóttu tveggja daga ráðstefnu í ágúst hjá Rafmennt í samstarfi við félag kennara í rafiðngreinum. Hluti kennra sótti sýningun Light and building í Frankfurt og námskeið hjá Reykjafelli í Grenton smart home kerfum. Námskeið um rafhleðslustöðvar og frágang raflagna þar. Tveggja daga námskeið í raunfærnimati. Þá fóru flestir kennarar deildarinnar í kynningarferð til Kölnar þar sem skoðaður var kennslubúnaður frá tveimur fyrirtækjum.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Í rafdeild er notast að miklu leiti við Rafbók sem rekin er af Rafmennt og nemendur hafa þar frían aðgang. Unnið er jafnt og þétt að uppfærslu rafbókarinnar og því er alltaf einhver endurnýjun á námsefni þar. Annað kennsluefni er frá kennurum deildarinnar. Til skoðunar er að kaupa mælibretti

frá LEYBOLD. Þau eru hönnuð með það fyrir augum að lífga við kennslu í rafmagnsfræði og rafeindatækni og gera hana lifandi og áþreifanlega. Þessum búnaði fylgir námsefni og verkefni sem verður spennandi viðbót við námið í deildinni.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**
Kennsluskipting fyrir næstu önn liggur fyrir og hefur verið send stjórnendum. Aðsókn í deildina er mikil sem skapar álag á kennara deildarinnar og verða allir með nokkuð yfir 100% kennslu á næstu önn. Þá bætist við kennsla í rafmagnsfræði fyrir nemendur í pípulögnum.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Huga verður að húsnæðisþörf deildarinnar samhliða nýrri námsbraut. Ein hugmynd er að breyta núverandi skipulagi húsnæðis deildarinnar þannig að húsnæðið í Hamri yrði einskorðað við verklega kennslu. Bókleg kennsla gæti farið fram annarsstaðar eða í hvaða kennslustofu sem er. Með nýrri námskrá er markmiðið að auka verklega kennslu til muna. Það útheimtir húsnæði, búnað og aðstöðu. Þó heyrst hafi af viljayfirlýsingu ráðherra þá er ljóst að einhver tími mun líða þar til röðin kemur að okkur og enn lengri tími þar til þær úrbætur verði tilbúnar. Gera verður ráðstafanir til að brúa bilið þarna á milli.

**Annað**
Í vetur var fundað með fulltrúum stóru veitufyrirtækjanna, Landsvirkjun, RARIK og OR, með samstarf í huga. Suðurland er mikið orkuframleiðslu og -flutningssvæði. Það er því hagur þessara fyrirtækja að huga til framtíðar með vel menntað starfsfólk. Búið er að undirrita samstarfssamning við Landsvirkjun og samningar við RARIK og OR eru á teikniborðinu og viðræður við þá á góðu skriði. Samningurinn felur í sér að fyrirtækin taka nema á ferilbók og styrkja skólann til tækjakaupa um tiltekna upphæð á ári. Á móti mun skólinn auka áherslu kennslunnar á þætti er varða starfsemi þessara fyrirtækja þó innan marka námsskrár. Unnið verður áfram í þessu og vonandi nást samningar við alla aðila á haustmánuðum. Það er mikilvægt að búa deildin tækjum sem hjálpa okkur að auðga kennsluna og gera hana fjölbreyttari og betri sem laða að góða nemendur.
Auka þarf samstarf enn frekar við grunnskólana og kynna betur fyrir nemendum námsgreinar er varða iðnað og tækni. Þetta gæti verið sameiginlegt verkefni allra deilda í Hamri og raungreinadeilda skólans unnið í samstarfi við atvinnulífið.
Aðsókn í deildina er góð og ljóst að hafna verður einhverjum umsóknum. Átján af þrjátíu og fjórum umsóknum eru frá nýnemum og því sextán eldri nemendur sem sækja um. Kvöldskóli gæti komið til móts þessa umsækjendur. Eins og áður segir var brottfall mjög lítið hjá þeim nemendum sem hófu nám síðasta haust og því verða kenndir tveir fullir (12-14) hópar á 1. og 3. önn. Það verður því líf og fjör í deildinni og í mörg horn að líta á næstu önnum.

## Raungreinar
Fagstjóri: Ester Ýr Jónsdóttir

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Nafn kennara | Áfangaheiti | Áfangaheiti |
| Brynja Valgeirsdóttir | LÍFF2EL05 | LÍFF2EL05 |

| | | |
|---|---|---|
| | LAND2EL05 | LAND2EL05 |
| Ester Ýr Jónsdóttir | EFNA2AE05<br>UMHV2UU05 | EFNA2AE05<br>EFNA3CL05<br>LÍFF3ÖR05 |
| Hekla Þöll Stefánsdóttir | LAND2EL05<br>JARÐ2JÍ05 | LAND2EL05<br>JARÐ2JÍ05<br>JARÐ3SJ05<br>STJÖ2AS05 |
| Jón Grétar Hafsteinsson | EFNA3BB05<br>NÆRI2AA05 | EFNA3BB05<br>NÆRI2AA05 |
| Ólafur Einarsson | LÍFF2EL05<br>LÍFE2LN05 | LÍFF2EL05<br>LÍFE2LN05 |
| Sölvi Snær Jökulsson | | STJÖ2AS05 |
| Thelma María Marinósdóttir | EÐLI2GR05<br>EÐLI3RS05 | EÐLI2GR05<br>EÐLI3VB05 |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**
Kennsla var með hefðbundnum hætti í náttúrufræðigreinum. Frá því að nám til stúdentsprófs var stytt hefur verið mjög erfitt að halda úti kennslu í náttúrufræðigreinum á þriðja þrepi en skólaárið 2023-24 voru nokkrir áfangar kenndir í fyrsta sinn um árabil.

Í haust var eðlisfræði - rafmagn og segulsvið (EÐLI3RS05) kennd í fyrsta sinn síðan 2015. TMM vann í samstarfi við Stefán Birni, kennara rafiðngreina í FSu, og notaði vefsíðu PhET (Physics Educational Technology, https://phet.colorado.edu/) til að bæta við verklega tíma.

Í örverufræði (LÍFF3ÖR05) gerði EÝJ breytingar á kennsluháttum frá því sem áður var en áfanginn var síðast kenndur 2017. Lítið var um fyrirlestra en nemendur unnu mikið af fjölbreyttum, skapandi og rauntengdum verkefnum þar sem stuðst var m.a. við ritrýndar fræðigreinar í nokkrum verkefnanna. Nemendur fengu kynningu frá Dagnýju í mötuneyti skólans á mikilvægi hreinlætis við matvælaframleiðslu og tóku örverusýni til ræktunar af nokkrum vel völdum snertiflötum í mötuneytinu.

Jarðsaga (JARÐ3SJ05) var einnig kennd í fyrsta sinn síðan 2017. Nemendur fóru í flóttaherbergi (e. Escape Room) sem gekk mjög vel. Einnig var unnið samstarfsverkefni í áfanganum með Sunnulækjarskóla. Verkefnið hlaut styrk úr Fageflingarsjóði, og gekk út á að efla samstarf milli FSu og Sunnulækjarskóla og kynna nemendum starfið sem fer fram innan skólans og þá með sérstakri áherslu á náttúrufræðilínu. Nemendur í stjörnufræði (STJÖ2AS05) prófuðu einnig að fara í flóttaherbergi sem tókst mjög vel.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**
Símat var í eðlisfræði (almenn eðlisfræði (EÐLI2GR05), rafmagn og segulsvið (EÐLI3RS05) og varma- og bylgjufræði (EÐLI3VB05)), almennri efnafræði (EFNA2AE05) og lífrænni efnafræði (EFNA3CL05), jarðfræði (jarðfræði Íslands (JARÐ2JÍ05) og jarðsögu (JARÐ3SJ05)), landafræði (LAND2EL05), líffræðigreinum (almennri líffræði (LÍFF2EL05), lífeðlisfræði (LÍFE2LN05) og örverufræði (LÍFF3ÖR05)), stjörnufræði (STJÖ2AS05) og umhverfisfræði (UMHV2UU05).

Lokapróf var í EFNA3BB05 og NÆRI2AA05, vægi lokaprófs var 55% í báðum áföngunum.

**Námskeið og ráðstefnur sem kennarar hafa sótt**
Almennt huguðu raungreinakennarar vel að starfsþróun sinni veturinn 2023 til 2024. Á haustönn 2023 fengu kennarar kynningar og tóku þátt í vinnustofum, námskeiðum og ráðstefnum. Í lok ágúst fengu EÝJ og HÞS kynningu og fræðslu frá Sjónstöðinni um lögblindu auk þess sem þær sóttu Menntafléttunámskeiðin *Fjölbreytileiki, fjölmenning og fjöltyngi* (EÝJ) og *Kennarinn sem rannsakandi* (HÞS, með sérstaka áherslu á gervigreind) sem hófust í september og stóðu fram í apríl 2024, alls 6 skipti. Í október HÞS sótti tvö námskeið á vegum PASCO Webinars, *Solar eclipse classroom investigation* og *Introduction to SPARKvue*, og ÓE sótti *Líffræðiráðstefnuna* sem haldin var í Öskju og hjá Íslenskri Erfðagreiningu (https://biologia.is/liffraediradstefnan-2023/). Í nóvember sótti EÝJ *Turnitin* vinnustofu í FSu og í streymi ráðstefnuna *Hvernig getur réttinda- og lýðræðislegt skólaumhverfi unnið gegn hatursorðræðu í skólastofunni?* sem Mennta- og barnamálaráðuneytið stóð fyrir.

Vorönn 2024 bauð einnig upp á fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar. Á tímabilinu janúar til maí sótti EÝJ tíu skipta *ART-námskeið* á vegum ART-teymis Suðurlands en skammstöfunin ART stendur fyrir Aggression Replacement Training og er ART-meðferð ætlað að efla sjálfsstjórn og félagsfærni barna og unglinga. Í mars sótti HÞS kynningu frá *Menntamaskínu*. Apríl bauð upp á mörg tækifæri til starfsþróunar en þá stóð Kennarasamband Íslands fyrir ráðstefnunni *Skóli nútíðar – vegvísir til framtíðar* og sótti EÝJ hana ásamt samkennara úr annarri deild við FSu. EÝJ, HÞS og SSJ sóttu í vinnustofu um gervigreind sem haldin var í FSu í apríl. Sama mánuð stóð Mennta- og barnamálaráðuneytið ásamt fleirum að ráðstefnunni *Gæði og jafnræði í kennsluháttum á Norðurlöndum á sviði stærðfræði og náttúruvísinda: Norræn greining á TIMSS gögnum* sem EÝJ sótti í streymi. BV sótti námskeiðið *Teaching Sustainable Development* á Tenerife dagana 25.-29. mars 2024. Á önninni luku EÝJ, HÞS og SSJ netnámskeiðinu *Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga fyrir þau sem starfa með 16-18 ára unglingum*. TMM sótti *EdX námskeið* í stærðfræði og eðlisfræði. SSJ er að ljúka MT-gráðu í námsleiðinni *Menntun framhaldsskólakennara* við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Útskrift verður í júní 2024.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Ný kennslubók *Örverufræði* var tekin upp í LÍFF3ÖR05, auk þess sem ný verkefni ásamt matskvörðum voru samin. Allt efni áfangans var því nýtt fyrir utan eina verklega æfingu og teiknimyndasöguverkefni. Áfangarnir JARÐ3SJ05 og UMHV2UU05 eru bókalausir þar sem kennslubækur þeirra eru úreltar. Í jarðfræðinni var að öllu leiti nýtt námsefni, bæði lesefni sem var mest af netinu og verkefni. Bætt var í lesefni af neti í umhverfisfræði. Nokkur ný verkefni voru útbúin til viðbótar við eða í staðinn fyrir eldri verkefni í áföngunum EFNA2AE05, EFNA3CL05, JARÐ2JÍ05, UMHV2UU05. Fyrir LAND2EL05 voru búnir til nýir matskvarðar fyrir mörg gömul verkefni og próf á ensku búin til og sett á Innu fyrir erlenda nemendur. Glærur með lesblinduletri, OpenDyslexic, voru útbúnar í líffræði og lífeðlisfræði, LÍFF2EL05 og LÍFE2LN05.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**
Engar tillögur komu frá raungreinakennurum varðandi starfsáætlun skólans en áherslur deildarinnar verða:
**Starfsþróun.** Fagstjóri mun leggja mikla áherslu á hvatningu til starfsþróunar þannig að við sem kennum raungreinar í FSu sækjum okkur reglulega yfir skólaárið vinnustofur og námskeið, tökum þátt í ráðstefnum og fræðslufyrirlestrum og miðlum okkar á milli því sem er markverðast hverju sinni. Mikilvægt er að við nýtum vel þau tækifæri sem bjóðast til að efla okkur í starfi sem faggreinakennarar á tímum örrar tækniþróunar og framfara. Einnig er mikilvægt að við höldum áfram að efla okkur sem einstaklingar.
**Deildarfundir** verða 2-3 á önn en þeirra á milli verða ýmis mál afgreidd í Teams-hópi raungreinakennara í FSu og þau bókuð á næsta fundi. Þannig hyggjumst við nýta dýrmætan tíma okkar allra sem skilvirkast og best.
**Áfangaframboð** verður áfram skoðað með gagnrýnum hætti á hverri önn m.t.t. þess hvort náttúrufræðiáfangar lendi í innbyrðis samkeppni og „drepi“ þannig hvorn annan.
**Náttúrufræðilínan** verður endurskoðuð áfram en í vor voru gerðar breytingatillögur á henni með það að sjónarmiði að þær verði nemendum til gagns og kennarar aðlaga sig að því.
**Kennslubækur, kennslugögn og námsmat.** TMM er að vinna ný kennslugögn fyrir eðlisfræði og ætlar að bæta við PBL (Problem-Based Learning) næsta vetur. HÞS og SSJ ætla að taka upp nýtt stórt verkefni í stjörnufræði sem miðar að því að búa til hlaðvarpsseríu. Einnig langar þau að kynna *Escape room* (flóttaherbergi) sem kennsluaðferð fyrir samkennara. Þau stefna á að sækja um í Fageflingarsjóð fyrir bæði verkefni. Í LÍFF2EL05 skoðar BV alltaf verkefnin með tilliti til þess hversu mikið nemendur græða á því að gera þau, hversu mikil áhrif þau hafa á þankagang nemendanna innan líffræðinnar. Engu stórvægilegu var breytt á þessari önn en hún fékk hugmyndir að því hvernig er hægt að yfirfæra betur upplýsingar úr verklegum æfingum yfir á verkefnaform, sem hún ætlar að prófa á næstu önn.
**Skrifstofurými** kennara verður stórbætt nú í sumar en áfram verður haldið með tiltektir og skipulag í geymslum og náttúrufræðistofum með það að leiðarljósi að stuðla að heilbrigðu og heilsusamlegu starfsumhverfi fyrir kennara og nemendur.
**Kennslurými** þarfnast umbóta í stofum 103 og 104. Kallað verður eftir þeim með formlegum hætti í haust og horft til þess að vinna við umbætur geti farið fram við lok næsta skólaárs. Haldið verður áfram með tiltektir og skipulag í stofum 103, 104 og 105 og geymslum sem tilheyra þeim.
**Félagatengsl** okkar hóps verða styrkt með samveru utan vinnu a.m.k. einu sinni til tvisvar á skólaári.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Mikil þörf er á nýjum borðum og nýrri aðstöðu til verklegra æfinga í stofum 103 og 104. Borðin í stofu 104 þurfa að vera há, færanleg og með háum stillanlegum stólum. Grænu hirslurnar og þær brúnu undir gluggunum viljum við taka niður að hluta og færa annað til í stofunni til að opna hana betur og fá aukið rými til verklegra æfinga. Aðstaðan nú er slæm fyrir nemendur og kennara sem þurfa að bogra yfir tækjum og erfitt er að ganga á milli þar sem of þröngt er um nemendur í verklegum æfingum. Einnig er þörf á að endurskoða aðstöðu til verklegra æfinga í stofu 103. Þörf er á að kaupa á ný áhöld og tæki fyrir eðlisfræðina þar sem sum eru óvirk eða ónýt auk þess sem tækninni fleytir fram og ný tæki líta dagsins ljós.

Kominn er tími á að skólinn kaupi nýjan rafstýrðan stjörnusjónauka til að nota samhliða þeim sem skólinn á. Um 40 nemendur koma í stjörnuskoðun og það er mjög erfitt að vera stöðugt að færa sjónaukann. Sá sem skólinn á nú þegar gæti þá beinst að tunglinu og reikistjörnum en sá rafstýrði yrði nýttur til að fylgja eftir smáum fyrirbærum sem er oft erfitt að finna aftur með þeim sem til er, eins og vetrarbrautum og ýmsum þokum. Munum leggja inn beiðni til stjórnenda í haust.

Eitt af því sem fylgir náttúrufræðiáföngum eru efni, áhöld og tæki til verklegra æfinga og sýnitilrauna. Því er mikilvægt að passa upp á að áfangar séu kenndir í viðeigandi stofum. Jarðfræðin þarf að vera í stofum 103, 104 eða 105 því það er krefjandi að fara með steinasafnið á milli hæða eða bygginga auk þess sem það fer illa með safnið.

Að vinnuaðstaða kennara á milli stofa 104 og 105 fái formlega heitið ***Ölhóll*** en það er nánar útskýrt hér neðar.

**Annað**
Mikið ánægjuefni er hve vel hefur gengið að fá nemendur í framhaldsáfangana en í haust var það í fyrsta sinn í langan tíma sem allir náttúrufræðiáfangar sem voru í boði á 3. þrepi voru kenndir og í vor voru allir þeir sem boðið var uppá kenndir, nema einn.

Á ráðstefnu Kennarasambands Íslands *Skóli nútíðar – vegvísir til framtíðar* var EÝJ með erindi sem bar heitið *Menntun og fagmennska kennara – Fjárfesting til framtíðar* í málstofunni *Fagvitund og fagmennska*.
Nemendur í landafræði (LAND2EL05) tóku þátt í keppni Landverndar um ungt umhverfisfréttafólk og komust tvö verkefni frá FSu í 5 skóla úrslit. Fór svo að við höfnuðum í öðru sæti og fer verkefnið áfram í alþjóðlega keppni *Young Reporters for the Environment*. Það var Sigurður Guðbjartur Guðmundsson sem átti verkefnið en hann rannsakaði mengun í Ölfusá og samdi ljóð um það sem birtist í Dagskránni 10. apríl.

Nemendur í stjörnufræði (STJÖ2AS05) fóru í stjörnuskoðun í Tjarnabyggðinni og einnig var sólin skoðuð með sólarsíunni.

Nemendur í jarðfræði (JARÐ2JÍ05) fóru í ferð á Reykjanesið á haustönninni, fyrsti áfangastaður var Nátthagi til að skoða hraunið sem rann þar og rauk vel úr því. Þar rigndi mjög mikið eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Einnig var stoppað í Krýsuvík og við Grænavatn. Á vorönn var ekki farið í jarðfræðiferð þar sem miklar jarðhræringar voru á Reykjanesinu og ekki nógu öruggt að skunda með hóp þangað.

Á skólaárinu tóku raungreinakennarar heldur betur til hendinni, fóru í gegnum bækur, möppur og blöð, skápa, hillur og skúffur í stofu 104 og í vinnuaðstöðu á milli stofa 104 og 105 Tiltektin vatt upp á sig og úr varð að ný borð eru komin í hús og þau stóru gömlu hafa verið fjarlægð, aðstaðan sem áður rúmaði 4 kennara rúmar nú 6 glaða kennara – aðstöðu sem við leggjum til að fái örnefnið ***Ölhóll*** og verði kölluð því heiti framvegis. Í FSu eru flest rými nefnd örnefnum úr nágrenni skólans. Forsaga þessarar beiðni hópsins er sú að fyrsta samverustund hans í um 10 ár fór fram nú í maí rétt við Ölhól

sem stendur við Sandvík en við hólinn áðu Selfossbændur, á heimleið úr kaupstaðarferð neðan af Eyrarbakka, og fengu sér síðustu sopana áður en heim var komið.

Ólafur Einarsson og Ágústa Ragnarsdóttir höfðu umsjón með umhverfisnefnd (FUND1UN01) Grænfánaverkefnisins en Grænfánaverkefnið er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni sem stuðlar að menntun til sjálfbærni. Landvernd hefur umsjón og heldur utan um verkefnið á Íslandi. Þess má geta að UNESCO telur Grænfánaverkefnið vera helsta innleiðingartæki menntunar til sjálfbærni í heiminum. Fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd Grænfánans á haustönn voru Auður Magnea Sigurðardóttir, Ágúst Jón Ágústsson, Ásdís Karen Jónsdóttir, Axel Sturla Grétarsson, Gígja Rut Gautadóttir, Hanna Carillo Renegado, Hildur Björk Gunnsteinsdóttir, Íris Birgisdóttir og Sofia Auðbjörg Haraldsdóttir. Á vorönn voru í nefndinni Axel Sturla Grétarsson, Hanna Carillo Renegado, Hildur Björk Gunnsteinsdóttir,  Sigríður Júlía Wium Hansdóttir og Sofía Auðbjörg Haraldsdóttir. Patrekur Kári Friðriksson kom til liðs við nefndina undir lok vorannar. Grænfánanefndin hittist í hádeginu einu sinni í viku og einnig í “Bragatíma” ef þörf er á. Náttúrvernd er þemað sem unnið er með núverandi Grænafánatímabil ásamt langtímaverkefninu vistheimt (https://landvernd.is/graenfaninn-themu/). Grænfánaúttekt á vegum Landverndar var í lok vorannar 2023 og hefur skólinn nú fengið Grænfánann tvisvar.

## Stærðfræði

Fagstjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

**Kennarar og áfangar**

| **Kennari** | **áfangar haustönn 2023** | **áfangar vorönn 2024** |
|---|---|---|
| Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir | STÆR1AA05 | STÆR3TL05 |
| | STÆR1RX05 | STÆR1RX05 |
| | STÆR2TL05 | STÆR2TL05 |
| | STÆR2ÞT05 | STÆR2ÞT05 |
| Ingvar Bjarnason | STÆR2HV05 | |
| Ingunn Helgadóttir | STÆR1RX05 | STÆR1RX05 |
| Jón Grétar Hafsteinsson | STÆR1AA05 | STÆR1BB05 |
| Kjartan Ólason | STÆR1AJ05 | STÆR1AJ05 |
| | STÆR2RU05 | STÆR2RU05 |
| | STÆR2VF05 | STÆR2VF05 |
| Kristjana Sigríður Skúladóttir | STÆR1AJ05 | STÆR1AA05/BB05 |
| | STÆR2AR05 | STÆR2AR05 |
| | STÆR2TL05 | STÆR2TL05 |
| | | STÆR3TL05 |
| | | STÆR2RU05 |
| Magnús Másson | STÆR2RU05 | STÆR2RU05 |
| | STÆR2HV05 | STÆR2HV05 |
| Renata Lis | STÆR2AF05 | STÆR3FD05 |
| | STÆR3FD05 | STÆR3TD05 |

| | | |
|---|---|---|
| | STÆR3HD05 | |
| | STÆR3SG05 | |
| Stefán Birnir Sverrisson | | STÆR1AA05 |
| Sölvi Snær Jökulsson | STÆR1AJ05 | STÆR1RX05 |
| Ægir Sigurðsson | STÆR2AF05 | STÆR1AJ05 |
| | STÆR2AR05 | STÆR2AF05 |
| | STÆR2VF05 | |
| | STÆR2ÞT05 | |

**Kennsluhættir á skólaárinu**

Margir stærðfræðikennnarar hafa heillast af hugmyndafræði Peters Liljedahl um „hugsandi kennslustofu". KSS og SSJ fóru á sumarnámskeið 2023, GHG hefur einnig tekið námskeið hjá Peter áður og fleiri kennarar vildu prófa að vinna með hugmyndafræðina í völdum kennslustundum. Okkur til mikillar ánægju hafa stjórnendur skólans stutt við þennan áhuga og með aðstoð húsvarðar sett upp tússtöflur á veggi nokkurra kennslustofa, raunar allra kennslustofa sem eru skilgreindar sem stærðfræðistofur, fjórar stofur í heildina. Við munum örugglega nýta þær vel áfram. Við buðum öllum stærðfræðinemendum skólans upp á valfrjálsan stoðtíma á miðvikudögum klukkan 15:00 líkt og undanfarnar annir. Tveir „mentorar" , úr hópi eldri nemenda, voru með til hjálpar okkur kennurum, á haustönn en þrír á vorönn. Úrræðið var misvel nýtt en mætingin jókst eftir því sem leið á önnina. Við prófuðum einu sinni að bjóða upp á stoðtímann í hádeginu (frá 12:10-13:05) Það var besta mætingin í þann stoðtíma af öllum stoðtímum annarinnar. Við ættum því að athuga hvort það megi breyta fyrirkomulaginu. Mögulega skapar það árekstra við nemendaráðsviðburði en allavega er það þess virði að skoða málið. Í sjálfsmatskönnun skólans kom m.a. fram ánægja foreldra með stoðtímana. Stoðtímarnir eru öllum opnir og teljum við það mikilvægt að bjóða öllum nemendum upp á þessa hjálp því nemendur eru með mjög misgott aðgengi að stærðfræðiaðstoð heima fyrir. Margir koma í stoðtímana til að vinna með öðrum án þess að þurfa endilega hjálp kennara. Það skapast mjög gott vinnuandrúmsloft í stoðtímum þar sem allir sem þar eru eru þar af fúsum og frjálsum vilja og sýna stærðfræðináminu fulla athygli og áhuga.

**Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Flestir stærðfræðiáfangarnir eru settir upp í þrjár til fjórar lotur sem hverri um sig lýkur með lotuprófi. Nemendur sem ná ákveðinni lágmarkseinkunn úr lotunum eiga þá kost á að sleppa lokaprófi. Þessi viðmið miðast við einkunnina 6 í hægferðarhópum en einkunnina 7 í öðrum hópum. Það hafa þó verið auknar kröfur á vorönn í RU áfanga þar sem markið var fært úr einkunn 6 í 7 og í HV áfanga úr einkunn 7 í 8. Þeir sem ekki ná viðmiðum eiga þá kost á að taka lokapróf. Virkni flestra nemenda yfir önnina er mun meiri í lotukerfinu en ella svo við viljum halda þessu hvatningarkerfi áfram. Á haustönn voru gerðar tilraunir með að hafa lokapróf fyrir alla í áföngum RU og HV. Þetta mældist ekki vel fyrir, nemendur og foreldrar kvörtuðu til námsráðgjafa og margir nemendur hættu í áföngunum á önninni. Það þarf að vera samræmt kerfi yfir áfanga skólans því nemendur „velja sig frá" próftökuáföngum ef þeir hafa val.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**
Stærðfræðikennarar hafa sótt hin ýmsu námskeið á skólaárinu eins og venjulega, má þar nefna meðal annars:

- Að byggja upp hugsandi kennslurými (e. thinking classroom) í stærðfræði á framhaldsskólastigi. (endurmenntun.is)
- Hugsandi kennslustofa á unglinga- og framhaldsskólastigi – haldið í Hagaskóla
- Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglinga – Fyrir þau sem starfa með 16-18 ára unglingum
- Teaching Sustainable developement

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Við höfum nú innleitt bækurnar *Stærðfræði 1 frá Iðnú* í STÆR1AJ05 og *Sko - kennslubók í horna- og rúmfræði frá Iðnú* í STÆR2RU05. Kennarar eru ánægðir með breytinguna. Við erum allaf að líta í kringum okkur eftir nýju námsefni sérstaklega í þriðja þreps áfangana.

**Breytingar á námskrá sem tengjast stærðfræðideild**
Fundað hefur verið um endurbætur á námskrá meðal kennara. Námsbrautirnar hafa verið teknar fyrir og ýmsar hugleiðingar komið frá rýnihópunum. Það sem snýr að stærðfræðideildinni er fyrst og fremst þetta tvennt.

a. Sameina fornámsáfangana STÆR1AA05 og STÆR1BB05 í einn áfanga. Hafa áfangann þannig að allir nemendur vinni að sömu verkefnum í einu. Nemendur ráða illa við einstaklingsmiðað nám á þessu stigi og sumir gera mjög lítið ef þeir eiga sjálfir að stjórna námi sínu og hraða yfirferðar. Á móti kemur að hópurinn er mjög breiður.

b. Annað var spurning um annað hvort félagsgreinastærðfræði á 3. þrepi með áherslu á vinnu með tölfræði og svo aðferðafræði félagsgreina í staðinn fyrir STÆR3TL05. Þessi athugasemd kom frá félagsgreinakennurum sem fóru yfir Félagsgreinalínu til stúdentsprófs. Þeim finnst vanta aðferðafrðiáfanga sem tekur til bæði eiginlegra og megindlegra aðferða og siðferði á brautina. Núna er STÆR3TL05 skylda á þeirri braut og vilja þau breyta því.

Stærðfræðideildinni er falið að ræða þessi mál og skila frá sér ályktun á komandi haustönn. Í kjölfarið þarf vinnu við þær breytingar sem ákveðnar verða og er þar komin hugmynd að umsókn í fageflingarsjóð. Til hliðsjónar má skoða punkta frá fundi HÍ og félagi skólameistara um undirbúning til háskólanáms þar sem ósk var um 3.þreps stærðfræðiáfanga til stúdentsprófs. Eins má skoða hvort STÆR3TL05 er líklegur til að lifa ef hann er tekinn úr skyldunámi félagsgreina. Það er einnig búið að vera hugmynd þeirra sem kennt hafa áfangann að breyta honum og hann hefur reyndar breyst en mætti breytast meira.

**Fagefling**
Tveir stærðfræðikennarar sóttu um styrk í fageflingarsjóð og höfðu hugsað sér að vera í námi í menntafléttunni „greindu betur“ og nýta þaðan hugmyndir til endurbæta áfangann STÆR3TL05, og búa til nútímalegri verkefni sem nýta þau verkfæri sem í boði eru. Við fengum samþykktan styrk til

verkefnisins. Ekkert varð svo úr námskeiðinu hjá menntafléttunni og það endaði með því að við önnum kafnir kennararnir ákváðum að fresta verkefninu og afþakka styrkinn.

**Samstarf skólastiga**

Á skólaárinu áttum við í stærðfræðideild afar lærdómsríkan fund með fulltrúum stærðfræðideilda þriggja háskóla (HÍ, HR og HA). Markmið fundarins er efling STEM greina á landsvísu. Þau sendu á undan sér spurningalista sem við kepptumst við að svara eins vel og við gátum. Þau hafa kortlagt hvernig okkar nemendum hefur gengið í háskólunum og hvaða brautir þau velja sér, brottfall og fleira. Eitt af því merkilega sem kom í ljós er að hátt hlutfall nemenda okkar velja kennaranám. Við vorum einnig í samstarfi við grunnskólana á svæðinu þar sem farið var yfir víðan völl eins og venjulega. Námsgögn, kröfur, kennsluaðferðir og námsmat voru reifaðar. Farið var yfir hvernig nýnemar skipast í áfanga eftir einkunnum og fjöldatölur seinasta nýnemahóps haustannar. Ósk kom frá grunnskólum um að fá upplýsingar um hvernig þeirra nemendum reiðir af eftir að þau koma í FSu. Við munum verða við þessari ósk að finna út hvernig nemendum reiðir af eftir skólum og láta eingöngu viðkomandi skóla í té sínar tölur. Þannig er mögulegt með tíð og tíma að lagfæra of- eða vanmat í einkunnagjöf við lok grunnskóla.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Starfsáætlun ætti að að vera að mestu óbreytt frá fyrra skólaári en helstu áherslur eru:

- Vinna með gróskuhugarfar í upphafi annar í öllum stærðfræðiáföngum.
- Láta nemendur setja sér markmið í upphafi annar.
- Halda áfram að safna gagnlegum verkefnum í stærðfræðibankann okkar og nýta betur TEAMS til gagnageymslu.
- Halda áfram með stoðtíma fyrir alla stærðfræðinemendur með aðstoð mentora úr röðum eldri nemenda sem komnir eru langt í stærðfræði.
- Sækja um styrk í fageflingarsjóð til að búa til nýjan fornámsáfanga í stað STÆR1AA05 og STÆR1BB05.
- Sækja um styrk í fageflingarsjóð til að bæta STÆR3TL05 áfangann en þar er einmitt skortur á nýju námsefni.
- Senda nokkra kennara í nám hjá HÍ á námskeiðið „Fjölbreytilegt nálgun á stærðfræðikennslu í framhaldsskólum“.
- Vinna áfram og dýpra með „thinking classroom“ aðferðafræði í skólanum.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.**

Við þökkum fyrir allar tússtöflurnar sem við höfum fengið í stærðfræðistofurnar. Okkur finnst skólayfirvöld hafa staðið sig með prýði gagnvart okkar óskum og þörfum. Nú vonumst við til að auka „hugsun nemenda í kennslustofunum“.

# Vélvirkjun

Fagstjóri: Borgþór Helgason

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Kennari | Áfangaheiti | Áfangaheiti |
| Jóhann Valdimarsson | HLGS2MI05<br>IÐNT2MI05<br>LOGS1UM05<br>RAFS1SU05<br>STÝR3GR05 | HÁMÁ2NH05<br>IÐNA3EI05<br>IÐNT3ML05<br>RENN1GR05 |
| Sigurþór Leifsson | PLVG1GR05<br>IÐNT2MI05<br>HAMÁ3NH05<br>BRAG1SA01 | VÖKT3VH05<br>MÁLM1SV02<br>IÐNT2VB04<br>HAMÁ1NH05<br>BRAG1SB01<br>AVVI3VF05 |
| Magnús Tryggvason | MÁLM1VA05 | MÁLM1VA05<br>HAMÁ1NH05 |
| Gísli Viðar Oddsson | AVVI2BB05<br>HLGS2MI05<br>IÐNA2EL05<br>VÉLF3FA05 | AVVI1VB05<br>AVVI3UV05<br>RENN1GR05 |
| Borgþór Helgason | LOGS1UM05<br>IÐNA2EL05<br>RAFS1SU05<br>KÆLI2SK05<br>TSVÉ2GV5 | IÐNT3ML05<br>HLGS2TI05<br>EFRÆ1MI05<br>TSVÉ3TV05<br>IÐNT2VB04 |

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Í flestöllum tilfellum var um símat verkefna sem unnin eru yfir annirnar að ræða. Vægi verkefna í AVVI1VB05 og AVVI3UV05 var breytt.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**

Tveir kennarar hafa samhliða vinnu sótt nám í kennsluréttindum. BH sótti námskeið í iðntölvustýringum.

Þekking í iðntölvustýringum þekking verður nemendum ómetanleg í framtíðinni enda eru iðntölvur meira og meira að koma við sögu í starfi vélvirkja.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Útbúið var nýtt handavinnuverkefni fyrir nemendur í handavinnu málmiðna 2, þar var smíðuð sandkassagrafa sem var hönnuð með hliðsjón af gröfu sem einn kennari deildarinnar hafði aðgang að og útfærslan aðlöguð að þeim tækjum og efnum sem deildin getur smíðað úr.

Keypt var ný bílalyfta sem er mjög góð og örugg fyrir nemendur að vinna við. Kostir hennar eru þeir að hún er færanleg, tekur lítið pláss og getur tekið litla sem stóra bíla mjög auðveldlega. Einnig er hægt að nota hana sem hæðarstillanlegt vinnuborð t.d ef teknir eru inn stórir rafalar/vélar.

Einnig var keypt ný Kemmpi mig mag sem hentar mjög vel til þess að sjóða þunnt stál einnig eru í henni margar nýjungar sem nauðsynlegt er fyrir nemendur að kunna á og vita af. Landsvirkjun stóð á bak við FSu með kaupum á þessum búnaði.

Skipt var út togþolsprófunnartæki sem Borgarholtsskóli keypti af FSu og í staðinn fengum við nýjustu gerð af Fronius ACDC tig og pinnavél sem kemur sér vel í kennslunni.

CNC skurðarborð var keypt inn og það fjármagnað með sölu á gömlum tækjum. Þetta skurðarborð er 3 ára gamalt en lítið notað og verður það notað við kennslu í CNC áföngum komandi anna.

Einnig var keypt inn ódýr tig vél frá Gastek og var hún fjármögnuð þannig að stóru leiti með því að nemendur tóku að sér árlegt viðhald á loftpressu sem notuð er við deildina. Þjónustugjaldið sem annars hefði runnið til Iðnvéla var notað til að kaupa Tig vél.

Kennsla í pípulögnum hófst á haustönn og gekk það nokkuð vel fyrir sig en það þarf að leggja töluverða vinnu í að endurraða rennibekkjum o.fl. inní verknámssal ef það á að koma öllu fyrir sem áætlað er næsta haust.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Varðandi stafsáætlun næsta skólaárs þá væri gott ef að skólinn myndi beita sér sérstaklega fyrir því að fá auka fjármagn til þess að græja deildirnar vel upp af verkfærum

Skólinn þarf að vera í fararbroddi í nýjungum og í takt við það sem er að gerast úti á vinnumarkaðnum. Breytingarnar eru hraðar og það þarf að koma auka fjármagn inn til þess að við getum útskrifað fyrsta flokks vélvirkja.

## Bókasafn

Forstöðumaður bókasafns: Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir

**Starfsfólk:**

Starfsmenn bókasafnsins eru þrír. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður er í 100% stöðu, Guðrún Þórðardóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur í 70% stöðu og Ingveldur Jónsdóttir bókavörður í 60% stöðu. Elín er einnig skjalastjóri skólans. Guðrún annast bókasafn Garðyrkjuskólans á Reykjum en vinnur að jafnaði einn til tvo daga í viku við bókasafn FSu. Auk þess er hún persónuverndarfulltrúi skólans.

**Opnunartími:**

Opnunartími safnsins er frá 8:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er opið til kl. 14:30.

**Útlán:**

Útlán eru færð á þrjá vegu: í fyrsta lagi í útlánaþátt bókasafnskerfisins Gegnis þar sem bækur, fartölvur og önnur safngögn eru skráð í útlán, í öðru lagi eru skammtímalán á kennsluefni innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag og í þriðja lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín sjálfir þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókina eru handfærð útlán á safnefni eftir atvikum.

| **Útlán:** | Haust 2023 | Vor 2024 | Samtals: |
|---|---|---|---|
| Í Gegni | 871 | 729 | 1600 |
| Fartölvuútlán | 1335 | 1384 | 2719 |
| Innan skólans | 2097 | 1865 | 3962 |
| Í bók | 22 | 9 | 31 |
| SAMTALS: | 4325 | 3987 | 8312 |

**Millisafnalán:**

Millisafnalán voru alls 40 talsins á skólaárinu. Þau voru fengin frá 8 bókasöfnum, bæði almennings- og framhaldsskólasöfnum. Líkt og fyrri ár var mest fengið að láni frá Bókasafni Árborgar, alls 20 bækur.

| **Millisafnalán frá:** | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 | Samtals: |
|---|---|---|---|
| Bækur frá söfnum | 13 | 15 | 28 |
| Mynddiskar frá söfnum | 4 | | 4 |
| SAMTALS: | 17 | 15 | 32 |

| **Millisafnalán til:** | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 | Samtals: |
|---|---|---|---|
| Bækur til safna | 3 | 4 | 7 |
| Mynddiskar til safna | | 1 | 1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| SAMTALS: | 3 | 5 | 8 |

**Gegnir:**

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Nánast allt efni sem berst á safnið er skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 480.660 á árinu 2023 eða kr. 40.055 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

**Gagnasöfn:**

Landsaðgangurinn á hvar.is felur í sér aðgengi allra sem tengjast netinu um íslenskar netveitur að tímaritsgreinum tæplega 19 þús. tímarita og þar af eru um 5.800 beint frá útgefendum. Framhaldsskólarnir hafa auk almenningsbókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka tekið þátt í kostnaði við landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefnum hvar.is. Greiðsluupphæð miðast við fjölda ársnema. Á árinu 2023 greiddi FSu kr. 119.475. Framhaldsskólar greiða fyrir Encyclopedia Britannica, ProQuest Central gagnasafnið og Web of Science.

Veforðabækur Snöru eru opnar á skólanetinu og eru mikið notaðar af nemendum og kennurum. Kennurum og starfsfólki skólans býðst einnig heimaaðgangur að Snöru og fjölmargir nýta sér hann.

Hægt er að komast inn á greinasafn Morgunblaðsins með lykilorði. Síðustu þrjú ár eru alla jafna í lokuðum aðgangi og krefjast þessarar innskráningar en efni eldra en þriggja ára er að finna inn á timarit.is. Skólinn greiðir fyrir aðgang og fær að auki pappírseintak sem liggur frammi á kaffistofu.

**Safnfræðsla:**

Nýnemadagur var 17. ágúst. Þá komu alls 11 hópar nýnema í heimsókn og fengu stutta á kynningu á bókasafninu og þjónustu þess.

Á haustönn fengu nemendur í FÉLA1SA05 kynningu á safninu, safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Bókasafnskerfið Gegnir var kynnt og þeim sýnt hvernig hægt er að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig var heimasíða bókasafnsins kynnt og vefurinn timarit.is. Í lok tímans unnu nemendur saman í pörum verkefni í tölvum á safninu sem þjálfar þá m.a. í að finna heimildir á leitir.is

Nemendur í heimildaritun í íslensku ÍSLE3HR05 fengu kynningar í byrjun haust- og vorannar. Í slíkri kynningu er mikil áhersla lögð á notkun leitir.is við heimildaleitir og að auki eru þeim kenndar ýmsar leitaraðferðir á netinu. Einnig er vefurinn timarit.is kynntur sem og Google Scholar. Fjallað er um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að vitna rétt í heimildir.

Nemendur í sjúkraliðanámi fengu safnkynningu á vorönninni en þau fengu ritgerðarverkefni um öldrun og sjúkdóma sem henni tengjast.

Talsverð verkefnavinna á safninu var lögð fyrir af kennurum og voru þá teknar saman heimildir fyrir þau verkefni sem voru afar fjölbreytt og skemmtileg, svo sem sjávarmengun í landafræði, mannslíkamann í lífeðlisfræði, ólík trúarbrögð í áfanganum Goða sem fjallar um goðafræði, efni um og eftir Halldór Laxness fyrir íslensku, bækur með Íslandslýsingum erlendra manna og kvenna fyrir íslenskuáfanga um þjóðskáldin og einnig í sama áfanga ljóðabækur eftir íslensku rómantísku skáldin. Á haustönninni voru teknar saman ævisögur fyrir söguáfangann SAGA3MS05 þar sem nemendur völdu sér ævisögur og unnu samantekt. Í áfanganum SAGA2YA05 fengu nemendur ritgerðarverkefni um Kalda stríðið, öfgastefnur, fyrri og síðari heimsstyrjöldina og var sett fram sem skilyrði að nota a.m.k. eina heimild úr bók. Þetta verkefni var lagt fyrir bæði á haustönn og vorönn og gekk mjög vel.

Guðrún var með kynningu í öllum hópum við Garðyrkjuskólann á vorönn 2024 í áfanganum Lokaverkefni. Þar var farið yfir helstu vinnubrögð við heimildaleit og ritun með nemendum því námsmat felst í skilum á lokaskýrslu. Einnig var Guðrún nemendum til aðstoðar við útvegun heimilda, textauppsetningu og frágang skýrslunnar.

Það er mikilvægt að kennarar nýti fagþekkingu okkar sem störfum á bókasafninu og safnkostinn til að styðja við kennsluna og gera hana fjölbreyttari.

Opið hús var 19. mars og komu þá fjölmargir gestir á bókasafnið og skoðuðu aðstöðuna. Fastur liður á vorönn er að fá nemendur 10. bekkjar í grunnskólum á Suðurlandi í heimsókn á bókasafnið. Námsráðgjafar skólans annast þessar heimsóknir og kynna námið og skólann. Þetta eru aufúsugestir og kærkominn hluti af vorkomunni á hverju ári.

**Skráning:**

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi á bókasafninu. Nýtt safnefni er skráð eins fljótt og mögulegt er, en eldra efni eftir því sem tími vinnst til. Á skólaárinu var afskrifað töluvert af úreltu safnefni á ýmsum efnissviðum. Grisjun á skólasöfnum er óhjákvæmileg, hún skapar pláss fyrir endurnýjun safnkostsins sem þarf ávallt að vera í takt við þarfir nemenda og skólasamfélagsins.

**Tímarit:**

Bókasafnið er með fasta áskrift að 35 tímaritum og einu dagblaði. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins og vefslóðir þeirra tímarita sem eru aðgengileg á rafrænu formi.

**Gjafir:**

Á skólaárinu bárust bókasafninu að gjöf 76 bækur og 7 mynddiskar. Stærstu bókagjafirnar bárust frá Vilhjálmi Lúðvíkssyni, efnaverkfræðingi og fyrrverandi formanni Rósaklúbbs Garðyrkjufélags Íslands og Sæmundi Guðmundssyni á Hellu sem er frumkvöðull í ræktun ávaxtatrjáa á Íslandi. Aðrir gefendur voru ýmsir einstaklingar og starfsmenn skólans sem sýndu velvilja sinn í verki. Er þessum aðilum öllum færðar þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins.

Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

## <u>Aðföng og skráning 2023-2024:</u>

| **Aðföng** | **Haustönn 2023** | **Vorönn 2024** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Bækur | 206 | 139 | 345 |
| Mynddiskar (DVD) | 7 | 1 | 8 |
| **Samtals** | **213** | **140** | **353** |

## Skráður safnkostur bókasafns FSu:

| **Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi)** | **Maí 2023** | **Aðföng haust 2023** | **(Uppfærður eintakafjöldi skv. Gegni í árslok 2023)** | **Afskr. á skóla-árinu** | **Aðföng vor 2023** | **Maí 2023** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| <u>Bækur</u> | 18.656 | 206 | **18.593** | 497 | 139 | 18.504 |
| <u>Nótur</u> | 48 | | **48** | | | 48 |
| Myndbönd | 68 | | **70** | 7 | | 61 |
| Mynddiskar (DVD) | 630 | 7 | **637** | | 1 | 638 |
| Mynddiskar (Blu-ray) | 13 | | **13** | | | 13 |
| Hljómplötur | 10 | | **10** | | | 10 |
| Geisladiskar (tónlist) | 73 | | **72** | 13 | | 60 |
| Geisladiskar (hljóðbækur) | 165 | | **158** | 8 | | 157 |
| MP3 hljóðbækur | 9 | | **9** | | | 9 |
| Snældur | 4 | | **4** | | | 4 |
| Margmiðl.diskar (tölvugögn) | 27 | | **27** | | | 27 |
| Skyggnur og glærur | 1 | | **1** | | | 1 |
| Leikjakassar og spil | 108 | | **108** | | | 108 |
| Möppur | 1 | | **1** | | | 1 |
| Gagnasett | 6 | | **6** | | | 6 |
| Kort | 28 | | **28** | | | 28 |
| Samtals | **19.847** | 313 | **19.785** | **525** | **140** | **19.675** |

**Rekstrarkostnaður 2023:**

| | | |
|---|---|---|
| Bækur | | 954.046 |
| Tímarit og blöð | | 280.085 |
| Landakort | | 4.857 |
| Kostnaður vegna Gegnis, landskerfis bókasafna | | 480.660 |
| Landsaðgangur að gagnasöfnum | | 119.475 |
| Snara, veforðabækur | | 160.000 |
| Greinasafn Morgunblaðsins | | 84.503 |
| Vefsíðan 123skoli.is | | 45.133 |
| Skógræktin, vefþula | | 61.410 |
| Streymisveita | | 2.835 |
| Styrkur til faglegs starfs bókasafns- og uppl.fræðinga í frh.skólum | | 20.000 |
| Bókaplast | | 29.500 |
| Vasareiknar | | 6.658 |
| Ritföng | | 7.150 |
| Opinber gjöld | | 8.263 |
| Dráttarvextir | | 416 |
| | Samtals | 2.264.991 |
| Ýmsar tekjur | | 22.909 |
| | Samtals | 2.242.082 |

**Tæki og búnaður:**

Á bókasafni FSu eru 10 borðtölvur, skanni, tveir laserprentarar: lita laserprentari (af gerðinni Canon i-SENSYS LBP673Cdw) og laserprentari af gerðinni HP LaserJet Managed MFP E52645, skrifari fyrir CD og DVD er í tölvu í kjallara, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, þrír litlir DVD-spilarar (lánaðir í kennslustundir), ritvél, leturvél, vifta og borðsími.

Nú í maí var tekinn niður einn lesbás, næstur miðrýminu, á neðri hæð bókasafnsins. Hugmyndin er að setja í staðinn eitt hópvinnuborð. Þegar þetta er ritað er unnið að endurbótum á lesborðunum með því að setja nýja rafmagnstengla í vinnuhæð. Þetta skapar meira öryggi en áður voru nemendur að stinga fartölvum og símum í samband í fjöltengi á gólfinu.

Alls eru þrettán fartölvur lánaðar nemendum í kennslustundir. Ellefu eru af gerðinni DELL Latitude og tvær nýjustu af gerðinni HP Probook. Útlán voru samtals 2719 á skólaárinu.

**Vinnuaðstaða:**

Vinnuaðstaða starfsmanna bókasafns FSu samanstendur annars vegar af afgreiðslurými og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Við hringstigann eru tveir laser prentarar sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að, annar þeirra lita laserprentari. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Í vinnurými inn af afgreiðslu er vinnuaðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er úrklippusafn sem inniheldur aðallega bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í vinnurýminu eru geymdar kvikmyndir og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni, auk þess sem fartölvur eru geymdar þar og hægt að hlaða þær milli útlána.

Í minni geymslunni í kjallaranum er sjónvarp og myndbandstæki. Í hópvinnuaðstöðu í kjallaranum er tölva sem er aðallega notuð til skönnunar og til að skrifa mynd- og hljóðdiska. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir bækur og eldri tímarit.

Í Garðyrkjuskólanum er vinnuaðstaða bókasafnsfræðings á skrifstofu skólans. Bókasafn Garðyrkjuskólans er á 2. hæð í aðalbyggingu og allur safnkostur sérhæfður á sviði garðyrkju.

**Skjalastjórnun:**

Skjalastjórnunarkerfið GoPro var tekið í notkun vorið 2019 og var gildistími fyrsta málalykilsins var frá 1. september 2018 - 31. ágúst 2023. Hvert skjalavörslutímabil er 5 ár og að þeim tíma liðnum skal endurskoða og uppfæra málalykil. Sumarið 2023 var kominn tími á þessa uppfærslu sem lauk um miðjan september og var nýr málalykill þá sendur Þjóðskjalasafni til samþykktar. Þegar skjalavörslutímabili lýkur þarf að fara yfir öll mál, kanna hvort allt sé rétt og skilmerkilega skráð, öll gögn til staðar og eftir þá vinnu er málum lokað. Stundum er ekki hægt að loka málum og í þeim tilvikum þarf að stofna framhaldsmál. Mikil vinna fór í þessa yfirferð á liðnum vetri. Jafnframt var hafist handa við undirbúning fyrir rafræn skil á þessu fimm ára tímabil til Þjóðskjalasafns og fengum við samþykki fyrir rafrænum skilum sem fela í sér að gerð verður vörsluútgáfa yfir skjöl frá 1. september 2018 - 31. ágúst 2023 og skal henni skilað til Þjóðskjalasafns fyrir 1. janúar 2025. Fjölbrautaskóli Suðurlands skal veita aðgang að gögnum úr rafrænu gagnasafni með skjölum (þ.e. GoPro) þar til þau hafa náð 30 ára aldri en eftir þann tíma veitir Þjóðskjalasafn Íslands aðgang að gögnunum.

Vorið 2023 var mikið átak sett í að fara í gegnum og kortleggja skjöl Garðyrkjuskólans sem voru í svonefndri Byggingu. Grisjunarbeiðnir voru sendar til Þjóðskjalasafns og fengust þær samþykktar að stórum hluta en ákveðin skjöl skal varðveita til frambúðar.

**Fundir, námskeið og ráðstefnur:**

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennara- og starfsmannafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru á tveggja til þriggja vikna fresti.

Samráðsfundur framhaldsskólanna með Landskerfi bókasafna var 7. september og sóttu Elín og Guðrún þann fund. Þar var farið yfir ýmis stillingaratriði í útlánum o.fl. í nýju bókasafnskerfi Gegnis

sem var tekið í notkun í júní 2022 en þá færðust öll framhaldsskólasöfnin saman í einn safnakjarna sem kallar á samræmdar reglur.

Elín fór á landsfund Upplýsingar sem haldinn var í Hafnarfirði dagana 21.-22. september. Yfirskrift landsfundarins var Get ég aðstoðað? og eins og hún gefur til kynna var aðaláherslan lögð á umfjöllun um þjónustu og uppbyggingu bókasafna í nútímasamfélagi.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímann. Fyrsti fundur skólaársins var haldinn í Menntaskólanum í Kópavogi 10. október og jólafundurinn var í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti þar sem Sigríður Hagalín Björnsdóttir las úr bók sinni, Deus. Næsti fundur var haldinn í Fjölbrautaskólanum við Ármúla 12. febrúar og loks heimsótti hópurinn Eddu, hús íslenskra fræða, þann 30. apríl og skoðaði þar nýtt og glæsilegt bókasafn. Elín og Guðrún sóttu báðar fyrstu þrjá fundina en Elín fór ein í heimsóknina í Eddu. Nú er framundan fræðsluferð SBF til Stokkhólms í byrjun júní. Elín og Guðrún sóttu báðar um styrk til Erasmus+ til ferðarinnar og fengu, en sökum óviðráðanlegra aðstæðna hjá Guðrúnu kemst hún ekki með í ferðina og fer því Elín ein með hópnum. Þess má geta að framhaldsskólarnir styrkja faglegt starf samstarfshópsins með því að greiða 10.000 kr. árgjald fyrir hvern starfandi bókasafns- og upplýsingafræðing. Elín er gjaldkeri hópsins.

Hópur skjalastjóra í framhaldsskólum heldur úti póstlista og virkri umræðu inn á Teams. Þangað er gott að leita eftir ráðleggingum og fá umræðu um ýmislegt sem varðar skjalastjórnun.
Elín sótti ráðstefnu hjá Félagi um skjalastjórn sem haldin var 31. ágúst. Þar var fjallað um stjórnkerfi upplýsinga (e. Information governance), en með vaxandi vitund um mikilvægi upplýsinga í viðskiptum og þjónustu er markviss stjórnun þeirra orðin lykilþáttur í starfsemi stofnana og fyrirtækja. Félag um skjalastjórn heldur reglulega fræðslufundi sem oftast er streymt. Þann 6. mars fjallaði Bjarni Jón Sveinbjörnsson um hvernig hefur verið staðið að fræðslu- og kynningarmálum við innleiðingu Hlöðunnar, upplýsingastjórnunarkerfis Reykjavíkurborgar og 10. apríl hélt Sigurður Kristinsson prófessor við Háskólann á Akureyri fyrirlestur um siðfræði og stjórn upplýsinga.
Skjalakönnun Þjóðskjalasafns var svarað í lok febrúar en tilgangur með slíkri könnun er að meta hvernig afhendingarskyldir aðilar ríkisins uppfylla lög og reglur um skjalastjórn. Aflað er upplýsinga um skjalakost, umfang pappírsskjala og rafrænna gagnasafna með því augnamiði að meta þörf Þjóðskjalasafns fyrir geymslurými í nánustu framtíð.
Elín nýtti sér flestöll námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila sem Þjóðskjalasafn Íslands stendur fyrir. Öll námskeiðin voru kennd í gegnum Teams, mjög gagnleg og skýr. Vorráðstefna Þjóðskjalasafns var haldin 15. maí og var yfirskrift hennar Upplýsingaöryggi í skjalavörslu og skjalastjórn – er eitthvað að varast? En í 22. gr. laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er að finna ábyrgðarákvæði afhendingarskyldra aðila um ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu. Fjallað var um upplýsingaöryggi íslenskra skjalastjórnunarkerfa, persónuvernd og raunlægt öryggi við skjalavörslu, skjalabjörgun í Grindavík og netógnir dagsins í dag.
Á vegum Hugvits sem rekur skjalastjórnunarkerfið GoPro var haldin ráðstefna 16. nóvember. Elín sótti þessa ráðstefnu sem bar yfirheitið ‚Nútíðin og framtíðin í málastjórnun', þar sem helstu nýjungar í GoPro voru kynntar og hvernig gervigreind mun í náinni framtíð nýtast í málavinnslu.
Samstarfi starfsfólks á skólasöfnum á Suðurlandi var hleypt af stokkunum með fundi í FSu í mars 2023. Tilgangur samstarfsins er að efla samvinnu og skapa tengsl á milli starfsfólks safnanna. Eftir fundinn var stofnuð Facebook síðan, ‚Skólabókasöfn á Suðurlandi'. Boðað var til haustfundar í FSu

fyrir hópinn 1. nóvember. Gestur fundarins var Þóra Jónsdóttir, upplýsingafræðingur í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði og sagði hún frá Bókabralli, samstarfsverkefni allra skólabókasafnanna í Hafnarfirði. Vorfundur hópsins var haldinn á bókasafni Grunnskólans í Þorlákshöfn 21. mars. Fjallað var m.a. um ítarleit í starfsmannaaðgangi Gegnis; nýja vefsíðu skólabókasafna skolasafn.is og gestgjafinn Þrúður Sigurðardóttir sagði frá ýmsum skemmtilegum verkefnum á bókasafninu. Ljóst er að þetta samstarf er komið til að vera og stefnt er að því að halda fund einu sinni á önn.
Elín fór á fræðslufund skrásetjara Gegnis sem haldinn var 30. maí. Þar voru mörg áhugaverð erindi sem varða t.d. skráningu á bókaflokkum sem ekki eru skilgreindir sem ritraðir, t.d. hvernig hægt er að ná saman öllum bókum um lögreglumanninn Erlend eftir Arnald Indriðason. Einnig var fjallað um verklag á skráningu á rafrænu efni í Rafhlöðunni, nafnmyndaskrár í skráningu og stöðu skráningarsamstarfsins í Gegni.

**Lokaorð**

Starfsemi bókasafnsins gekk vel á skólaárinu og má greina aukningu í notkun. Nemendur eru mjög duglegir að koma á safnið, bæði til að vinna verkefni og slaka á milli kennslustunda. Samstarf við kennara er mjög gott og yfirleitt láta þeir vita af fyrirhuguðum verkefnum með góðum fyrirvara. Bókasafnið nýtur stuðnings stjórnenda sem er afar dýrmætt og gerir kleift að efla safnkost og þjónustu við skólasamfélagið.

# Bragi
Fagstjóri: Ágústa Ragnarsdóttir

Kennarar og áfangar

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| **Nafn kennara** | **Áfangaheiti** | **Áfangaheiti** |
| Ágústa Ragnarsdóttir | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |
| Guðfinna Gunnarsdóttir | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |
| Guðmundur Garðar Sigfússon | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |
| Gunnar Rafn Borgþórsson | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |
| Hekla Þöll Stefánsdóttir | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |
| Hafdís Garðarsdóttir | BRAG1SA05 | |
| Ida Lön | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |
| Ingibjörg Markúsdóttir | BRAG1SA05 | |
| Magnús Tryggvason | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |
| Linda Rut Larsen | BRAG1SA05 | |
| Sigurþór Leifsson | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |
| Sigþrúður Harðardóttir | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |
| Þuríður Magnúsína Björnsdóttir | BRAG1SA05 | BRAG1SB05 |

**Nýjungar og þróun í kennsluháttum á skólaárinu**

Bragi var stokkaður upp að miklu leiti og gerðar fjölmargar breytingar á nálgun og kennsluháttum áfangans. Að byrja í nýjum skóla og nýju námsumhverfi er erfitt fyrir flest. Samræmt kennsluefni allt frá innlögnum yfir í verkefni var útbúið og matreitt fyrir kennara áfangans með áherslu á markvissa kennslu, góða nýtingu kennslustunda og sömu áherslur í öllum hópum. Farið á dýptina í öllu er lýtur að innra kerfi FSu hvort það er námskerfið, skólabragurinn eða félagslífið. Mentorar aflagðir, einkunnareglur bæði fyrir einstök verkefni sem og áfangann allan útbúnar. Lokaeinkunn ekki lengur gefin S eða F heldur í tölum.

**Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**

Til grundvallar námsmati var mæting 30%, verkefni 50% og annað 20% (s.s. virkni o.fl.). Í upphafi beggja anna lá fyrir hvernig hlutafallið skiptist nákvæmlega á milli námsþátta og innan verkefna. Nemendur söfnuðu alla önnina upp í lokaeinkunn, með mætingu, vinnslu verkefna og þátttöku í tímum eða öðru sem fyrir lá.

**Námskeið/endurmenntun sem kennarar hafa sótt / eða haldið**

Þessar upplýsingar koma fram í skýrslum annarra deilda þar sem Bragakennarar koma úr ýmsum deildum skólans.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Allt kennsluefni beggja anna var splunku nýtt og útbúið af fagstjóra Braga sem fékk til þess styrk frá Fageflingasjóði FSu.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Keyra nýtt námsefni hring nr. 2 með nýjum Bragakennurum. Engar meiriháttar breytingar verða gerðar þar sem almenn ánægja var með efnið hjá kennurum áfangans. Örlitlar breytingar verða þó gerðar eftir góðum ábendingum:

- Nýnemadagur: hafa meira svigrúm á milli stöðvarölts á nýnemadegi, tölvustöðin mætti vera tvöföld í tímalengd, mögulega fá NFSu til að vera með eitthvað að stöðvarölti loknu.
- Nýnemaferð: hafa gott aðgengi að mataraðstöðu, gæta vel að því hvaða rými í því húsnæði sem nýnemaferðin er í eru ekki ætluð nemendum, ekki sé í boði fyrir nemendur að drífa sig upp í rútur fyrr en dagskrá sé að fullu lokið.
- Aðeins minni fyrirsjáanleika með uppbyggingu kennslustunda í Braga A.
- Í námferilsvinnu í Braga B gæti verið möguleiki fyrir kennara að vera tveir og tveir saman.
- Setja inn í verkferlið að minna Bragakennara reglulega á að fylgjast með mætingum sinna nemenda almennt og grípa inn í fyrr en seinna.

- Hafa einn leiktíma á vorönn, endapunkt mögulega (sítrónuleit, myndaratleikur, strútabolti sem dæmi eins og var í árdaga Braga).

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

Uppfæra námsferils-skjal sem unnið var fyrir nokkrum árum og er í Excel. Gríðargott gagn sem þyrfti uppfærslu vegna breytinga á brautum, nýrra áfanga o.fl.

## Félagsráðgjöf

Félagsráðgjafi: Halla Dröfn Jónsdóttir

**Skólafélagsráðgjöf og kynningastarf**

Skólaárið 2023-24 starfaði einn félagsráðgjafi við skólann í 60% stöðuhlutfalli þar til í október á haustönn þegar starfhlutfallið hækkaði í 70%. Um er að ræða nýtt starf innan skólans en félagsráðgjafi var ráðinn til skólans í byrjun mars 2023. Í upphafi var félagsráðgjafi ráðinn tímabundið til að átta sig á umfangi þjónustunnar og þróa hana en fyrsta árið hefur farið í að móta starfið í samráði við starfsfólk skólans og nemendur. Til að vekja athygli á starfinu setti félagsráðgjafi saman upplýsingatexta sem finna má á heimasíðu skólans undir *starfssvið félagsráðgjafa*. Lögð var áhersla á að upplýsingarnar væru aðgengilegar og lýsandi fyrir þjónustu félagsráðgjafa.

Í byrjun mars 2023 þegar félagsráðgjafi tók til starfa var sendur upplýsingapóstur um þjónustu félagsráðgjafa á starfsfólk skólans, nemendur og forsjáraðila og rituð frétt sem birtist á heimasíðu skólans og í Dagskránni Fréttablaði. Fljótlega eftir að póstur barst nemendum og forsjáraðilum voru fyrstu viðtöl bókuð í gegnum bókunarkerfi á heimasíðu.

Til að vekja frekari athygli á þjónustu félagsráðgjafa hefur undirrituð verið með kynningar fyrir starfsfólk skólans og foreldra. Félagsráðgjafi tók þátt í foreldrakynningu nýnema sem haldin var í sal skólans 19. september sl. og opnu húsi þann 19. mars sl. þar sem nemendum 10. bekkjar og forráðamönnum gafst tækifæri til þess að skoða skólann og kynna sér námsframboð og þjónustu FSu.

Hér á eftir verður farið yfir helstu verkefni og fyrirkomulag starfsins undanfarið skólaár.

**Símenntun, fundir og samstarfsverkefni**

Félagsráðgjafi sótti ýmsa fundi og rafræna fyrirlestra á skólaárinu s.s fundarröð um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi í framhaldsskólum, grunnnámskeið tengiliða farsældar, framhaldsnámskeið tengiliða farsældar, morgunfund HSu *Tölum saman um ofbeldi,* netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun 12-16 ára barna og unglinga, ráðstefnu BUGL um þjónustu við trans börn og ungmenni og ráðstefnu um Lýðheilsu hinsegin ungmenna á landsbyggðinni. Þá sat félagsráðgjafi einnig kynningarfund með ungmennaráðgjafa Árborgar og fékk kynningu á nýju samstarfs- og þróunarverkefni í Árborg.

**Tengiliður í þágu farsældar barna**

Skv. reglugerð um tengiliði og málstjóra verður í það minnsta einn starfsmaður að gegna hlutverki tengiliðar í hverjum leik-, grunn- og framhaldsskóla og á hverri heilsugæslustöð. Félagsráðgjafi hefur sinnt hlutverki tengiliðar skólans.

Á undanförnu ári hefur félagsráðgjafi talað við fjölda einstaklinga m.t.t. samþættingar þjónustu. Í ákveðnum málum óskuðu forsjáraðilar eftir stuðningi tengiliðar með því að fylla út þar til gert eyðublað sem finna má á heimasíðu skólans. Í þeim málum óskuðu aðilar eftir því að gerð væri stuðningsáætlun þar sem sveitarfélag færi með málstjórn enda þörf á viðameiri þjónustu. Áður en beiðni sem þessi er send á sveitarfélag ber tengiliði að taka saman ákveðnar upplýsingar skv. leiðbeiningum barna- og fjölskyldustofu en það gerir hann í samvinnu við barn og forsjáraðila. Í málum sem þessum tekur félagsráðgjafi gjarnan þátt í stuðningsteymi sem stofnað er um barnið í framhaldinu. Á vorönn 2024 situr félagsráðgjafi í 4 slíkum teymum sem eru jafn mörg og á haustönn 2023.

Í öðrum málum hefur félagsráðgjafi veitt upplýsingar um sérhæfða þjónustu innan og utan skólans en ekki verið talin þörf á samþættingu þar sem grunnþjónusta var talin duga til og að lokum hefur undirrituð í hlutverki tengiliðar skipulagt og fylgt eftir málum í samþættingu á fyrsta stigi. Slík mál voru 15 á haustönn 2023 og 15 á vorönn 2024. Hugmyndin var að innleiða farsældarlögin á nokkrum árum svo búast má við því að fleiri mál muni verða unnin í samþættingu næsta skólaár.

Þau 15 mál sem unnið hefur verið með á fyrsta stigi eru fjölbreytt og snúa meðal annars að persónulegum áskorunum barns, hegðunarvanda, heilsufarsvanda, námsörðugleikum og erfiðum samskiptum á heimili og/eða í skóla. Þá hefur einnig verið óskað eftir samþættingu í málum þar sem tímabundnir eða óvæntir erfiðleikar hafa komið upp í lífi barns. Í fimm málum var yfirvofandi að barnið myndi hætta í skólanum en með samvinnu heimilis og skóla varð ekki af brottfalli.

Félagsráðgjafi hefur sótt fundi og setið rafræna fyrirlestra og námskeið í tengslum við hlutverk tengiliðar ásamt því að hafa kynnt sér reglugerð og annað efni sem liggur fyrir varðandi útfærslu. Þá hefur félagsráðgjafi tekið þátt í umræðuhópi varðandi hlutverk tengiliðar í grunn- og framhaldsskólum.

Eitt af yfirmarkmiðum farsældarlaganna er að draga úr og fækka alvarlegri málum. Ljóst er að ýmis tækifæri eru til slíks hér innan skólans öllum til hagsbóta. Nú þegar hefur reynt á góða samvinnu við fagaðila innan og utan stofnunarinnar þar sem mál hafa fengið farsælan endi og skilað sér í aukinni farsæld viðkomandi nemanda.

**Einstaklingsviðtöl**

Eitt af mikilvægu hlutverkum skólafélagsráðgjafa er að greina og meta þá þætti sem geta haft áhrif á námsferlið og almenna líðan nemandans. Skólafélagsráðgjafi vinnur út frá sjónarhorni áhættu og seiglu til að stuðla að góðri sálfélagslegri líðan og aðlögun nemenda.

Meðal helstu verkefna skólafélagsráðgjafa eru félagsleg- og persónuleg ráðgjöf við nemendur en margskonar ástæður lágu að baki heimsókna nemenda, m.a. vanlíðan, einmanaleiki, kvíði, álag, samskiptavandi, erfiðar heimilisaðstæður og félagslegur vandi. Í viðtölum er lögð áhersla á að

valdefla nemendur og vinna að lausnamiðaðri nálgun. Hverjum nemanda er mætt þar sem hann er staddur, með hagsmuni hans og heildarsýn að leiðarljósi þannig að unnið sé í samhengi við umhverfi hans og tengsl. Miðað er við að aðkoma skólafélagsráðgjafa sé fyrirbyggjandi inngrip en forsjáraðilar geta einnig óskað eftir viðtali varðandi hagsmuni og líðan ungmennis við skólann.

Skólaárið 2023-2024 hafa 115 nemendur leitað eftir þjónustu félagsráðgjafa í einstaklingsviðtali 60 nemendur á haustönn og 55 nemendur á vorönn. Af þessum 115 beiðnum sem bárust mættu fimm nemendur ekki í boðað viðtal. Nemendur geta sjálfir bókað viðtöl í gegnum rafrænt bókunarkerfi á heimasíðu skólans eða með því að hafa samband í tölvupósti. Nemendur pöntuðu tímana í flestum tilfellum sjálfir en einnig með aðstoð annarra innan stoðþjónustu skólans eða foreldra. Þeir sem skiluðu sér í fyrsta viðtal mættu flestir aftur en góð nýting var á þjónustunni. Viðtalstímar eru yfirleitt 50 mínútur en geta verið styttri eða lengri þar sem við á.

Ef farið er í stuttu máli yfir áherslur félagsráðgjafa í þessum viðtölum þá er lagt mat á vandann og stutt við nemendur miðað við þrjú til fjögur viðtöl að meðaltali. Jafnvel þótt lögð sé áhersla á að þjónustan feli ekki í sér langtíma meðferð heldur stuðning og leiðsögn til skemmri tíma er það mat félagsráðgjafa að í ákveðnum tilvikum geti verið gott að hitta nemendur í fleiri skipti. Þetta getur átt við í málum nemenda sem glíma við kvíða tengdan skólanum og mætingu í fjölmenna tíma en stuðningur á námstímanum getur haft mikið að segja varðandi úthald og mætingar þessara nemenda. Þetta getur einnig átt við um nemendur sem bíða eftir að komast að í annað úrræði og þurfa stuðning á meðan á biðinni stendur.

Til að kortleggja nánar líðan og stöðu nemenda voru sjálfsmatslistarnir Depression and Anxiety Stress Scale (DASS), PHQ-9, GAD-7 og Sjálfsmatskvarði Robsons (SCQ) lagðir fyrir nemendur auk þess sem stuðst var við viðtalsskimun ACEs. Listar sem þessir hjálpa til við að meta hvort vandi sé til staðar og hvort ástæða sé til frekari greiningar og meðferðar. Slíkir listar eru þó ekki lagðir fyrir í öllum tilvikum.

Þegar talin var þörf á sérhæfðari þjónustu var félagsráðgjafi nemendum innan handar við að leita eftir þjónustu í önnur kerfi og koma málum í viðeigandi farveg í samráði við nemendur og forsjáraðila. Hér reynir á að hafa góða yfirsýn yfir innviði velferðarkerfisins og samfélagsleg úrræði.

**Samstarf við foreldra og fagaðila**

Félagsráðgjafi átti í samstarfi við foreldra bæði í samþættum málum en einnig í málum annarra nemenda. Var slíkt samstarf ávallt í fullu samráði við nemendurna sjálfa. Markmið samstarfsins var að virkja stuðningsnet nemenda, leiða foreldra og barn saman í erfiðum málum og/eða eiga samtal við forsjáraðila í málum þar sem mælt var með áframhaldandi meðferð og/eða greiningu hjá viðeigandi meðferðaraðilum utan skólans. Þá hefur félagsráðgjafi setið fjölmarga teymis- og yfirfærslufundi á skólaárinu.

Þverfagleg samvinna félagsráðgjafa við ýmsa fagaðila innan skólans hefur reynst hjálpleg til þess að til að samhæfa þjónustu og úrræði í kringum einstaka nemendur. Félagsráðgjafi hefur átt í góðu samstarfi við umsjónarkennara erlendra nemenda en jafnframt sviðsstjóra sérnámsbrautar þar sem félagsráðgjafi situr í fjórum teymum.

Félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafar skólans starfa undir merkjum nemendaráðgjafar Fjölbrautaskóla Suðurlands og eiga saman fasta fundi aðra hverja viku. Meðal samstarfsverkefna er þróun á verklagi í tengslum við nafnabreytingu í INNU en vinnan er liður í því að gera starfsemi skólans hinseginvænni og koma þannig í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks. Þá hefur nemendaráðgjöfin unnið saman að forvarnarmálum sem snerta virkni og mætingar nemenda en spennandi verður að þróa slíkt áfram og vinna með á næsta skólaári.

Í Fjölbrautaskóla Suðurlands er mjög fjölbreyttur nemendahópur og mikilvægt að innan skólans sé tekið mið af stöðu nemenda í erfiðum félagslegum aðstæðum og þeim sem eiga í persónulegum vanda. Í fyrri ársskýrslum skólans má sjá að tilkynningum til barnaverndar hefur fjölgað á undanförnum árum sem gefur til kynna aukna þyngd í málum innan skólans. Skólaárið 2023-2024 voru sendar sex tilkynningar til barnaverndar og átti félagsráðgjafi einnig í samskiptum við barnaverndaryfirvöld í tengslum við málefni annarra nemenda. Aðrar stofnanir sem félagsráðgjafi átti í samskiptum við voru grunnskólar og skólaþjónustur, Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL), félagsþjónustur Sveitarfélaga, Fjölmenningateymi Árborgar, Frístundahús Árborgar, fósturheimili á vegum barnaverndaryfirvalda, Heilsugæslan, Vinnumálastofnun, sjálfstætt starfandi fagaðilar og lögreglan.

Í starfslýsingu félagsráðgjafa er kveðið á um ráðgjöf til starfsfólks. Töluvert hefur reynt á þetta þann tíma sem undirrituð hefur starfað við skólann. Helstu mál sem starfsfólk hefur leitað til félagsráðgjafa með eru mál sem varða áhyggjur af líðan og/eða heimilisaðstæðum nemanda, ofbeldi/áreitni og viðbrögð við slíku, hegðunarvanda, samskiptavanda og ráðgjöf í tengslum við önnur þjónustukerfi.

**Vinna að EKKO málefnum**

Á kennarafundi föstudaginn 8. september 2023 voru jafnréttisfulltrúi og félagsráðgjafi skólans með stutt erindi og fræðslu um EKKO málefni. Starfsfólk tók þátt í hópavinnu í kjölfarið og leysti ímynduð dæmi. Samantekt og niðurstöður voru sendar í tölvupósti á vorönn auk þess sem glærur voru sendar öllu starfsfólki. Mikilvægt er að starfsfólk sé meðvitað um mögulegar leiðir og viðbrögð og var þessi vinna liður í að skerpa á því. Með farsældarlögunum hefur verið sett meiri áhersla á forvarnir og fræðslu. Eins og var talað um 8. september býður Barna- og fjölskyldustofa upp á stutt netnámskeið fyrir starfsfólk skóla sem ætlast er til að allt starfsfólk fari í gegnum og svari nokkrum spurningum í kjölfarið. Starfsfólk fær skírteini að námskeiði loknu og var starfsfólk beðið um senda aðstoðarskólameistara skírteinið því til staðfestingar. Jafnréttisfulltrúi og félagsráðgjafi unnu svo eftirfarandi punkta upp úr yfirferð um aðgengi og útfærslu á EKKO málefnum á heimasíðu skólans.

1. Á heimasíðu, undir þjónusta, er aðeins tilkynning vegna eineltis en ekki ofbeldis.

2. Á heimasíðunni undir gagnlegt efni er hægt að tilkynna einelti, ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynbundið áreiti en ef maður ýtir á þann hnapp þá kemur aðeins boð um tilkynningu um einelti. Undir því boði eru hnapparnir verkferill vegna gruns um einelti og tilkynning um einelti, vantar EKKO atriðin.

3. Til þess að fara inn í ferlana þarf maður að finna stefnur og áætlanir á heimasíðu FSu og þar er hægt að velja viðbragðsáætlun vegna áreitni vegna ofbeldi/ nemendur og viðbragðsáætlun vegna samskipta, eineltis eða áreitni innan skóla/starfsmenn. Þetta er of löng og óaðgengileg leið.

4. Þyrftum að umorða og hafa í verkferli: Markmið með viðbragðsáætlun fyrir EKKO mál nemenda er að skýrt sé hvernig framhaldsskólar bregðast við þegar nemandi segir frá EKKO máli. Viðbragðsáætlanir geta þó aldrei fjallað með tæmandi hætti um öll viðbrögð enda verða þær að endurspegla skyldu framhaldsskóla til að meta hvert mál út frá aðstæðum.

5. Þurfum að endurskoða okkar verkferil með tilliti til þessa. Verkferillinn þarf að vera skýrari með tilliti til þessa: Viðbragðsáætlanir þurfa að endurspegla skilning á því að mismunandi reglur gilda um börn og fullorðna nemendur í skólum.

6. Í okkar verkferli þyrfti að skoða hvort eftirfylgni ætti að fá meira vægi: Viðbrögð skóla þurfa að lágmarki að fjalla um eftirfarandi skref: Upphaf, Fyrstu viðbrögð, Greining á aðstæðum, Aðgerðir skóla, Eftirfylgni,

7. Í okkar verkferli þarf að taka út setninguna ,,sáttaumleitun er mikilvæg“ þegar atvik hafa verið upplýst. En ástæðan fyrir því er að hvert mál er mismunandi og í ákveðnum málum er ekki mælt með því að einstaklingar séu leiddir saman (vísum í leiðarvísir EKKO 2.3.2).

8. Í verklagi er fjallað um hvernig skráningu á tilvikum EKKO mála sé háttað (undir formleg málsmeðferð) en mikilvægt er að skoða hvort það ákvæði sé virkt og viðeigandi aðilar séu meðvitaðir um hlutverk sín. Hér væri mikill stuðningur í því að hafa EKKO nefnd en í leiðarvísi EKKO málefna frá ráðuneytinu eru góðar leiðbeiningar varðandi þetta.

9. Hér vísum við í leiðarvísinn 1.4 þar sem mælt er með EKKO teymi í stærri skólum. Það hefur lengi staðið til að hafa jafnréttisnefnd en í henni gætu verið jafnréttisfulltrúi, félagsráðgjafi (farsældin), námsráðgjafi (AÓS tenging við Öruggara Suðurland) og fulltrúi nemenda (nemendaráð – nauðsynlegt að hafa tengingu við nemendaráð upp á miðlun til annarra nemenda) og (fulltrúi verknáms).

10. Við mælum með því að eigi síðar en í haust á starfsdögum FSu verði EKKO nefnd sett á laggirnar. Hennar fyrsta verk verður að skoða frekar og uppfæra verkferla og viðbragðsáætlanir í samræmi við leiðarvísi EKKO mála frá ráðuneytinu 22. mars 2024.

**Kynning á farsældinni fyrir starfsfólk skólans**

Í byrjun árs 2022 tóku gildi lög á Íslandi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, oft kölluð farsældarlögin. Markmið laganna er að stuðla að farsæld allra barna og að þau börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgengi að samþættri þjónustu við hæfi og án hindrana. Með tilkomu þessara nýju laga var þjónustunni stigskipt svo nú er þjónusta fyrir börn og ungmenni veitt á þremur þjónustustigum. Lykilatriðið er 1. stigið en fyrsta stigið er nýnæmi í lögum og hefur mesta kerfisbreytingin orðið þar. Þeir sem veita þjónustu á 1. stigi eru sem dæmi heilsugæsla, leik-, grunn- og framhaldsskólar.

Í lögunum kveður við nýjan tón í vinnu með börnum og ungmennum þar sem rík áhersla er lögð á samvinnu ólíkra aðila og stofnana. Nýjum lögum fylgja jafnframt ný hugtök og nýjar skyldur sem ná til alls stafsfólks skólans. Á haustönn var félagsráðgjafi með kynningu á farsældarlögunum fyrir allt starfsfólk skólans þar sem farið var yfir hlutverk starfsfólks út frá lögunum, aðferðarfræðina og helstu nýmæli. Í lok kynningar svaraði starfsfólk spurningum um gæði grunnþjónustu skólans þ.e. hvernig skólinn hefur lagt áherslu á forvarnir, aðgerðir gegn einelti og ofbeldi og aðgerðir sem styðja við jákvæðan skólabrag. Unnið verður frekar með afrakstur þeirrar vinnu á næsta skólaári.

**Framtíðarsýn**

Mikil eftirspurn hefur verið eftir viðtölum við félagsráðgjafa síðustu tvo vetur og fyrsta ár starfandi félagsráðgjafa farið í að móta og skipuleggja starf sem ekki hefur verið til staðar áður. Nemendur hafa fengið stuðning og ráðgjöf í tengslum við fjölbreytt viðfangsefni og mikið samstaf verið við ólíka fagaðila innan og utan skólans.

Þjónusta í nærumhverfi nemenda er til þess fallin að bæta velferð og vellíðan þeirra. Undirrituð hefur áður starfað í annarri og þriðju línu þjónustu og fann fljótt, eftir að hafa hafið störf, gildi þess að mynda tengsl við nemendur í þeirra nánasta umhverfi. Það að nemendur leiti sjálfir eftir þjónustunni talar vel inn í áherslur farsældarlaganna sem leggja áherslu á snemmtæka íhlutun. Til þess að stuðla enn frekar að þessu mun undirrituð á næsta skólaári jafnframt vera með kynningar fyrir nemendur í tímum.

Fyrsta skólaár félagsráðgjafa í starfi hefur bæði verið skemmtilegt og lærdómsríkt og hlakkar undirrituð til að þróa starfið enn frekar.

## Fjarnám grunnskólanemenda

Umsjón: Pelle Damby Caroee

Fjölbrautaskóli Suðurlands býður nemendum 10. bekkja grunnskóla á Suðurlandi upp á fjarnám í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði. Fjarnámið stendur þeim til boða sem lokið hafa námsmarkmiðum 10. bekkjar í viðkomandi grein með hæfnieinkunnina B+ eða A. Þeir 15 grunnskólar sem teljast til upptökusvæðis FSu fá boð um að nýta þetta fjarnám fyrir sína nemendur.
Áfangar sem stóðu til boða á haustönn 2023 voru: ENSK2OL05, DANS2FJ05, ÍSLE2OS05. Ekki var eftirspurn eftir fjarnámi í íslensku.

Á vorönn 2024, voru framhaldsáfangar í ensku og dönsku, ENSK2YL05 og DANS2ME05 kenndir auk grunnáfangans STÆR2AR05.

Á haustönn 2023 hófu 33 nemendur frá 3 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám. Í ensku byrjuðu 24 nemendur, 22 luku áfanganum, tveir hættu þegar önnin var hafin. Í dönsku byrjuðu 23 nemendur, 22 luku áfanganum en einn hætti á önninni.

Á vorönn 2024 hófu 50 nemendur frá 3 grunnskólum á Suðurlandi fjarnám í framhaldsáföngum í ensku og dönsku og grunnáfanganum í stærðfræði. 21 nemandi hóf nám í ensku og luku 20 þeirra áfanganum, einn hætti. Í dönsku hófu 21 nemandi fjarnám, 20 luku áfanganum en einn hætti á

önninni. Í stærðfræði hófu 8 nemendur nám, allir luku áfanganum.

Mikilvægt er að þeir grunnskólanemendur sem hyggjast stunda fjarnám frá FSu hafi lokið námsmarkmiðum 10. bekkjar með B+ eða A í einkunn. Að auki krefst námið sjálfsstæðra vinnubragða, sjálfsaga og skipulagshæfni og einungis þeir nemendur sem standast þessar kröfur eiga erindi í fjarnámið. Þá er nauðsynlegt að nemendur hafi góðan stuðning í grunnskólunum og að hver grunnskóli tilnefni tengilið sem hefur umsjón með náminu og er í sambandi við kennara fjarnámsins í FSu. Grunnskóli sér um að sækja um áfanga fyrir hönd nemenda. Kennarar FSu hafa umsjón með fjarnáminu og sjá um allt námsmat sem tengist áfanganum. Í áföngum með lokaprófum er prófað í grunnskólum viðkomandi nemanda og sér kennari FSu um að senda tengiliðum grunnskóla prófin sem þeir leggja svo fyrir. Þetta getur líka átt við um stöðu-/lotupróf. Úrlausn nemanda er svo send kennara FSu sem sér um námsmatið. Greitt er innritunargjald fyrir þessa nemendur sem annaðhvort sveitarfélag eða forráðamenn greiða.

Samráðsfundur FSu með grunnskólakennurum af Suðurlandi í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði var haldinn miðvikudaginn 1. nóvember 2023. Góð mæting var á fundinn og þátttakendur voru sammála um að fundur sem slíkur bjóði upp á nauðsynlegan vettvang til uppbyggilegs samtals og samstarfs er varða skil skólastiga, fjarnám, námsmat, kennsluaðferðir og fjölmarga aðra afar gagnlega þætti.

Grunnskólakennarar voru ánægðir með nýtt fyrirkomulag sem felur í sér að hafa samráðsfundinn fyrr á skólaárinu, og ætlum við að halda þessari hefð áfram á næsta skólaári.

## Flóafár 2024

Nefndin: Eva Dögg Jafetsdóttir, Halldóra Björk Guðmundsdóttir Tómas Davíð Ibsen Tómasson

**Inngangur**

Flóafár var haldið föstudaginn 1. mars í kjölfar 2ja Kátra daga. Í Flóafársnefnd voru kennararnir: Anna Kristín Valdimarsdóttir, Eva Dögg Jafetsdóttir, Halldóra Björk Guðmundsdóttir og Tómas Davíð Ibsen Tómasson. Formaður íþróttaráðs Guðmundur Steindórsson hélt utan um undirbúninginn fyrir hönd nemenda og með honum voru tveir nemendur úr íþróttaráði við undirbúninginn en það voru Hanna Dóra Höskuldsdóttir og Jóhann Már Guðjónsson. Liðin voru 5 talsins; **Disco dynamite:** Liðstjórar Erna Eir Þórðardóttir og Embla Dís Gunnarsdóttir, **Fight Club:** Liðstjórar Einar Gunnar Gunnlaugsson og Jason Dagur Þórisson, **Hawaii:** Liðstjórar Atli Dagur Guðmundsson og Skarphéðinn Steinn Sveinsson, **Íslenski Herinn**: Liðstjórar Halldór Hugi Hermannsson, Kristján Björn Knútsson og Sigursteinn Andrason og **Skúrkar ehf.:** Liðstjórar: Lára Marheiður Karlsdóttir og Sigurður Guðbjartur Guðmundsson. Verkefnið gengur út á að kennarar í pörum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppa um að leysa þrautirnar hratt og vel. Fyrir það fá liðin stig og það lið sem fær flest stig vinnur og hlýtur leirbikar. Aukalega eru veittar viðurkenningar fyrir heróp, borðlagningu, svæði, búninga, hópmynd og skemmtiatriði, auk þess sem bestu búningar kennara að mati nemenda (tískulöggur meta) hljóta viðurkenningu.

**Undirbúningur fyrir Flóafár 2024**
Fyrsti fundur Flóafársnefndar var haldinn 14. desember 2023, alls voru haldnir 12 fundir fram að fárinu ásamt reglulegum samskiptum á Messenger, fundirnir urðu fleiri vegna þess að ýmis vandamál komu upp (sjá skjal á H: drifi um fundargerðir).

**Kostir Flóafárs sem verkefni:**
Verkefnið er heildstætt, raunverulegt, þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga, hafa samband við marga aðila úti í bæ til að leita styrkja/þjónustu, samvinna innan liðs, hugsa hlutina fram í tímann, gera verkáætlun og fylgja henni eftir, gera fjárhagsáætlun og fylgja henni eftir, annars reka þau sig á. Verkefnið er skapandi og krefst hugvits. Verkefnið krefst skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum og æfingum. Verkefnið krefst þrautseigju og dugnaðar. Verkefnið krefst samskiptahæfni, að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað er „sanngjarnt“. Verkefnið reynir á samþættingu og líkist í mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „þekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta verkefni það sem kemst næst því að innihalda alla grunnþættina í skólastarfinu þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

**Framkvæmd á Flóafársdag 2024**

- Dagurinn byrjaði með því að nemendur áttu að mæta kl.8:15 til umsjónarkennara til að láta merkja við sig á stöðum sem umsjónarkennarar áttu að vera búnir að láta nemendur sína vita af fyrir fram.
- Fjögur svæði voru á fyrstu hæð (innri og ytri hluti mötuneytis og gryfjan) og eitt svæði á svölum austan megin á annarri hæð og þurftu liðin að vera búin að undirbúa svæðin fyrir kl. 23 á fimmtudagskvöldinu. Það gekk vel og öll liðin lögðu sig fram við að gera svæðin sín flott.
- Íþróttaráðið fékk ljósmyndara með góða myndavél (Axel Sturla Grétarsson og Konráð Ingi Finnbogason) til að taka hópmyndir af liðunum um morguninn kl. 8:45 og gekk það nokkuð vel. Liðsstjórarnir vissu af myndatökunum og liðsstjórar allra liðanna voru búnir að skipuleggja uppsetningu liðsins þegar ljósmyndararnir mættu.
- Liðin voru látin koma eitt og eitt í einu niður stigann á víxl vestan og hægra megin og inn í sal og stjórnaði formaður íþróttaráðs (búið var að fara yfir skipulagið með liðstjórum fyrir og vissu allir í hvaða röð liðin ættu að koma niður, byrjað var á þeim stærstu og síðan komu hin, stóru liðunum var raðað í sitthvorn endann á salnum)
- Íþróttaráð sá um upphitunardans fyrir liðin (að þessu sinni var hitað upp með fugladansinum).
- Formaður íþróttaráðs sá um að láta liðin fara með herópin sín og ræsa þau af stað í þrautirnar.
- Áhersla var á að liðin myndu ljúka þrautunum en ekki fara sem hraðast í gegn. Liðin fóru samviskusamlega á allar stöðvar og leystu þrautirnar vel.
- Viðurkenningarskjöl voru veitt fyrir besta búning starfsfólks og til þeirra liða sem hlutu sérverðlaun. Flóafársnefndin sá um að prenta verðlaunaskjölin út daginn áður og plasta þau.

- Íþróttaráð var með hljóðnema og stjórnaði öllu uppi á sviði, það gekk vel.
- Guðbjörg Helga og Ægir Sig. sáu um útreikninga stiganna og gerðu það af mikilli fagmennsku.
- Vel gekk að ná stigamiðum úr stofum og Hamri, hjálpuðust nefndin og tveir úr íþróttaráði að.
- Þegar fánaberi kom í mark setti hann fánann í stand og þar með var liðið formlega komið í mark.
- Skemmtiatriði (sem í ár voru fjölbreytt – dans, söngur, leikþættir og jafnvel allt í bland) voru sýnd eftir að öll lið voru komin í mark.
- Kústar, moppur og rusla ílát voru aðgengileg fyrir liðin til að þrífa eftir sig. Auka ruslatunnur skiluðu betri umgengni. Við leggjum til að hafa fötur við ruslatunnurnar til að hægt sé að tæma hálfkláraðar gosdósir áður en þeim er hent í dósapokann. Eitthvað var um að vökvi sullaðist í tunnurnar sem er afar hvimleitt fyrir ræstingarfólkið.
- Varðandi frágang og umgengni þá fékk liðið Skúrkar ehf. sértakt hrós fyrir umgengni í gryfjunni, sem hefur sjaldan verið eins góð og í ár. Heilt yfir var umgengi góð að einu svæði undanskildu, má þar nefna confetti og kökuslag, sem gerði þrifin á svæðinu enn erfiðari vegna fitu (skúringavélarnar spóluðu í fitunni og confetti-ið klístraðist við gólfið). Því miður lentu þrifin á mest á ræstingarfólkinu, þó nefndin hafi reynt að hjálpa til.
- Liðið hafði fengið leyfi fyrir að hafa confetti í salnum, sem gekk betur að þrífa. Umræða um að banna confetti og candy floss. Mikilvægt að taka umræðu um uppsetningu sem auðveldar frágang í lokin. Frágangur eftir Flóafárið gekk annars vel og var öllu lokið um kl.16:00.
- Formaður íþróttaráðs sá um að panta 30 pizzur og nemendaráð borgaði. Mikilvægt að panta pizzurnar tímanlega.
- Fight Club sigraði Flóafársþrautina
- Verðlaun fyrir besta kennarabúninginn hlutu Kristjana Sigríður Skúladóttir og Ingibjörg Markúsdóttir sem söngkonan Bríet.
- Mismunandi aðilar veittu sérverðlaun. Björgvin, Olga Lísa og Sigursveinn völdu besta skemmtiatriðið, Flóafársnefnd valdi besta svæðið, stuðningsfulltrúar völdu bestu búningana, Ágústa Ragnars og Guðfinna völdu bestu myndina, Guðbjörg Helga og Ægir völdu besta herópið, Bertha og Guðbjörg Bergsveins völdu bestu borðskreytinguna en þemað var „útskriftarveisla“.
- Nefndin gekk á milli stofa meðan á þrautunum stóð og safnaði stigamiðum til að stigaverðir gætu hafið talninguna og örfáir kennarar skiluðu afgangs þrautamiðum til nefndar eða stigavarða.
- Námsráðgjafar voru saman með þraut sem hefur reynst vel því þá getur einn þeirra stokkið til ef á þarf að halda t.d. ef nemanda líður illa þennan dag.
- Nefndin klæddist sem persónur úr kvikmyndinni Hangover að þessu sinni.

**Atriði til að hafa í huga næst:**

- Við upphaf skipulagningarinnar er gott að fara til Sigursveins og fá lista yfir þá starfsmenn sem vitað er að verða ekki á staðnum Flóafársdaginn. Þá er þeim ekki raðað í þraut.

- Brýna fyrir starfsmönnum að tilkynna forföll tímanlega til Flóafársnefndar.
- Kátu daga nefnd ætti að hafa val um að vera með stöð eða vera varamenn, hafa frjálsara hlutverk.
- Æskilegt er að kennarar í Flóafársnefnd fundi með nemendaráði og íþróttaráði í byrjun annar áður en undirbúningur hefst fyrir alvöru. Mikilvægt er að allir séu með sitt hlutverk á hreinu og hvernig skuli staðið að undirbúningnum.
- Allt íþróttaráð verður að vera virkt, sem það var í ár.
- Hugmynd um að hafa verðlaun fyrir liðið með besta fráganginn.
- Engar fésbókarsíður og auglýsingar frá liðum fyrr en eftir kynningu í sal (þjófstart bannað).
- Skráningar í lið fóru fram á Forms með góðri raun. Anna og Tómas sömdu póst til nemenda (sjá í Bréf) sem Sigursveinn sendi til nemenda. Nemendur fengu eftirfarandi fyrirmæli: *Til að geta skráð sig þurfa nemendur að vera skráðir á skólaaðganginn sinn (Microsoft Office 365) til þess að skráningin fari í gegn.* Eitthvað var um að nemendur ættu í erfiðleikum með skráninguna og leituðu á skrifstofuna. Helga Dögg var ekki meðvituð um skráningarferlið og leitaði til okkar. Það er mikilvægt að þær á skrifstofunni séu settar í cc. þegar pósturinn er sendur út og séu hafðar með í ráðum til að þær séu betur í stakk búnar til að leiðbeina nemendum.
- Endurmeta þarf skráningarferli –spurning hvort hægt verði að gera það í gegnum Innu á næsta ári, þar sem hægt verði að stilla hámarksfjölda. Halda áfram að hafa sem jafnast í liðum.
- Endurmeta skráningu erlendra nemenda - fá Sissu í lið með okkur
- Auka verðlaun fyrir fána?
- Sl. ár hefur fyrirkomulagið varðandi aðstöðu og aðstoð á smíðaverkstæði í Hamri verið laust í reipunum. Eðli málsins samkvæmt þurfa liðin að hafa sambandi við kennara í Hamri tímanlega ef þeir þurfa aðstöðu/hjálp þaðan. Útbúið var Online skráningarskjal til að auðvelda skipulagið. Mikilvægt er að kynna fyrirkomulagið fyrir liðunum snemma á ferlin. Best væri að hvert lið skrái í skjalið, hvor og hvernig þau ætli að nýta aðstöðuna, bæði já og nei.
- Liðstjórar tilnefndu 10-15 lykilþátttakendur auk liðstjóra. Þeir skiluðu þeim lista til Önnu Kristínar. Farið var fram á að þeir tilnefndu hlutverk hvers og eins lykilþátttakanda og hver ber ábyrgð á hverju (Fjármál, skemmtiatriði, svæði), tvö lið af fimm gerðu það. Mikilvægt að lykilhlutverkin séu skilgreind til þess að allir viti sín hlutverk og kennarar geti talað við rétta aðila þegar á þarf að halda.
- Hvetja liðstjóra til að leita til iðn- og listnámsnemenda til að vera í liðunum.
- Kennarar verði í beinu sambandi við liðsstjóra, ekki hafa íþróttaráð sem millilið.
- Það er mikilvægt að það séu komnir liðsstjórar a.m.k. **þremur vikum fyrir Flóafár** og endanleg lið liggi fyrir á miðvikudegi einni og hálfri viku fyrir fárið.
- Fara vel yfir reglur með liðsstjórum um hvað má og hvað ekki, hlutverk tískulögga o.þ.h. ekkert phú eða neikvæðni gagnvart öðrum.
- Liðin þurfa að fá úthlutuðum tíma í salnum til æfinga á skemmtiatriði í síðustu vikunni. Gott væri að útbúa skipulag fyrir það.

- Athuga hvort hægt sé að setja varanlegar festingar í loftin fyrir tjöld í hlutlausum lit sem skólinn myndi kaupa og væri hægt að nota á milli ára. Þá þurfa liðin ekki að vera að útvega grindur og tjöld til að aðskilja svæðin.
- Senda pepp-póst á starfsfólk til að hvetja þá til að hjálpa við frágang.
- Brýna fyrir liðstjórum að skila inn „Tískulögguspjöldum“ og kústssköftum. Merkja við hvaða lið eru búin að skila.
- Mikið spurt um lengd á atriði: Æskileg lengd 5 – 8 mínútur, en má vera sveigjanleg.
- Við þurfum að gefa okkur meiri tíma þegar kynning liðanna eru í salnum. Mikilvægt að hafa smá undirbúningstíma fyrir nefndina á kynningardaginn. Það fór margt úrskeiðis sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir með betra skipulagi (kominn gátlisti í möppu). Í fyrsta lagið þarf að láta Kalla húsvörð vita af kynningunni með fyrirvara, það er gott að hann sé í húsi og geti verið okkur innan handar t.d. opna salinn, stólar, tengja tölvu og hljóðkerfið. Það er hægt að fá lánaða tölvu hjá Kalla og það er best að nýta hana ef tölvur nemenda virka ekki og við erum með allskonar viðkvæmar upplýsingar í okkar tölvum og vont að hafa nemendur með þær ef eitthvað færi úrskeiðis. Liðstjórar þurfa að senda kynningarnar til formans íþróttaráðs með fyrirvara (best deginum áður en kynningarnar fara fram) og formaðurinn þarf að vera búinn að opna þær og gera allt klárt. Gott er að hefja kynningar kl:12:30, það er ekki hentugt að byrja kl. 12:10 vegna kennslu í salnum.
- Spurningar? Má byrja að auglýsa á samfélagsmiðlum strax eftir kynningarnar? Án þess að bæta fólki inn í?

Það hefur verið miðað við að kennarar í Flóafársnefnd sitji í henni þrjú ár í röð. Eva og Tómas eru búin að vera þrisvar sinnum í Flóafársnefnd og hafa nú lokið sínum tíma. Anna Kristín og Halldóra voru að hefja sitt fyrsta ár og næstu skref hjá þeim eru að finna staðgengla fyrir Evu og Tómas, þær eru sammála um að álagið var mikið og mikilvægt að það komi fleiri inn. Það kemur vel út að hafa kennara í bóknámi, verknámi og á sérnámsbraut í Flóafársnefnd. Þannig fást tengingar við ólíkar brautir skólans.

Öll gögn sem viðkoma undirbúningnum eru vistuð í möppu á H-drifinu undir Flóafár 2024.

## Garðyrkjuskólinn að Reykjum

Deildarfulltrúi: Svala Sigurgeirsdóttir

**Ársskýrsla Garðyrkjuskólinn FSu**

Starfsemin hefur gengið ágætlega síðastliðinn vetur, meginþorri nemenda var í fjarnámi.
Skyldumæting allra nemenda er í lotuvikur og því mikið að gera á athafnasvæði skólans þær vikur, heppilegt að veðurfar hefur verið hagstætt þennan veturinn.
Niðurrifi á geymsluhúsnæði skólans var lokið á vordögum og því lítið eftir af geymsluplássi á svæðinu, auk þess er búið að rífa elstu gróðurhúsin á Reykjum.
Opið hús á sumardaginn fyrsta tókst sérlega vel, veðurblíða var með eindæmum og mikill gestafjöldi. Forseti Íslands afhenti Garðyrkjuverðlaun ársins að venju.
Margir hópar hafa heimsótt Reyki í vetur, bæði skólahópar og aðrir hópar og fengið leiðsögn um svæðið.

**Garðyrkjuskólinn Reykjum FSu 2023-2024**

| Nemendafjöldi á brautum | | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 | Luku námi vor 2024 |
|---|---|---|---|---|
| BSB | Blómaskreytingabraut | 15 | 9 | 2 |
| GS | Garð- og skógarplöntubraut | 30 | 25 | 6 |
| LRM | Námsbraut um lífræna ræktun matjurta | 22 | 16 | 4 |
| SN | Námsbraut skógar- og náttúru | 11 | 13 | 3 |
| SGB | Skrúðgarðyrkjubraut | 27 | 29 | 6 |
| YB | Ylræktarbraut | 25 | 18 | 8 |
| | | **130** | **110** | **29** |

| Starfsfólk á Reykjum | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 | Starfshlutfall |
|---|---|---|---|
| Fastráðnir kennarar | 4 | 4 | 100% |
| Stundakennarar | 14 | 11 | |
| **Starfsfólk annað** | | | |
| Bókasafnsfræðingur | 1 | 1 | 80% |
| Á kennsluskrifstofu | 1 | 1 | 60% |
| Umsjónamaður fasteigna | 1 | 1 | 100% |
| Í gróðurhúsum og á útisvæði | 3 | 3 | 100% |

| Námsmat í áföngum | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Netpróf | 4 | 4 |
| Skrifleg próf | 18 | 12 |
| Verkefni | 8 | 9 |
| Lokaskýrsla | | 6 |

| Próf þreytt utan Reykja | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 38 | 32 |
| Fjöldi prófa | 41 | 32 |

# Grunnmenntabrú

Umsjón: Bjarney Sif Ægisdóttir

**Inngangur**

Grunnmenntabrú (GRB) hefur verið starfrækt, með því fyrirkomulagi sem hún byggir á í dag, í átta skólaár. Fyrstu tvö skólaárin var verkefnið þróað og fjármagnað með styrkveitingu frá Menntamálaráðuneytinu sem leið til þess að sporna við brotthvarfi. Þegar átaksverkefninu á vegum ráðuneytisins lauk ákvað skólinn að halda verkefninu áfram enda mikilvægt námstilboð fyrir nemendur skólans sem uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir skólans, en eftir að

styrkveitingunni lauk minnkaði stöðuhlutfall sem fór í umsjón, þróun og utanumhald með nemendum á brautinni.
Markmið grunnmenntabrúar eru meðal annars að aðstoða nemendur við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra. Nemendur eru fræddir um mismunandi leiðir í menntakerfinu og aðstoðaðir við að marka sér stefnu í námi og starfi. Til þess að uppfylla þessi markmið voru þróaðir áfangarnir NÁSS1GA05 (haustönn) og NÁSS1GB05 (vorönn). Áfangarnir eru skylduáfangar á grunnmenntabrú. Í þessum áföngum er áhersla lögð á kennslu í námstækni, sjálfsstyrkingu og starfsfræðslu. Kennsla í þessum efnisþáttum fer fram í tveimur kennslustundum á viku og í tveimur kennslustundum fá nemendur aðstoð við heimanám og sérstakan stuðning í námi. Í heimanámsaðstoðinni eru tveir kennarar þar sem að minnsta kosti annar þeirra er umsjónaraðili grunnmenntabrúar. Með þessu móti kynnist umsjónaraðili brautarinnar námsstíl nemenda og hefur góða yfirsýn á námsframvindu nemenda á brautinni.

**Brautarstjórn og sérstaða brautar**

Verksvið umsjónaraðila grunnmenntabrúar er að halda utan um brautina, eiga regluleg samskipti við nemendur, kennara og forráðamenn nemenda, þróa námsbrautina og meta árangur námsins. Einnig fylgist umsjónaraðili reglulega með mætingu nemenda á brautinni og kemur upplýsingum þar að lútandi til forráðamanna og nemenda. Brautarstjóri hittir flesta nemendur í fylgd með forráðamönnum við upphaf náms (vorið áður eða um haustið) þar sem markmið og fyrirkomulag náms á grunnmenntabrú er kynnt, farið er yfir skólasóknarreglur, stöðu nemenda og mikilvægar persónulegar upplýsingar. Utanumhald með nemendum felur einnig í sér símtöl og viðtöl við forráðamenn og nemendur, teymisfundi og fleira, en reynslan sýnir að þörfin er mismikil milli nemenda.
Umsjónaraðili með grunnmenntabrú skólaárið 2023-24 var Bjarney Sif Ægisdóttir. Nýnemar og nemendur sem eru nýir á grunnmenntabrú, en koma af sérnámsbraut skólans voru í sérstöku utanumhaldi í áföngunum NÁSS1GA05 (haust) og NÁSS1GB05 (vor). Vegna fjölda nemenda voru tveir námshópar í hvorum hóp á þessu skólaári. Anna Fríða Bjarnadóttir sá um kennslu í öðrum NÁSS hópnum fyrir áramót, á móti Bjarneyju og Tómas Davíð Ibesen sá um kennslu í öðrum NÁSS hópnum eftir áramót á móti Bjarneyju. Með Bjarneyju kom Kristjana Sigríður inn í námsstuðningstímana og Tómas Davíð kom inn í námsstuðningstímana hjá Önnu Fríðu. Eftir áramót sá Bjarney um kennslu og umsjón í öðrum NÁSS hópnum og Kristjana Sigríður kom inn til að aðstoða í námsaðstoðinni og Tómas Davíð sá um kennslu og umsjón í hinum NÁSS hópnum eftir áramót og Ingunn Helgadóttir kom inn í námsstuðningnn. Þess má geta að fleiri nemendur eru skráðir á grunnmenntabrú en þeir sem eru í NÁSS hópunum, en það eru í flestum tilfellum nemendur sem hafa áður verið í sérstöku utanumhaldi og lokið NÁSS áföngunum en uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans.

**Námsframvinda nemenda haustönn 2023**

Haustið 2023 hófu 34 nemendur nám á grunnmenntabrú. Þessir nemendur voru langflestir eða allir nýnemar sem að höfðu ekki uppfyllt hæfniviðmið á aðrar brautir skólans. Þessir nemendur voru í tveimur NÁSS hópum. Sex nemendur hættu námi á önninni eða byrjuðu jafnvel ekki (mættu aldrei eða mjög sjaldan). Þeir 28 nemendur sem kláruðu önnina voru samtals skráðir í 856 einingar og stóðust 639 eða 75% þeirra eininga sem þeir lögðu upp með í upphafi annar. Þessi námsárangur er heldur lægri en áður, þ.e. fleiri einingar töpuðust en áður en það getur verið af ýmsum ástæðum, einnig hættu fleiri námi á önninni en áður, eða byrjuðu jafnvel ekki.

**Námsframvinda nemenda vorönn 2024**

Við upphaf vorannar 2024 voru 35 nemendur í sérstöku utanumhaldi á grunnmenntabrú í tveimur NÁSS hópum. Fjórir nemendur hættu námi á önninni og fóru að vinna. Nemendurnir sem að voru skráðir í nám út önnina voru samtals skráðir í 918 einingar og við lok vorannar höfðu þeir náð 507 einingum, eða 55% af þeim einingum sem þeir lögðu upp með í upphafi annar. 10 nemendur náðu öllum þeim einingum sem þeir lögðu upp með í upphafi annar, eða öllum nema einum áfanga. Sex nemendur sem voru skráðir í nám alla önnina náðu minna en 5 einingum á önninni, þar af voru þrír sem náðu engri einingu.

Þessi námsárangur er ennþá lakari en á haustönninni og talsvert mikið lakari en árin á áður, en aldrei áður hafa jafn margar einingar tapast hjá þessum nemendahópi. Margir nemendur áttu í erfiðleikum með mætingar, mun fleiri en hingað til og skýrir það að einhverju leiti námsárangurinn, en vissulega eru einnig fleiri og samverkandi þættir sem hafa eflaust áhrif á þennan námsárangur.

**Umræður og framtíðarsýn**

Nemendafjöldinn á grunnmenntabrú virðist kominn í nokkuð jafnvægi, yfirleitt í kringum 30-40 nemendur. Fyrir þann nemendafjölda er gott að hafa tvo námshópa og sitthvorn kennarann með utanumhald með sitthvorum hópnum eins og var á þessu skólaári. Nemendahópurinn á grunnmenntabrú var fjölbreyttur að venju. Flestir þeirra nemenda sem innritast á brautina eru með einhverjar greiningar um námserfiðleika en þó ekki allir. Einhverjir nemendur sem innritast á brautina eiga sögu um að hafa misst töluvert úr grunnskóla, ýmist vegna veikinda, skólaforðunar eða annars. Nemendurnir eiga það sameiginlegt að hafa ekki uppfyllt hæfniviðmið grunnskólans í a.m.k. tveimur kjarnagreinum og þurfa að styrkja námshæfni sína til að geta uppfyllt inntökuskilyrði á aðrar brautir skólans.

Það er mikilvægt að haldið sé sérstaklega utan um nemendur á grunnmenntabrú þar sem staða þessara nemenda er yfirleitt viðkvæm og fyrri reynsla úr skólakerfinu ekki alltaf jákvæð. Oft er um námserfiðleika að ræða sem að hafa haft áhrif á námsárangur, en einnig er stundum að baki fjölþættur vandi, skólaforðun, erfiðleikar með mætingar og ýmsir félags- og persónulegir erfiðleikar.

Þessi vetur var að mörgu leyti nokkuð hefðbundinn á grunnmenntabrú, tveir hæfilega stórir námshópar og tveir kennarar með sitthvorn hópinn. Árið áður hafði verið töluvert um ýmsa hegðunarerfiðleika hjá nemendum á grunnmenntabrú en það var ekki staðan í ár. Hinsvegar var meira um erfiðleika með mætingar, óvenju margir nemendur hættu námi og óvenju margir áttu erfiðleikum með mætingar og voru skráðir úr áföngum, eða hættu að mæta undir lok annar. Námsárangur þessa skólaárs er í samræmi við mætingar, en aldrei áður hefur námsárangur nemenda á grunnmenntabrú verið jafn slakur og í ár. Það er mikilvægt að fylgjast með þessari þróun og ígrunda vel hvað veldur. Erfitt er að greina ástæður þessa í ár að svo stöddu, með öðru en getgátum. Það sem er víst er að mikilvægt er að halda sérstaklega utan um þennan nemendahóp og fylgjast vel með mætingum og bregðast við ef mætingar fara að dala. Í takt við lakari námsárangur eru færri en vanalega sem að ná að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar brautir. Flestir nemendur sækja um á öðrum brautum og í mörgum tilfellum inn á iðn- og starfsnámsbrautir fyrir næsta haust, en þegar þetta er ritað er ekki komið í ljós hversu margir munu komast inn á þær brautir sem þeir óskuðu eftir. Þó er mikilvægt að hafa í huga að margir nemendur náðu góðum námsárangri og hafa uppfyllt inntökuskilyrði inn á aðrar brautir í ár, þótt fleiri en vanalega hafi ekki náð þeim árangri.

Umsjónaraðili GRB hefur yfirleitt lagt könnun fyrir nemendur í lok fyrsta námsárs. Í ár voru það 22 nemendur sem að svöruðu könnuninni sem að var nafnlaus og órekjanleg. Helstu niðurstöður úr könnunini eru að 54,6 % nemenda eru mjög ánægð eða frekar ánægð með námið á grunnmenntabrú, og 45,5% svöruðu hvorki né. 68,1% nemenda sem svöruðu könnuninni finnst námið á GRB hafa styrkt sig sem námsmann, 27,3% svöruðu hvorki né. 45,5% þeirra sem svöruðu könnunninni telja að líðan sín hafi batnað eftir upphaf náms í FSu, 9,1% telja að hún hafi batnað mjög mikið og 40,9% telja að líðanin hafi ekki breyst. Sömu niðurstöður eru úr spurningunni um sjálfsmynd sína sem námsmenn, 45,5% nemenda telja að hún hafi styrkst, 9,1% að hún hafi styrkst mjög mikið og 40,9 að hún hafi ekki breyst. Aðspurðir um heimanámstímana segjast 57,2% að þeim hafi þótt þeir góðir eða mjög góðir og 23,8% svara hvorki né. Aðspurðir un starfsfræðslutímana segjast 50% nemenda þeir hafi þótt þeim góðir eða mjög góðir en 40,9 taka ekki afstöðu eða svara hvorki né.

Umsjónaraðili grunnmenntabrúar hefur í gegnum tíðina haft áhyggjur af námsframvindu nemenda eftir að utanumhaldi í NÁSS áfanganum líkur. Það væri gott ef hægt væri að fylgja nemendunum betur eftir þegar þeir hafa lokið náminu á grunnmenntabrú, en hingað til hefur lítill tími gefist til þess. Ákveðinn hópur nemenda leitar sjálfur til námsráðgjafa að loknu námi á brautinni en það væri gott ef hægt væri að fylgjast markvissara með öllum hópnum því stundum reynist stökkið á milli fornámsáfanga í kjarnafögum og fyrstu framhaldsskólaáfanganna töluvert. Það væri mikið framfaraskref ef þessir nemendur, líkt og aðrir nemendur skólans, hefðu aðgang að námsveri þar sem þeir gætu fengið aðstoð með verkefni og heimanám í töflugötum. Slíkt námsver myndi einnig nýtast nemendum með annað móðurmál en íslensku vel og væri mikilvægur þáttur í að styðja við nám allra nemenda á skólatíma og einnig óháð aðstæðum heima fyrir.

Það er mikilvægt að áfram sé markvisst unnið að því að halda sérstaklega utan um þann nemendahóp sem að innritast á grunnmenntabrú. Ástæður þess hvers vegna nemendur ná ekki hæfniskröfum grunnskólans í kjarnafögum og geta þar af leiðandi ekki innritast inn á aðrar námsbrautir skólans eru jafn margar og nemendurnir eru margir. Hver nemandi hefur sína sögu. Flestir nemendur eru með einhverjar greiningar um námserfiðleika, en það er þó ekki í öllum tilfellum. Það er mikilvægt að hafa það í huga að það er einhver ástæða fyrir því að nemandinn náði ekki markmiðum grunnskólans og því er mikilvægt að hann fái auka aðstoð fyrst um sinn í framhaldsskólanum til þess að aðstoða nemandann við að ná markmiðum sínum. Það er mismunandi hvaða leið nemendur velja að loknu námi á grunnmenntabrú, en markmiðið á þessu fyrsta ári er að efla námshæfni nemandans, aðstoða þau við að byggja upp trú á eigin getu og seiglu í námi, auk þess að efla sjálfsmynd og sjálfsskilning þeirra og stuðla um leið að ígrundaðra náms- og starfsvali í framtíðinni.

Nemendahópurinn sem hefur nám á grunnmenntabrú að loknum grunnskóla er almennt viðkvæmur nemendahópur sem þarfnast mikið utanumhald og stuðning. Mikilvægt er að NÁSS kennslustundirnar fái að vera á góðum stað innan skólans og af fenginni reynslu þá hentar salurinn ekki vel fyrir þennan nemendahóp, bæði vegna staðsetningar og umhverfi salarins, en það rými er bæði allt of stórt og heldur því ekki vel utan um hópinn, en einnig þyrftu að vera þar opnanlegir gluggar. Á þessu skólaári var NÁSS staðsett í almennri kennslustofu á 3. hæð Odda á haustönn og í almennri kennslustofu í Iðu á vorönn. Aldrei áður hefur NÁSS verið kennt í Iðu og þrátt fyrir að umsjónaraðili hafi haft ýmsar efasemdir um að sú staðsetning myndi reynast vel, að þá kom það skemmtilega á óvart. Kosturinn við að vera í Iðu var að þar skapaðist mikil ró, minna utanaðkomandi áreiti var af göngum líkt og gerist gjarnan í Odda, en einnig var minna ráp á nemendum. Helsti

ókosturinn er að þá er lengra að sækja tölvur fyrir nemendur sem eru stundum gjarnir á að gleyma tölvum, en einhverjir náðu að venja sig á að sækja tölvu áður en tími hófst.
Það að starfsfólk grunnskólanna á svæðinu er farið að þekkja grunnmenntabrúna og hugmyndafræðina á bak við hana hjálpar til við að ná markmiðunum með brautinni, því nú er orðið algengara að nemendur velji grunnmenntabrú sem námsleið að loknum grunnskóla. Margir nemendur fara í viðtal ásamt forráðamönnum sínum fyrr tilstilli námsráðgjafa grunnskólans til umsjónaraðila grunnmenntabrúar undir lok grunnskólagöngu. Það fyrirkomulag hentar vel til þess að ræða t.d.  staðsetningu nemandans í námi á framhaldsskólastigi, útskýra mun á grunnmenntabrú og öðrum námsbrautum, kynna námsbrautina, mynda tengsl, draga úr kvíða svo nokkur atriði séu nefnd. Þetta verður til þess að fleiri nemendur byrja á brautinni á haustin eftir að hafa valið hana sem námsleið að loknum grunnskóla, í stað þess að sækja um á annarri námsbraut, komast ekki inn og vera ósáttir með að byrja á grunnmenntabrú. Með þessu eru nemendur því oftar sjálfir upplýstari um námstilboðið og hafa tekið  ákvörðun um að hefja nám á brautinni.
Ég vil þakka þakka sérstaklega þeim kennurum sem að voru með okkur í heimanámstímum á námsbrautinn í vetur, þeim kennurum sem kennt hafa fornámsáfanga í kjarnagreinum ásamt kennurum sem kenna nýnemaáfangana, FÉLA, UMHV, ÍÞRÓ, BRAG og öðrum kennurum sem hafa komið að námi nemenda á grunnmenntabrú fyrir gott samstarf í vetur.

## ÍSAN og umsjón með nemendum af erlendum uppruna

Umsjón: Sigþrúður Harðardóttir

**Kennarar og áfangar**

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Nafn kennara | Áfangaheiti | Áfangaheiti |
| Sólveig Sigmarsdóttir | ÍSAN2ÍA05<br>ÍSAN2ÍB05<br>ÍSAN3MA05<br>ÍSAN3MB05 | ÍSAN2ÍA05<br>ÍSAN2ÍB05<br>ÍSAN3MA05<br>ÍSAN3MB05 |
| Sigþrúður Harðardóttir | ÍSAN1GA05<br>ÍSAN1GB05<br>ÍSAN1AA<br>ÍSAN1BB05<br>ÍSAN2ÍA05<br>ÍSAN2ÍB05<br>ÍSAN3MA05<br>ÍSAN3MB05 | ÍSAN1GA05<br>ÍSAN1GB05<br>ÍSAN1AA<br>ÍSAN1BB05<br>ÍSAN2ÍA05<br>ÍSAN2ÍB05<br>ÍSAN3MA05<br>ÍSAN3MB05 |

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Það sem helst var nýtt á þessari önn, var að báðir kennarar kenndu alla áfangana á 2. og 3. þrepi saman. Þessi hugmynd um tveggja kennara teymi kom til vegna mikillar fjölgunar í hópnum. Þetta krafðist mikillar samvinnu við undirbúning, skipulag kennslunnar og úrvinnslu. Kennarar sammála um það þetta hafi gefist vel og í samtölum við nemendur kom einnig í ljós að flestir eru sammála að

þetta fyrirkomulag hafi verið gott. Þeir upplifa öryggi að hafa sömu kennarana og að vera í hópi sem þau þekkja eins og um bekk væri að ræða.
Kennsla hefur verið samkvæmt kennsluáætun. Allir færniþættir þjálfaðir á sem fjölbreyttastan hátt og hafa tungumálaleikir og tónlistarverkefni verið oftar á dagskrá en áður.
Á þessu skólaári voru fleiri nemendur í hópnum sem hafa talsverðan grunn úr íslenskum grunnskólum. Þeir hafa allir lært íslensku sem annað mál í grunnskóla og var metið svo að þeir ættu best heima í ÍSAN áföngum á 2. þrepi. Þeir fengu námsefni við hæfi og námsmat sömuleiðis.

**Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum**
Í öllum ÍSAN áföngum fer fram símat og talsvert af verkefnum liggur undir yfir önnina. Prófað er úr flestum námsþáttum rafrænt eða á pappír og allir nemendur taka munnlegt próf og halda munnlegar kynningar**.**

**Námskeið sem kennarar hafa sótt**
SOS:

- Jóga nidra námskeið á Sólheimum í Grímsnesi
- Öndunarnámskeið í Reykjavík

SIH:

- Við vinnum með íslensku – ráðstefna á vegum Mímis símenntunar 12. febrúar 2024
- Teaching Language, Culture or both? Námskeið á vegum Europass Teacher Academy í Dublin í apríl 2024 (Erasmus+)

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Nýtt námsefni á haustönn og notað báðar annir á 1. þrepi:

- Íslenska fyrir okkur hin
- Íslenska – tölum saman

Þar sem flestir nemendur á 1. þrepi komu beint inn í skólann án þess að hafa grunn úr íslenskum grunnskólum var gripið til námsefnis sem alla jafna er kennt í grunnskólum til að kenna grunnorðaforða. Að öðru leyti var námsefni svipað og verið hefur en í auknum mæli rafrænt.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**
Vegna stöðugrar fjölgunar nemenda, einkum á 2. og 3. þrepi leggjum við til að skoðað verði hvernig best megi mæta þörfum allra nemendanna og tekið til alvarlegrar skoðunar hvort ekki sé nauðsynlegt að kenna hverju þrepi fyrir sig og þá með tvo kennara. Nemendafjöldi á 1. þrepi er þó ekki svo mikill að tveggja kennara sé þörf að svo komnu máli.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Að koma á laggirnar Íslenskubrú sem mótar þá leið sem nemendur sem eru nýkomnir til landsins fara í gegnum framhaldsskólann. Tillaga okkar er að til að komast inn í almennt nám þurfi nemendur fyrst að ljúka þessari brú (sbr. Grunnmenntabrú).

**Umsjón með nemendum af erlendum uppruna**
Hlutverk undirritaðarar er að hafa yfirumsjón með nemendum skólans af erlendum uppruna með annað móðurmál en íslensku. Sú vinna er unnin samhliða kennslu íslensku sem annars máls.

Helstu verkefni:

- Að vera tengiliður við nemendur af erlendum uppruna
- Að vera tengiliður við fjölskyldur, námsráðgjafa, félagsráðgjafa og kennara nemenda af erlendum uppruna
- Að veita nemendum af erlendum uppruna leiðsögn og stuðning varðandi nám, félagslíf og framgang náms
- Að vera í sambandi við og afla upplýsinga frá grunnskólum á svæðinu varðandi nemendur af erlendum uppruna
- Að taka viðtal við alla nemendur af erlendum uppruna í upphafi hverrar annar og með reglulegu millibili eftir því sem hver og einn þarf á að halda.

Veturinn 2023-2024 hefur öllum þessum atriðum verið sinnt eins og tími hefur verið til. Vorið 2023 var haft samband við alla grunnskóla á svæðinu til að reyna að kortleggja hve margir nemendur með annað móðurmál en íslensku væru væntanlegir í FSu um haustið. Þegar þær upplýsingar lágu fyrir var ljóst að nemendum af erlendum uppruna myndi fjölga um rúmlega 30% frá því árið áður. Við upphaf annar voru rúmlega 80 nemendur af erlendum uppruna í skólanum, þar af voru 33 skráðir í íslensku sem annað mál.

Mjög gott samstarf hefur verið við námsráðgjafa og félagsráðgjafa skólans. Margir nemendur af erlendum uppruna þurfa mikinn stuðning, leiðsögn við alls kyns úrlausnarefni í náminu og leiðbeiningar varðandi ytri þætti ekki síður en viðfangsefni innan skólans. Á þetta ekki síst við nemendur sem koma frá stríðshrjáðum löndum og glíma við áfallastreituröskun. Hafa viðtöl við félagsráðgjafa verið mjög hjálpleg fyrir þennan nemendahóp. Sama má segja um nemendur sem hafa orðið fyrir alvarlegu ofbeldi og búa við erfiðar heimilisaðstæður. Þegar slík mál koma upp hefur verið leitað til félagsráðgjafa fyrir þeirra hönd og stundum hafa þó óskað eftir því sjálf. Einnig hefur verið afar gott samstarf við starfsfólk félagsþjónustu Árborgar en þar hefur einn starfsmaður sinnt málefnum flóttamanna. Einnig hefur verið talsvert samstarf verið við félagsþjónustu Hveragerðis vegna nokkurra nemenda. Samstarf við kennara FSu vegna nemenda af erlendum uppruna hefur verið gott og margir þeirra hafa leitað til umsjónaraðila varðandi einstaka nemendur og hvernig megi best mæta þeim, einkum varðandi námið.

Eins og áður kom fram er mikilvægt markmið með þessu umsjónarstarfi er að koma á góðu samstarfi við grunnskólana á svæðinu og skapa tengsl sem auðvelda okkur hér í FSu að mæta þörfum nýrra nemenda en ekki síður að veita tilvonandi nemendum öryggistilfinningu sem hjálpar þeim að takast á við nýjan veruleika í framhaldsskóla. Þessi vinna hefur gengið vel og hefur skólinn verið í sambandi við alla skólana og einnig boðað hér til fundar í samstarfi við Fjölmenningarteymi Árborgar. Farið var yfir uppbyggingu náms í FSu og hvaða möguleikar nemendur af erlendum uppruna hafa við skipulag síns náms hér í skólanum.
Samstarf við foreldra/forráðamenn nemenda af erlendum uppruna er mjög mikilvægt. Við upphaf annar (og í sumum tilfellum vorið á undan) hitti umsjónaraðili alla væntanlega nemendur sem hafa lært íslensku sem annað mál í grunnskóla. Bæði var það gert með heimsóknum í grunnskólanna en einnig komu þau mörg í FSu í heimsókn. Nokkur komu með foreldrum sínum og var tilgangurinn með þeim heimsóknum fyrst og fremst að kynna þeim framhaldsskólakerfið og aðstæður í skóalnum

okkar. Áfangakerfið er þeim flestum framandi og það fer alltaf svolítill tími í að skýra það út. Öllum foreldrum sem komu í heimsókn leist vel á kerfið og fannst gott að koma og því má velta fyrir sér hvort gott væri að boða enn fleiri til viðtals. Rætt hefur verið um það innan Fjölmenningarteymis Árborgar hvort skipulagður fundur með foreldrum erlendra barna í 9. og 10 bekk að vori væri e.t.v. góð hugmynd. Þannig fengju þau kynningu í litlum hópi, en reynslan sýnir að þessi foreldrahópur er ekki stór á almenna kynningarfundinum sem alltaf er haldinn að hausti.

Umsjónaraðili hefur átt gott samstarf við alla nemendur skólans sem hafa annað móðurmál en íslensku, ekki bara þá sem stunda nám í íslensku sem öðru máli. Margir hafa nýtt sér það mjög vel og fengið aðstoð með heimanám og tímaverkefni sem ekki næst að klára í tímum.
Í markmiðum með starfinu sem kynnt voru í upphafi þessarar skýrslu kemur fram að tekin skuli viðtöl við alla nemendur af erlendum uppruna við upphaf annar. Það hefur því miður ekki náðst, til þess er ekki nægur tími innan þess ramma sem starfinu er gefinn. Hins vegar fá allir Ísan nemendur slík viðtöl og síðan aðrir sem leita eftir því samkvæmt auglýsingu. Á næsta starfsári verður reynt að ná tali af fleiri nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku svo skoða megi hvort skólinn getur enn frekar mætt þörfum þeirra og væntingum.
Þess má að lokum geta að þrír kennarar og námsráðgjafar frá Svíþjóð heimsóttu FSu á haustdögum. Þeir voru mjög áhugasamir um þetta starf og kennslu íslensku sem annars máls í skólanum. Einnig fengu íslenskukennaranemar frá Menntavísindasvið HÍ innsýn í starfið en þeir voru í æfingakennslu hjá íslenskukennurum skólans. Eitt verkefni þeirra sneri að kennslu íslensku sem annars máls og mótttöku nemenda af erlendum uppruna. Undirrituð sótti einnig ráðstefnu um málefni þessa nemendahóps á vegum Mímis -símenntunar og fór einnig til Írlands á Erasmus+ námskeið varðandi kennslu tungumála og tengingu hennar við menningarlæsi.

## Kátir Dagar

Nefndin: Ásdís Björg Ingvarsdóttir, Bjarney Sif Ægisdóttir og Eyrún Björg Magnúsdóttir

Kátir dagar voru haldnir dagana 28. og 29. febrúar 2024. Dagskráin hófst að venju eftir kaffi á miðvikudeginum, kl 10:20 og stóð til klukkan 15/15:30 og frá 8:30-12:00 á fimmtudeginum.

Fyrsti fundur vegna Kátu Daga var haldinn 18. janúar og á þann fund mættu fulltrúar frá nemendaráði og skemmtinefnd, Sóldís Malla, Haukur og Sigursteinn auk okkar fulltrúa kennara í Kátu daga nefndinni í ár, Ásdís, Bjarney og Eyrún. Á fyrsta fundi var ákveðið að Ásdís og Sigursteinn (fulltrúi nemenda) myndu sjá um íþróttaviðburðinn á Kátum Dögum og reyndist það góð verkaskipting.

Kátu Daga nefndin fundaði um það bil vikulega fram að Kátum Dögum, eða um það bil sjö sinnum, auk þess að vera í reglulegum samskiptum þess á milli á samfélagsmiðlum. Yfirleitt fundaði nefndin í hádegishléinu, en síðasti fundur nefndarinnar var haldinn eftir skóla þriðjudaginn 28. febrúar og þá var skólinn skreyttur fyrir Kátu Dagana, manntaflið undirbúið og hugað að lokaundirbúningi fyrir dagskrána, svo sem morgunmatnum og fleira. Bragahópar komu með hugmyndir af dagskrárliðum á Kátu Dagana sem þau unnu í Bragatímum. Nemendur í Kátu daga nefnd kynntu Kátu Dagana í Braga tíma í salnum þar sem allir nýnemar voru mættir, þann 25. janúar. Þá var fyrirkomulagið útskýrt og sýndar nokkrar myndir frá Kátum Dögum í fyrra.

Undirbúningur Kátu Dagana gekk vel. Nemendur tóku virkan þátt í undirbúningi, höfðu góða upplifun af dagskránni frá því árinu áður og margar hugmyndir varðandi dagskrána í ár. Þeir voru með gott frumkvæði varðandi það að tala við fyrirtæki vegna styrkja fyrir happdrættisvinninga og morgunverðarhlaðborðs. Kennarar og starfsfólk skólans tók einnig vel í að bjóða upp á viðburði og segja má að hefð sé komin á nokkra viðburði frá kennurum sem góð þátttaka er á á hverju ári, en einnig er skemmtilegt að fá nýja og ferska viðburði og tilbreytingu milli ára. Íþróttakeppnin í Iðu spilaði stórt hlutverk í dagskránni í ár eins og undanfarin ár en mikil umræða var innan nefndarinnar um hvernig best væri að skipuleggja íþróttakeppnina þannig að hún myndi ekki taka of mikið frá annarri dagskrá. Sú nýbreytni var gerð að láta íþróttakeppnina ekki byrja fyrr en eftir opnufyrirlestur þannig að sem flestir gætu mætt á þann dagskrárlið. Eins og áður var mikil þátttaka frá nemendum í öllum keppnum, brennó, körfubolta og fótbolta og nauðsynlegt var að hafa kennara og nemanda í nefndinni til að halda sérstaklega utan um þennan stóra viðburð í dagskránni.

Góð mæting var á flesta viðburði og sannaði það sig hversu mikilvægt er að hafa fjölbreytta dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Vinsælir viðburðir í ár voru fyrir utan íþróttakeppnirnar, textílstofan, jeppaferðin, bingó og skip-bo, módelsmíði, draugasagnir, magic the gathering og bara góð þátttaka á lang flestum viðburðum. Ánægjulegt var hversu jákvæðir kennarar voru enn á ný fyrir því að vera með viðburði og taka þátt í þessu uppbroti. Nemendafélagið var með pizzasölu í hádeginu á miðvikudeginum og gekk sú sala vel og Bæjarins bestu var með sölubás í Iðu eftir lokahnykk Kátu Daga og var mikil röð og sala hjá þeim. Þeir nýttu tækifærið og tóku upp kynningarmyndband fyrir samfélagsmiðla með nemendum sem voru sko heldur betur sátt við sitt hlutverk.

**Utanaðkomandi aðilar sáu um fræðslu og kynningar á:**

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir sá um opnunarfyrirlestur Kátu daganna í ár og á meðan var reynt að hafa sem minnst annað í boði. Fyrirlesturinn bar heitið: Nudes, deep fakes, Andrew Tate og hatrið. Allt sem þú þarft að vita um stafræn réttindi.

Háskóli Íslands: Kynning á námi í Lögfræði í HÍ

Rannís: Kynning á námstækifærum erlendis

Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík voru með kynningar á námi í miðrými skólans í hádegishléinu

Keilir var á dagskránni með kynningu á námi en forfallaðist af óviðráðanlegum orsökum

Háskólinn í Reykjavík: kynning á námi í Tæknifræði

Fyrrum nemandi, Almar Hannes Hafsteinsson, kynnti nám og upplifun í Lýðháskóla í Danmörku

ANSA athletics: Kynning á möguleikum íþróttaungmenna í Bandarísku háskólaumhverfi

Pakkhúsið: Fræðsla og kynning á hinsegin starfi og almennu starfi og klúbbum Pakkhússins

Soccer and Education: Kynning á möguleikum íþróttaungmenna í Bandarísku háskólaumhverfi

Kynning á TAE KWON DOE

**Kynningar og námskeið frá starfsmönnum / nemendum skólans**

Jeppaferð – Skráning hjá Borgþóri

Borðtennismót í Hamri – skráning

Opið í textílstofu: Smiðja – viltu búa til fjölnota poka úr bol?

Öðruvísi veggjalist með Ágústu og Önnu Kristínu – skráning

Magic the Gathering spilastofa með kennurum – Stefán, Sölvi, Pelle, Kalli, Elvar og Luis

Vetrarleikar FSu á Brávöllum – Hestadeild

Manntafl með Lalla Braga

Happy Lab orkumeðferð – Kristjana og Ida

Nemendurnir Sölvi og Símon buðu upp á Dungeons & Dragons

Sunna nemandi bauð upp á Spunanámskeið

Skip-Bo spil með Ölmu og Lindu

Módelsmíði með Elvari

Spákona - Guðbjörg Gríms – skráning

Solo Salsa – Bertha og Sverrir

Hvað er strandblak – Ragnheiður Eiríks

Bingó í matsalnum – Gurrý og Ingunn

Escape Room – Skráning Hekla og Brynja

Meistari Mosi, kakó og knús – nemendaráðgjöf

Fléttu og Krullu námskeið – Skráning Þóra í Hárdeildinni

Hnútanámskeið – Sverrir og Svanur

Bridge – Ingvar, Guðbjörg Helga, Helgi og Guðmundur Björgvin

Fyrirlestur um drauga og draugagang – Lárus

Yoga Nidra í salnum – Guðbjörg Gríms (forfallaðist)

Flóafárssmiðja í Trédeild – skráning liða

Opið í borðspil

Maraþonsýningar á "vöktunum"

Íþróttamót í Iðu

Morgunmatur í boði nemendafélagsins

Vetrarleikar FSu (hestamennska)

Eins og áður var mikill áhugi á íþróttamótinu í Iðu og þátttakendur fjölmargir. Áhorfendafjöldinn var töluverður allan tímann en þó fannst okkur færri sitja í stúkunni nú en í fyrra. Eins og í fyrra var allt skipulag keppninnar í höndum íþróttakennara og fulltrúa nemenda í Kátu daganefnd og kom það vel út í ár eins og áður. Í upphafi undirbúnings var tekin góð umræða hvort við ættum að halda sömu dagská eins og árið áður eða að breyta henni þar sem fjöldi þátttakenda er mikill og töluvert púsl að koma öllu saman. Einnig tekur íþróttakeppnin mikið pláss frá öðrum viðburðum þessa daga. Hugmyndirnar voru m.a. að fækka keppnisgreinum, að færa knattspyrnuna út í Lindex höll, að hafa íþróttakeppnina aðeins annan daginn o.fl. Niðurstaðan varð þó sú að halda keppnina í óbreyttri mynd, þar sem nefndin taldi að með sama fyrirkomulagi værum við að koma sem best á móts við nemendur og gefa sem flestum tækifæri á að taka þátt. Við hurfum einnig frá þeirri hugmynd að færa knattspyrnuna yfir í Lindex höllina af ótta við að dreifa nemendum of mikið um svæðið. Íþróttadagskráin gekk mjög vel. Það voru á bilinu 140-170 nemendur sem kepptu í þremur greinum á íþróttamótinu. Í körfuboltann voru skráð 18 lið samanborið við 20 lið í fyrra, spilað var á miðvikudeginum frá kl. 11:30-13:08, leikið var á tveimur völlum og leikurinn í 8 mín. Þar sem liðin voru færri í ár gátum við lengt leikinn um 1 mín. Við ákváðum að prófa að byrja mótið klukkustund seinna til að gefa nemendum tækifæri á að mæta á opnunarfyrirlesturinn í Odda. Þetta var hægt þar sem æfingar byrjuðu seinna í Iðu á miðvikudögum í vetur. Í brenniboltamótinu tóku 14 lið þátt, á móti 17 liðum í fyrra og hófst það um leið og körfuboltinn kláraðist eða frá 13:20-14:40. Leikið var á tveimur völlum og hver leikur mátti ekki taka lengri tíma en 10 mín. Fótboltamótið var síðan á fimmtudeginum frá kl. 9:00-11:32. Þar tóku 17 lið þátt en 21 lið var skráð til keppni í fyrra, spilað var á einum velli og hver leikur var 8 mín. Við gátum lengt leikinn um 2 mín frá í fyrra þar sem færri lið skráðu sig. Þrátt fyrir að liðum hefði aðeins fækkað á milli ára þurftum við að hafa útsláttarkeppni um hverjir kæmust í 8 liða úrslit í körfu- og fótboltanum í staðin fyrir riðlakeppni. Í brenniboltanum var útsláttarkeppni þar til eitt lið stóð uppi sem sigurvegari. Íþróttakennarar og fulltrúar nemenda í nefndinni sáu um dómgæslu, tímavörslu, stigaskor og annað utanumhald. Eins og lesa má var þetta mjög stífur tímarammi en mótið gekk ótrúlega vel og allir lögðust á eitt að láta þetta ganga upp. Þegar fótboltamótinu lauk tók við keppni á milli sigurliðanna á móti fulltrúum frá kennurum. Þeim viðureignum lauk með sigri nemenda í körfubolta og brennó en kennarar unnu knattspyrnuna. Spilað var eftir hefðbundnum reglum í öllum greinum. Í heildina gekk íþróttamótið frábærlega, allir skemmtu sér og það var virkilega góður andi í Iðu. Allir íþróttakennarar skólans komu að keppninni á einhvern hátt og viljum við þakka þeim sérstaklega fyrir sitt framlag.

Morgunmaturinn tókst vel til og var vinsæll. Morgunmaturinn var unninn í samvinnu við nemendur og kennara í grunnnámi matvæla og ferðagreina (GMF) og reyndist það frábær samvinna. Nemendur á þeirri námsbraut undirbjuggu morgunverðinn að mestu leyti á miðvikudeginum, bökuðu t.d. brauðbollur og skáru niður álegg og fengu merkingu fyrir það í vegabréfið. Nemendur í Kátu Daga nefndinni skipulögðu innkaup í samvinnu við kennara á GMF og höfðu samband við fyrirtæki sem að styrktu hlaðborðið ásamt því að aðstoða við framsetningu og frágang á fimmtudagsmorgninum. MS styrkti morgunverðarhlaðborðið veglega með kókómjólk og Hleðslu  Nemendur í Kátu Daga nefndinni höfðu mikinn metnað fyrir að bjóða upp á veglegt morgunverðarhlaðborð og samvinnan við GMF var til fyrirmyndar. Kennurum og nemendum á brautinni er þakkað kærlega fyrir sitt framlag og aðstoð, en það er ómetanlegt að nemendur geti fengið aðstoð frá starfsmanni skólans sem þekkir til eldhússins og fái leiðbeiningar varðandi magn, framreiðslu og fleira.

**Mikilvægir punktar og tillögur að úrbótum:**

1. Í ár var sú nýbreytni að Kátir Dagar hófust á ,,opnu fyrirlestri" en það var gert til þess að auka þátttöku nemenda á fræðsluviðburði. Íþróttakeppnin hófst ekki fyrr en eftir þann dagskrárlið. Fyrirlesturinn var haldinn í salnum sem var hafður opinn, en næst mælum við með því að salurinn verði lokaður. Það var mikill kliður frammi sem að truflaði bæði áheyrendur og fyrirlesara. Einnig varð mikið rót á áheyrendum undir lokin þegar að styttist í að íþróttakeppnin myndi byrja svo það þarf að passa það næst að hafa lengra bil á milli.
2. Það var góð þátttaka á flesta viðburði, en áberandi minnst þátttaka var á fræðslu frá utanaðkomandi aðilum og sérstaklega námskynningum. Því er vert að skoða það hvort það eigi erindi í dagskránni að ári, kannski eru önnur tilefni betri fyrir þesskonar kynningar.
3. Námskeið sem kennarar og starfsfólk skólans buðu upp á voru vel sótt og sérlega gaman var að sjá fjölbreytnina sem starfsfólk bauð upp á.
4. Smíðadeildin bauð upp á smiðju fyrir Flóafárslliðin. Út frá fyrri reynslu var haft samráð við Flóafársnefndina og liðunum var skipt niður á tíma sem þau fengu í smíðadeildinni. Það gekk vel upp og mælt með sama fyrirkomulagi fyrir næsta ár. Það þarf að muna að kynna fyrir Flóafársliðunum að þau þurfi að krá sig á tíma í trésmiðjunni  þessa daga með einhverjum fyrirvara.
5. Það sannaðist enn betur í ár mikilvægi þess að hafa íþróttakennara í nefndinni til að skipuleggja íþróttaviðburðinn í Iðu þar sem hann er það stór þáttur í dagskránni.
6. Nemendur voru virkir í Kátu Daga nefndinni í ár og það virkaði mjög vel að hafa vikulega fundi til þess að tryggja framgöngu undirbúnings. Sammála ábi Hafa
7. Það er mikilvægt að það komi skilaboð frá stjórnendum (tímanlega) til starfsfólks og nemenda um hvað þessir dagar fela í sér og hver ber ábyrgð á hverju. Að það sé mætingarskylda þessa daga bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Okkur finnst ekki viðeigandi að kennarar í Kátu Daga nefnd þurfi að segja samstarfsfólki sínu að það eigi að mæta þessa daga í vinnu og að sinna sínu hlutverki í þessu. Huga að því að á hverju ári eru nýir kennarar sem ekki vita um hvað málið snýst. Þyrfti að ræða tímanlega t.d. á starfsmannafundi/kennarafundi. Hafa
8. Smíðadeildin bauð þetta árið upp á skipulagða tíma til að undirbúa Flóafárið. Það var ákveðið samtal milli Kátudaga nefndar og Flóafársnefndar og Lárusar en má enn bæta. Anna Kristín setti upp skipulag og við vitum ekki betur en það hafi gengið vel. Flóafársnefnd þarf líka að fá samþykki smíðadeildar áður en þau senda nemendur af stað í að skipuleggja sig.
9. Muna að vera búin að undirbúa einhvern á myndavél og helst vídeó líka líkt og gert var á Flóafárinu í fyrra, það væri skemmtilegt fyrir braga hópana til dæmis til þess að kynna Kátu dagana og útskýra hvernig þetta fer fram. Pepp fyrir Kátu dagana. Kynning í Bragatímum gekk vel.
10. Ræða á skólaráðsfundi með nemendaráði að þau verða að gefa skýrar upplýsingar um hversu miklu má eða er ætlast til að sé eytt í Káta daga. Líka mikilvægt að einhver sem hafi upplifað þá komi að störfum nefndarinnar. Fá fleiri en færri í nefndina því það hellast einhverjir alltaf úr lestinni eða eru vanvirkir.. Þarf að vera skýrt í upphafi hvað er ætlast til að nemendaráð borgi. Til dæmis það sem tilheyrir Hestabrautinni.

11. Það er spurning hvort það megi endurskipuleggja að einhverju leyti viðburðina. Fjöldinn er mikið til út í Iðu þessa daga, en þrátt fyrir það er nauðsynlegt að hafa spennandi viðburði í boði sem ekki tengjast íþróttum. Það er spurning hvort það mætti minnka íþróttahlutann og hafa ,,stóru viðburðina“, svo sem stóra fyrirlestra þegar það er ekki íþróttakeppni í gangi. Mikilvægt að hafa líka líf í miðrými skólans, tónlist og viðburði þar, t.d. fyrir framan salinn. Gekk betur að samræma tímasetningar núna en má endalaust bæta.
12. Teljum að mót Hestabrautarinnar eigi að vera í lok Kátu daga en ekki á miðjum tíma eins og var núna (aldrei verið þannig). Margir sem misstu af dagskrá og viðburðum út af því.
13. Samantekt um jeppaferðina:
    Fórum upp á Skjaldbreið um 11 bílar og 30 nemendur, listi var afhentur skrifstofu. Bílaskoðun fór fram í portinu og var dregið í happdrætti milli bílstjóra og vinningur frá Bílanaust afhentur. Komið var við í Bílanaust þar fengu nemendur kaffi og kleinur, einnig var myndataka af flotanum. Ferðin heppnaðist vel það brotnaði drifskaft og stýfufesting og var það soðið saman é staðnum með rafgeymum þá var tekið hlé og grillaðar pulsur. Spennandi upplifun og eitthvað sem gerist oft í svona ferðum. Lærdómur í því. Færið var fjölbreytt, harðfenni, krapi, þunn snjóskel skel með sykri undir allskonar fyrir alla.
    Vegna krapans og bilana þá urðu tafir á ferðinni og endaði hún kl 10 á Olís i staðin fyrir kl 5.
14. Það gæti verið sniðugt að hafa vinningspott fyrir þá sem skila inn vegabréfum. Dregin út 5-10 sem fá einhverja vinninga (í samvinnu við nemendaráð kannski?) til að hvetja þau til að skila inn fullgildum vegabréfum.

**Samantekt og lokaorð**

Kátu Dagarnir 2024 gengu vel og undirbúningurinn gekk vonum framar. Það breytti miklu í fyrra að fá íþróttakennara inn í nefndina og það skilaði sér enn betur núna. Skipulagið í Iðu var til fyrirmyndar.Á dögunum sjálfum var mikil stemming og gleði hér innanhúss þessa daga, sérstaklega í Iðu, en það er tækifæri til þess að búa til enn meiri gleði og stemmingu hér í miðrými Odda á næsta ári. Það er gaman að sjá hvað starfsfólk er tilbúið til að taka þátt í Kátu dögunum og bjóða upp á allskonar fjölbreytta og skemmtilega viðburði. Af fenginni reynslu teljum við mikilvægt að það verði áfram þrír kennarar og þar af einn íþróttakennari í nefndinni á næsta ári. Samvinnan gekk mjög vel í ár og var áberandi starfsgleði nemenda og kennara gagnvart Kátu dögunum.

Kátir dagar skipa gríðarstóran sess í félagslífi FSu og eru einnig hluti af sögu skólans og mikilvægt er að halda þessum dögum áfram. Það er ekki oft sem gefst tækifæri til þess að efla félagslíf nemenda á skólatíma þar sem að allir nemendur eru á svæðinu og því er mikilvægt að halda þessum dögum áfram. Á kátum dögum gefst einstakt tækifæri til uppbrots á hefðbundnu skólastarfi og er frábært tækifæri fyrir nemendur og kennara að kynnast á annan hátt en í annríki hefðbundins náms.

Við ítrekum hugleiðingar okkar sem komu fram í tölvupósti á skólaárinu að það er nauðsynlegt að hafa að lágmarki 2 daga fyrir þetta uppbrot. Það hefur gengið betur undanfarið að skipuleggja undirbúning fyrir flóafár þannig að tíminn á milli er nýttur betur en áður. Með góðu samstarfi við smíðadeildina þá hefur líka skapast hefð fyrir því að ein stöðin feli í sér þá vinnu sem hægt er að gera þar fyrir Flóafárið. Tækifærin eru mikil og frekar ástæða til að stækka dagana að okkar mati.

## Náms- og starfsráðgjöf

Starfslið: Agnes, Anna Fríða og Bjarney

**Starfslið**

Skólaárið 2023-2024 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann í samtals 2,25% stöðuhlutfalli. Agnes Ósk Snorradóttir í 75% stöðuhlutfalli og fagstjóri námsráðgjafar. Fyrir áramót voru Anna Fríða Bjarnadóttir í 75% stöðuhlutfalli og með kennslu á grunnmenntabrú. Á vorönn var Anna Fríða líka í 75% stöðuhlutfalli í námsráðgjöf en ekki í kennslu. Bjarney Sif Ægisdóttir í 75% starfshlutfalli í námsráðgjöf, auk þess að kenna og vera með umsjón grunnmenntabrúar.

**Símenntun, fundir og samstarfsverkefni**

Námsráðgjafar sóttu ýmsa fundi og rafræna fyrirlestra á skólaárinu.
Ráðstefna BUGL- Hvað er barni fyrir bestu? Þjónusta fyrir trans börn og ungmenni. Agnes sat ráðstefnuna á staðnum og Bjarney og Anna Fríða í streymi.
Ráðstefna á Hótel Selfossi á vegum HSU. Tölum saman um heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum- HSU
Sköpum jákvætt og öruggt hinsegin skólaumhverfi- Háskólinn á Akureyri. Í streymi.
Bjarney og Agnes sátu námskeið í endurmenntun Háskóla Íslands um seiglu og bjargráð unglinga og ungmenna, HAM námskeið.
Námsráðgjafar sátu fyrirlestraröð í streymi á vegum Landlæknis um EKKÓ mál og ofbeldisforvarnir.
Agnes ásamt Olgu Lísu skólameistara fór á ráðstefnuna Öruggara Suðurland sem haldin var í Þorlákshöfn. Þar var undirrituð samstarfsyfirlýsing um svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum. Agnes var í framhaldinu tilnefnd til þess að vera í framkvæmdarteyminu fyrir hönd FSu.
Bjarney og Agnes sóttu námstækninámskeið í Reykjavík fyrir náms- og starfsráðgjafa. Námskeiðið var haldið eftir hádegi þrjá föstudaga.
Bjarney og Anna Fríða stýrðu fundi með grunnskólakennurum á Suðurlandi um grunnmenntabrú.
Bjarney ásamt Höllu Dröfn félagsráðgjafa og Olgu Lísu skólameistara fengu kynningu á Þróunarverkefni sem Árborg er að fara af stað með, frá vanvirkni til þátttöku.
Námsráðgjafar sátu teymisfundi og yfirfærslufundi í Sunnulækjarskóla og Ráðhúsi Árborgar vegna nemenda sem eru að hefja nám í FSu næsta haust.
Námsráðgjafar luku námskeiði BOFS um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglinga.
Námsráðgjafar sátu rafrænan fund á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa um nýjungar á heimasíðu félagsins og innri vef.
Fundir með sviðsstjóra sérnámsbrautar um RX nemendur og verklag vegna mætinga, ef nemandi mætir lítið eða á ekki námslegt erindi, þ.e. ræður ekki við efnið.
Bjarney sat samráðsfund í Hamri um ferilbók.

**Áhugasviðskannanir**

Á skólaárinu voru þrír nemendur tóku áhugasviðskönnunina IDEAS. Áhugasviðskannanir hafa ekki verið auglýstar sérstaklega undanfarin ár og margir taka áhugasviðskannanir við lok grunnskóla áður en þeir hefja nám í framhaldsskóla. Töluvert fleiri nemendur komu í viðtal til náms- og starfsráðgjafa vegna vangaveltna um val á námi og til þess að ræða framtíðar möguleika og hugmyndir varðandi val á námi og störfum. Upplýsingar um aðgangsviðmið Háskólanna nýtast vel í þeim samtölum, en góð

tenging er yfir á aðgangsviðmið flestra háskólanámsgreina sem kenndar eru á Íslandi á heimasíðu skólans okkar, www.fsu.is. Nemendur í áfanganum NÁSS1GB05 (nemendur á grunnmenntabrú) tóku áhugsviðskannanir í kennslustund.

**Ráðgjöf á Reykjum**

Námsráðgjöfin var kynnt á Reykjum 28. ágúst. Nemendum á Reykjum var boðið upp á viðtöl á staðnum í lotuvikum, enginn nýtti sér það að þessu sinni. Nemendur á Reykjum fengu þó aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum eins og aðrir nemendur skólans. Einhverjir nemendur voru í föstum vikulegum viðtölum, yfirleitt í gegnum TEAMS, en einnig voru símaviðtöl, ráðgjöf í gegnum tölvupóst og nemendur komu hingað á Selfoss í ráðgjöf. Mikilvægt er að hafa í huga að um er að ræða fjölbreyttan nemendahóp sem kallar á ólíka nálgun í ráðgjöf.

**Samvinna við félagsráðgjafa**

Stoðþjónustan efldist með tilkomu félagsráðgjafa undir lok síðasta skólaárs. Unnið var að því á þessu skólaári að þróa starf ráðgjafa undir hatti nemendaráðgjafar. Unnið var með farsældina í heild og tengiliðahlutverkið og hvernig nemendaráðgjöfin getur unnið saman og nýst sem best. Rætt um málefni nemenda, um heilsueflandi framhaldsskóla í tengslum við farsældina, matslista og gátlista. Meðal samstarfsverkefna voru málefni einstakra nemenda og nemendahópa. Einnig vinna verkefni eins og verkferil og leiðarvísir varðandi nafnabreytingar í INNU. Sóttir voru margir teymisfundir og yfirfærslufundir  sem tengja má innleiðingu laga um farsæld barna.

**Nýjungar**

Farið var í mikla vinnu varðandi nafnabreytingar í INNU. Sú vinna var unnin með Höllu Dröfn félagsráðgjafa skólans. Leitað var upplýsinga um hvernig aðrir framhaldsskólar standa að nafnabreytingum í INNU. Haft var samband við BOFS og umboðsmann barna til þess að skoða rétt nemenda til nafnabreytinga. Einnig voru samtökin ´78 höfð með í ráðum. Það kom í ljós að réttur nemenda til nafnabreytinga var ekki alveg ljós hjá þeim framhaldsskólum sem við fengum upplýsingar frá. Afrakstur þessarar vinnu er sú að unnin hefur verið verkferill og leiðavísir um vinnslu máls.

Fyrir valvikuna eftir áramót voru unnar upplýsingamyndir þar sem unnið var út frá línum, þar sem áherslan var lögð á að kynna hvaða séráfangar á línum eru í boði næstu önn og hvað nemendur á þeim línum ættu að hafa í huga. Mikilvægt til þess að nemendur missi ekki af áföngum sem eru kenndir sjaldan. Undir lok skólaárs var einnig útbúið plaggat sem sýnir dæmi um uppsetningu á áföngum hjá nýnemum á stúdentsbraut, bóknámslínum og grunnmenntabrú fyrsta námsárið. Þetta upplýsingaefni er búið að birta á heimasíðu skólans undir námsbrautaupplýsingum.

**Kynningarstarf og heimsóknir**

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

**Foreldrafundur**
Foreldrakynningin var haldin í sal skólans í september. Þar kynntu námsráðgjafar námsráðgjöfina fyrir foreldrum nýnema skólans.

**Kynningar fyrir nemendur FSu**
Á þessu skólaári höfðu námsráðgjafar milligöngu um námskynningar sem fóru fram á Kátum Dögum. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík voru með kynningar á námi í miðrými skólans í hádegishléinu á miðvikudeginum. Háskóli Íslands kynnti einnig sérstaklega nám í lögfræði og Háskólinn í Reykjavík nám í Tæknifræði. Keilir var á dagskránni með kynningu á námsbrautum sínum, en forfallaðist af óviðráðanlegum orsökum. Fyrrum nemandi kynnti nám og upplifun úr Lýðháskólum í Danmörku og ANSA Athletics og Soccer and Education kynntu möguleika íþróttaungmenna í Bandarísku háskólaumhverfi. Þessar kynningar voru misvel sóttar og skoða má í framhaldinu hvort Kátir Dagar séu heppilegur vettvangur fyrir námskynningar eða hvort annað form væri áhrifaríkara með því markmiði að ná til fleiri nemenda.

**Kynningar fyrir grunnskóla**
Náms-og starfsráðgjafar buðu grunnskólum á Suðurlandi upp á að fá kynningu á námi í FSu fyrir nemendur sína í 9. og 10. bekk. Í ár voru kynningar fyrir 12 grunnskóla á þessu tímabili, frá janúar og fram í maí. Nýjung á þessu skólaári var að nemendur í iðn- og listgreinavali í Sunnulæk og Vallaskóla komu í nokkur skipti til að fá kynningu á iðn- og starfsnámi í FSu á haustönninni. Til viðbótar komu nokkrir einstaklingar í heimsókn til okkar til þess að fá kynningu á námi. Að þessu sinni var algengasta form á kynningum þannig að skólarnir komu með nemendahópana sína hingað til okkar og fyrst var byrjað á kynningu og svo farin skoðunarferð um skólann. Þetta reyndist skemmtilegt fyrirkomulag. Nokkrir skólar óskuðu eftir að fá okkur með kynninguna til þeirra sem er það form sem hingað til hefur verið á þessum kynningum. Sumir þessara skóla komu svo síðar og fengur skoðunarferð um skólann.

**Opið hús**
Þriðjudaginn 19. mars var opið hús í FSu. Opið hús var með aðeins annarri áherslu þetta árið en áður. Námsráðgjafar komu með hugmyndir að breytingu á skipulagi opna hússins í ár og komu að skipulaginu. Núna var ákveðið að leggja meiri áherslu en áður á að kynna námsbrautir sem eru í boði við skólann. Agnes námsráðgjafi bjó til páöggöt fyrir allar námsbrautir skólans, en það var liður í að samræma framsetningu og upplýsingar milli námsbrauta. Það er reynsla okkar að það helsta sem nemendur og forráðamenn velta fyrir sér er hvaða námsbraut nemendur ættu að sækja um á í FSu og henti þeirra börnum best. Að okkar mati tókst vel til og verður gaman að þróa brautarkynningarnar en betur. Eftir Opna húsið funduðu stjórnendur með náms- og starfsráðgjöfum þar sem farið var yfir viðburðinn. Hvað gekk vel og hvað mætti vinna enn frekar í.

**Heimasíða og samfélagsmiðlar**
Í upphafi hverrar annar fer þó nokkur tími í að uppfæra upplýsingar á heimasíðu skólans, undir námsráðgjöfinni. Uppfæra þarf skipulagseyðublöð og fleiri upplýsingar sem mikilvægt er að uppfæra reglulega. Á þessu skólaári fór fram mikil vinna í að fara yfir og uppfæra tengla á aðgangsviðmið Háskólanna ásamt því að sú síða var færð undir ráðgjöfina. Mikilvægt er að fara yfir og uppfæra allar upplýsingar á heimasíðu reglulega.

Náms- og starfsráðgjöf FSu heldur utan um síður á Instagram og Facebook þar sem mikill metnaður er lagður í að miðla mikilvægum upplýsingum, námstækniráðum, mikilvægum dagsetningum, valáföngum, upplýsingum um námsbrautir og fleira til nemenda og foreldra. Þetta er mikilvægur liður í að auka aðgengi allra að námsráðgjöf en mikilvægt að hafa í huga að í svona verkefni fer tími en þó er þar mikilvægur vettvangur til að ná til nemenda.

**Greiningalisti**

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningagögnum og eru ekki á sérnámsbraut. Á Reykjum skiluðu 16 nemendur inn greiningagögnum á skólaárinu. Í dagskóla á Selfossi skiluðu 232 nemendur inn greiningagögnum fyrir haustönn og 217 fyrir vorönn. Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það í Innu og í Go Pro ásamt því að afrit af gögnum eru geymd í læstum skjalaskáp. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara viðkomandi nemenda. Upplýsingar um greiningar eru skráðar í athugasemdir í Innu (Admin Inna) og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn þeirra  ef nemandi er undir 18 ára aldri, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

**Sérúrræði í lokaprófum**

Náms- og starfsráðgjafar auglýstu til nemenda sem hafa skilað inn greiningargögnum hvenær og hvernig sækja þurfi um sérúrræði á prófatíma í desember og í maí. Sérúrræði á prófatíma eru skráð beint í Innu. Nemendur geta sótt um sjálfir, eða með aðstoð náms- og starfsráðgjafa sem síðar þarf að samþykkja umsóknina. Prófstjóri tekur saman sérúrræðin og vinnur við að koma þeim í framkvæmd, í samvinnu við kennara. Náms- og starfsráðgjafar sinntu þessu í samvinnu við deildarfulltrúa á Reykjum fyrir nemendur þar.

Náms- og starfsráðgjafar senda jafnframt vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

**Opin vottorð**

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og skrá veikindi í Innu þá daga sem þeir geta ekki mætt í skólann vegna veikinda sinna, eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Veikindi eru skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu.

Í ár breyttum við aðeins til og tilgreinum ekki kyn eða ástæðurnar fyrir því að nemendur skila inn opnu vottorði. Við teljum framsetningu á gögnum um opin vottorð sem hingað til hafa tíðast, ekki eiga lengur við. Ekki síst vegna þess að talsverð aukning er á því að ekki er hægt að sjá á vottorðum ástæður fyrir því að nemandi þarf sveigjanleika í mætingu.

Á haustönn 2023 skiluðu 35 nemendur inn opnum vottorðum og á vorönn 2024 skiluðu 36 nemendur inn opnum vottorðum.

**Viðtöl**

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur í starfinu. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d. fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa. Í október voru öll bókuð viðtöl námsráðgjafa talin. Inn í tölunum eru ekki símtöl, viðtöl við einstaka kennara, opin valstofa, haustfrí eða sú vika sem fór að stórum hluta í að sinna sænskum ráðgjöfum sem voru í heimsókn í skólanum. Niðurstöður þessarar talningar sýndu að heildarfjöldi bókaðra viðtala í október hjá námsráðgjöfum voru um 300. Hafa ber í huga að námsráðgjafar eru allir í 75% stöðuhlutfalli, eða samtals 225% stöðugildi námsráðgjafa við skólann.

**Önnur verkefni**

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafar eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði.

- Agnes og Anna Fríða töluðu við meistaranema í námsráðgjöf sem vann að verkefni sem snérist m.a um hlutverk náms-og starfsráðgjafa í EKKÓ málum innan skóla.
- Bjarney talaði við meistaranema í náms- og starfsráðgjöf sem var að vinna lokaverkefni um náms- og starfsráðgjöf með einhverfum nemendum.
- Tókum á móti 4 svíum í október. Um var að ræða ráðgjafa og sérkennara úr framhaldsskóla sem voru í job shadowing verkefni. Skipulögðum fjögurra daga dagskrá með þeim.
- Bjarney og Halla Dröfn funduðu vegna mögulegs ART samstarfs.
- Fræðsla fyrir nemendur á sérnámsbraut í bragatíma. Bjarney hélt fræðslu og kynningu í um svefn, orkudrykki og fleira. Anna Fríða hélt fræðslu um kvíða, þetta voru samtals tvær kynningar í tveimur bragatímum á haustönn.
- Fundur með Pakkhúsinu vegna möguleika á samstarfi um klúbbastarf.
- Skipulögðu fræðsluerindi fyrir kennara um notkun á hjálpartækni fyrir nemendur með námserfiðleika. Snævar frá Félagi lesblindra mætti á kennarafund og fræddi kennara.
- Agnes hélt kynningu á námsráðgjöf fyrir nemendur á Reykjum.
- Agnes tók saman tölur fyrir Guðmund Björgvin varðandi algengi greininga eftir hópum. Guðmundur Björgvin var að vinna verkefni fyrir FF sem miðaði að því að taka stöðuna á því hversu margir nemendur hafa skilað inn greiningagögnum.
- Agnes fór yfir skráningar í INNU til þess að tryggja að upplýsingar séu réttar. Mikilvægt er að samræma upplýsingar milli skráningarkerfa og að það sé gert reglulega.
- Agnes og Bjarney fengu það verkefni að rýna í námsbrautir á Reykjum og funduðu í framhaldinu í nokkur skipti með stjórnendum og kennurum á Reykjum vegna námsbrauta, uppsetningu á brautum, röðun á áföngum á þrep og fleira. Markmiðið að skoða þetta til samræmingar við aðrar námsbrautir í FSu.

- Haft var samband við nemendur sem eru með lögheimili í Grindavík vegna aðstæðna þar.
- Glærur um aðgangsviðmið háskólanna voru sendar á bragakennara til þess að nota í tengslum við valið þegar skipuleggja á 4. og 5. önnina. Mikilvæg tenging náms- og starfsfræðslu inn í bragakerfið.
- Glærukynning um algengar greiningar nemenda var uppfærð, þar sem fram koma upplýsingar um greiningar sem algengar eru meðal nemenda og hvernig er hægt að koma til móts við þarfir nemenda með þessar greiningar. Þessar mikilvægu upplýsingar eru sendar út á hverju hausti til allra kennara.
- Agnes tók þátt í fageflingarsjóðsverkefni þar sem lögð var m.a. áhersla á samþættingu námsgreina í textíl og hönnun og hári.
- Aðstoða og koma að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist og jafnvel lengur.
- Sækja um aðgang að hljóðbókasafni fyrir nemendur með greiningar sem eiga rétt á því, þar er hægt að fá flestar námsbækur á hljóðbók og einnig talgervla.
- Stundatöflubreytingar, bæði á tilteknum dögum í upphafi hvers annar, en þessi vinna fer þó yfirleitt fram rúmlega fyrstu viku hverrar annar. Það eru yfirleitt ýmsar ástæður fyrir því að nemendur þurfa að breyta stundatöflum.
- Breyta vali nemenda vegna niðurstöðu námsmats í lok hverrar annar.
- Agnes er í neyðarstjórn skólans fyrir hönd náms-og starfsráðgjafar.
- Agnes er í framkvæmdateymi fyrir Öruggt Suðurland-svæðisbundið samráð gegn ofbeldi og öðrum afbrotum.
- Agnes ásamt Höllu Dröfn félagsráðgjafa fóru á fund með Samtökunum’78 vegna verkferils varðandi nafnabreytingar í INNU.
- Bjarney var í Kátu Daga nefndinni.
- Skrá upplýsingar í skjalastjórnunarkerfið GoPro.
- Bjarney aðstoðaði nemenda með umsókn í bandarískan háskóla, þurfti að gera umsögn, counsellor reccomendation.

**Mætingareglur**

Mætingareglur hafa verið okkur ofarlega í huga þetta skólaárið. Þörf er á að skýra betur verkferla varðandi mætingareglur nemenda. Hvaða viðbrögð eru við því ef fjarvistum fjölgar hjá nemendum og hlutverk hvers og eins í ferlinu (kennara, umsjónarkennara, námsráðgjafa, félagsráðgjafa, skólastjórnenda, áfangastjóra)? Á hvaða tímapunkti ætti að grípa inn í? Við teljum mikilvægt að unnið sé í því að skerpa á mætingareglum ekki síst með því að bregðast fyrr við þegar fjarvistum fjölgar. Við höfum óskað eftir fundi með stjórnendum vegna málsins og er fundur settur í lok maí. Við teljum að skýrari mætingareglur og snemmtæk íhlutun auki líkurnar á betra gengi nemandans auk þess að auðveldað yfirsýn kennara yfir stöðu nemenda og draga úr brottfalli. Nauðsynlegt er að uppfæra mætingareglur á heimasíðu skólans. Eins og staðan er núna eru sérstakar mætingareglur sem gilda um nemendur á sérnámsbraut ekki á heimasíðunni.

**Fundir með stjórnendum**

Við höfum fundað með stjórnendum þegar upp koma málefni sem okkur finnst að þurfi að ræða sérstaklega. Á þessu skólaári voru fundirnir nokkir. Við funduðum í september með stjórnendum varðandi nafnabreytingar í INNU. Í desember var fundað um foreldrasamskipti, mikilvægt að allir starfsmenn svari tölvupóstum. Auðveldar mikið vinnu fyrir alla. Fundur um opið hús og skipulag á því, fyrir og eftir opna húsið. Fundað vegna mætingareglna í maí.

**Umræður og lokaorð**

Málefni hinssegin nemenda hafa verið okkur hugleikin þetta skólaárið. Ekki síst vegna bakslags sem hefur orðið í réttindabaráttu þeirra. Við teljum mikilvægt að vinna í því að gera skólann okkar að öruggum stað fyrir öll. Öll eiga rétt á því að upplifa sig örugg og fá tækifæri til að vaxa og blómstra á eigin forsendum. Skólaumhverfi þarf líka að vera sveigjanlegt og tilbúið til þess að aðlagast síbreytilegu samfélagi. Nauðsynlegt er að efla fræðslu um hinseginleikann bæði fyrir nemendur og starfsfólk skólans ásamt því að skoða skólastarfið í kjölinn með hinsegin gleraugum. Slíkri vinnu er aldrei endanlega lokið heldur þarf að eiga sér stað reglulega. Á þessu skólaári hefur mikil vinna farið í að búa til verkferil og leiðavísir varðandi nafnabreytingar í INNU ásamt félagsráðgjafa. Sú vinna er einn liður í því að virða rétt nemenda til kynræns sjálfræðis. Draumastaðan væri sú að FSu væri með einhversskonar Regnbogavottun sambærilega við þá vottun sem Reykjavíkurborg býður uppá fyrir stofnanir sínar. Í deiglunni er vinna að slíkri vottun sem væri skólanum til sóma.

Námsráðgjafar hafa orðið varir aukna þörf nemenda á því að taka próf hjá námsráðgjafa á skólatíma. Nemendur sem hafa skilað inn greiningum eiga rétt á ýmsum sérúrræðum eins og upplestri prófa, lengri prófa tíma og næðis. Þar sem FSu er símatsskóli fer mestur hluti námsmats fram á skólatíma og mikilvægt er að koma enn betur til móts við þarfir nemenda fyrir aðstoð. Við höfum kynnt okkur stuðningsúrræði flestra framhaldsskóla og þeir bjóða orðið langflestir upp á námsver sem er opið daglega, jafnvel allan daginn, þar sem nemendur geta fengið aðstoð kennara við verkefni, ritgerðir, stærðfræði og fleira.

Þróunin hjá námsráðgjöfum hefur verið sú að bjóða upp á opnar skrifstofur á álagstímum. Þá þarf ekki að panta tíma og yfirleitt ekki löng bið. Annarsvegar opna valstofu þar sem nemendur geta mætt og fengið aðstoð við valið. Hinsvegar opna skrifstofur þegar töflubreytingar eru. Þessi aðferð hefur gefist mjög vel og hefur verið vel nýtt af nemendum. Okkur fannst koma fram í valinu að nemendur voru betur undirbúnir en oft áður. Við þökkum það braganum sem er umsjónarkerfi nýnema.

Stór skóli með fjölbreyttum hópi nemenda getur verið áskorun fyrir starfsfólk. Óvenju mikið álag var á námráðgjöfinni á haustönn, mikið um bókuð viðtöl. Gott var að fá félagsráðgjafa inn sem létti talsvert á persónulegu málum nemenda, en það minnkaði þó ekki tímabókun til námsráðgjafa. Okkur taldist um 300 bókuð viðtöl í október fyrir utan valstofurnar, en þá komu tugir nemenda. Einnig fyrir utan símtöl, þá sem koma við án þess að eiga bókað eða tölvupóst. Þessar tölur eru svona þrátt fyrir að margir dagar hafi fallið niður í október, vegna t.d. haustfrís, kvennafrídags og móttöku sænskra ráðgjafa í starfs-speglunar verkefni. Að meðaltali voru því námsráðgjafar með um 6 bókuð viðtöl á dag í október, en hafa ber í huga að námsráðgjafarnir eru allir í 75% starfi.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi nemendaþjónusta sem inniheldur náms-og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa (sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing, félagsráðgjafa, fjölmenningarfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og tómstunda- og félagsmálafræðng sem myndi m.a.

sinna starfi félags-og forvarnarfulltrúa. Með þannig þjónustu væri komið til móts við námslegar, líkams-, félags-og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.
Við viljum nota tækifærið og þakka samstarfsfólki fyrir samstarfið á skólaárinu. Sérstakar þakkir fær Olga Lísa skólameistari fyrir gott samstarf síðastliðin 12 ár.

## Prófstjórn

Prófstjóri: Pelle Damby Caroee

**<u>Haustannarpróf 2023:</u>**

Aðstoðarskólameistari skipulagði uppröðun prófa og sendi kennurum drög að próftöflu haustannar þann 15. september 2023. Þá óskaði hann eftir ábendingum og athugasemdum varðandi próftöfluna. Endanleg próftafla var gefin út 26. september. Prófatíminn hófst fimmtudaginn 7. desember og lauk þriðjudaginn 12. desember. Miðvikudaginn 13. desember voru sjúkrapróf. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum upplýsingar í nóvember um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða að fá hljóðpróf, taka próf í tölvu, o.fl. Umsóknarfrestur nemenda til að sækja um sérúrræði í prófi var auglýstur 13. nóvember og rann út 24. nóvember.

### Próftafla í dagskóla 2023 haust

| | 7. des. fimmtud. | 8. des. föstud. | 9. - 10. des. lau.-sun | 11. des. mánud. | 12. des. þriðjud. | 13. des. miðvikud. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| kl. 8:30 | ÍSLE1SX05 | EFNA2AE05 | | STÆR2HV05 | LÍFE2LN05 | Sjúkrapróf |
| | ÍSLE1XA05 | EFNA3BB05 | | STÆR2VF05 | LÍFF2EL05 | |
| | ÍSLE1XC05 | RAFM1GA05 | | STÆR2RU05 | NÆRI2AA05 | |
| | STÆR1AA05 | RAFM1GR05 | | | TNTÆ1GA03 | |
| | STÆR1AJ05 | | | | UMHV2UU05 | |
| | STÆR2AF05 | | | | | |
| | STÆR2AR05 | | | | | |
| | STÆR2TL05 | | | | | |
| | STÆR3FD05 | | | | | |
| | STÆR3HD05 | | | | | |
| | | | | | | |
| | Munnleg próf | Munnleg próf | | | | |
| | í tungumálum | í tungumálum | | | | |
| | | | | | | |
| kl. 10:30 | ÍSLE1SX05 | | | | | |
| | ÍSLE1XA05 | | | | | |
| | ÍSLE1XC05 | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| kl. 11:30 | HJÚK1AG05 | FÓHE2HU03 | | | | |
| | | HEST1GR05 | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | Munnleg próf | Munnleg próf | | | | |
| | í tungumálum | í tungumálum | | | | |
| | | | | | | |
| | | **Munnleg próf** í tungumálum fara fram fim. 7. des. og fös. 8. des. Nánar auglýst af viðkomandi kennurum. | | | | |
| | | **Sjúkrapróf** verða miðvikudaginn 13. desember kl. 8:30. Krafist er læknisvottorða vegna veikinda í prófum. | | | | |
| | | **Prófsýning** fer fram fimmtudaginn 14. desember. | | | | |
| | | **Brautskráning** fer fram fimmtudaginn 21. desember kl. 14:00 | | | | |

Frestur kennara til að skila inn óskum varðandi viðveru í yfirsetu rann út föstudaginn 24. nóvember. Yfirsetutafla kennara var send út mánudaginn 4. desember að teknu tilliti til séróska kennara. Taflan var unnin út frá fjölda nemenda sem komu til með að taka próf í áföngum, en oft berast þær fjöldatölur ekki fyrr en í blálok annarinnar. Þá er hægt að raða nemendum í stofur og sjá hversu mikil þörf er fyrir yfirsetu. Yfirsetutaflan var send kennurum í tölvupósti og hengd upp við kaffistofu kennara í Odda. Próftíminn var yfirleitt klukkutími, stundum 90 mínútur, en til viðbótar fá allir

nemendur 45 mínútur til að ljúka við úrlausn. Í mörgum áföngum er sá háttur hafður á að nemendur þurfa ekki að þreyta lokapróf hafi þeir staðist námsmat annarinnar með fullnægjandi árangri. Fáir áfangar eru þess eðlis að allir nemendur taki lokapróf, þá eru sum þessara prófa svokölluð skrappróf, þar sem nemandi hefur tækifæri til að taka upp próf eða verkefni sem hann hefur misst af á önninni vegna ýmissa ástæðna.
Á haustönn 2023 voru 25 áfangar með próf í próftöflu. Einnig fóru fram munnleg próf í tungumálum. Þær umsóknir um sérúrræði í prófi sem voru samþykktar sneru að því að nemendur óskuðu eftir því að taka próf í fámenni, fá hljóðpróf, fá að taka próf í tölvu, fá stærra letur eða sérstakan lit á prófblöð. Kerfisstjóri hefur umsjón með prófum í tölvu og upptökum á lokaprófum en einnig aðstoðar bókasafnsfræðingur kennara við upptökur. Að þessu sinni voru stofur 207 og 208 notaðar fyrir sérúrræði í prófum.

**Vorannarpróf 2024:**

Aðstoðarskólameistari sendi kennurum drög að próftöflu vorannar þann 1. febrúar 2024. Endanleg útgáfa var svo birt á heimasíðu skólans þann 9. febrúar. Próftíminn var frá föstudegi 10. maí til fimmtudags 16. maí, en þá var sjúkraprófsdagur. Náms- og starfsráðgjafar sendu nemendum í apríl upplýsingar um umsóknir um sérúrræði s.s. að taka próf í fámenni og/eða fá hljóðpróf, taka próf í tölvu, o.fl. Umsóknarfrestur nemenda til að sækja um sérúrræði í prófi var auglýstur 8. apríl og rann út 26. apríl.
Yfirsetutafla var send kennurum þriðjudaginn 7. maí. 31 áfangi voru skráðir með lokapróf í próftöflu, auk þess munnlegt próf í tungumálum.

Próftafla í dagskóla 2024 vor

| | 10. maí föstud. | 11. - 12. maí lau.-sun | 13. maí mánud. | 14. maí þriðjud. | 15. maí miðvikud. | 16. maí fimmtud. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| kl. 8:30 | ÍSLE1SX05 | | STÆR1AA05 | STÆR2HV05 | LÍFE2LN05 | Sjúkrapróf |
| | ÍSLE1XB05 | | STÆR1AJ05 | STÆR2TL05 | LÍFF2EL05 | |
| | ÍSLE1XD04 | | STÆR1BB05 | STÆR2VF05 | LÍFF3ÖR05 | |
| | ÍSLE1XD05 | | STÆR2AF05 | STÆR3FD05 | NÆRI2AA05 | |
| | EFNA2AE05 | | STÆR2AR05 | STÆR3TD05 | | |
| | EFNA3BB05 | | STÆR2RU05 | STÆR3TL05 | | |
| | EFNA3CL05 | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | Munnleg próf | | Munnleg próf | | | |
| | í tungumálum | | í tungumálum | | | |
| | | | | | | |
| kl. 10:30 | ÍSLE1SX05 | | | | | |
| | ÍSLE1XB05 | | | | | |
| | ÍSLE1XD04 | | | | | |
| | ÍSLE1XD05 | | | | | |
| | | | | | | |
| kl. 11:30 | HJÚK3ÖH05 | | SÝKL2SS05 | ÍÞRF3LL05 | LÍOL2SS05 | |
| | FÓHE1GR03 | | TNTÆ2GB05 | SJÚK2MS05 | | |
| | HEST2KF04 | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | Munnleg próf | | Munnleg próf | | | |
| | í tungumálum | | í tungumálum | | | |
| | | | | | | |
| | | **Munnleg próf** í tungumálum fara fram fös. 10. maí og mán. 13. maí. Nánar auglýst af viðkomandi kennur | | | | |
| | | **Sjúkrapróf** verða fimmtudaginn 16. maí kl. 8:30. Krafist er læknisvottorða vegna veikinda í prófum. | | | | |
| | | **Prófsýning** fer fram föstudaginn 17. maí. | | | | |
| | | **Brautskráning** fer fram föstudaginn 24. maí kl. 14:00 | | | | |
| | | | | | | |

# Sérnámsbraut

Sviðsstjóri: Jónína Ósk Ingólfsdóttir

Skólaárið 2023- 2024 var starfsár númer 32 hjá sérnámsbrautinni í FSu. Í upphafi haustannar voru 66 nemendur skráðir á brautina, þar af 33 nýnemar, sem er með því allra mesta sem verið hefur en einn nemandi skilaði sér ekki. Enginn nemandi útskrifaðist um jólin en þrír nemendur færðust yfir á aðrar brautir skólans og tveir voru skráðir úr námi. Það voru 61 nemandi sem hóf nám á vorönn en einn nemandi skipti yfir í annan skóla svo 60 þeirra luku við önnina hérna.

Í upphafi skólaárs urðu breytingar innan brautarinnar en Berglind Bergsveinsdóttir ákvað að láta af störfum sem sviðsstjóri en starfaði sem þroskaþjálfi á brautinni. Í starfið var ráðin Jónína Ósk Ingólfsdóttir og sinnti hún því starfi ásamt kennslu á brautinni. Þorbjörg Vilhjálmsdóttir lét af störfum í lok vorannar 2023 og Jóhanna Guðjónsdóttir fór í launalaust leyfi í upphafi skólaárs en Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir leysti hana af. Ingibjörg Markúsdóttir færði sig úr starfi stuðningsfulltrúa yfir í kennarastöðu svo að í upphafi skólaársins voru starfandi 9 kennarar og einn þroskaþjálfi á brautinni í 70- 100% stöðum.

Einnig urðu breytingar í hópi stuðningsfulltrúa en eins og síðasta skólaár voru Aðalbjörg Kristín Kristinsdóttir, Alma Sigurjónsdóttir, Agnetha Thomsen og Lovísa Bragadóttir í 84% stöðu (100% á starfstíma skólans). Vegna fjölgunar nemenda og flóknari verkefna bættust Sigríður Etna Marínósdóttir og Vilhelm Freyr Steindórsson við í 50% stöðu hvort en Arnar Freyr Heimisson leysti Vilhelm af frá október fram að jólum. Selma Björk Jónsdóttir var einnig ráðin inn sem stuðningsfulltrúi en var alfarið sem stuðningur hjá Sigþrúði Harðardóttur í íslensku sem annað tungumál og var því ekkert inni á sérnámsbrautinni.

**Kennarar og áfangar á sérnámsbraut skólaárið 2023- 2024**

| Nafn kennara | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 | Nafn kennara | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Berglind Bergsveinsdóttir** | ENSK1XA04<br>FÉLA1XD01<br>ÍSLE1XA05<br>SPIL1XA01 | Var í veikindaleyfi | **Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir** | ÍSLE1SX05<br>ÍSLE1XA05<br>ÍSLE1XC05<br>LÍFS1XB04<br>STÆR1SX05<br>STÆR1XA05 | FÉLA1XB04<br>ÍSLE1XB05<br>ÍSLE1XD05<br>STÆR1XB05<br>STÆR1XC04<br>STÆR1XC05<br>STÆR1XD05 |
| **Eva Dögg Jafetsdóttir** | ENSK1XA04<br>ENSK1XB04<br>ÍSLE1XT05 | ENSK1SX04<br>ENSK1XB04<br>ENSK1XC04 | **Ingibjörg Markúsdóttir** | BRAG1XA01<br>ENSK1XA04<br>ENSK1XB04 | ENSK1SX04<br>ENSK1XB04<br>ENSK1XC04 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | KYNJ2GR04*<br>LÍFS1XB04<br>LÍFS1XF02 | FÉLA1XB04<br>ÍSLE1XT05<br>KYNJ2GR04* | | ÍÞRÓ1SX01<br>ÍÞRÓ1XH05<br>LÍFS1XB04 | FÉLA1XB04<br>ÍÞRÓ1XH05<br>ÍÞRÓ1SX01<br>STAS1XA02 |
| **Guðmundur Björgvin Gylfason** | ENSK1SX04<br>ENSK1XA04<br>ENSK1XB04<br>LÍFS1XB04<br>STÆR1SX05<br>STÆR1XA05 | FÉLA1XB04<br>STÆR1SX05<br>STÆR1XB05<br>STÆR1XD05<br>UMHV1SU05*<br>ÖKUN1SA02 | **Jónína Ósk Ingólfsdóttir** | ÍSLE1SX05<br>ÍSLE1XA05<br>ÍSLE1XC05 | FÉLA1XB04 |
| **Hafdís Guðrún Garðarsdóttir** | ÁLFA1XB02<br>BRAG1XA01<br>ÍSLE1SX05<br>ÍSLE1XA05<br>LÍFS1XB04<br>STÆR1SX05<br>STÆR1XA05 | FÉLA1XB04<br>ÍSLE1SX05<br>ÍSLE1XB05<br>ÍSLE1XD05<br>STÆR1XB05<br>STÆR1XC04<br>STÆR1XC05<br>STÆR1XD04<br>STÆR1XD05 | **Linda Rut Larsen** | BRAG1XA01<br>ÍSLE1SX05<br>ÍSLE1XA05<br>ÍSLE1XC05<br>KVIK1SX02<br>LÍFS1XB04<br>STÆR1SX05<br>STÆR1XA04 | FÉLA1XB04<br>ÍSLE1SX05<br>ÍSLE1XB05<br>KVIK1SX02<br>STÆR 1XB05<br>STÆR1XC05 |
| **Halldóra B. Guðmundsdóttir** | ENSK1RX05<br>ENSK1SX04<br>ENSK1XA04<br>ENSK1XC04<br>FÉLA1SA05<br>LÍFS1XB04 | ENSK1SX04<br>ENSK1XC04<br>ENSK1RX05*<br>LÍFS1XÁ02<br>UMHV1SU05* | **Sigrún Þorkelsdóttir** | ÍSLE1SX05<br>ÍSLE1XA05<br>ÍSLE1XC05<br>LÍFS1XB04<br>SPIL1XA01<br>STÆR1SX05<br>STÆR1XA05 | ÍSLE1XB05<br>ÍSLE1XD05<br>STÆR1XB04<br>STÆR1XB05<br>STÆR1XC04<br>STÆR1XC05<br>STÆR1XD05 |

**Kennarar af almennum brautum**

| Nafn kennara | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 | Nafn kennara | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Anna Kristín Valdimarsdóttir** | MYNL1SX02<br>MYNL1SX05 | MYNL1SX02<br>MYNL1SX05 | **Johannes Amplatz** | HEST1SX02 | HEST1SX02 |
| **Ágústa Ragnarsdóttir** | MYNL1SX05 | | **Jón Özur Snorrason** | ÍSLE1RX05 | |
| **Axel Benediktsson** | SPIL1XB02<br>SPIL1XC02 | SPIL1XB02<br>SPIL1XC02 | **Jón S. Gunnarsson** | | TRÉS1SX02 |
| **Ásdís Björg Ingvarsdóttir** | ÍÞRÓ1ÞX02 | ÍÞRÓ1ÞX02 | **Karl Sigtryggsson** | | STÆR1RX05 |
| **Brynja Ingadóttir** | | ÞÝSK1XA04 | **Lárus Bragason** | SKÁK1SX02<br>SAGA1SX02 | SAGA1XT01 |
| **Freyja Haraldsdóttir** | REIM1SX02 | REIM1SX02 | **Magnús Tryggvason** | ÍÞRÓ1GX02<br>ÍÞRÓ1ÞX02 | ÍÞRÓ1GX02 |
| **Guðbjörg Bergsveinsdóttir** | FATN1SX05 | | **Sabína Steinunn Halldórsdóttir** | ÍÞRÓ1BX02<br>ÍÞRÓ1GX02<br>ÍÞRÓ1ÞX02 | |
| **Guðbjörg Grímsdóttir** | GOÐI1SX02 | | **Sigurþór Leifsson** | | MÁLM1SV02 |
| **Guðmundur Garðar Sigfússon** | | ÍÞRÓ1XB02<br>ÍÞRÓ1XE02 | **Stefán Birnir Sverrisson** | | RAFM1SX02 |
| **Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir** | STÆR1RX05 | STÆR1RX05 | **Stefán Hannesson** | ÍSLE1RX05 | ÍSLE1RX05 |
| **Guðfinna Gunnarsdóttir** | ENSK1RX05 | | **Svanur Ingvarsson** | LEÐU1SX02 | |
| **Helga Sigurðardóttir** | BAKA1SX02<br>MATR1SX02<br>MATR1SX05 | MATR1SX02<br>MATR1SX05 | **Sölvi Snær Jökulsson** | EÐLI1XB02 | EÐLI1XA02<br>STÆR1RX02 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Helgi Hermannsson** | FILM1SX02 | FOÞJXA05 | **Þóra Valdís Hilmarsdóttir** | HÁRG1SX02 | HÁRGR1SX02 |
| **Ingunn Helgadóttir** | STÆR1RX05 | STÆR1RX05 | **Þuríður Ingvarsdóttir** | | FATN1SX02<br>TRÉS1SX02 |
| **Ingvar Bjarnason** | TTÖL1XA02 | | | | |

*Áfangi utan brautar

**Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu**

Á vorönn var ákveðið að fella út ÍSLE1XD04 og STÆR1XC04/STÆR1XD04. Með þessari breytingu eru allir íslensku- og stærðfræðiáfangarnir með jafn margar kennslustundir sem einfaldar stundatöflugerð til muna.

Á vorönn var ákveðið að færa nokkra nemendur með íslensku sem annað tungumál úr RX áfanga í ensku yfir í ENSK1SX05 á sérnámsbrautinni. Var ákveðið að prófa hvernig það kæmi út þar sem nemendurnir eru/voru með lítinn sem engan bakgrunn í ensku og áttu erfitt með nám í grunnáföngunum í ensku. Þetta gafst vel og fengu nemendur meira út úr kennslunni. Ekki er búið að ákveða hvert framhaldið verður. Vegna fjölgunar á brautinni þá eru ekki mörg laus pláss í hópum innan brautarinnar en önnur hugmynd er að kenna áfanga eftir fyrirmynd frá Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Að öllum líkindum verður sú leið valin en hvort það verði strax á haustönn eða á vorönn 2025 á eftir að ákveða.

Tilraunaáfanginn EÐLIS1XA02 var kenndur í fyrsta skipti í langann tíma. Áfanginn var settur upp þannig að í flestum tímum voru nemendur að framkvæma einhverja tilraun sem reyndi á fjölbreytt viðfangsefni eðlis- og efnafræðinnar og skila síðan einföldu skýrslublaði um hvað var gert og hvernig það virkar. Framkvæmdin gekk vel en meiri vinnu þarf að leggja í að setja upp vinnulýsingu tilraunanna. Nemendur greindu frá því að þeim þótti þetta skemmtilegur og áhugaverður áfangi.

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**

Námsmat á skólaárinu var hefðbundið, þ.e. lokapróf var einungis í íslensku eins og löng hefð er fyrir. Símat er langalgengasta námsmatsformið á sérnámsbraut.

**Námskeið sem kennarar hafa sótt:**

- **9.-10.ágúst: Borðspil í sögu- og félagsgreinum**. Linda sat námskeiðið.
- **12.ágúst: Ráðstefnan Upp úr hjólförunum.** Linda sat ráðstefnuna.
- **15.ágúst: Að takast á við krefjandi einstaklinga – fyrirbyggjandi aðferðir.** Arne Friðrik var með fyrirlestur frá kl. 8-12 og fór yfir nauðung í starfi með fötluðum. Rósa Hrönn var kl.13-16 þar sem hún kynnti fyrir okkur starfsemi Tækniskólans. Mættir voru: Berglind, Eva Dögg, Hafdís, Halldóra, Jóhanna, Jónína, Linda Rut, Sigrún, Adda, Alma, Etna, Agnetha og Lovísa.
- **15.september: Fræðslufundur fyrir starfsfólk sérnámsbrautar FSu.** Kristín Björk Jóhannsdóttir kom með fyrirlestur fyrir alla starfsmenn sérnámsbrautarinnar. Hún skipti fyrirlestrinum upp í þrjá hluta, 1. Áhuginn verður neistinn sem gefur tilgang til að læra 2. Hvað er undir yfirborðinu?

3. TEACCH: skipulögð kennsla. Mættir voru: Guðmundur, Eva Dögg, Hafdís, Halldóra, Jóhanna, Jónína, Linda, Sigrún, Adda, Alma, Etna, Agnetha og Lovísa

- **6.október:** Aðalfundur og fræðsludagur Félags sérkennara í framhaldsskólum. Hafdís, Linda, Halldóra, Berglind og Jónína fylgdust með í streymi.
- **27.nóvember: Fræðsludagur FÍS.** Ráðstefna Félags sérkennara á Íslandi- Farsæld barna. 27. nóvember. Á ráðstefnuna fóru: Hafdís, Linda og Sigrún.
- **26.janúar 2024: Hvað er barni fyrir bestu?** Ráðstefna á vegum BUGL. Þjónusta við trans börn og ungmenni. Streymið sátu Eva Dögg, Hafdís, Halldóra, Ingibjörg, Hólmfríður, Jónína, Linda, Sigrún, Alma, Lovísa og Agnetha. Einnig var öðrum starfsmönnum skólans boðið að fylgjast með og nýttu náms- og starfsráðgjafar sér það ásamt því að aðrir komu og fóru.
- **2.-3.maí: Vorráðstefna Ráðgjafar- og greiningarstöðvar.** Kynheilbrigði og fjölbreyttur taugaþroski- mætum ólíkum þörfum frá bernsku til fullorðinsára. Hafdís, Linda og Sigrún sátu ráðstefnuna í streymi.
- **Ágúst- maí 2024: Viðbótardiplómunám í HÍ- Farsæld barna.** Hólmfríður Sigrún var í þessu námi og fór í staðlotur tvisvar yfir skólaárið.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**

Í stærðfræðinni var keypt efni á Teachers pay teachers sem notað var í kennslu í litlu hópunum ásamt því að keyptur var aðgangur að Skólavefnum og Twinkl.

Farið var í markvissa námsgagnagerð og kennslu eftir hugmyndafræði TEACCH. Það efni hefur verið nýtt í íslensku, stærðfræði, lífsleikni og kynfræðslu í einstaklingskennslu.

Í félagsfræðinni (rúlluáfangi) var tekin inn ný kennslubók og áfanginn uppfærður í samræmi við bókina. Bókin heitir *Kynjafræði fyrir byrjendur* e. Þórð Kristinsson og Björk Þorgeirsdóttur.

Einnig var fyrri áfangi *Allt fyrir ástina* uppfærður ásamt því að framhaldsáfanginn var kenndur í fyrsta sinn.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs**

Starfsáætlun sérnámsbrautarinnar fyrir haustið 2024 er ennþá í vinnslu.

Fyrir liggja umsóknir frá 22 nemendum, 21 á fyrsta ár og 1 á annað ár. Sjö nemendur útskrifuðust af sérnámsbrautinni vorið 2024 og einn nemandi færðist yfir á aðra braut skólans. Út frá þeim forsendum er gert ráð fyrir að 75 nemendur hefji skólagöngu á sérnámsbrautinni haustið 2024.

Vegna fjölgunar nemenda og flóknari þjónustuþarfa þarf að bæta við starfsfólki, bæði kennurum og stuðningsfulltrúum. Kennslufyrirkomulagið verður með svipuðu sniði og áður en miðað við fyrirliggjandi upplýsingar fjölgar nemendum í litlum hópum. Einnig fjölgar nemendum úr einum í þrjá sem þurfa einstaklingskennslu og 1-2 starfsmenn með sér öllum stundum og er verið að vinna að skipulagi í kringum þá kennslu. Að þessu sögðu er ljóst að það þarf að hugsa kennslurýmið okkar á brautinni vel og stendur til að færa viðveruna upp á þriðju hæð í stofu 316, bæði vegna fjölgunar nemenda og til að nýta mannauðinn betur. Þessar tilfæringar kalla á tilfærslu á kennslurými en nánari útfærsla liggur ekki fyrir.

Auglýst var eftir þremur sérkennurum/þroskaþjálfum. Jóhanna Guðjónsdóttir sagði starfi sínu lausu og Hólmfríði (sem leysti hana af) bauðst annað starf, tveir starfsmenn óskuðu eftir að minnka við sig niður í 50% stöðu og þriðja stöðugildið var vegna fjölgunar nemenda. Einnig var auglýst eftir þremur stuðningsfulltrúum í 50-60% starf. Umsóknarfrestur er ekki liðinn þegar þetta er skrifað.

Áætlað er að hefja haustönnina á fræðslu fyrir starfsfólk brautarinnar en fræðslan miðar að því að auka öryggi og kenna viðbrögð vegna fötlunar nemanda.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**

- Skoða þarf fjölda kennslustofa fyrir brautina með fjölgun nemenda í huga og aukinna þjónustuþarfa.
- Setja þarf fram skýran ramma varðandi öryggi og viðbragsáætlanir fyrir starfsmenn brautarinnar sem og að finna bestu leiðina fyrir starfsmenn til að óska eftir aðstoð ef eitthvað kemur upp á, öryggishnappur, -sími eða eitthvað annað.
- Gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði í námsgögnum vegna aukinna þjónustuþarfa og sérhæfðari kennslu.
- Það þarf að búa til starfslýsingu og skilgreina vel hvað felst í starfi umsjónarkennara á brautinni.

**Annað**

Skólaárið gekk heilt yfir nokkuð vel. Ekki var mikið um breytingar á skipulagi brautarinnar en alltaf er verið að rýna í hvernig megi bæta starfið.

Á vinnufundum í lok vorannar rýndu kennarar skipulag brautarinnar, hvort ætti að fjölga/fækka áföngum, færa til á námsleiðinni og voru gerðar minniháttar breytingar hvað það varðar. Hins vegar varð niðurstaðan sú að núverandi skipulag væri nokkuð gott og ekki væri þörf á frekari breytingum að svo stöddu.

Umræður voru um fjölda áfanga í hverjum hópi í stundatöflum kennara. Eins fóru umræður á flug með stundatöflusérfræðingunum um hvernig mætti einfalda stundatöflugerðina, hvort áfangaheitin væru að flækja málin og þá hvernig mætti einfalda þau án þess að það hafi teljandi áhrif á nemendur eða kennara. Samráð var haft við aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og stundatöflusérfræðinga skólans. Úr varð að prófa að setja hópana upp líkt og gert er með útskriftarnemendur, þannig eru nemendur í sínum áföngum en dregnir út í sameiginlegan hóp í töflu kennara.

Mikið samstarf hefur verið við stoðkerfi skólans og er ómetanlegt að geta leitað til þeirra fagmanna sem eru starfandi hérna innanhúss. Sérnámsbrautin hefur haft mikinn stuðning af félagsráðgjafa skólans og má ætla að það samstarf haldi áfram. Hlutverkin eru í mótun en í sameiningu erum við að móta það vinnulag sem við munum vinna eftir í framtíðinni.

# Sjálfsmat

Sjálfsmatsnefnd: Guðfinna Gunnarsdóttir, Pelle Damby Carøe og Sigursveinn Sigurðsson

**Inngangur**

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður árið 1981 og átti hann því 42 ára starfsafmæli á haustdögum 2023. Á heimasíðu skólans kemur fram sýn hans, en hún byggir á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Að sama skapi segir að skólinn stefni að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.



Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám í góðum tengslum við atvinnulífið og að búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.

Nemendafjöldi er orðinn nokkuð stöðugur en þeim fækkaði nokkuð fyrst eftir að námstími til stúdentsprófs var styttur. Nú eru hins vegar vísbendingar um að nemendum fari fjölgandi aftur við skólann, mikill fólksfjölgun hefur orðið á upptökusvæði skólans á undanförnum misserum. Í dag þurfa nemendur 200 framhaldsskólaeiningar til þess að ljúka stúdentsprófi og ljúka flestir þeim einingum á sex til átta önnum. Nemendafjöldi á haustönn 2023 voru 953 og á vorönn 2024 voru þeir 879. Þetta er fjöldi nemenda sem stundar nám í dagskóla en síðan er einnig kennsla í gangi í fangelsunum á Litla Hrauni, í Sogni og á Hólmsheiði. Kennarar frá FSu fara á Litla Hraun og í Sogn en fjarkennsla er í gangi á Hólmsheiði. Nokkrir kennarar sinna einnig fjarkennslu nemenda úr 10. bekkjum grunnskóla á Suðurlandi. Þeim nemendum hefur verið boðið upp á kennslu í ensku, stærðfræði og dönsku. Áfram var kvöldskóli í húsasmíði og rafvirkjun, sem lauk um áramót, og á vorönn bættist við kvöldskóli í pípulögnum og staðkennsla í rafvirkjun fyrir grunnskólanemendur í nágrenni skólans.

Í markmiðum skólans kemur fram hvert er stefnt, hægt er að nálgast þau markmið með því að fara inn á heimasíðu skólans: https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid

Núverandi markmið skólans eins og þau eru framsett í dag voru í endurskoðun á skólaárinu í kjölfar umræðna á skólafundi vorannar 2023. Sú vinna heldur áfram á næsta skólaári.

Sjálfsmatshópurinn hittist að jafnaði einu sinni í viku í 55 mínútur í senn. Í upphafi haustannar voru línur lagðar og ákveðið hvað ætti að gera á skólaárinu. Áfram var haldið með að leggja fyrir könnun um gæði náms og kennslu þ.e. GNOK. Hún var lögð fyrir tiltekna nemendahópa samkvæmt nýlegu skipulagi og hófst önnur umferð þess á vorönn. Könnun var lögð fyrir forráðamenn nemenda undir 18 ára, könnun var lögð fyrir um líðan nemenda, könnun var lögð fyrir nemendur í akademíum og brottfarendur á vorönn voru spurðir út í tilhögun náms og námsbrautir sem þeir voru að ljúka. Þá voru ýmsar minni kannanir lagðar fyrir starfsfólk, nemendur og kvöldskólanemendur.

**Markmið og tilgangur matsins**

Sjálfsmatinu þetta árið var stýrt af hópi sem í sátu þrír einstaklingar, hópinn skipuðu Guðfinna Gunnarsdóttir, Pelle Damby Carøe og Sigursveinn Már Sigurðsson.

Markmið sjálfsmatsins er að rýna til gagns þannig að öll starfsemi skólans sé skoðuð með ákveðnu millibili og leitað sé leiða til úrbóta í framhaldi af rýninni. Vinna sjálfsmatshópsins byggir á því að stýra vinnunni og leggja fyrir verkefni til að meta, undirbúa fundi og gera síðan aðgerðaáætlanir í framhaldi af matinu. Auk þess hefur hópurinn reynt að sjá hvar skóinn kreppir í einstökum málum og þá skoðað þau mál með aðstoð frá starfsfólki skólans og nemendum. Almennt má segja að starfsfólk komi jákvætt til þeirra funda sem haldnir eru vegna matsins og gleðjist yfir því að fá að hafa áhrif á stefnu stofnunarinnar í ýmsum málum.

**Aðferðir og framkvæmd matsins**

Síðustu ár hefur stýrihópurinn notast við kannanir í Innu til að meta hin ýmsu atriði í skólastarfinu, bæði stuttar og lengri kannanir.



**Starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu**

Stýrihópurinn um sjálfsmat fundaði alls 27 sinnum á skólaárinu. Það voru 13 fundir á haustönn og 14 á vorönn. Miðað var við að fundirnir rúmuðust innan 55 mínútna í hvert skipti en ekki var laust við að það teygðist stundum svolítið úr þeim 55 mínútum. Fundað var á fimmtudögum á haustönn kl. 10:20 og á vorönn var fundað á fimmtudögum kl. 13:40.

Byrjað var á því á haustdögum að yfirfara áætlun vegna sjálfsmatsins og ákveðið að vinna markvisst í könnunum, hefðbundnum sem og nýjum ef þörf krefði. Að auki var ákveðið vegna vinnu við markmið skólans að vera ekki með sérstaka sjálfsmatsfundi með starfsfólki á skólaárinu. GNOK var lagt fyrir ákveðna hópa í Innu seinni hluta október mánaðar. Niðurstöður könnunarinnar voru í kjölfarið birtar viðkomandi kennurum í Innu. Þá lagði stýrihópurinn fleiri kannanir fyrir á haustönninni, t.a.m. könnun fyrir nemendur í íþróttaakademíum um notagildi náms, þjálfun og fleira. Einnig var lögð könnun fyrir nemendur í rafvirkjun í kvöldskóla við lok náms og könnun á líðan nemenda.

Í upphafi vorannar var ákveðið að halda áfram vinnu við markmið, flokka, endurraða og endurskoða og skoða uppsetningarmöguleika markmiða á heimasíðu skólans með það fyrir augum að setja upp yfirmarkmið og undirmarkmið.

GNOK könnun var lögð fyrir ákveðna hópa í Innu um miðjan marsmánuð. Niðurstöðurnar voru síðan birtar viðkomandi kennurum. Til viðbótar þessu lagði stýrihópurinn einnig könnun fyrir aðstandendur nemenda að 18 ára aldri, könnun fyrir útskriftarefni á vorönn í tengslum við námsbrautir og könnun fyrir umhverfisnefnd skólans svo eitthvað sé nefnt.

**Niðurstöður matsins**

Eftirfarandi námsgreinar voru metnar með GNOK á skólaárinu:

**Haust 2023:**

- Danska
- Vélvirkjabraut
- Grunnnám hársnyrtiiðnar
- Hestamennska
- Tölvufræði og tölvunotkun
- ÍSAN
- Ergó
- Næringafræði
- Viðskiptagreinar (Bókfærsla, viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði)
- NÁSS
- Enska

**Vor 2024:**

- Íslenska, goði
- Bridge
- Raungreinar (jarðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, lífeðlisfræði, landafræði, næringarfræði, stjörnufræði)
- Rafvirkjabraut
- Grunnnám matvæla- og ferðagreina
- Matreiðsla og bakstur
- Þriðja mál (spænska, þýska)
- Ergó
- Sjúkraliðabraut (og LÍOL)
- List- og skapandi greinar (myndlist, leiklist, listir og menning, höte, nými)
- Starfsbraut (lífsleikni og stærri hópar í stærðfræði (líka RX)) ATH - sér könnun

Svarhlutfallið var 69,9% á haustönn og 73,9% á vorönn.
Þegar niðurstöður GNOK-sins eru bornar saman við niðurstöður fyrri ára má sjá að á heildina litið eru þær nokkuð líkar, þ.e. ekki er hægt að greina miklar breytingar. Þó skal þess getið að samanburður milli ára er nú ef til vill ekki alveg marktækur, enda færri námsgreinar og áfangar nú metnir í einu. Það er ánægjulegt að sjá að nemendur eru almennt séð ánægðir með sína kennara og kennsluna. Kennurum var birt niðurstaðan eftir að niðurstöður matsins lágu fyrir og þeir beðnir um að skoða niðurstöður sínar. Aðeins skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa aðgang að niðurstöðum allra.

**Samantekt og ábendingar**

Óhætt er að segja að það að geta notað Innu til að leggja hinar ýmsu kannanir fyrir starfsfólk og nemendur með tiltölulega einföldum hætti reyndist afar gagnlegt. Þó má nefna að áfram þarf að minna nemendur og starfsfólk á að svara þessum könnunum til að svarhlutfallið verði áfram gott. Gekk það afar vel á skólaárinu sem er að líða.



**Umbótaáætlun**

Skólaárið 2024-2025 mun sjálfsmatsnefnd halda áfram að vinna að frekari útfærslu markmiða skólans og leggja drög að markmiðum og undirmarkmiðum fyrir starfsmenn á vinnufundum. Jafnframt verði hugað að raunhæfum skammtímamarkmiðum sem sett væru fram fyrir hvert nýtt skólaár.

Einnig er fyrirhugað að skoða gildi og einkunnarorðum skólans og gæti skólafundur á vorönn verið nýttur í þá vinnu þar sem starfsfólk og nemendur koma saman.

Að venju verður hugað að áframhaldandi könnunum, hefðbundnum sem og könnunum til að bregðast við og skoða smærri atriði sem koma upp eða þörf er á að skoða frekar. Kannanir við brautarlok/brautskráningu verða aftur lagðar fyrir og þá einnig lögð könnun fyrir nemendur á grunnmenntabrú við lok vorannar 2025.

**Litið um öxl frá vorönn 2012**

| **Önn** | **Nánar** |
|---|---|
| V2012 | Nám og kennsla (GNOK) – unnið. |
| H2012 | Mennska – unnið. |
| | Lögð fyrir könnun um líðan nemenda. |
| V2013 | Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það. |
| | Heimasíða skólans var metin. |
| | Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla. |

| | |
|---|---|
| H2013 | Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar. |
| | Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014. |
| V2014 | Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika. |
| | Könnun var lög fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. |
| | Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað. |
| | Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls. |
| H2014 | Mennskan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við. |
| | Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð. |
| V2015 | Jafningjamat fór fram. |

| | |
|---|---|
| | GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum. |
| | Ytra mat var framkvæmt. |
| | Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar. |
| H2015 | Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð. |
| | Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn. |
| V2016 | Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð. |
| | Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölunni. |
| H2016 | Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „How good is our school“ kerfinu í september. |
| | Skólapúlsin lagður fyrir í fjórða sinn. |
| V2017 | Nám og kennsla (GNOK). |
| | Mennskan tekin fyrir. |
| H2017 | Starfsumhverfi verður metið (H) |
| | Skólapúlsinn? |

| | |
|---|---|
| | Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu |
| V2018 | Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H) |
| | Hvernig getum við metið grunnþættina? Erum við að sinna þeim? → Setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund. |
| H2018 | Endurskoða markmið skólans. |
| V2019 | Nám og kennsla metið? |
| | GNOK lagt fyrir aftur. |
| H2019 | Mennska (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra). |
| V2020 | Starfsumhverfi (upplýsingar, rekstur, aðbúnaður o.fl.) og GNOK. |
| H2020 | Skoða sjálfsmatskerfið með starfsfólki. |
| V2021 | Meta markmiðin. |
| | GNOK endurskoðað og lagt fyrir. |
| H2021 | GNOK lagt fyrir. |

| | |
|---|---|
| | Nám og kennsla metið. |
| V2022 | GNOK lagt fyrir. |
| | Mennska (nemendur, stjórnun og samstarf við aðra). |
| H2022 | GNOK lagt fyrir. |
| | Starfsumhverfi metið á sjálfsmatsfundi. |
| | Könnun lögð fyrir aðstandendur nemenda í Innu. |
| V2023 | GNOK lagt fyrir. |
| | Könnun lögð fyrir nemendur um líðan þeirra í lok skólaársins. |
| | Markmið skólans rædd á skólafundi. |
| H2023 | GNOK lagt fyrir |
| | Vinna við markmið skólans. |
| V2024 | GNOK lagt fyrir. |
| | Áfram unnið að endurskoðun á markmiðum skólans. |
| | Könnun lögð fyrir aðstandendur nemenda í Innu. |

**Áætlun fyrir komandi skólaár**

| **Önn** | **Nánar** |
|---|---|
| H2024 | GNOK lagt fyrir. |
| | |
| V2025 | GNOK lagt fyrir. |
| | Könnun lögð fyrir nemendur á Grunnmenntabrú. |

| | Könnun lögð fyrir aðstandendur nemenda í Innu. |
|---|---|

### Niðurstöður GNOK könnun haust 2023

| | | Mjög sammála | Sammála | Ósammála | Mjög ósammála | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Námsefnið í þessum áfanga er áhugavert . | 23% | 51% | 19% | 7% | |
| 2 | Kennarinn í þessum áfanga kemur vel undirbúinn í tíma. | 56% | 40% | 3% | 1% | |
| 3 | Tíminn nýtist yfirleitt vel í þessum áfanga. | 35% | 54% | 9% | 2% | |
| 4 | Kennarinn í þessum áfanga sinnir mér vel í tímum. | 49% | 42% | 7% | 2% | |
| 5 | Námsefnið í þessum áfanga er gagnlegt. | 31% | 51% | 13% | 5% | |
| 6 | Kennarinn í þessum áfanga kemur með góðar útskýringar. | 45% | 43% | 9% | 3% | |
| 7 | Kennslan í þessum áfanga er fjölbreytt. | 28% | 52% | 16% | 4% | |
| 8 | Ég veit hvernig mér gengur í áfanganum. | 37% | 53% | 9% | 1% | |
| 9 | Námsáætlun er fylgt í áfanganum. | 33% | 62% | 4% | 1% | |
| 10 | Kennarinn í þessum áfanga ber virðingu fyrir nemendum. | 57% | 36% | 5% | 2% | |
| 11 | Kennarinn í þessum áfanga er stundvís. | 48% | 45% | 6% | 1% | |
| 12 | Kennarinn í þessum áfanga er hvetjandi. | 46% | 43% | 8% | 3% | |
| 13 | Kennari skilar niðurstöðum prófa og verkefna innan eðlilegra tímamarka eða u.þ.b. 10 daga. | 45% | 46% | 7% | 2% | |
| 14 | Samskipti mín við kennara áfangans eru góð (samtal, tölvupóstur og fleira). | 47% | 42% | 9% | 2% | |
| 15 | Góður andi ríkir í skólastofunni. | 29% | 59% | 9% | 3% | |
| 16 | Námsmat áfangans er skýrt. | 37% | 51% | 10% | 2% | |
| | | Of mikið | Mikið | Hæfilega mikið | Lítið | Of lítið |
| 17 | Vinnuálag í þessum áfanga er | 6% | 25% | 64% | 5% | 0% |

### Niðurstöður GNOK könnun vor 2024

| | | Mjög sammála | Sammála | Ósammála | Mjög ósammála | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Námsefnið í þessum áfanga er áhugavert | 35% | 45% | 15% | 5% | |
| 2 | Kennarinn í þessum áfanga kemur vel undirbúinn í tíma | 60% | 36% | 3% | 1% | |
| 3 | Tíminn nýtist yfirleitt vel í þessum áfanga | 46% | 44% | 7% | 3% | |
| 4 | Kennarinn í þessum áfanga sinnir mér vel í tímum | 57% | 35% | 6% | 2% | |
| 5 | Námið í þessum áfanga er gagnlegt | 40% | 44% | 11% | 5% | |
| 6 | Kennarinn í þessum áfanga kemur með góðar útskýringar | 53% | 35% | 9% | 3% | |
| 7 | Kennslan í þessum áfanga er fjölbreytt | 43% | 40% | 13% | 4% | |
| 8 | Ég veit hvernig mér gengur í áfanganum. | 44% | 46% | 8% | 2% | |
| 9 | Skipulag áfangans í Innu er sýnilegt (t.d. vikuáætlun/heimavinna og markmið). | 45% | 45% | 7% | 3% | |
| 10 | Kennarinn í þessum áfanga ber virðingu fyrir nemendum | 63% | 31% | 4% | 2% | |
| 11 | Kennarinn í þessum áfanga er stundvís | 52% | 43% | 4% | 1% | |
| 12 | Kennarinn í þessum áfanga er hvetjandi | 56% | 34% | 7% | 3% | |
| 13 | Kennari skilar niðurstöðum prófa og verkefna innan eðlilegra tímamarka eða u.þ.b. 10 daga | 48% | 40% | 8% | 4% | |
| 14 | Samskipti mín við kennara áfangans eru góð (samtal, tölvupóstur og fleira). | 54% | 37% | 7% | 2% | |
| 15 | Það er gott andrúmsloft (mórall) í tímum. | 43% | 48% | 7% | 2% | |
| 16 | Námsmat áfangans er skýrt | 45% | 45% | 7% | 3% | |
| | | Of mikið | Mikið | Hæfilega mikið | Lítið | Of lítið |
| 17 | Vinnuálag í þessum áfanga er | 10% | 25% | 62% | 3% | 0% |

# Sjúkraliðabraut

Umsjón: Sigrún Ína Ásbergsdóttir

### Kennari og áfangar

| | Haustönn 2023 | Vorönn 2024 |
|---|---|---|
| Sigrún Ína Ásbergsdóttir | HJÚK1AG05 | HJÚK3ÖH05 |
| | LÍBE1HB01 | LÍOL2SS05 |

| | | |
|---|---|---|
| | SASK2SS05 | SJÚK2MS05 |
| | HJVG1VG05 | SÝKL2SS05 |
| | VINN3GH08 (Íris Þ.) | VINN3ÖH08 |

**Námsmat - símat/lokapróf - mat á námsmatsaðferðum**
Haustönn: Eitt lokapróf. Áfangi með mætingaskyldu og þátttökuskyldu. Símatsáfangi þar sem verkefnaskil, þátttaka í umræðum og mæting giltu. Áfangi með mætingaskyldu, þátttökuskyldu, verkefnaskilaskyldu og tekið var verklegt próf þar sem utanaðkomandi dómari dæmdi frammistöðu nemenda.
Vorönn: Fjögur lokapróf. Í þessum áföngum gilti einnig mætingaskylda, verkefnaskilaskylda og þátttökuskylda í umræðum. Í verklega áfanganum gilti mætingaskylda, verkefnaskylda og þátttökuskylda.

**Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu**
Ný kennslubók var tekin í notkun í SÝKL2SS05. Bókin mun koma rafrænt út fyrir næsta skólaár. Hún er vel upp sett fyrir bæði nemendur og kennara. Textinn er nútímalegur og myndirnar eru fallegar og upplýsandi. Í lok hvers kafla eru spurningar úr efninu. Bókin er virkilega vel heppnuð og nemendurnir eru ánægðir með hana, sem og kennarinn.

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir**
Vinna þarf að kynningarmálum fyrir sjúkralíðabraut, hálfgerða auglýsingaherferð sem hægt er að fara með í efstu bekki grunnskóla á Suðurlandi. Einnig er hægt að velta fyrir sér hugmyndum um sjúkraliðabrú eða eitthvað slíkt. Þá væri stórkostlegt að geta brotið námið upp á þann hátt að nemendur sem ekki stunda nám við sjúkraliðabraut fái áhuga á sjúkraliðanámi, þ.e. að nemendur deildarinnar muni bera út boðskap skemmtilegs og fjölbreytts náms (enn skemmtilegra og fjölbreyttara en námið er nú þegar). Mögulega er hægt að flétta auglýsingaherferð inn í námið og gera það fjölbreyttara með því.

**Annað**
Skólahjúkrunarfræðingur fékk fáar heimsóknir í vetur.

## Skólastarf í fangelsum
Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

**Inngangur**

Skólaárið 23-24 var óneitanlega sérstakt. Breytingar á lögum um fullnustu refsinga hafa haft veruleg áhrif á skólahald í fangelsunum. Mun fleiri afplána dóma í samfélagsþjónustu, með ökklabandi eða á Vernd og færri sitja því í fangelsunum og í mun styttri tíma. Samsetning vistmanna er því mjög breytt og lægra hlutfall þeirra í einhverri stöðu til að stunda nám. Einnig hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað mjög í fangelsunum, margir þeirra tala einungis móðurmál sitt, en hvorki ensku né íslensku, sem veldur erfiðleikum í samskiptum milli nemenda og kennara.

Á sama tíma hefur námsframboð minnkað vegna sparnaðaraðgerða. Enginn sérkennari starfar við skóladeild FSu í fangelsunum og á vorönn var ekkert verknám í boði í fyrsta skipti frá upphafi skólahalds á Litlahrauni, fyrir rúmum 40 árum.

Ekki er annað hægt að segja en að þessi þróun sé merki um metnaðarleysi í málaflokknum, þrátt fyrir fögur orð í fjölmiðlum og á hátíðarstundum um mikilvægi menntunar sem „besta betrunarúrræðisins“ fyrir þá ógæfusömu einstaklinga sem þurfa að afplána dóma lokaðir inni í fangelsum.

Undanfarið hefur mikið verið umleikis í stjórnarráðinu og hjá Fangelsismálastofnun vegna endurbóta á húsakosti og aðstæðum í fangelsunum á Litlahrauni og Sogni. Miklum fjármunum hefur verið varið, fyrst í breytingar og hönnun viðbygginga, sem stungið var undir stól, og síðan hönnun nýbygginga. Skv. öllum þessum teikningum er gert ráð fyrir góðri aðstöðu fyrir skólahald. Vonandi er ekki hugmyndin að þeir salir allir standi auðir og tómir, heldur fari þar fram fjölbreytt nám. Fram að því er nauðsynlegt að halda úti eins öflugu starfi og mögulegt er, á meðan beðið er eftir aðstöðunni, en slíta ekki hinn langa þráð sem spunninn hefur verið síðustu áratugi.

**Haustönn 2023**

**Starfsfólk**

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)

Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og gr.teiknikennari Sogni (staðnám/fjarnám)

Jón Sigursteinn Gunnarsson, tréiðnakennari LH (staðnám)

Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni og Hólmsheiði

Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, Sogni (fjarnám)

Paola Daziani, enskukennari, LH og Sogni (staðnám)

Pelle Damby, dönskukennari LH (fjarnám)

Sigríður Guðmundsdóttir, spænskukennari LH og Sogni (fjarnám)

Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari, LH (staðnám)

Þórey Hilmarsdóttir, hagfræðikennari LH (fjarnám)

Ægir Sigurðson, stærðfræðikennari, LH (staðnám)

**Samantekt um skólahaldið**

Alls var 61 nemandi skráður í 861 einingu hjá FSu í fangelsunum á haustönn 2023; 45 nemendur á Litlahrauni og 16 í Sogni. Auk þess stunduðu nokkrir nemendur fjarnám við aðra

skóla, sem ekki koma við þessa tölfræði, 2 nemendur á Hólmsheiði og 6 á Kvíabryggju nutu aðstoðar námsráðgjafa við skráningu og fengu ráðgjöf. Af þessum 61 gengust 25 undir námsmat, eða 41% skráðra nemenda, en 59% þeirra entist ekki erindið, ýmist hurfu þeir mjög fljótlega frá námi, losnuðu úr gæslu eða fluttust í annað úrræði áður en raunhæft var að leggja mat á námsárangur.

Skólahald hófst fimmtudaginn 17. ágúst með fundum og undirbúningi, og skráningu nemenda. Kennsla hófst daginn eftir, föstudaginn 18. ágúst. Hefðbundin staðkennsla fór fram fimm daga vikunnar á Litlahrauni og þrjá daga í Sogni. Skólahald gekk almennt séð þokkalega, fjöldi nemenda hefur stundum verið meiri en ágætur vinnuandi ríkti lengst af. Þó dró verulega úr skólasókn og afköstum síðustu 2-3 vikurnar, en þeir sem héldu út stóðu sig frábærlega.

Alls sinntu 11 kennarar frá FSu kennslu í fangelsunum, þar af 6 staðkennslu, 3 kenndu ensku, íslensku og stærðfræði í Sogni og 5 kenndu ensku, íslensku, íþróttir, stærðfræði, og trésmíði á Litlahrauni, en alls voru kenndir 34 mismunandi námsáfangar. Fjórir kennarar fjarkenndu 5 nemendum 6 mismunandi námsáfanga, samtals 35 einingar, og stóðust 25 af þeim, eða 71%.

Þeir 25 nemendur sem gengust undir námsmat reyndu við 274 einingar. Þar af stóðust 227 eða 83% en 47 fóru í súginn eða 17%.

**Yfirlit yfir námsárangur**
Eins og fyrr segir stóðust 83% metinna eininga en 17% töpuðust. Það er betri árangur en oft áður. Hafa verður í huga að hér er aðeins tekinn með í reikninginn sá hópur nemenda sem stundaði nám nógu lengi til að námsmat væri raunhæft. Það eru margvíslegar ástæður fyrir því 60% brottfalli sem blasir við í þessum nemendahópi, og hafa sumar þeirra verið raktar hér framar. Auk þess má nefna að undanfarið hefur ekki verið starfandi sérkennari í fangelsunum, sem er bagalegt, því þörfin fyrir sérkennslu er veruleg.

**Einkunnadreifing H23**

| Eink. | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 | L | F |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi** | 11 | 12 | 14 | 5 | 2 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 |
| **/62** | 17,7% | 19,4% | 22,6% | 8,1% | 3,2% | 11,3% | 0% | 0% | 0% | 0% | 0% | 19,4% |

**ALMENNT BÓKNÁM**

**Danska (fjarnám)**

| DANS- | Fjöldi nem. | Staðið | F | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| **2FJ05** | 1 | 1 | 0 | 6 | 5 / 100% |

**Enska**

| ENSK- | Fjöldi nem. | Staðið | F | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **1HF05** | 12 | 10 | 2 | 7,8 | 50 / 83% |
| **1HA05** | 9 | 8 | 1 | 9,1 | 40 / 80% |
| **2HB05** | 8 | 8 | 0 | 9,1 | 40/ 100% |
| **2HC05** | 2 | 2 | 0 | 10 | 10 / 100% |
| **2OR05** | 1 | 1 | 0 | 5 | 5 / 100% |
| **2FO05** | 2 | 2 | 0 | 8,5 | 10 / 100% |

**Hagfræði (fjarnám)**

| **HAGF-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **Fall** | **(Meðal)eink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **2HA05** | 1 | 0 | 1 | F | 0   0% |

**Íslenska**

| **ÍSLE-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **Fall** | **Meðaleink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **1LR05** | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 / 0% |
| **2OS05** | 1 | 1 | 0 | 5 | 5/ 100% |
| **3ÞJ05** | 1 | 1 | 0 | 7 | 5 / 100% |
| **3NB05** | 2 | 2 | 0 | 7 | 10/100% |

**Íþróttir**

| **ÍÞRÓ-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **Fall** | **(Meðal)eink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **1ÞH03** | 2 | 2 | 0 | 8,5 | 6  / 100% |
| **2ÞL03** | 1 | 0 | 1 | F | 0 / 0% |
| **2AL02** | 1 | 1 | 0 | 8 | 2 / 100% |

**Saga (fjarnám)**

| **SAGA-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **Fall** | **(Meðal)eink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **2SÍ05** | 1 | 1 | 0 | 8 | 5  / 100% |
| **2YA05** | 1 | 1 | 0 | 8 | 5 / 100% |

**Spænska (fjarnám)**

| **SPÆN-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **Fall** | **(Meðal)eink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **1AA05** | 1 | 1 | 0 | 5 | 5  / 100% |
| **1BB05** | 1 | 1 | 0 | 7 | 5 / 100% |

**Stærðfræði**

| STÆR- | Fjöldi nem. | Staðið | Fall | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1AA05 | 2 | 1 | 1 | 9 | 5 / 50% |
| 1AJ05 | 1 | 0 | 1 | F | 0 / 0% |
| 2RU05 | 1 | 0 | 1 | F | 0 / 0% |

**GRUNNNÁM BYGGINGAGREINA Grunnteikning**

| GRTE- | Fjöldi nem. | Staðið | Fall | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1FA05 | 1 | 1 | o | 8 | 5 / 100% |
| 1FB05 | 1 | 1 | 0 | 10 | 5 / 100% |

**Trésmíði**

| TRÉS- | Fjöldi nem. | Staðið | Fall | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1VA03 | 6 | 3 | 3 | 7 | 9 / 50% |
| 1VA05 | 2 | 2 | 0 | 8 | 10 / 100% |

**Vorönn 2024**

**Starfsfólk**

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Eyrún Björg Magnúsdóttir, félagsfræðikennari, Sogni (fjarnám)

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni (staðnám)

Helgi Hermannsson, tölvukennari, LH og Sogni (fjarnám)

Hjalti Guðmundsson, tréiðngreinakennnari , Sogni (fjarnám)

Ingvar Bjarnason, stærðfræði/grunnteikn. kennari, Sogni (staðnám)

Klara Guðbrandsdóttir, náms- og starfsráðgjafi LH, Sogni, Kvíabryggju og Hólmsheiði

Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, Sogni (fjarnám)

Óskar Guðbjörn Jónsson, tréiðngreinakennari, Sogni (fjarnám)

Paola Daziani, enskukennari, LH og Sogni (staðnám)

Sigríður Guðmundsdóttir, spænskukennari, LH (fjarnám)

Sigrún Ína Ásbergsdóttir, náttúrufræðikennari, Sogni (fjarnám)

Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari, LH (staðnám)

Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari, LH (staðnám)

**Samantekt um skólahaldið**

Alls voru 50 nemendur skráðir í 717 einingar í 24 mismunandi áföngum við FSu í fangelsunum á vorönn 2024; 39 á Litlahrauni og 11 í Sogni, allmargir stöldruðu mjög stutt við. Nokkrir nemendur í fangelsunum voru að auki skráðir í fjarnám við aðra skóla á önninni.

Skólahald hófst fimmtudaginn 4. janúar með skráningu nemenda. Kennsla hófst föstudaginn 5. janúar skv. stundaskrá.

Í Sogni sinntu 3 kennarar frá FSu staðbundinni kennslu í ensku, íslensku og stærðfræði einu sinni í viku. Á Litlahrauni sinntu 4 kennarar staðbundinni kennslu í ensku, íslensku, íþróttum og stærðfræði. Ekki var starfandi sérkennari á önninni og ekkert verknám í boði. Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi eru með fasta viðveru og starfsaðstöðu á Litlahrauni og heimsækja hin fangelsin eftir þörfum.

Skólastarf í fangelsunum skólaárið 23-24 var óneitanlega óvenjulegt. Mun stærri hluti nemenda en vant er voru útlendingar, margir ómælandi á sömu tungur og kennararnir geta gert sig skiljanlega á og því má segja að miklar áskoranir hafi blasað við og samskiptin byggst á handapati á stundum. Færri nemendur skráðu sig í skóla og af 50 skráðum nemendum gengust 19 undir námsmat, eða 38%.

Níu kennarar tóku að sér 10 fjarnámsnemendur í 11 mismunandi áföngum, alls 70 einingar. Töluvert brottfall varð fljótlega í fjarnáminu, m.a. vegna brottflutnings nemenda, en 7 nemendur voru við nám fram yfir miðja önn. Af þeim héldu fjórir nemendur út og luku 25 einingum, 36% upphaflega skráðra fjarnámseininga, en allar einingarnar sem komu til mats skiluðu sér.

**Yfirlit yfir námsárangur**

Eins og áður sagði voru nemendur skráðir í 717 einingar á önninni. Af þeim komu 166 til námsmats. Af þessum 166 einingum stóðust 142 eða 85,5% en 24 fóru í súginn, 14,5%. Alls voru gefnar 36 einkunnir og stóðust 30 en 6 féllu. Nemendur koma í skólann og fara á öllum tímum, eru fluttir burt án fyrirvara. „Brottfall" 31 nemanda með 551 einingu skýrist að nokkrum hluta af því en aðrar ástæður fyrir brottfalli í þessum nemendahópi eru kunnar og liggur ljóst fyrir að ekki er raunhæft að allar skráningar skili sér í námsmati og einkunnum.

**Einkunnadreifing V23**

| **Eink.** | **10** | **9** | **8** | **7** | **6** | **5** | **4** | **3** | **2** | **1** | **F** | **H** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi** | 5 | 4 | 7 | 4 | 6 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 | 31 |
| **/36** | 13,9% | 11,1% | 19,4% | 11,1% | 16,7% | 11,1% | | | | | 16,7% | 45,4% |

ALMENNT BÓKNÁM

Enska

| ENSK- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1HF05 | 12 | 7 | 5 | 6,0 | 35 / 58% |
| 1HA05 | 6 | 3 | 3 | 8,0 | 15 / 50% |
| 2HB05 | 3 | 1 | 2 | 9 | 5 / 33,3% |
| 2HC05 | 1 | 1 | 0 | 6 | 5 / 100% |
| 3YL05 | 1 | 0 | 1 | | 0 / 0% |

Íslenska

| ÍSLE- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1LR05 | 2 | 0 | 2 | Hættu | 0 / 0% |
| 1MR05 | 1 | 1 | 0 | 8,0 | 5 / 100% |
| 2OS05 | 2 | 0 | 2 | Hættu | 0 / 0% |
| 2VÍ05 | 2 | 1 | 1 | 7,0 | 5 / 50% |
| 3NB05 | 1 | 1 | 0 | 5,0 | 5 / 100% |

Íþróttir

| ÍÞRÓ- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1ÞH03 | 5 | 3 | 2 | 8,0 | 9 / 60% |
| 2ÞL03 | 2 | 1 | 1 | 6 | 3 / 50% |

Saga (fjarnám)

| SAGA- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| 2YA05 | 1 | 0 | 1 | | 0 / 0% |

Spænska (fjarnám)

| SPÆN- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1AA05 | 3 | 0 | 3 | | 0 / 0% |
| 1BB05 | 1 | 1 | 0 | 6 | 5 / 100% |
| 1CC05 | 1 | 0 | 1 | | 0 / 0 |

Stærðfræði

| STÆR- | Fjöldi nem. | Staðið | F/H | Meðaleink. | Staðnar ein. / % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1AA05 | 7 | 1 | 6 | 10 | 5 / 14% |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **1AJ05** | 2 | 1 | 1 | 10 | 5 / 50% |
| **2RU05** | 1 | 0 | 1 | | 0 / 0% |
| **3HD05** | 1 | 1 | 0 | 8 | 5 / 100% |

**Upplýsingatækni (fjarnám)**

| **TÖLN-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **F/H** | **Meðaleink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **1GR05** | 2 | 2 | 0 | 8,0 | 10 / 1000% |

**Viðskiptafræði (fjarnám)**

| **VIÐS-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **F/H** | **Meðaleink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **2FJ05** | 1 | 1 | 0 | 9,0 | 5 / 1000% |

**GRUNNNÁM BYGGINGAGREINA**

**Áætlun og gæðastjórn (fjarnám)**

| **ÁÆST-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **F/H** | **Meðaleink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **3SA05** | 1 | 0 | 1 | | 0 / 0% |

**Grunnteikning**

| **GRTE-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **F/H** | **Meðaleink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **1FA05** | 1 | 1 | 0 | 8 | 5 / 100% |
| **1FB05** | 1 | 1 | 0 | 8 | 5 / 100% |

**HÚSASMÍÐABRAUT**

**Fagteikning**

| **TEIK-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **F/H** | **Meðaleink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **2HS05** | **1** | **1** | **0** | **10** | **5 / 100%** |

**Inniklæðningar (fjarnám)**

| **INNK-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **F/H** | **Meðaleink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|
| **2HH05** | 1 | 0 | 1 | | 0 / 0% |

**Húsaviðgerðir og breytingar (fjarnám)**

| **HÚSV-** | **Fjöldi nem.** | **Staðið** | **F/H** | **Meðaleink.** | **Staðnar ein. / %** |
|---|---|---|---|---|---|

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **3HU05** | 1 | 0 | 1 | | 0 / 0% |

**Almennt um nám og kennslu á skólaárinu**

**Danska**
Á haustönn lauk nemandi framhaldsáfanga í fjarnámi og stóð sig vel.

**Enska**

Sjö áfangar voru kenndir á haustönn 2023. Flestir nemendur voru í ENSK1HF, ENSK1HA og ENSK2HC, nokkrir í ENSK2HB, ENSK2OR, ENSK3FO og ENSK3YL. Það voru margir erlendir nemendur, nokkrir þeirra með litla sem enga kunnáttu í ensku. Flestir stunduðu námið reglulega og náðu árangri. Skemmtilegar umræður sköpuðust oft, alltaf auðvitað á ensku, um allt milli himins og jarðar.

Byrjun vorannarinnar var róleg og ekki margir nemendur skráðir í skólann. Þeim fjölgaði þó jafnt of þétt í enskunámi og var meirihluti þeirra af erlendum uppruna. Þeir voru oftast ekki með nógu mikla kunnáttu í ensku til að hefja nám í framhaldsskóla. Margir þeirra höfðu aldrei lært ensku fyrr og sumir gátu rétt gert sig skiljanlega. Það var þar af leiðandi mjög krefjandi að kenna þeim, sérstaklega þar sem kennari og nemendur höfðu  ekkert sameiginlegt tungumál.

Í lok annar voru flestir nemendur, eða 12, skráðir í fyrsta grunnáfangann en einn og tveir í nokkra framhaldsáfanga. Tíu nemendur tóku stöðuprófið á önninni.

**Félagsfræði**
Einn nemandi lauk fjarnámi í félagsfræði á vorönn með glans, fékk 10 í einkunn.

**Grunnteikning og fagteikning húsasmiða**

Í Sogni náðu tveir nemendur að klára sína áfanga á haustönn, annar í GRTE1FA og hinn í GRTE1FB. Á vorönn voru sömu nemendur skráðir í GRTE1FB05 og TEIK2HS05 og luku báðir námi með ágætisárangri, enda mætingin nokkuð góð hjá þeim og virknin einnig.

**Íslenska**

Eins og í öðrum greinum voru erlendir nemendur áberandi í íslensku. Þó nokkrir þeirra voru áhugasamir og unnu markvisst. Hins vegar er ekki tækifæri til að kenna íslensku sem annað mál á fullnægjandi hátt, því allir íslenskunemendurnir eru saman í stofu og því ekki mögulegt að æfa framburð og samtöl eins og vert væri, án þess að trufla nemendur í öðrum áföngum. Erlendir nemendur æfa sig því í hlustun, ritun og málfræði, hver fyrir sig.  Aðeins fjórir nemendur luku einingum á árinu, alls 35 einingum, allar á 2. og 3. þrepi.

**Íþróttir**

Á þessu skólaári voru óvenju margir erlendir nemendur í íþróttum. Í flestum tilfellum tala þeir ekki íslensku og nú er svo komið að sumir tala ekki heldur ensku. Það gerir kennsluna í bóklegum íþróttum nokkuð snúna. Kennslan þróaðist því, að einhverju leyti, úr því að vera

hefðbundin verkefnavinna yfir í einfaldari verkefni þar sem jafnvel tveir og tveir hjálpast að við að þýða og skilja spurningar og svara svo munnlega. Með því að hjálpast að tókst þá að einhverju leyti að halda uppi umræðum í tímum. Það var aftur á móti létt verk að ná upp góðri virkni og stemningu í verklegum íþróttum.

Skólaárið einkenndist einnig af mikilli hreyfingu á nemendum. Á vorönn var t.d.
aðeins einn nemandi í íþróttaáfanganum frá upphafi annar til loka. Margir stoppuðu mjög stutt við, jafnvel aðeins 2-3 vikur. Þess vegna náðu ekki margir að ljúka áfanga á vorönn.

**Saga**

Námið í sögu varð endasleppt, aldrei þessu vant. Tveir nemendur byrjuðu en misstu nauðsynlegt aðhald við flutninga, og þar með fótanna, og engar einingar náðust á skólaárinu.

**Spænska**

Nokkur áhugi var á spænsku, eins og oftast áður, einir 5 nemendur skráðu sig til náms á vorönn. Þrír þeirra réðu í raun ekki við fjarnám og hættu nánast strax, einn lauk afplánun og hvarf frá námi en sá fimmti lauk sínum 5 einingum.

**Stærðfræði**

Í Sogni voru í upphafi haustannarinnar skráðir 7 nemendur en fjöldinn var síðan breytilegur yfir önnina. Áfangarnir sem þeir stunduðu nám í voru STÆR1AA05, STÆR1AJ05. Á vorönn var fjöldi nemenda breytilegur, 8 þegar mest var, og skráðir í sömu grunnáfangana. Enginn nemandi á Sogni lauk einingum í stærðfræði. Stærðfræðikennsla á Litlahrauni á vorönn var með hefðbundnu sniði. Það sem einkenndi helst þessa önn var að mikið var um breytingar í nemendahópnum, nemendur sem hófu nám að losna og færast á milli fangelsa. Tilfinning kennarans er sú að þessar breytingar hafi verið meiri en oftast áður.

Í lok annar voru fáir virkir af þeim nemendum sem hófu nám í upphafi annar. Þeir sem hófu nám á seinni hluta annar voru mjög virkir og nokkrir stóðu sig vel en náðu því miður fáir að klára áfanga þar sem tími gafst ekki til þess. Það einkenndi nemendahópinn við lok annar að fáir töluðu íslensku og reyndar ekki heldur ensku en voru spænskumælandi. Þar sem kennarinn talar ekki spænsku var þetta ákveðin áskorun í kennslunni. Kennslan gekk reyndar vonum framar þrátt fyrir tungumálaerfiðleika og nemendur mættu vel og sinntu náminu flestir ágætlega.

**Trésmíði**
Ekki var boðið upp á verklegt nám í trésmíði á önninni.

**Viðskiptafræði**

Tveir nemendur skráðu sig í fjarnám í viðskiptafræði. Annar losnaði úr fangelsi á miðri önn og hvarf frá námi en hinn lauk námi með sóma.

**Annað nám**

Auk þessa sem þegar er talið var orðið við óskum um fjarnám í 5 námsgreinum, þremur á húsasmíðabraut, líffæra- og lífeðlisfræði og hagfræði, en fljótlega kom í ljós að of mikið var lagt undir, álagið af fjarnáminu reyndist um of, með vinnu og/eða meira námi, og árangurinn varð minni en til stóð, engin eining í hús.

**Náms- og starfsráðgjöf**

Náms- og starfsráðgjafi (NSR) frá FSu starfar í 100% starfshlutfalli í fangelsunum.

Í fangelsunum á Litlahrauni og í Sogni er rekinn skóli frá FSu en í fangelsunum á Hólmsheiði og á Kvíabryggju er fjarnám.

Verkefni NSR eru fjölbreytt og mismunandi eftir fangelsum. Helstu verkefni eru viðtöl við nemendur, skráning í nám innan og utan fangelsis, stuðningur í námi, prófseta og eftirfylgni. Fræðsla um náms og starfsval, ráðgjöf um vinnubrögð í námi og skipulag náms ásamt námstækni. Aðstoð við gerð námsferilsáætlana, áhugasviðsgreining, raunfærnimat o.fl. tengiliður við stofnanir og alla skóla sem nemendur í fangelsum eru skráðir í. Mikið og gott samstarf við kennsluráðgjafa, kennara, móttökuskóla og starfsfólk í fangelsunum ásamt fleiru.

| **Skráningar í fjarnám fyrir utan nám frá FSu:** | Fangelsið Hólmsheiði | Fangelsið Sogni | Fangelsið Kvíabryggju |
|---|---|---|---|
| H23 Nám frá FÁ | | 5 | 5 |
| V24 Nám frá FÁ | 3 | | 6 |

Sem fyrr fengu þeir nemendur sem þurftu hljóðbækur frá Hljóðbókasafni Íslands en bókasafnið krefst ekki greininga fyrir nemendur í fangelsum eins og almennt þarf.

**Lokaorð**

Skólaárið 2023-2024 var um margt sérstakt. Færri nemendur en oftast áður skráðu sig til leiks, stærri hluti þeirra var útlendingar, og margir með mjög takmarkaða tungumálakunnáttu, og færri íslenskir nemendur en vant er í einhverjum færum til að stunda nám af krafti. Við þessar aðstæður er þörf á sérkennara og verklegu námi enn meira en ella og því mjög slæmt að hvorugt hafi verið í boði síðari hluta skólaársins.

Námsárangur var þrátt fyrir þetta furðu góður, því þó hægt sé að reikna sig upp í hátt brottfallshlutfall þá verður það ekki af þeim tekið sem gátu stundað námið að þeir skiluðu betri hlutfallslegum árangri en sést í mörgum dagskólanum utan múra, eða 85,5% staðinna eininga af metnum.

Þó aðstaðan til náms og kennslu sem boðið er upp á í fangelsunum sé ekki til að hrópa húrra fyrir er enginn bilbugur á kennurum og starfsfólki skóladeildarinnar. Hvað sem verður um þær háleitu hugmyndir um nýbyggingar sem nú ríða húsum á æðri stöðum, eða hvenær má vænta þess að húsin rísi, þá eru það gömul sannindi og ný að skóli er ekki hús heldur fyrst og fremst

aðferð einstaklings til að mennta sig, ef til vill með aðstoð kennara og í einhverju hentugu rými. Þetta er ítrekað hér í ljósi þess niðurskurðar á innra starfi, námsframboðinu, sem blasir við. Ef viðhorf fjárveitingavaldsins breytist ekki hvað það varðar er til lítils að spandera milljörðum í glæsilegar skólabyggingar.

Við lok skólaárs þakkar undirritaður öllum viðkomandi kærlega fyrir afar gott og ánægjulegt samstarf. Það er uppörvandi að finna meðal nemenda, starfsfólks fangelsanna og fjölbrautaskólans, mikinn og góðan skilning á mikilvægi þess starfs sem fram fer í skóladeild FSu í fangelsunum.

## Skýrsla alþjóðafulltrúa

Alþjóðafulltrúi: Eyrun Björg Magnúsdóttir

Haustið 2023 var í fyrsta sinn í mörg ár ráðið í hlutverk alþjóðafulltrúa við FSu og er ráðið til tveggja ára í senn. Undirrituð sótti um starfið og fékk. Gert er ráð fyrir 60 klst á skólaári. Það er nokkuð greinilegt að ef vel á að vera þá eru þeir tímar fljótir að hverfa og margfaldast í hin ýmsu verkefni. Hér verður minnst á þau helstu.

1. Skólinn fékk samþykkta umsókn um Erasmus+ aðild fyrir skólaárin 2023 – 2027. Það þýðir að á hverjum 15 mánaða tímabilum er skólinn með ákveðna upphæð í styrk, annars vegar fyrir bóknámið og hinsvegar fyrir verknámið. Þessir styrkir eru öruggir til ársins 2027 en geta verið nokkuð mismunandi milli þessa 15 mánaða tímabila og milli bóknáms og verknáms. Nokkrir starfsmenn skólans komu að upphaflegu umsóknunum, eða alls 4 kennarar, Eyrún B. Magnúsdóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason, Helgi Hermannsson og Ragnheiður Eiríksdóttir. Þegar kom í ljós að umsóknirnar voru báðar samþykktar var ákveðið að tveir starfsmenn myndu halda utan um sitthvorn flokkinn og varð úr að Guðmundur Björgvin var með umsjón utan um verknámið og Eyrún Björg með umsjón utan um bóknámið. Þegar leið á skólaárið dró GBG sig úr þessu starfi og er Eyrún Björg orðið með alla umsjón sem tengist erlendum styrkjum og starfi.
    a. Fyrir skólaárið 2023 – 2024 fékk skólinn úthlutað 80.000 evrum fyrir verknámshlutann og 40.000 evrum fyrir bóknámshlutann. Ekki er enn búið að fullnýta styrkinn fyrir verknámshlutann en vel hefur gengið að fullnýta styrkinn fyrir bóknámshlutann. Bæði hafa kennarar farið á námskeið erlendis og kennarar farið í heimsókn erlendis með nemendur.
    b. Styrkurinn fyrir skólaárið 2024 – 2025 er 126.000 evrur í verknám en 30.400 evrur í bóknám.
    c. Ferðir tengdar bóknámi voru fjölbreyttar. Alls fóru 14 kennarar erlendis skólaárið 2023 – 2024. 9 fóru á námskeið, 1 fór á ráðstefnu, 2 fóru í skuggakennslu/undirbúningsheimsókn og 2 fóru í styttri ferð með nemendur. Alls fóru 17 nemendur á vegum FSu í ferð sem var styrkt með erasmus+ styrknum.
    d. Ferðir tengdar verknámi voru líka fjölbreyttar. Alls voru 16 ferðir styrktar. Inn í þeirri tölu var einn sérfræðingur sem kom í heimsókn til Garðyrkjuskólans og var með fræðslu til kennara og nemenda þar. 10 kennarar sóttu skuggakennslu og 5 kennarar sóttu námskeið. Ekki er víst að öllum ferðum sé lokið þar sem enn er eftir af styrknum og tími til 31. ágúst til að nýta hann.

2. Sem betur fer er skólinn vinsæll hjá erlendu samstarfsfélögum. Það þýðir að skólinn hefur skapað sér jákvætt orðspor hvað varðar námsmöguleika og samstarfsgetu. Margar beiðnir koma í hverri viku um að fá að koma í heimsóknir, skuggakennslu (job shadowing), samstarf milli kennara eða stofnana, samstarfsverkefni með nemendum og tilboð um skiptinámssamstarf. Einnig eru mörg fyrirtæki farin að sérhæfa sig í að aðstoða stofnanir og starfsfólk við skólaheimsóknir, skuggakennslu, endurmenntunarnámskeið og skiptinám og eru þau fyrirtæki dugleg að minna á sig.
   Tölvupóstssamskipti eru því töluverð.

   a. Fyrir áramót fengum við þó nokkrar heimsóknir. Gestir frá Eistlandi, Litháen og Noregi (OKViken, tengdasonur Íslands, í október) komu í skuggakennsluheimsóknir. Einnig komu sérkennarar og ráðgjafar frá Svíþjóð í heimsókn í október og hittu náms- og starfsráðgjafa auk sviðsstjóra starfsbrautarinnar og 2 hópar frá Þýskalandi með kennurum og nemendum tengdum félagsliðanámi.

   b. Eftir áramót fengum við líka heimsókn frá Þýskalandi með kennurum og nemendum tengdum félagsliðanámi, frá 2 frökkum í febrúar, frá Berlín í mars komu 2 kennarar og 12 nemendur. 2x 2 spænskir kennarar komu í apríl, 2 frakkar komu í apríl líka sem voru aðallega í heimsókn í ensku tímum og þá kom áðurnefnd sérfræðiheimsókn í garðyrkjuskólann í apríl.
   c. Vinsælustu tímar til að koma í heimsóknir virðast vera í október og í apríl. Þar sem skólaárið okkar er aðeins öðruvísi en t.d. í S - Evrópu er freistandi að taka á móti gestum í apríl frekar en maí, þar sem þá er helsti prófatíminn. Einnig er desember frekar erfiður þar sem þá er prófatími.
   d. Fyrir liggur að útbúa betra skipulag utan um heimsóknir og tímasetningar, auk þess að þægilegt væri að hafa lista með ferðum, heimsóknum, kennurum og gistingu sem væri hægt að bjóða gestum strax í upphafi.
   e. Mikilvægt er að það komi fram að starfsfólk er almennt mjög jákvætt fyrir því að fá erlenda gesti í heimsókn í tíma til sín og langflestir tilbúnir að spjalla og útskýra út frá sínu fagi og sérþekkingu.
   f. Framhaldið er spennandi og möguleikarnir miklir.

## Skýrsla jafnréttisfulltrúa

Jafnréttisfulltrúi: Eyrún Björg Magnúsdóttir

**Skólaárið 2023 - 2024**

Á skólaárinu voru þrjú viðfangsefni jafnréttisfulltrúa fyrirferðarmest; yfirferð og uppfærsla á jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun Fjölbrautaskóla Suðurlands m.a. í tengslum við jafnlaunavottun, og yfirferð og vinna að uppfærslu á EKKO verkferlum og viðbragðsáætlun.

**Jafnréttisáætlun - jafnréttisvísar**

Jafnréttisáætlunin var yfirfarin í samræmi við jafnréttislög nr. 10 frá 2008. Það sem ber helst að nefna úr þeirri vinnu er að 2018 stóð til að skipa jafnréttisnefnd innan skólans í stað þess að áður

hefur einungis einn jafnréttisfulltrúi verið starfandi; "Skólameistari skipar jafnréttisnefnd í samræmi við 15. grein jafnréttislaga. Hlutverk nefndarinnar er að koma fram með hugmyndir að markmiðum og leiðum sem stuðla að auknu jafnrétti í skólanum ásamt því að fylgja hugmyndunum eftir í framkvæmd og meta árangur. Nefndin skal skipuð 2 kennurum og 1 úr röðum annarra starfsmanna og er formaður nefndarinnar jafnframt jafnréttisfulltrúi skólans."

Þetta hefur enn ekki tekist og leggur jafnréttisfulltrúi ríka áherslu á að slík nefnd verði skipuð í upphafi næsta skólaárs. Sjá meðfylgjandi uppfærslupuntka.

Einnig var töluverð vinna lögð í að taka saman jafnréttisvísa til að hafa samanburð á stöðu kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnunarstöðum. Skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem segir að hlutfall kynjanna skuli vera jafnt og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Skólaráð, fagstjórar og stjórnendur standast ekki þessa kröfu.

Meðfylgjandi jafnréttisvísir var tekin saman 26.4.2024 og athugasemdir við jafnréttisáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

- Það er ekki jafnréttisnefnd starfandi þó það hafi verið á plani síðan 2018 – sjá punkta jafnréttisfulltrúa og félagsráðgjafa undir EKKO málefnum neðar.

- Jafnréttisfulltrúi sækir ekki jafnréttisþing, enda ekki verið haldið síðan 2022, ýmis námskeið og ráðstefnur sótt sem tengjast starfinu.

- Kynjaþing haldið 25. Maí á vegum Kvenréttindafélags Íslands, jafnréttisfulltrúi sækir það.

- Töflurnar um markmið, ábyrgð, aðgerð/mælikvarði, eftirfylgni og tími eru ruglingslega settar upp, ekki skýrt í öllum tilfellum hver ber ábyrgðina eða hvaða aðgerð fylgir.

| | |
|---|---|
| Yfirstjórn (Skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, áfangastjóri) | kk (3) 75%<br>kvk (1) 25% |
| Sviðsstjórar | kk (1) 33%<br>kvk (2) 67% |
| Fagstjórar | kk (5) 38%<br>kvk (8) 62% |
| Skólaráð | kk (7) 70%<br>kvk (3) 30% |
| Skólanefnd | kk (6) 43%<br>kvk (8) 57% |
| Nemendaráð | kk (5) 56%<br>kvk (4) 44% |

| | |
|---|---|
| Dagskólanemendur | kk (500) 57%<br>kvk (378)<br>43% hvk (1)<br><br>0,1% |
| Kvöldskólanemendur | kk (34) 97%<br>kvk (1) 3% |
| Nemendur á Reykjum<br><br>Nemendur á Litla Hrauni/Sogni | kk (38) 32%<br>kvk (80) 68%<br><br>kk (22) 95%<br>kvk (1) 5% |
| Starfsmannafélag – stjórn | kk (2) 40%<br>kvk (3) 60% |
| Starfsmenn | kk (60) 40%<br>kvk (89) 60% |

**Vinna að EKKO málefnum**

Á kennarafundi föstudaginn 8. september 2023 voru jafnréttisfulltrúi og félagsráðgjafi skólans með stutt erindi og fræðslu um EKKO málefni. Starfsfólk tók þátt í hópavinnu í kjölfarið og leysti ímynduð dæmi. Samantekt og niðurstöður voru sendar í tölvupósti á vorönn auk þess sem glærur voru sendar öllu starfsfólki.

Mikilvægt er að starfsfólk sé meðvitað um mögulegar leiðir og viðbrögð og var þessi vinna liður í að skerpa á því.

Með farsældarlögunum hefur verið sett meiri áhersla á forvarnir og fræðslu. Eins og var talað um 8. september bíður Barna- og fjölskyldustofa upp á stutt netnámskeið fyrir starfsfólk skóla sem ætlast er til að allt starfsfólk fari í gegnum og svari nokkrum spurningum í kjölfarið. Starfsfólk fær skírteini að námskeiðinu loknu og var starfsfólk beðið um senda aðstoðarskólameistara skírteinið því til staðfestingar.

Jafnréttisfulltrúi og félagsráðgjafi unnu svo eftirfarandi punkta upp úr yfirferð um aðgengi og útfærslu á EKKO málefnum á heimasíðu skólans.

1. Á heimasíðu, undir þjónusta, er aðeins tilkynning vegna eineltis en ekki ofbeldis
2. Á heimasíðunni undir gagnlegt efni er hægt að tilkynna tilkynna, einelti, ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynbundið áreiti en ef maður ýtir á þann hnapp þá kemur aðeins boð um tilkynningu um einelti. Undir því boði eru hnapparnir verkferill vegna gruns um einelti og tilkynning um einelti, vantar EKKO atriðin.

3. Til þess að fara inn í ferlana þarf maður að finna stefnur og áætlanir á heimasíðu FSu og þar er hægt að velja viðbragðsáætlun vegna áreitni vegna ofbeldi/ nemendur og viðbragðsáætlun vegna samskipta, eineltis eða áreitni innan skóla/starfsmenn. Þetta er of löng og óaðgengileg leið.

4. Þyrftum að umorða og hafa í verkferli: Markmið með viðbragðsáætlun fyrir EKKO mál nemenda er að skýrt sé hvernig framhaldsskólar bregðast við þegar nemandi segir frá EKKO máli. Viðbragðsáætlanir geta þó aldrei fjallað með tæmandi hætti um öll viðbrögð enda verða þær að endurspegla skyldu framhaldsskóla til að meta hvert mál út frá aðstæðum.

5. Þurfum að endurskoða okkar verkferil með tilliti til þessa. Verkferillinn þarf að vera skýrari með tilliti til þessa: Viðbragðsáætlanir þurfa að endurspegla skilning á því að mismunandi reglur gilda um börn og fullorðna nemendur í skólum.

6. Í okkar verferli þyrfti að skoða hvort eftirfylgni ætti að fá meira vægi: Viðbrögð skóla þurfa að lágmarki að fjalla um eftirfarandi skref: Upphaf, Fyrstu viðbrögð, Greining á aðstæðum, Aðgerðir skóla, Eftirfylgni

7. Í okkar verkferli þarf að taka út setninguna sáttaumleitun er mikilvæg þegar atvik hafa verið upplýst. En ástæðan fyrir því er að hvert mál er mismunandi og í ákveðnum málum er ekki mælt með því að einstaklingar séu leiddir saman (vísum í leiðarvísir EKKO 2.3.2).

8. Í verklagi er fjallað um hvernig skráningu á tilvikum EKKO mála sé háttað (undir formleg málsmeðferð) en mikilvægt er að skoða hvort það ákvæði sé virkt og viðeigandi aðilar séu meðvitaðir um hlutverk sín. Hér væri mikill stuðningur í því að hafa EKKO nefnd en í leiðarvísi EKKO málefna frá ráðuneytinu eru góðar leiðbeiningar varðandi þetta.

9. Hér vísum við í leiðarvísinn 1.4 þar sem mælt er með EKKO teymi í stærri skólum. Það hefur lengi staðið til að hafa jafnréttisnefnd en í henni gætu verið Jafnréttisfulltrúi, félagsráðgjafi (farsældin), námsráðgjafi (Agnes tenging við Öruggara Suðurland) og fulltrúi nemenda (nemendaráð – nauðsynlegt að hafa tengingu við nemendaráð upp á miðlun til annarra nemenda) og (fulltrúi verknáms).

10. Við mælum með því að eigi síðar en í haust á starfsdögum FSu verði EKKO nefnd sett á laggirnar. Hennar fyrsta verk verður að skoða frekar og uppfæra verkeferla og viðbragðsáætlanir í samræmi við leiðarvísi EKKO mála frá ráðuneytinu 22.mars 2024.

## Skýrsla félagslífs- og forvarnarfulltrúa

Félagslífs- og forvarnarfulltrúar á vorönn: Tómas Davíð Ibsen og Ingunn Helgadóttir

Á vorönn 2023 tóku Tómas Davíð Ibsen og Ingunn Helgadóttir við Félagslífs- og forvarnarfulltrúa starfinu og héldu því áfram veturinn 2023 – 2024.

**Stjórn NFSu 2023 – 2024 var skipuð:**

**Miðstjórn**

Markaðs- og kynningarfulltrúi: Heimir Árni Erlendsson

Formaður rit- og málfundafélags: Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir

Formaður skemmtinefndar: Sóldís Malla Steinarsdóttir

Formaður íþróttaráðs: Guðmundur Steindórsson

Formaður nýnema: Guðjón Óli Ósvaldsson

Samskiptafulltrúi: Erna Eir Þórðardóttir

**Aðalstjórn**

Formaður: Elín Þórdís Pálsdóttir

Varaformaður: Haukur Már Birgisson

Gjaldkeri: Rúnar Gunnarsson

**Viðburðir á vorönn:**

**Árshátíð/böll**

Þann 14. september var fyrra ballið á þessu skólaári haldið í Hvíta húsinu. Ballið var einstaklega vel heppnað og fór vel fram eins og aðrir viðburðir nemendafélagsins á skólaárinu. Í þetta sinn var ákveðið að fá Björgunarsveit Árborgar til að sjá um gæslu og heppnaðist það vel. Sett var upp útisvæði með tvöfaldri girðingu fyrir framan Hvíta húsið og reyndist það virkilega vel.

Árshátíð nemenda var haldin í Hvíta húsinu á Selfossi þann 15. febrúar og ball var haldið í framhaldi af borðhaldinu. Þátttaka var mjög góð bæði á ball og í borðhaldi og allir skemmtu sér konunglega. Notast var við sömu gæslu og á nýnemaballinu og gekk samstarfið vel. Útisvæðið var með sama hætti og á nýnemaballinu en reyndist ekki jafn vel.

Á báðum böllunum var nemendafélagið með edrúpott og var þátttaka í honum góð.

**Kvöldvökur**

Fjórar kvöldvökur voru haldnar á skólaárinu, tvær á hvorri önn. Fyrir áramót var nýnemakvöldvaka og jólakvöldvaka. Eftir áramót voru tvær kvöldvökur og voru báðar haldnar í Pakkhúsinu á Selfossi, annars vegar bleik kvöldvaka og hins vegar Super Bowl.

Almenn ánægja var með þessar kvöldvökur en mætingin á þær var allt að 100 manns. Þessar kvöldvökur náðu til ákveðin hóps nemenda sem tekur ekki endilega þátt í öðrum viðburðum.

**Miðvikudagsgöt**

Miðvikudagsgötin voru í höndum formanns íþróttaráðs. Hann skipulagði fjölbreytta viðburði sem voru ekki kostnaðarsamir.

**Gettu betur**

Gettu betur lið FSu starfaði undir leiðsögn Stefáns Hannessonar líkt og síðastliðin skólaár. Stefán hafði sér til halds og trausts gamals reyndan þjálfara Hannes Stefánsson sem gegndi hlutverki Stefáns í fjöldamörg ár. Gettu betur lið skólans var skipað Elínu Karlsdóttur, Heimi Árna Erlendssyni og Valgeiri Gesti Eysteinssyni. Liðið stóð sig vel þrátt fyrir að hafa ekki náð í sjónvarpssal að þessu sinni.

**Íþróttavika**

Í september var haldin íþróttavika þar sem keppt var í tveimur íþróttum og boðið upp á fyrirlestra tengdum hreyfingu og heilsu. Mikil ánægja var með vikuna og teljum við að þetta sé frábær viðbót við félagslíf skólans og hristi nemendur saman

**Góðgerðavikan**

Góðgerðavikan var haldin í október og var einstaklega vel heppnuð í þetta sinn. Nemendur og kennarar tóku virkan þátt og gengust við ýmiskonar áskorunum. Einstök stemning var í skólanum þessa viku og viljum við þakka samkennurum okkar sem hjálpuðu okkur að gera þessa viku svona skemmtilega. Að þessu sinni náðist að safna 500.000 kr. til styrktar Krabbameinsfélags Árnessýslu en þetta er í fyrsta sinn sem svona mikil upphæð safnast.

Fyrirkomulag góðgerðavikunnar var með öðrum hætti í ár þar sem nemendafélagið setti upp áskoranir að tillögu nemenda þar sem áskoranir virkjuðust þegar heildar upphæð hafði náð ákveðnu marki. Eftir á að hyggja hefði mátt vera minna bil á milli áskorana og upphæða.

Við leggjum til að næst verði sýnileg súla í miðrýminu sem sýnir sjónrænt hve mikið safnast hefur.

**Söngkeppni**

Fyrsta nóvember var Söngkeppni NFSu haldin í Iðu með pomp og prakt. Þar voru 8 atriði hvert öðru glæsilegra þar sem Gísli Freyr Sigurðsson fór með sigur af hólmi og keppti fyrir hönd skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna í apríl.

**Flóafár**

Flóafár var með sama sniði og áður og í ár voru fimm lið sem tóku þátt. Í Flóafársnefnd voru kennararnir, Anna Kristín Valdimarsdóttir, Eva Dögg Jafetsdóttir, Halldóra Björk Guðmundsdóttir og Tómas Davíð Ibsen Tómasson og með þeim var íþróttaráð NFSu. Íþróttaráð byrjaði undirbúning fyrr en áður sem reyndist mjög vel.

Sjá skýrslu frá Flóafársnefnd

**Kátir dagar**

Í Kátudaganefnd voru Eyrún Björg Magnúsdóttir, Bjarney Sif Ægisdóttir og Ásdís Björg Ingvarsdóttir ásamt skemmtinefnd NFSu. Kátudagarnir voru með sama sniði og síðastliðin ár. Dagskráin var fjölbreytt og metnaðarfull.

Sjá skýrslu Kátudaganefndar.

**Forvarnir**

Forvarnarfulltrúar sóttu einstaka fundi með forvarnarteymi Árborgar í Týbrá en á þá mættu helstu aðilar sem koma að velferð barna og unglinga í sveitarfélaginu.

**Annað**

Nemendafélagið brallaði margt fleira á skólaárinu og ber helst að nefna að Málfundarfélagið gaf út lítið nýnemablað, seldu skólaföt, 2 ný lög voru samin og stofnuð var ný nefnd sem mun sjá um myndbandsupptökur, tónlist og skapandi störf nemendafélagsins. Þessi nefnd er til tilraunar í eitt ár.

**Lokaorð**

Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að vinna með fráfarandi nemendaráði í vetur og eiga þau hrós skilið fyrir virkilega vel unnin störf og vilja þeirra til að virkja sem flesta nemendur í félagslífi skólans. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og er mjög gefandi að fá að starfa með nemendum utan kennslu.

Við leggjum til að á næsta ári verði vefsíðan og facebook like síðan virkjaðar á ný þar sem fólk geti orðið sér út um upplýsingar um starf NFSu. Einnig finnst okkur mikilvægt að nemendafélagið fái leyfi til að fjárfesta í afþreyingartækjum fyrir nemendur til að nota í kaffitíma, pásum og götum og þau verði staðsett bæði í Odda og Hamri. Einnig myndu þessi tæki vera notuð í miðvikudagsgötunum í ýmis konar keppnir.

Við hlökkum til að vinna með nýju nemendaráði á komandi skólaári.

# Tölvuþjónusta

Aðstoðarkerfisstjóra: Helgi Hermannsson

Viðtalstímar tölvuþjónustu hafa verið 6-7 sinnum í viku, 55 mínútur hver tími, í stofu 306B. Þessir tímar eru aðallega hugsaðir fyrir nemendur og kennara. Kennarar koma einnig í þessa viðtalstíma en þeir geta leitað til tölvuþjónustunnar þegar þeir þurfa á því að halda eða eftir samkomulagi. Reynt er að hafa einn þjónustutíma í hverjum stokk þannig að allir nemendur ættu að hafa lausan tíma en stundum rekst það á við kennslu aðstoðarkerfisstjóra.

Nemendur leita til tölvuþjónustu til að fá úrlausn á vandamálum tengdum netsambandi og vírusvörn. Einnig eftir ráðgjöf og aðstoð með bilaðar tölvur og lykilorð í Innu og Office 365.

Helstu vandamál sem komu upp síðasta starfsár var að nemendur sem misstu aðgang sinn að Menntaskýinu, oft án sérstakrar ástæðu, sérstaklega Mack notendur en það var ekki eins áberandi þetta árið, vandamálin voru helst tveggja þátta innskráning að heiman.

**Aðstaða tölvuþjónustu**

Tölvuþjónustan hefur undanfarin ár verið með aðstöðu í stofu 306B, þar sem er vinnuaðstaða fyrir aðstoðarkerfisstjóra. Vinna aðstoðarkerfisstjóra við uppsetningar og viðgerðir á borðtölvum og prenturum fara að mestu fram á þeim stað. Stofa 306 hefur verið tekin í þau verkefni eftir að kennslu lýkur. Í stofunni er prentari fyrir hæðina og þar eru geymdur fartölvuvagn fyrir starfsbrautina sem kennarar nýta í tímum.

**Heimasíða FSu**

Tæknileg umsýsla heimasíðu FSu er í höndum Helga Hermannssonar en fréttaritstjóri er Jón Özur Snorrason. Vefsíðan er hýst hjá Stefnu og er notað Moya vefsíðukerfi. FSu er einnig með Facebook síðu og Youtube síðu sem hægt er að nálgast af heimasíðu FSu. Það mætti finna sérstakan aðila til að sinna facebook síðunni þar sem þar koma oft upp fyrirspurnir sem væri best að svara strax. Skrifstofan sinnti þessu á tímabili en hættu því þannig að Jón hefur verið að fylgjast aðeins með en ekki reglulega.

**Fartölvur og vagnar**

15 tölvur staðsettar á bókasafni og hafa nemendur aðgang að þeim í verkefnavinnu og í kennslustundum. Í Hamri er vagn með ASUS PRO fartölvum sem keyptar voru haustið 2016. Starfsbraut er með fartölvuvagn fyrir sína deild með 6 Dell 5470 fartölvum sem keyptar voru haustið 2017.

**Viðhald fartölva**

Lítið viðhald hefur verið á fartölvum FSu þetta skólaár vegna nýlegra tölva en þó hefur borðið á því að DELL 5470 tölvurnar eru með lélegan kassa og vilja brotna við lamir og skjá. Núna er búið að skipta út öllum 5470 tölvum hjá kennurum en fartölvuvagn starfsbrautar er enn með þessar tölvur. Það mætti endurnýja þær með betri tölvum frá kennurum sem hætta eða fá nýjar tölvur.

**Fartölvukaup á skólaárinu**

10. st. HP Elitebook 630
10. st. HP Probook 440
10. st. HP EliteBook 840 (10 í viðbót hafa verið pantaðar og koma í júní).

**Borðtölvur:**

Engin borðtölva var keypt á skólaárinu en þrjár tölvur sem voru til á lager voru teknar í notkun. Tvær úti í Fablab og ein hjá áfangastjóra.

**Varabirgðir**

Nokkrar fartölvur eru til staðar í st. 306b og einn skjávarpi, tveir þráðlausir sendar og ein borðtölva. Þessi varabúnaður er tiltækur til að tryggja samfelldan rekstur og ennig verður þeim úthlutað til starfsmanna samkvæmt úreldingu og einnig til nýrra starfsmanna.

**Skjávarpar og önnur tæki**
Enginn skjávarpi var keyptur á árinu en aftur á móti voru keyptir tæplega 15 Microsoft Wireless Display Adapters 4K til að tengjast við skjávarpana þráðlaust og er þessi tenging núna komin á alstaðar nema í Hamri. Vandinn er sá að þessi tækni er ekki lengur til staðar, Microsoft er hætt að framleiða þennan búnað. Það er til eitt stykki í 306b.

**Endurmenntun, ráðstefnur** Fór á Bett í Londin og námskeið í sjálfbærni á Spáni. Einnig nokkur námskeið í UNITY leikjagerðarforritinu og Python forritun.

**Námskeið og kynningar**
Eins og undanfarin ár skipulagði tölvuþjónustan námskeið fyrir nýnema á Nýnemadegi í byrjun haustannar.

**Annað:**
Tímabært er að endurnýja borð og stóla í tölvustofu 306. Stólar eru flestir ónýtir og borðin eru óþægilega lág miðað við að kennari geti staðið fyrir aftan nemanda og leiðbeint honum. Í stofu 1 í Hamri eru borð sem gætu hentað betur og mætti skipta þar á milli.

***Helgi Hermannsson***
**Fylgiskjal 1: Yfirlit yfir fartölvur í FSu**

**Fartölvur í notkun – maí 2023**
4 st. HP ELITE BOOK (6 ára gamlar). 1 hjá kennara og 3 á skrifstofugangi.
7 st. HP ELitebook 830 G7 hjá kennurum
6 HP Elitebook x360 G7 hjá kennurum.
4 st. Lenovo Thinkpad L13 Yoga. Ein til á lager.
12 st. Dell Latitude 3420
10 st. HP ProBook 440 G8. (Tvær á bókasafni og tvær í 306b vegna kennara sem hættu)
3 st. HP ProBook 450.
3 st, HP EliteBook 630. Ein til á lager.
4 st. 6 ára gamlar ThinkPad Yoga. 3 í tölvuþjónustu.
13 st. ASUS PRO fartölvur á vagni út í Hamri. 9 í fartölvuvagni og 4 hjá kennurum í Hamri. (Tölva nr. 12 er ónýt og er hjá tölvuþjónustu)
20 Hp EliteBook 840. Ein komin til kennara, 10 ekki enn komnar en 9 í 306b.
18 Dell Latitude 5470. 6 á starfsbraut og 12 í tölvuþjónustu / bilaðar eða ónýtar.
17 Dell Latitude 7270-80. 6 á bókasafni. 12 hjá kennurum.
6 Dell Latitude 7470. 5 hjá kennurum og ein í tölvuþjónust.
8 Dell Latitude 7480/7490 . 7 hjá kennurum og tvær á bókasafni.
18 Dell Latitude 5480. Hjá kennurum.
15 Dell Latitude 5490. Hjá kennurum.
1 Dell Latitude 5289 hjá skólameistara.

**Fartölvuvagnar**

**Fartölvuvagn 8  Hamar – 9 stk. ASUS PRO. Keyptar fyrir 2016.**

Fartölvuvagn 9 (starfsbraut) – 6 stk. Dell Latitude 5470

Spjaldtölvukassi á starfsbraut. 8 st. Ipad.

**Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir borðtölvur í Fsu**

| | |
|---|---|
| 303 | 24 |
| Hamar 3 | 20 |
| 306 | 15 |
| 307 | 1 |
| Bókasafn nemendavélar | 8 |
| Skrifstofa | 6 |
| Bókasafn + kjallari | 3 |
| Húsverðir | 4 |
| Myndlist   (Mack) | 2 |
| 306b (ein varavél) | 2 |
| Fablab  (frá okkur) | 2 |
| Reykir | 6 |
| | 93 |